

BÍLAR & SPORT**Tæki sem ekki hafa sést áður hérlendis**Bílar Ferðir
allt í MIÐJU BLAÐSINS**IAN RANKIN****Rebus rannsóknarlög-reglumaður í helgan stein**Kynni líklega ekki að meta skapara sinn
VIÐTAL 44**KRISTJÁN OG SIGURÐUR GUÐMUNDSSYNNIR****Opna sameiginlega sýningu í Skaftfelli**Sálufélagar í listinni
MENNING 54

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. júní 2006 – 153. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Úrslit kosninganna

Í greiningu á nýafstöðnum kosningum kemst Ellert B. Schram að því að kjósendur eru á miðjunni og vilja samfélagslega ábyrgð, jöfnuð, jafnrétti, velferð, afskipti og aðhlyningu hins opinbera.

Í DAG 18**Kvennahlaup ÍSÍ er í dag**


Hlaupið verður til styrktar konum í Afganistan, en hlaupið verður í samstarfi við UNIFEM.

TÍMAMÓT 32**Kaupfélagsstjórinn kankvísi**

Jón Alfreðsson sótti um vinnu á síldarplaninu á Siglufirði árið 1960, en kaupfélagsstjórinn þar lokkaði hann þá til starfa hjá sér. Síðan hefur Jón unnið fyrir kaupfélag en í tæp fjórutíu ár hefur hann verið kaupfélagsstjóri Kaupfélags Steingrímsfjarðar. Blaðamaður kemur við kaunin á honum í helgarviðtali.

VIÐTAL 70**Spennan magnast í Svíþjóð**

Á morgun mætast Íslendingar og Svíar í fyrri leik sínum um laust sæti á HM í handbolta. Strákarnir okkar komu til Svíþjóðar í gær og er leiksins í Stokkhólmi beðið með eftirvæntingu en síðari leikurinn verður í Laugardalshöll hinn 17. júní.

ÍÞRÓTTIR 64**VEÐRIÐ Í DAG****24 GRÁÐUR?** – Í dag verður hæg breytileg átt. Smáskúrir á víð og dreif sunnan og vestan til og síðan síðdegis á Norðausturlandi. Bjartviðri fyrir austan. Hiti 10-24 stig, hlýjast á Norðaustur- og Austurlandi.**VEÐUR 4****NÝR SANTA FE FRUMSÝNDUR UM HELGINA****OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12 TIL 16 OG Á MORGUN FRÁ KL. 10 TIL 16****HYUNDAI** hefur gæðin

Með bílinn handa þér

www.bl.is

**HALLDÓR HYLITUR** Fundarmenn á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins, sem haldinn var á Hótel Sögu í gær, risu úr sætum og klöppuðu Halldóri Ásgrímssyni flokksformanni lof í lófa eftir ræðu hans. Í henni hvatti hann flokksmenn til sátta og dáða og sagði meðal annars að sameinaður Framsóknarflokkur gæti tekist á við hvaða mótbyr sem væri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðherrar lofuðu engu á leynifundi

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra áttu leynifund með forystu Alþýðusambandsins í Ráðherrabústaðnum í hádeginu í gær. Ríkisstjórnin virðist hafa fullan hug á að gera sitt til að sátt náist á vinnumarkaði.

EFNAHAGSMÁL Gríðarlegur þrýstingur er á ríkisstjórnina um að gera sitt til þess að samkomulag takist milli aðila vinnumarkaðarins. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra hittu fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar á leynifundi í hádeginu í gær. Von er á útspli í næstu viku.

„Við áttum mjög góðan fund með forystu Alþýðusambandsins, ég og utanríkisráðherra. Við förum yfir stöðu kjarasamninga og lýstum þeirri von að það tækist að ljúka endurskoðun kjarasamninga sem fyrst,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra eftir fundinn. „Við lýstum yfir vilja til þess að koma að þessu máli þannig að sátt tækist. Það verður unnið frekar úr hugmyndum í því sambandi yfir helgina,“ sagði hann.

Ljóst er að aðilar vinnumarkaðarins hafa mismunandi skoðanir á því með hvaða hætti æskilegast sé að ríkisstjórnin komi að málinu. Fulltrúar atvinnurekenda telja fyrst og fremst nauðsynlegt að koma böndum á fasteignamarkaðinn, til dæmis með því hækka vexti hjá Íbúðalánasjóði þannig að þeir séu ekki lægri en vextir á húsnæðislánum bankanna.

Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar binda mestar vonir við aðgerðir sem lúta meðal annars að skattkerfinu, vaxtabótum og

**FORYSTUMENN RÍKISSTJÓRNARINNAR HITTU FORSVARSMENN LAUNAFÓLKS Í GÆR** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði að hann og Geir H. Haarde utanríkisráðherra hefðu lýst þeirri von að ljúka endurskoðun kjarasamninga sem fyrst.

barnabótum, jafnvel aðgerðir fyrir öryrkja og eldri borgara.

„Við höfum út af fyrir sig engin svör í hendi en þeir tóku erindinu vel að því leyti að setjast yfir það og skoða það þannig að við höfum ekkert frekar um það að segja fyrr en við fáum efnisleg viðbrögð frá ríkisstjórninni,“ sagði Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ.

Forysta ASÍ og formenn landsambanda funduðu sín á milli í gær um leynifundinn með ráðherrunum og stöðuna í kjaramálum og var vongóður tónn í fundarmönnum. Von er á útspli frá ríkisstjórninni í næstu viku. Stefnir er að því sátt náist um miðjan viku.

- bps/ghs/sjá síðu 4

Gengur sátt inn í sumarið

STJÓRN MÁL Ræðu Halldórs Ásgrímssonar á fundi miðstjórnar Framsóknarflokksins í gær var fagnað með dynjandi lófataki. Halldór hvatti flokksmenn til sátta og tilkynnti um samkomulag sitt og Guðna Ágústssonar um að halda flokksþing þriðju helgina í ágúst þar sem ný forysta verður kjörin. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Almennt var á fundarmönnum að heyra að vilji væri til að slíðra sverðin og ganga samstíga til þeirra verkefna sem fram undan eru; að mynda nýja ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og undirbúa flokksþingið í ágúst.

Í ályktun miðstjórnarfundarins voru Halldóri Ásgrímssyni þökkuð áratugalöng farsæl störf í þágu flokksins.

Á fundinum lýsti Haukur Logi Karlsson, fyrrverandi formaður Sambands ungra framsóknarmanna, yfir framboði til embættis ritara flokksins.

Um 150 manns sátu miðstjórnarfundinn á Hótel Sögu í gær.

- bps/sjá síðu 2

HM í knattspyrnu hófst í gær: Gestgjafarnir byrja með stæl

FÓTBOLTI Eftir stórbrotna opunarhátíð hófst langþráður draumur knattspyrnuáhugamanna um allan heim á leik Þjóðverja og Kosta Ríka á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í gær. Þjóðverjar unnu leikinn með fjórum mörkum gegn tveimur og vakti leiftrandi sóknarleikur liðsins mikla athygli en að sama skapi varð slakur varnarleikur Þjóðverjum að falli í tvígang.

Ekkert var til sparað til að gera opunarhátíðina sem glæsilegasta en þar voru litríkir dansarar, söngur, skemmtilegir búningar og taumlaus gleði í aðalhlutverki.

Íslendingar fylgjast grannt með keppninni, sem sýnd er á sjónvarpsstöðinni Sýn. Hefur áskriftum að sjónvarpsstöðinni fjölgað mikið undanfarna daga.

- hph/sjá síðu 66





SPURNING DAGSINS?

Eyjólfur, er mikið álag á ykkur?

„Nei, en við erum undir góðum álögum.“

Eyjólfur Þorkelsson er einn talsmanna læknanema sem börðust fyrir því að fá greitt tólf prósentu vaktalag sem fellt hafði verið út. Deilan leystist í fyrradag.

Haukur Freyr Ágústsson: Fannst látinn

ANDLÁT Haukur Freyr Ágústsson, sem saknað hefur verið frá fimmtudeginum 1. júní, fannst látinn í Reykjavík í gærmorgun. Haukur Freyr var 24 ára, fæddur 5. febrúar árið 1982, ókvæntur og barnlaus og til heimilis að Reyngi 7 í Reykjavík.

Lögregla hafði leitað hans frá því á miðvikudag og að sögn hennar er málið ekki rannsakað sem sakamálið. -sh



HAUKUR FREYR ÁGÚSTSSON

Ráðhús Reykjavíkur:

Borgarstjóri kveður

BORGARMÁL Síðasti starfsdagur Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra var í gær. Af því til efni var haldið fjölmennt kveðjuhóf henni til heiðurs en um 300 borgarstarfsmenn kvöddu yfirmann sinn.

Steinunn Valdís hefur gegnt starfi borgarstjóra í tæpa átján mánuði en hún mun sitja í borgarstjórn áfram. Við athöfnina í gær þakkaði Helga Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og starfsmanna- sviðs, Steinunni fyrir samstarfið fyrir hönd starfsmannana.

Steinunn sagði tímann hafa verið skemmtilegan og þakkaði samstarfsmönnum fyrir vel unnin störf. -gþ



HEIMSMEISTARAKEPPNIN Fótboltaá huga- menn fagna marki í Berlín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Húsleit í Berlín:

3.000 bæklingar gerðir upptækir

PÝSKALAND, AP Lögreglan í Berlín gerði í gær upptæka þrjú þúsund bæklinga sem hægrisinnaður stjórnmalaflokkur hafði látið prenta fyrir heimsmeistarakeppnina í fótbolta.

Lögreglan lagði hald á bæklingana í höfuðstöðvum hægrifga- flokksins NDP, því kynþáttahaturs gætti í bæklingunum, að sögn talsmanns ríkissaksóknara í Berlín.

Bæklingarnir vara við innflytjendum, en þar sagði að brátt yrði þýska landsliðið nær eingöngu skipað svörtum leikmönnum.

Húsleitinn var gerð eftir að kvörtun barst frá þýska knattspyrnubandalaginu. Enginn var handtekinn, en málið er enn í rannsókn. -smk

Jónas Garðarsson dregur sig út úr stjórnnum innan sjómannaforystunnar:

„Þetta er siðferðilega rétt“

DÓMSMÁL Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur og stjórnarmaður í Sjómanna sambandi Íslands, sendi frá sér tilkynningu í gær þess efnis að hann drægi sig út úr öllum trúnaðarstörfum á vegum félaganna tveggja. Jónas tók þessa ákvörðun til að koma í veg fyrir að hans persónulegu mál trufluðu hagsmunabaráttu sjómanna, eins og það er orðað í tilkynningunni.

Jónas var dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni fyrir manndráp af gáleysi. Þótti sannað að hann hefði verið ölvaður undir stýri skemmtibátsins Hörpu þegar

hann steytti á Skarfaskeri á Viðeyjarsundi með þeim afleiðingum að tvennt lést.

Fjölskyldur Matthildar Victoríu Harðardóttur og Friðriks Á. Hermannssonar, sem létust í slysinu, sendu frá sér áskorun á miðvikudag þar sem félögin voru hvött til að losa Jónas undan ábyrgðarstörfum sínum á vegum þeirra. Erla Ruth Harðardóttir, systir Matthildar heitinnar, var einn bréfrítara. „Þegar ég heyrði þetta sagði ég fyrst af öllu að við hefðum í raun gert honum greiða, því þetta er siðferðilega rétt. Hann hafði ekki séð það fram að þessu. Við gerðum honum kannski ljóst



JÓNAS GARÐARSSON Jónas hefur ákveðið að draga sig út úr öllum trúnaðarstörfum sem hann gegndi á vegum sjómannaforystunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

hvað hann varð að gera. Honum er kannski við bjargandi eftir allt saman.“ -shá

Halldór hvatti alla flokksmenn til sátta

Halldór Ásgrímsson gerði árásir pólitískra andstæðinga og misklið innan flokksins að umtalsefni í opnunarræðu miðstjórnarfundar Framsóknarflokksins í gær. Hann sagði jafnframt að ný sigurganga flokksins væri að hefjast.

STJÓRN MÁL Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins var haldinn í gær. Halldór Ásgrímsson formaður Framsóknarflokksins, boðaði til fundarins vegna ákvörðunar hans um að hætta í stjórn málu. Samþykkt var á fundinum að halda flokksþing þriðju helgina í ágúst.

Í upphafi setningarræðu sinnar sagði Halldór að hann hefði verið lengi í forystu flokksins og tíma- bært væri að aðrir tækju við. Hann dvaldi ekki við það í byrjun ræðunnar en gerði að umtalsefni að formenn Framsóknarflokksins hefðu löngum orðið fyrir árásum pólitískra andstæðinga og sagði ástæðu þess vera að ekki var hægt að setja út á stefnumál flokksins, og því hefði löngum verið nærtækast að ráðast að einstaklingum. Halldór sagði að hann hefði ekki farið varhluta af slíkum árásum. „Þetta er eitthvað sem við verðum að búa við og það þýðir aðeins eitt og það er að andstæðingar okkar hræðast okkur og þetta er þeirra eina leið til að koma höggi á flokkinn. Deim mun ekkert takast það.“

Halldór sagði að árásir utan frá væru þó ekki eins alvarlegar og misklið innan flokksins. Hann sagði flokkinn ekki alltaf hafa verið samstíga, hafa misst félagi úr sínum röðum og jafnvel klofnað. „Við höfum hins vegar alltaf komið sterkari úr slíkum átökum en nokkur þorði að reikna með. Sú ókyrrð sem hefur einkennt umræðuna í flokknum undanfarið er að sjálfsögðu ekki góð því hún skapar vandamál í okkar röðum.



FIÖLMENNUR MIÐSTJÓRNARFUNDUR Hjalmar Árnason þingflokksformaður, Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, og Ísólfr Gylfi Pálmason, fyrrverandi þingmaður, hlustuðu á ræðu Halldórs Ásgrímssonar á miðstjórnarfundinum í gær.

Ég ber auðvitað einhverja ábyrgð á slíku sem formaður flokksins. Ég hef vanist því að axla ábyrgð og því er gaman að segja frá því að í gær náðist góð sátt á milli mín og varaformanns Framsóknarflokksins.“

Í niðurlagi ræðu sinnar horfði Halldór til framtíðar. „Ný sigurganga Framsóknarflokksins hefst í dag,“ sagði hann með áherslu og gerði formannskjör flokksins að umræðuefni. „Við það verk verðum við að vanda okkur og tryggja það að við flokknum taki einstaklingur sem stendur vörð um þau gildi sem við höfum varið saman og eftir á síðustu áratugum en ekki síður einstaklingur og einstaklingar sem horfa til framtíðar með bjartsýni og eldmód í hjarta.“ Halldór sagði að það dýrmætasta sem hann tæki með sér úr flokksstarfinu væri vinátta og velvilji samstarfsmanna sinna.

Að lokinni ræðu Halldórs stóðu flokksmenn úr sætum og hylltu formann sinn með dynjandi lófataki. svavar@frettabladid.is / bjorn@frettabladid.is

Guðni Ágústsson á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins í gær:

Ég sit áfram í ríkisstjórninni

STJÓRN MÁL „Ég sit áfram í ríkisstjórninni, það er enginn ágreiningur um það,“ sagði Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins og landbúnaðarráðgjafi, á fundi miðstjórnar flokksins á Hótel Sögu í gær. Guðni vildi þó ekkert segja til um hvort hann yrði áfram í landbúnaðarráðuneytinu, sagði það eitt að Halldór Ásgrímsson formaður hefði umboð til myndunar nýrrar ríkisstjórnar fyrir hönd flokksins. Hann kvæðst þó viss um að gengið yrði frá skipan nýrrar ríkisstjórnar nú um helgina.

Halldór og Guðni gengu sáttr til miðstjórnarfundarins í gær eftir skærur síðustu daga. Á fimmtudagskvöld urðu þeir ásáttir um að leggja til við fundinn að flokksþing yrði haldið þriðju helgina í ágúst. Vilji Halldórs stóð til að halda þingið í haust en Guðni vildi halda það sem fyrst. Guðni segist hafa metið stöðuna svo að



GUÐNI ÁGÚSTSSON Segist verða áfram í ríkisstjórn en hefur ekki gert upp hug sinn um framboð til formanns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

best væri að kæla málið niður, í raun væri þetta stuttur tími fyrir þá sem hygðust bjóða sig fram til forystustarfa. Sjálfur hefur hann ekki afráðið hvort hann sækist eftir formannsembættinu.

Um sættir þeirra Halldórs sagði Guðni: „Við metum flokkinn okkar mikils og þessi atburðarás fór með málið í háloft. Við komumst að

ingur sem stendur vörð um þau gildi sem við höfum varið saman og eftir á síðustu áratugum en ekki síður einstaklingur og einstaklingar sem horfa til framtíðar með bjartsýni og eldmód í hjarta.“ Halldór sagði að það dýrmætasta sem hann tæki með sér úr flokksstarfinu væri vinátta og velvilji samstarfsmanna sinna.

Að lokinni ræðu Halldórs stóðu flokksmenn úr sætum og hylltu formann sinn með dynjandi lófataki.

svavar@frettabladid.is / bjorn@frettabladid.is

Amfetamínsmyglið:

Prír Litháar áfram í gæslu

LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir tveimur Litháum sem hafa sætt lögreglu- rannsókn vegna tilrauna til smyglis á fljóttandi amfetamíni hingað til lands. Samkvæmt úrskurðinum eiga þeir að vera í gæsluvarðhaldi til 21. júlí. Þriðji Litháinn á að sitja í gæslu til 30. júní.

Tveir mennanna reyndu í tveimur ferðum að smygla inn allmörgum flöskum af fljóttandi amfetamíni en voru gripnir við komuna hingað til lands. Þriðji Litháinn hefur verið búsettur hér á landi um skeið og var handtekinn vegna gruns um aðild að málinu. -jss



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Miðstjórn Framsóknarflokksins skilur ákvörðun hans.

Miðstjórnarmenn álykta:

Pakka Halldóri farsæl störf

STJÓRN MÁL Halldóri Ásgrímssyni voru þökkuð áratugalöng og farsæl störf í þágu Framsóknarflokksins í ályktun sem miðstjórn flokksins samþykkti í gær. Í ályktuninni segir að miðstjórn skilji og virði þá ákvörðun hans að láta af formennsku og marki brotthvarf hans þáttaskil í sögu Framsóknarflokksins og íslenskum stjórnmálum.

Miðstjórnin leggur áherslu á að viðræðum um skipan ríkisstjórnar verði lokið hið fyrsta og hvetur til einingar og samstöðu meðal framsóknarmanna. -bþs

Haukur Logi Karlsson:

Sækist eftir embætti ritara

STJÓRN MÁL Haukur Logi Karlsson, fyrrverandi formaður Sambands ungra framsóknarmanna, ætlar að bjóða sig fram til embættis ritara Framsóknarflokksins. Hann lýsti framboði sínu yfir á miðstjórnarfundinum í gær. Ritaraembættið er þriðja æðsta embættið innan flokksins, næst á eftir embættum formanns og varaformanns, og hefur ritari innri mál flokksins með höndum. Siv Friðleifsdóttir er núverandi ritari.

„Það er spennandi tækifæri fram undan við að byggja flokkinn upp og ég býð mig fram til að taka þátt í því starfi,“ sagði Haukur Logi á miðstjórnarfundinum í gær. -bþs

Ísraelsher myrðir börn:

Hamas hótar að enda vopnahlé

GAZA-SVÆÐIÐ, AP Palestínubíar eru harmi slegnir eftir árási Ísraels- hers á strönd á Gaza-svæðinu í gær, sem varð sjö óbreyttum borgurum í strandarferð að bana og særði tugi manna. Meðal hinna látnu voru þrjú börn, en jafnframt er sagt að þrjár palestínískir uppreisnarmenn hafi farist.

Mahmoud Abbas Palestínuforseti fordæmdi árásinu og kallaði eftir aðstoð Bandaríkjanna, Evrópu og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ísraelsher sagði flugskeyti hafa farið af leið.

Hamas-liðar hótuðu í gær að hætta vopnahléi sem þeir hafa haldið síðan í febrúar 2005 vegna árásarinnar, en engar yfirlýsingar þess efnis bárust frá þeim meðlimum hreyfingarinnar sem leiða palestínsku heimastjórnina. -smk



Petúniúr
10 kr
 Takmarkað magn
 Hámark 3 stk. á mann
 Aðeins í Skútuvogi



10 stk
Stjúpur
399
 Verð áður 799

4 stk
Stjúpur
179
 Verð áður 360



Hengilóbelía 399
 Verð áður 599

Öll sumarblóm

20-50% afsláttur
 fimmtud.- sunnud.



Kaupauki!
 Kaupu sumarblóm
 fyrir **1000 kr**
 og fáðu garðáburð
 í kaupbæti *


blómaval
 heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
 Grafarholt - Kringlan - Smáralind

* 5 kg. garðáburður kostar 599 kr
 Aðeins í Skútuvogi

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 9.6.2006

KAUP SALA

| | | |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 73,63 | 73,99 |
| Sterlingspund | 135,74 | 136,4 |
| Evra | 93,22 | 93,74 |
| Dönsk króna | 12,499 | 12,573 |
| Norsk króna | 11,922 | 11,992 |
| Sænsk króna | 10,1 | 10,16 |
| Japanskt jen | 0,6459 | 0,6497 |

SDR 108,86 109,5

Gengisvísitala krónunnar
129,2766

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður hlýtur tíunda fangelsisdóminn á tæpum fimm árum:

Tíu fangelsisdómar frá 2001

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands hefur dæmt þar á fertugsaldri í fangelsi og fjársekt.

Konan er dæmd í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir að hafa í desember haft í fórum sínum amfetamín, sprautu og nál sem hún vafði inn í sellófanvafning, faldi í leggöngum sínum og smyglaði inn á Litla-Hraun. Hún er jafnframt dæmd fyrir tvo þjófnaði á sínum á Selfossi í júlí.

Maðurinn er dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að hafa veitt efnunum viðtöku og falið fyrirnefndan sellófanvafning í endabarmi sínum. Hann hafði einnig í vörslu sinni nokkuð af amfetamíni



LITLA-HRAUN Þaríð kom fíkniefnum fyrir í líkamsopum til að fela þau frá vörðum Hraunsins.

sem hann gleypiti til að fela það. Efnin gengu ekki niður af honum og þurfti hann að dvelja á sjúkrahúsi í 8 daga á meðan þau skiluðu sér út í líkamann. Hann er einnig dæmdur fyrir þjófnað á raftækjum en sýknaður af ákæru um brot

á lögum mannflutninga í loftförum með því að hafa reykt í flugvél á leið til Keflavíkur í september. Dómurinn segir að loftferðalög hafi ekki að geyma lýsingu á slíkri háttsemi, en það geri tóbaksvarnarlög. Samkvæmt þeim er athæfið hins vegar aðeins refsivert ef viðkomandi hlýtur áminningu flugstjóra sem hann hlýðir ekki. Svo var ekki í þessu tilviki.

Maðurinn, sem er 33 ára, hefur frá árinu 1990 hlotið 27 refsídóma fyrir ýmis brot. Frá því í desember 2001 hefur hann verið dæmdur til fangelsisvistar nú sinnum, samanlagt í sextíu mánuði að nýjasta dómnum undanskildum. -sh

Málefnaþingur í höfn:

Frítt í strætó á Akureyri

SVEITARSTJÓRNARMÁL Í gær var málefnaþingur meirihlutans í bæjarstjórn Akureyrar kynntur. Bæjarstjóri fyrstu þrjú árin verður frá Sjálfstæðisflokki en síðasta árið frá Samfylkingu.

Meirihlutflokkarnir munu vinna markvisst að lækkun leikskólagjalda á kjörtímabilinu og stefnt er að því að Akureyrarbær verði áfram með lægstu þjónustugjöldin í leik- og grunnskólum miðað við samkeppnissveitarfélög. Á næsta ári verða svo skattar lækkaðir á atvinnurekstur með lækkun holræsagjalda og almenningsamgöngur gerðar gjaldfrjálssar. -hs

Alvarlegt bílslys í Kópavogi:

Tveir slasaðir eftir árekstur

SLYS Tveir karlmenn voru fluttir á slyshadeild eftir alvarlegan árekstur fólksbíls og jeppa á gatnamótum Smárahvamsvegur og Hlíóarsmára í Kópavogi í fimmta tímanum í gær. Kalla þurfti út tækjabil slökkviliðsins sem þurfti að klippa að minnsta kosti annan bílstjórnann úr bíl sínum.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu og slökkviliðs voru bílstjórnarnir einir í bílunum og var annar þeirra alvarlega slasaður.

Ekki fengust nánari upplýsingar um tildrög slyssins eða ástand þeirra slösuðu. -sh

LÖGREGLUFRÉTTIR

Innbrot Tveir lögreglumenn gengu fram á göðkunningja lögreglunnar í Vesturbæ um klukkan hálfsekk á föstudagsmorgun. Voru mennirnir með fartölvu á sér en þeir höfðu brotist inn í heimahús í hverfinu og voru þeir færðir niður á lögreglustöð. Einnig var brotist inn í fyrirtæki í Vesturbænum og þaðan stolið tveimur tölvum og einum skjá en þjófarnir eru ófundnir.

FARIÐ YFIR STÖÐUNA Verkalýðshreyfingin fór yfir stöðuna á eigin leynifundi eftir fund forseta og varaforseta ASÍ með formönnum stjórnarflokkanna í gær. Jákvaður tónn er í mönnum og vöngleði um að samkomulag takist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Beðið eftir útspili frá ríkisstjórninni

Ríkisstjórnin þarf að stuðla að sátt á vinnumarkaði, að sögn verkalýðsforystunnar. Hækka þarf vexti á íbúðalánunum og lækka hámarkslán, fresta skattalækkunum og breyta bótakerfinu. Vænst er svara í næstu viku.

EFNAHAGSMÁL Forystumenn Alþýðusambandsins hittu Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Geir H. Haarde utanríkisráðherra í gær og gerðu þeim grein fyrir því hvernig verkalýðshreyfingin teldi að ríkisstjórnin þyrfti að koma að endurskoðun kjarasamninga til að sátt ríkti á vinnumarkaði út næsta ár.

Verkalýðshreyfingin telur að ríkisstjórnin verði að leggja sitt af mörkum til lausnar málsins. „Viðbrögðin hafa verið þau að mönnum sýnist í öllu falli rétt að setjast yfir þetta og láta á það reyna en við erum enn að skoða þetta,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ.

„Það er afar mikilvægt að ríkisstjórnin komi myndarlega að þessu en það er enn á byrjunarreit. Við bíðum bara eftir viðbrögðum frá ríkisstjórninni. Hve-

nær það verður veit ég ekki en við gerum ráð fyrir því að upp úr helginni fari atburðarásin að verða hraðari,“ segir hann.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur að áhugi sé á því að ná samkomulagi. „Ég met það svo að ríkisstjórnin vilji gjarnan gera það sem hún telur mögulegt af sinni hálfu þannig að það er almennur vilji til að láta reyna á samkomulag,“ segir hann og telur líklegt að um miðja næstu viku verði farið í lokahnykkinn og tekið af skarið um hvort sátt náist eða ekki.

Verkalýðshreyfingin hefur haft áhuga á skattaáðgerðum og breytingum á vaxtabóta- og barnabótakerfinu en Vilhjálmur telur að fasteignamarkaðurinn eigi að vera efstur á blaði, hækka vexti á íbúðalánunum og lækka lánsflutfallið.

Lánsflutfallið er bundið í lögum þannig að lögum þarf þá að breyta um leið og þing kemur saman í haust. „Þessar áðgerðir eru lykilatriði til að geta náð verðbólgunni niður á næsta ári,“ segir hann.

Þá telur Vilhjálmur mikilvægt að gott eftirlit verði með því að allir fari eftir lögum og reglum á vinnumarkaði. „Ég hef orðið var við ákveðna hræðslu við það að menn reyni að starfa á skjön við lög, hvort sem það eru lágmarkslaun eða skattsvik. Það þarf að passa upp á það að framkvæmdageirinn sýkist ekki.“

Vilhjálmur útilokar ekki að hækka krónutöluna í tilboði SA úr tólf þúsund í fimmtán þúsund. „Ég hef litið svo á það sé sameiginlegt viðfangsefni að finna út nákvæmlega hvaða tala þetta eigi að vera.“ ghs@frettabladid.is

Hæstiréttur staðfestir dóm:

Ríkið bótaskyld vegna árásar

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Þórhalls Ölvers Gunnarssonar á hendur íslenska ríkinu og fanga á Litla-Hrauni vegna árásar sem hann varð fyrir í fangelsinu árið 2002.

Samkvæmt dómnum fær Þórhallur þjáningarbætur vegna þess að hann fékk viðhlítandi tannlæknaþjónustu fyrir en nokkru eftir árása. Dómurinn hafnar kröfu hans um bætur á þeirri forsendu að öryggisgæslu hefði verið ábótavant. Dómurinn viðurkennir einnig bótaábyrgð fangans sem á hann réðst. Bótaupphæð er ekki ákvörðuð í dómnum. -sh



HALLA TÓMASDÓTTIR Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Viðskiptaráð Íslands:

Vill ekki húsleit á heimilum

SAMKEPPNI Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, sem er hagsmunasamtök félaga, fyrirtækja og einstaklinga í íslensku atvinnulífi, segir hugmyndir Samkeppniseftirlitsins um húsleitir á heimilum stjórnenda ganga ansi nærri einkalífi fólks og valda samtökunum áhyggjum.

„Þar eru stjórnendur fyrirtækjanna ekki einungis truflaðir heldur einnig fjölskyldur þeirra,“ segir Halla. Hagsmunirnir séu ekki meiri en húsfriðurinn.

Þóror Sveinsson, lögræðingur hjá Persónuvernd, segir að ekki verði tekin afstaða til hugmyndanna nema þær verði lagðar fyrir Alþingi. „Það sem er óvenjulegt við valdheimildina er að ekki er um að ræða lögreglu heldur stofnun á vegum ríkisins. Hún fer ekki með lögregluvald. Það er ákveðið atriði sem þyrfti að skoða og hvort nægir hagsmunir séu í húfi til þess að það geti réttlætt svona lagasetningu.“

Halla segir að hún hafi áhyggjur af því að notað sé sem rökstuðningur að húsleitirnar leyfist innan Evrópusambandsins. Viðskiptalífinu á Íslandi hafi vegnað vel og betur en þar: „Ég held að hluti af ástæðunni sé að hér hefur regluverkið verið minna.“ Samrunaferli fyrirtækja sé erfitt og verður enn erfiðara verði óæskilegar hömlur settar á fyrirtækin. -gag

BÍLL DAGSINS
TOYOTA RAV4

Nýskr 02.04 - Beinskriptur - Ekinn 27 þús km. - Allt að 100% lán.

Verð
2.220.000,-

50.000 kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum


Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

| | | | | | |
|---------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 20°C léttskýjað | London | 24°C léttskýjað | Alicante | 24°C léttskýjað |
| Billund | 20°C léttskýjað | Paris | 27°C léttskýjað | Mallorca | 23°C léttskýjað |
| Oslo | 24°C léttskýjað | Frankfurt | 25°C léttskýjað | Algarve | 27°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C léttskýjað | Friedrichshafen | 18°C hálfskýjað | Krit | 24°C léttskýjað |
| Gautaborg | 21°C léttskýjað | Berlín | 22°C léttskýjað | Las Palmas | 24°C heiðskirt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.

Laugardaginn 10. júní og
sunnudaginn 11. júní afnemunum
við VSK af öllum fatnaði í
verslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir 9.-11. júní

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Pjáist þú af frjófnæmi?

| | |
|-----|-----|
| Já | 28% |
| Nei | 72% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á ASÍ að segja upp kjarasamningum næsta haust?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Japanskeisari áminnir:

Læri af syndum fortíðar

JAPAN, AP Akihito, keisari Japans, hvatti til þess í ræðu á þriðjudag að Japanar minnst afleiðinga hernaðarstefnu sinnar á sjálfa sig og nágranna sína.

Keisarinn lýsti áhyggjum sínum af því að þær kynslóðir sem uxu úr grasi eftir lok seinni heimsstyrjaldar hefðu ef til vill ekki tamið sér tilhlýðilega virðingu fyrir velferð og menningu annarra þjóða.

Hann minnst þess einnig að í því ástandi sem ríkti á fjórða áratugnum í Japan, þegar fasismi náði þar fótfestu, hefðu embættismenn átt erfitt um vik með að tjá sig um stjórnarferð og margir óttast um líf sitt og limi af þessum sökum.

Í Japan stendur til að samþykkja lög sem eiga að innræta þjóðerniskennnd.

- kóp

Flutningaskipið Polestar sást taka við afla úr togara á ólöglegum veiðum á Reykjaneshrygg í gær:

Líklega sett á lista sjóræningjaskipa

SIJÓRÆNINGJAVEIÐAR Eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar, Syn, gómaði flutningaskipið Polestar um 190 sjómílur utan við íslenska lögsögu, þar sem það veitti sjóræningjaskipinu Carmen þjónustu. Polestar er skráð í Panama sem frystiskip.

Landhelgisgæslan sendir skýrslu um málið til sjávarútvegsráðuneytisins, sem tilkynnir skipið til Norðuratlantshafsbandalagsins. Það gengur úr skugga um hvort flutningaskipið hafi brotið af sér. Reynist svo vera lendiferð skipið á svörtum lista og fær ekki afgreiðslu um nokkurn hlut í löndum bandalags-

ins, en auk Íslands eiga lönd Evrópusambandsins, Eistland og Rússland aðild að því.

Dagmar Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir að áhöfnin á Fokker-vél gæslunnar hafi talað við skipstjórnann á flutningaskipinu. Hann hafi sagt að aðeins væri verið að afhenda skipinu umbúðir. Eftirlitsmennirnir telji hins vegar að skipverjar hafi verið að lesta úr skipinu.

Landhelgisgæslan stendur að eftirlitinu vegna skyldu sinnar sem aðildarríki að Norðuratlantshafsbandalaginu. Alls eru sextán skip á bannlistanum.

- gag



Á ÓLÖGLEGUM ÚTHAFSVEIÐUM Sjóræningjaskipið Carmen fékk þjónustu frá flutningaskipinu Polestar í gær. Það getur þýtt að flutningaskipið lendi á bannlista Atlantshafsbandalagsins.

MYND/HAFSTEINN HEIDARSSON

HM í Þýskalandi hófst í gær:

Mikil ásókn í áskrift að Sýn

SIJÓNVARP Áskrifendum Sýnar hefur fjölgað gríðarlega síðustu daga vegna beinna útsendinga frá Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Mótið hófst í Þýskalandi í gær og lögðu heimamenn Kosta Ríka að velli í upphafsleik með fjórum mörkum gegn tveimur.

„Símalínurnar hafa verið rauðglóandi síðustu daga,“ segir Hermann Hermannsson, aðstoðarframkvæmdastjóri 365 miðla. Til marks um ásóknina má nefna að símkerfi Sýnar annar fimmtíu símtölum í einu en í gær og síðustu daga brann við að álaginu var ekki annað.

Hermann býst við að áskrifendum Sýnar muni fjölga um þúsundir vegna heimsmeistaramótisins.

- bps

Bretar og Frakkar í kjarnorkusamvinnu

Bretar og Frakkar ætla að kanna samvinnu um kjarnorkuframleiðslu, kom fram á fundi Jacques Chirac og Tony Blair í gær. Jafnframt sagði Frakklandsforseti að alþjóðasamfélagið myndi ekki samþykkja kjarnorkuáætlun Írana.

FRAKKLAND, AP Á sama tíma og Jacques Chirac Frakklandsforseti segir ómögulegt að alþjóðasamfélagið samþykki kjarnorkuáætlun Írans bindast Bretar og Frakkar samningum um að rannsaka möguleikana á nánari samvinnu á sviði kjarnorumála.

Chirac og Tony Blair, forsætisráðherra Breta, lýstu því yfir eftir fund sinn í París í gær að þeir hefðu ákveðið að setja á stofn viðræðuhóp sem kanna myndi möguleika á að samnýta þekkingu, kunnáttu og rannsóknir landanna tveggja, að sögn Chiracs.

Leiðtogafundurinn snerist aðallega um orkumál, en Chirac og Blair ræddu jafnframt loftlagsbreytingar, varnarmál og ástandið í Mið-Austurlöndum.

Nýverið tóku Bretar uppástungu Blairs um að byggja nýja kynslóð kjarnorkuvera með miklum fyrirvara, enda hafa Bretar ekki útkljáð hvað gera skuli við kjarnorkuúrgang þann sem fyrir er í landinu. Frönsk yfirvöld styðja áætlun Blairs. Frakkar eru sú þjóð heims sem mest reiðir sig á kjarnorku, og þar í landi framleiða 59 kjarnakljúfar áttatíu prósent alls rafmagns sem notað er í landinu.

Á blaðamannfundum eftir fund þeirra Blairs sagði Chirac að alþjóðasamfélagið „gæti ekki samþykkt“ kjarnorkuáætlun Írana, því hún gæti leitt til framleiðslu á kjarnorkuvopnum.



LEIÐTOGAFUNDUR Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, t.v., hlustar á Jacques Chirac Frakklandsforseta á blaðamannafundi í París í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chirac sagðist hafa áhyggjur af því að eitthvert eitt ríki gæti hafið framleiðslu kjarnorkuvopna og bætti við að „nú þegar er nóg framleiðsla“. Þó sagði hann að enginn drægi í efa rétt Írans til að nýta kjarnorkuna í friðsamlegum tilgangi, eins og Íranar halda staðfastlega fram að þeir ætli sér.

Blair tók undir orð Chiracs og bætti við að hann vonaðist enn til að hægt væri að komast að friðsamlegri niðurstöðu um kjarnorkuáætlun Írana, sem fullnægja myndi kröfum alþjóðasamfélagsins og jafnframt virða rétt Írana.

Á þriðjudag afhenti Javier Sol-

ana, utanríkisráðgjafi Evrópusambandsins, Írönum tilboð sex stórvelda heims um margvíslegan efnahagslegan ávinning fyrir Írana gegn því að þeir hætti auðg- úrans. Chirac hitti Solana á fimmtudag.

Frakkland og Bretland eru meðal fimm þjóða í heiminum sem viðurkenna opinberlega að eiga kjarnorkuvopn, en hinar eru Bandaríkin, Rússland og Kína. Einnig þykir ljóst að Pakistan og Indland eigi kjarnorkuvopn, og grunur leikur á að Ísrael og Norður-Kórea geri það einnig.

smk@frettabladid.is

Dómismálaráðherra undirritaði samning við fyrirtækið Air Lift um leigu á þyrlu:

Leiguþyrlurnar koma í haust

LANDHELGISGÆSLAN Tvær leiguþyrlur koma til landsins í september næstkomandi og eru þær sömu tegundar og þyrlurnar sem fyrir eru í þjónustu Landhelgisgæslunnar. Samningur um leigu Super Puma-þyrlu, sem er sömu tegundar og TF-LÍF, við fyrirtækið Air Lift var undirritaður í gær og samningur um leigu Dauphin-þyrlu, sömu tegundar og TF-SIF, verður gerður seinna í þessum mánuði. Þyrlurnar koma báðar til landsins í september.

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sagði við undirritun samningsins í gær að um ársleigu væri að ræða. „Á þeim tíma sem leigusamningurinn er í gildi munum við vinna að síðari áfanganum, sem er að kaupa tvær Super Puma-þyrlur til viðbótar við þann þyrlukost sem Landhelgisgæslan á í dag.“ Í ræðu sinni tók Björn það fram að í lok júní yrði boðin út ný flugvél sem ætti að leysa TF-SÝN af hólmi og minnti á að nýtt varðskip væri á útboðs- stigi.



FRÁ UNDIRRITUN Frá vinstri: Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, og Bjarne Slapgaard, framkvæmdastjóri Air Lift.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björn sagði í viðtali við Fréttablaðið að kostnaðurinn við leigu stærri þyrlunnar með áhöfn, tveimur flugmönnum og flugvirkja væri um 210 milljónir króna á ári. Benóný Ásgrímsson, yfirflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni, metur samninginn sem stærsta viðburð í sögu þyrlusveitarinnar frá

upphafi. „Þetta er fyrsta skrefið til að tvöfalda getu sveitarinnar og framtíðin er björt og spennandi.“

Minni þyrlunni verður flogið af íslenskri áhöfn og þegar hafa verið ráðnir fjórir flugmenn á nýju þyrlurnar. Eins gengur vel með ráðningu annarra starfsmanna, að sögn Benónýs.

- shá

Bjartir dagar

Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar

Í DAG

1.-10. júní 2006

10. júní

Hansahátíð, HM
Lúðrasveitir og skrudganga

Kl. 11:00 „Það kringlóttu á hornóttu – að skora mörk, rífa niður vegg og hindranir.“ Marapön kvikmyndahátíð í tilefni af HM í Gamla bókasafninu.

Kl. 12:00 Hansamót í knattspyrnu á Ásvöllum hjá 5.flokki karla og kvenna. Þýskubíllinn verður á svæðinu.

Kl. 12:00 „Upphaldslagið hans langafa, Stefáns Íslandi“ Hádegistónleikar í Hafnarborg. Stefán Helgi Stefánsson tenór flytur aríur og ljóð við undirleik Antoníu Hevesi pianóleikara.

Kl. 12:30 Dagur lúðrasveitanna Lúðrasveitir leika á ýmsum stöðum í bænum og hefst skrudganga þeirra frá Gamla Lækjarskóla kl. 14.00*

Kl. 15:00 Stuðtónleikar á Thorsplani. Lúðrasveitir, Lada sport, Morðingjarnir, Jakobínarína og Sign. Kynnir Úlfar Linnet.*

Kl. 20:00 FRUMSÝNING Panic production á NO, HE WAS WHITE og Rauðar liljur í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Miðasala í síma 555 2222 og á midl.is nánari upplýsingar á www.hhh.is

*Ath. breyttur tími frá áður auglýstri dagskrá í dagskrárriti.

Aðgangur ókeypis á viðburði nema annað sé tekið fram

ALLA BJARTA DAGA - Ratív - Tungur í leikhúsi - Mikróveröld og morgunstemningar Ljóð í lauginni - Leikskólalíst - Sumarlestur - Brynja og börnin

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6 Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is

WOK BAR

Wok bar Nings í Kringlunni

Austurlensk sæla eftir þínu höfði!

Wok bar Nings í Hagkaupi á 1. hæð er spennandi viðbót við fjölbreytt úrval matsöluáæða Kringlunnar. Á Wok bar Nings er eldað á meðan þú bíður, þú velur hráefnið eftir þínum smekk og borðar á staðnum eða tekur með heim. Einfalt, fljótlegt og skemmtilegt!

| | | | | |
|----------------------------------|-------------------------------|------------------------------|-------------------------------|------------------------------|
| Mán. - mið. 10 - 18.30 | Fimmtudagur 10 - 21 | Föstudagur 10 - 19 | Laugardagur 10 - 18 | Sunnudagur 13 - 17 |
|----------------------------------|-------------------------------|------------------------------|-------------------------------|------------------------------|

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan



VEISTU SVARID

- 1 Hvaða hryðjuverkamaður lét lífið í loftárásun í vikunni?
- 2 Hver er opunarleikur heimsmeistarkeppninnar í knattspyrnu?
- 3 Hvaða nýja tímarit hóf göngu sína í vikunni?

SVÖR Á BLS. 70

Lögreglan í Keflavík:

Leitaði að dópi og fann pallbíl

LÖGREGLA Lögreglan í Keflavík fann nýjan pallbíl falinn í bílskúr við fíkniefnaleit í Garði aðfaranótt föstudags. Bílnum hafði verið stolið fyrir utan bílaumboð í fyrrahaust og var enn óskráður á íslensk númer.

Lögreglumenn gerðu húsleit í heimahúsi vegna gruns um fíkniefnamisferli. Þeir fundu kannabis á ýmsum vinnslustigum og ákváðu að því loknu að líta rétt sem snöggvast inn í bílskúr hússins þar sem þeir fundu bílinn.

Lögreglan í Keflavík rannsakar nú málið. - sh



FRÁ SELFOSI Dyravörður á HM-Pub greiðir allan sakarkostnað, um 150 þúsund krónur, og fer í mánaðarfangelsi brjót hann skilorð næstu tvö árin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kýldi og kjálkabraut:

Dyravörður réðst á gest

DÓMSMÁL Dyravörður á skemmtistaðnum HM-Pub á Selfossi hefur verið dæmdur til að sitja mánuð í fangelsi brjót hann skilorð næstu tvö árin. Hann kjálkabraut mann fyrir utan skemmtistaðinn eftir að hafa hent honum út.

Sá sem fyrir högginu varð segir að hann hafi barið í útidyrarhurðina eftir brottvísunina. Dyravörðurinn hafi þá opnað dyrnar, gengið rakið að honum og kýlt hann í kjálkann. Hann hafi fallið við höggið og fundið að kjálkinn hefði brotnað því bitað passaði ekki saman.

Dyravörðurinn gekkst ekki við brotinu en var dæmdur vegna fjölda vitna að atburðinum. - gag

Meirihlutasamstarf:

Einn borgarfulltrúi er nóg

BORGARMÁL Ekki er nauðsynlegt að gera breytingar á samþykktum eða lögum Reykjavíkurborgar er viðkoma skipan í ráð og nefndir, þó að Framsóknarflokkurinn eigi aðeins einn fulltrúa í borgarstjórn.

Ólafur Hjörleifsson, lögfræðingur hjá Reykjavíkurborg, segir almennt aðeins nauðsynlegt að fulltrúar séu kjörgengir. „Formaður nefnda og ráða þarf að vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Almennt eru ekki skilyrði fyrir því að fulltrúar í ráðum og nefndum séu borgarfulltrúar eða varaborgarfulltrúar, til þess að sitja í ráðum og nefndum. Eina skilyrði er að þeir séu kjörgengir.“ - mh

Japanar vilja ólmir fjölga sér:

Aukið jafnrétti besta ráðið

JAPAN, AP Ríkisstjórn Japans hvetur til aukinnar atvinnuþátttöku japanskra kvenna og telur að japanskt þjóðfélag eigi að aðstoða konur meira við atvinnuleit, stuðla að aukinni starfsþjálfun þeirra og hjálpa þeim við að stofna lítil fyrirtæki. Þetta kemur fram í skýrslu um jafnrétti kynjanna sem stjórnarráð Japans hefur sent frá sér.

Ríkisstjórnin vill auðvelda japönskum mæðrum að snúa aftur á vinnumarkaðinn þegar börnin eru farin í skóla og stuðla þannig að því að fleiri japanskar konur velji að eignast börn, en fólksfækkun er japönskum stjórnvöldum mikið áhyggjuefni.

Heilbrigðisráðuneyti Japans tilkynnti á dögnum að nýtt met hefði verið slegið þegar fæðingartíðni mældist einungis 1,25 börn á hverja konu. Til að viðhalda fólksfjölda samfélagsins þyrfti hver kona hins vegar að eignast 2,1 barn.

Afar erfitt þykir fyrir útvinandi fólk að ala upp börn í Japan og er ábyrgðin að mestu leyti á herðum mæðranna. Dagvistunarstofnanir eru fáar og kröfur fyrirtækja um vinnuframlag svo miklar að 61 prósent japanskra kvenna hættir að vinna fyrir fullt og allt þegar þær verða þungaðar af fyrsta barni. Þessu skal breytt



JAPANSKT STÚLKUBARN Ríkisstjórn Japans ætlar sér að gera framtíð þessarar stúlku barnvænni. NORDICPHOTOS/AFP

með „samfélagi kynjajafnréttis“, segir í skýrslunni. - kóp

RusAl vill setja upp álver hér á landi

Rússneska álframleiðslufyrirtækið RusAl hefur átt í viðræðum við íslensk stjórnvöld um uppsetningu álvers. Upplýsingafultrúi RusAl, Vera Kurochkina, staðfesti þetta í gær. Við vonumst eftir jákvæðri niðurstöðu, segir Kurochkina.

STÓRIÐJA Rússneska álframleiðslufyrirtækið RusAl, sem er þriðji stærsti álframleiðandi í heiminum, hefur átt í viðræðum við íslensk yfirvöld um uppsetningu álvers á Íslandi. Þetta staðfesti Vera Kurochkina, upplýsingafultrúi RusAl í Moskvu, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Á vefsíðu fréttastofnunar Moscow Times var greint frá því í gær að viðræður milli RusAl og íslenskra stjórnvalda um uppsetningu álbræðslu væru á upphafsstigi. Haft er eftir Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra að eins og viðræður standi beri á milli íslenskra stjórnvalda og RusAl, en ef til vill verði samvinnan þróuð áfram.

Árið 2004 höfðu forsvarsmenn RusAl samband við Fjárfestingastofu, sem starfar á grundvelli samkomulags viðskiptaráðuneytis og útflutningsráðs, og lýstu þeir yfir áhuga sínum á samstarfi við íslensk stjórnvöld með uppsetningu álvers í huga. Í kjölfarið hófust samskipti íslenskra yfirvalda og RusAl sem hafa verið í gangi síðan.



PÁLL MAGNÚSSON

Kurochkina segir RusAl vonast eftir jákvæðum niðurstöðum úr viðræðum við íslensk stjórnvöld, sem leiði til þess að markmið fyrirtækisins náist. „RusAl hefur átt í viðræðum við íslensk stjórnvöld síðustu tvö ár um möguleikann á uppsetningu álvers og vatnsorkuveru, sem sæi álverinu fyrir orku,“ segir Kurochkina og segir viðræðum ekki lokið. „Við vonumst eftir



VINNSLA Í ÁLVERINU VIÐ GRUNDARTANGA Nú er í athugun að reisa álver á Bakka við Húsvík og í Helguvík. RusAl hefur mikinn áhuga á því að reisa hér álver og nýta íslenska orku fyrir starfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

því að niðurstaðan úr þessum viðræðum verði jákvæð fyrir RusAl, eftir því sem þeim verður áframhaldið.“

Páll Magnússon, aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir engu hafa verið hafnað ennþá einungis bréflæg samskipti hafi átt sér stað við RusAl. „Það barst ósk frá RusAl um samstarf, í gegnum Fjárfestingastofu. Afstaða Fjárfestingastofu var sú að ekki

væri rétt að fara í formlegar viðræður við félagið vegna verkefna sem til skoðunar væru á næstu misserum.“

Kurochkina staðfesti við Fréttablaðið í gær að RusAl liti svo á að viðræður milli fyrirtækisins og íslenskra stjórnvalda væru enn í gangi jafnvel þó að svar Fjárfestingastofu hefði verið á þá leið að ekki væri tímabært að fara út í framkvæmdir á þessu stigi. magnush@frettabladid.is

Nýr bæjarstjóri á Álftanesi boðar strax breytingar:

Miðsvæðisskipulag blásið af

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Við lofuðum fólki því að hætt yrði við miðsvæðisskipulagið og efnt til arkitektasamkeppni í staðinn og við munum standa við það,“ segir Sigurður Magnússon, verðandi bæjarstjóri á Álftanesi.

Í miðsvæðisskipulaginu er meðal annars gert ráð fyrir nýttu öryggisbúðum fyrir aldraða, þjónustumiðstöð fyrir aldraða og heilsugæslu og hefur það þegar fengið löggildingu. Einnig hafði verið samið við hjúkrunarheimilið Eir vegna öryggisbúðanna og við verktaka sem eiga einn þriðja hluta lóðarinnar.

„Nú verður farið í það að ræða við alla hagsmunaaðila og þá með það fyrir augum að breyta dag-

setningum og öðru svo breytingin megi eiga sér stað með sem minnstum tilkostnaði,“ segir Sigurður.

„Ég hef miklar áhyggjur af því að bæjarfélagið eigi eftir að lenda í margföldum skadabótamálum ef þessi ný meirihluti efnir loforð sín við kjósendur,“ sagði Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri og efsti maður á lista sjálfstæðismanna, eftir að úrslit voru ljós á Álftanesi, en aðeins munaði þremur atkvæðum á listunum.

Ákveðið var á fundi Álftaneslistans í fyrravöld að Sigurður, sem er efsti maður á listanum, yrði næsti bæjarstjóri og tekur hann við embætti 13. júní. - jse



SIGURÐUR MAGNÚSSON, VERÐANDI BÆJARSTJÓRI Oddviti Álftaneslistans var reifur á kosningavökunni en afar mjótt var á munum í Álftanesi. Hann tekur við sem bæjarstjóri 13. júní og verður þá nóg að gera vegna þeirra umfangsmiklu breytinga sem hann boðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Slys í Reykjanesi:

Liggur enn í öndunarvél

SLYS Maður fannst meðvitundarlaus á sundlaugarbotni í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp aðfaranótt föstudags. Félagar mannsins komu að honum og komu honum til bjargar. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði andaði maðurinn en sýndi engin viðbrögð við áreiti.

Sjúkrabílar frá Hólmavík og Ísafirði fóru á staðinn ásamt lögreglunni frá Ísafirði klukkan þrjú um nóttina. Maðurinn var síðan fluttur með þyrlu á Landspítalann í Fossvogi, sem lenti þar korter yfir sex.

Að sögn lækis á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi er maðurinn í öndunarvél. - gþg



FRIDUR OG RÓ Öll bílaumferð hefur verið bönnuð í Bagdad í þrjá daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirmálar loftárásar:

Tólf handteknir og byssur teknar

BANDARÍKIN, AP Talsmenn Bandaríkjahers segja upplýsingar sem fengust eftir loftárásina á Írak aðfaranótt fimmtudags, sem al-Kaída foringinn Abu Musab al-Zarqawi fórst í, hafa leitt til fjölda nýrra vísbendinga og handtöku minnst tólf manns. Jafnframt voru vopn gerð upptæk.

Al-Jazeera sjónvarpsstöðin sýndi í gær myndband þar sem næstæðsti maður al-Kaída, Ayman al-Zawahiri, lofar al-Zarqawi, en þar sem hann nefndi ekki árástina telja fréttaskýrendur myndbandið vera minnst nokkurra daga gamalt.

Bílaumferð hefur verið bönnuð í Bagdad yfir helgina, til að koma í veg fyrir uppþot. - smk



HRAÐBANKI Öll bankastarfsemi í Noregi gæti lamast eftir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Norðmenn óttast auraskort:

Tæma alla hraðbanka

NOREGUR, AP Norðmenn búa sig nú undir mögulega bankalokun á mánudaginn og hafa hraðbankar verið þurrausnir síðustu daga.

Félag atvinnurekenda í fjárhagsgeiranum hefur hótad að loka bönkum og læsa fimmtán þúsund bankastarfsmenn úti í kuldunum, ákveði um sex þúsund samstarfsmenn þeirra að setja meiri hörku í verkfall sem staðið hefur síðan fyrsta júní.

Þetta hefði í för með sér að gjörvöll bankastarfsemi lamaðist í landinu og hafa Norðmenn verið iðnir við að tryggja sér reidufé.

Atvinnumálaráðherra Noregs, Bjarni Hákon Hansen, á kost á því að setja lög á verkfallið, en óvíst er hvort hann nýti sér þá lagaheimild. Þó má telja það líklegt því lokun bankanna hefði lamandi áhrif á allt þjóðlíf í Noregi. Áhrifin hafa þó verið örvandi enn sem komið er, því í vikunni einkenndi mikill taugatríringur almenning í Noregi og margir hraðbankar voru við það að tæmast í gær. - kóp



GRILLHÁTIÐ

Á LAUGARDAG FRÁ 14.00 - 16.00



Weber Genesis silver A



61.990kr

Grillhátíðin er í boði:



TILBOÐ



Lisianthus hvít blá bleik
250kr

TILBOÐ

TÓBAKSHORN
395kr

TILBOÐ

HENGIÓBELÍA
395kr

17. JÚNÍ TILBOÐ Á SUMARBLÓMUM

TILBOÐ



GEISLASÓPUR
980kr

TILBOÐ



4 MARGARÍTUR
1.380kr

TILBOÐ



SÓLBODI 4stk
1.380kr

TILBOÐ



BLÓMAKER frá
1.280kr

TILBOÐ

10 sumarblóm í bakka

575kr

skrautnál - flaelisblóm
silfurkambur - fjólur
daggarbrá - ofl

20% afsláttur af frostheldum útipottum og kerjum



GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Grillað á Weber:
Grillaðu alltaf með lokið niðri,
þannig nýtirðu hitann betur,
sparar gasið og kjötið verður
meyrt og safaríkt.



GARÐHEIMAR

allt í garðinn á einum stað!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is



GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Munið að gefa sumarblómumunum áburð:
Korn: 2-3svar yfir sumarið
Áburðarvatn: 2 af 3 skiptum
vökvunar.

Nýr formaður Framsóknar verður þrettándi formaður frá stofnun flokksins:

Tveir voru lengur formenn en Halldór

STJÓRN MÁL Halldór Ásgrímsson, fráfarandi formaður Framsóknarflokksins, hefur gegnt embættinu síðan 1994, í tólf ár. Tveir af tólf formönnum flokksins frá stofnun hans 1916 sátu lengur en Halldór; feðgarnir Hermann Jónasson og Steingrímur Hermannsson. Hermann varð formaður árið 1944 og sat í átján ár, til 1962, en Steingrímur tók við embættinu 1979 og sat til 1994 eða í fimmtán ár.

Sex af þessum tólf formönnum voru forsætisráðherrar um lengri eða skemmri tíma og tveir til viðbótar gegndu öðrum ráðherraembættum. Tryggvi Þórhallsson varð forsætisráðherra ári áður en



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
Formaður í tólf ár.



STEINGRÍMUR HERMANNSSON
Formaður í fimmtán ár.



HERMANN JÓNASSON
Formaður í átján ár.

hann varð formaður og Ásgeir Ásgeirsson var áfram forsætisráðherra eftir að hann hafði látið af flokksformennsku. Þá varð

Hermann forsætisráðherra í formennskutíð Jónasar Jónssonar. Hvorki Jónas né Eysteinn Jónsson urðu forsætisráðherrar. - bps

FORMENN FRAMSÓKNARFLOKKSINS

| | |
|-----------|-------------------------|
| 1916-1920 | Ólafur Briem |
| 1920-1922 | Sveinn Ólafsson |
| 1922-1928 | Þorleifur Jónsson |
| 1928-1932 | Tryggvi Þórhallsson |
| 1932-1933 | Ásgeir Ásgeirsson |
| 1933-1934 | Sigurður Kristinnsson |
| 1934-1944 | Jónas Jónsson |
| 1944-1962 | Hermann Jónasson |
| 1962-1968 | Eysteinn Jónsson |
| 1968-1979 | Ólafur Jóhannesson |
| 1979-1994 | Steingrímur Hermannsson |
| 1994-2006 | Halldór Ásgrímsson |



SMITANDI ÍPRÓTTAANDI Þessar vændiskonur í Halle í Þýskalandi stíllu sér upp fyrir ljósmyndara á dögunum. Vændishúsi í Þýskalandi búa sig undir blómleg viðskipti næstu vikur vegna heimsmeistarasmótsins í knattspyrnu.

NORDICPHOTOS/AFP



UMHVERFISRÁÐHERRA Kynnti ný vegakort í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umhverfisráðuneytið:

Nýtt vegakort

NÁTTÚRAN Umhverfisráðherra kynnti í gær nýtt vegakort ásamt fulltrúum frá Umhverfisstofnun og Landmælingum Íslands. Kortið er hluti af baráttunni gegn utanvegaakstri og sýnir vegi á miðhálandinu. Kortið verður aðgengilegt á vefnum en einnig stendur til að hengja það upp víðs vegar um landið.

Ráðuneytið hefur einnig gefið út nýtt tölublað af vefriti sínu en þar er meðal annars fjallað um loftlagsbreytingar, ferðamensku og náttúruvernd. - bps

Engum eirt í Ingúsetíu:

Börnin myrt líka

RÚSSLAND, AP Yfirmaður lögreglu í Ingúsetíuhéraði var skotinn á færi í gær ásamt börnum sínum þremur, en hið elsta var sex ára gamalt. Einnig voru vegnir tveir aðstoðarmenn hans; lífvörður og bílstjóri sem var að keyra lögregluföringjann til vinnu og börnin á leikskóla.

Morðin voru framin í bænum Karabúlak í þessu róstusama héraði í Suður-Rússlandi. Þar, og víðar í nágrenni Tsjetsjeníu, eru tíðar skæru milli sjálfstæðissinnaðra múslima og útsendara ríkisstjórnarinnar.

Sjálfstæðisbarátta Tsjetsjena hefur nú staðið yfir í tólf ár og hefur alda ofbeldis breiðst út um öll Norður-Kákasusfjöllin. Mikil fátækt, spilling og trúaröfghyggja standa mannlífi á þessu svæði fyrir þrífum. - kóp



ÁTÖK Í RÚSSLANDI Margir eiga um sárt að binda í Tsjetsjeníu og nánasta nágrenni. NORDICPHOTOS/AFP

Segist hafa bent á tengsl

Verjendur í Baugsmálinu gera kröfu um að settur saksóknari og dómstjóri verði kallaðir fyrir sem vitni í Baugsmálinu. Sigurður Tómas Magnússon segist hafa bent á fjölskyldutengsl dómara.

DÓMSMÁL Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, og Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, kröfðust þess fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, og Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, bæru vitni í málinu.

Héldu þeir því fram að nauðsynlegt væri að taka af allan vafa um það að settur ríkissaksóknari hefði, með samskiptum sínum við dómstjóra, ekki haft áhrif á það hver hefði verið skipaður dómari í málinu, í aðdraganda þess að gefin var út endurákæra vegna ákærulíða sem vísað var frá dómi.

Pétur Guðgeirsson var dómari í fyrri hluta Baugsmálsins en eftir að Sigurður Tómas hafði bent dómstjóra á fjölskyldutengsl Péturs og eitt vitnanna sem hann hugðist kalla fyrir var Arngrímur Ísberg skipaður dómari.

Gestur Jónsson sagði Sigurður Tómas hafa, með samskiptum sínum við dómstjóra, haft afskipti af því hver hefði verið skipaður dómari í málinu. Dómstjórinn hefði verið búinn að ákveða að Pétur yrði dómari í málinu, eins og hann var í fyrra málinu.

Sigurður Tómas mótmælti því að hann hefði haft afskipti af því hver yrði skipaður dómari í málinu. Hann sagðist aðeins hafa bent dómstjóra á tengsl Péturs við eitt vitnanna sem gætu leitt til vanhæfis.

Sigurður sagðist hafa átt samskipti við dómstjóra meðal annars til þess að undirbúa flutning á



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON Mótmælti því harðlega að hafa haft óeðlileg afskipti af skipan dómara í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mikilvægum gögnum til dómsins. Sigður Tómas sagði gögnin vera viðkvæm og að hann hefði viljað koma í veg fyrir að fjölmiðlar kæmst yfir gögnin, áður en ákærðu fréttu af því.

Gestur Jónsson sagði nauðsynlegt að fá skýr svör við tveimur spurningum. „Hvernig má það vera að settur ríkissaksóknari hafi haft samskipti um skipan dómara áður en ákæra var gefin út? Og hvers vegna voru verjendur í málinu ekki hafðir með í ráðum?“

Sigurður Tómas mótmælti því að hafa haft samskipti við dómstjóra um skipan dómara í málinu. Hann sagðist einungis hafa bent dómstjóra á fjölskyldutengsl Péturs Guðgeirssonar við eitt vitnanna í málinu. Ásakanir um allt annað væru úr lausu lofti gripnar.

Úrskurðað verður um það hvort Sigurður Tómas og Helgi verði kallaðir í vitnastúku á mánudaginn. magnush@frettabladid.is

RÓBERT BANGSI
...og unglingarnir
Hlíðasmára 12 Hverafold 1-3 Flórí Hafnarfirði

Við flytjum í Hlíðarsmára 17

Opnum nýja verslun í dag

ROBBI

Glæsileg opnunartilboð

ROBBI

Hlíðarsmári 17 • S. 555 6688

(Áður Krakkafjör)

Staðsetningar póstafrgreiðslustöðva endurskoðaðar:

Íslandspóstur út úr Nóatúnsverslunum

PÓSTAFRGREIÐSLA Samkomulag hefur náðst á milli Íslandspósts og Kaupáss um að hætta rekstri póstafrgreiðslna í verslunum Nóatúns á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar verða innleiddar í áföngum til 15. október næstkomandi. og munu þýða flutning fimm afgreiðslna yfir í ný húsnæði.

Að sögn Harðar Jónssonar, framkvæmdastjóra pósthúsa-sviðs, eru breytingarnar hluti af endurskoðun Íslandspósts á póstnetinu. Samstarfið við Nóatún þjónaði ekki framtíðarhagsmunum fyrirtækjanna og vonast hann eftir betri þjónustu í kjölfar flutninga og ráðningar nýs starfsfólks. Samningar um póstafrgreiðslur




STRANDGATA 24 Tímabundið húsnæði póstafrgreiðslu Hafnarfjarðar er við Strandgötu, en í haust flytur afgreiðslan í Fjörðinn. MYND/JÓN HJÓRTUR HUJARTARSON

í verslunum Hagkaupa og Nettó standa enn og stefnan er að koma á þéttriðnu neti póstafrgreiðslna á höfuðborgarsvæðinu. - sgi

SUMAR stemning


Stórsýning um helgina



BEINNA AUGLÉINGASTOFAN IS. IS. TOY. 2010. 04.22.04

Sumarsýning **Toyota**

Öll fjölskyldan kíkir til okkar á Nýbýlaveginum um helgina og upplifir frábæra Toyota-sumarstemningu.

- Glæsilegt úrval nýrra bíla á góðu verði
- Reynsluakstur - reynsluökumenn leystir út með gjöfum frá Nóatúni
- Gírnileg grillveisla - kokkar á staðnum töfra fram kræsingar
- Merkilegt tilboð á 30 Aygo með ókeypis tryggingum hjá Elísabetu í 1 ár 

Opið:
Laugardag 12:00 - 16:00
Sunnudag 13:00 - 16:00



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Míðási 2
700 Egilsstaðir
Sími: 470-5070



GLÍMUKAPPI MEÐ BARN Japanskir súmóglímukappar eru nú í Israel í vikuheimsókn til þess að styrkja tengslin milli landanna tveggja. Gerði þessi kappi sér lítið fyrir og stílti sér upp með ungbarn. Glímuköppunum er aðeins leyft að yfirgefa Japan á tveggja ára fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Guðrún Gauksdóttir dósent um kröfugerð fyrir vatnsréttindi fyrir austan:

Nýjar aðferðir hækka verðið

VATNSRÉTTINDI Sá mikli munur sem er á upphæðum í kröfugerð Landsvirkjunar og landeigenda fyrir austan vegna vatnsréttinda þarf ekki að vera neitt óeðlilegur heldur getur hann einfaldlega stafað af því að mismunandi aðferðir hafa verið notaðar við útreikningana.

Lögfræðingar Landsvirkjunar telja að greiða eigi 150-375 milljónir króna fyrir vatnsréttindin á jörðum sem liggja á Jökulsá á Dal, Jökulsá á Fljótsdal og Keldá en landeigendur krefjast þess að fá 60-96 milljarða króna.

Guðrún Gauksdóttir, formaður Rannsóknastofnunar í auðlinda-

rétti hjá Háskólanum í Reykjavík, telur erfitt að tjá sig um upphæðirnar þar sem hún þekki ekki forsendurnar en hvað aðferðafræðina varðar sé þetta mjög áhugavert.

„Það er ljóst að í takt við breyttar kringumstæður í þessum geira koma til skoðunar nýjar aðferðir við að reikna út verðmæti þessara vatnsréttinda. Það er til dæmis búið að stíga skref í þessa átt í Noregi og verður fróðlegt að fylgjast með því þar. Þetta er mjög áhugavert og full ástæða til að ætla að það sé grundvöllur til þess að endurskoða þær aðferðir sem beitt hefur verið við útreikningana hingað til.“

- ghs



GUÐRÚN GAUKSDÓTTIR Segir nýjar aðferðir við að reikna út verðmæti vatnsréttinda koma til skoðunar.

Þjóðfélagsmeini í Hollandi:

Tölvunörðar í „afeitrun“

HOLLAND, AP Sjúkleg ástundun tölvuleikja gerist æ algengari og nú hafa Hollendingar riðið á vaðið með fyrsta meðferðarheimilið í Evrópu fyrir tölvuleikjasjúklinga.

Forstöðumaðurinn Keith Bakker segir tölvuleikir allt eins ávana-bindandi og fjárhættuspil og vímuefni. Hann hefur tekið til meðferðar tuttugu sjúklinga á aldrinum 13-20 ára og segir þá sýna greinileg fráhrarfseinkenni, svo sem skjálfta og svitaköst.

Meðferðin er kölluð „afeitrun“ og stendur í allt að átta vikur. Hún samanstendur af lífsleikinámi eins og náttúruskoðun og útiveru, sálfræðiráðgjöf og fleiru. ■

Landeigandi sýknaður:

Varsla hests talin í lagi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur sýknað landeiganda af skaðabótakröfu ökumanns vélhjólss sem slasaðist þar í maí 2004.

Vélhjólamaðurinn var á ferð neðan við bæinn Gauksmýri í Húnaþingi vestra þegar hestur kom hlaupandi út á veginn og í veg fyrir manninn með þeim afleiðingum að maðurinn féll í götuna.

Héraðsdómur sýknaði manninn þar sem talið var ljóst að eðlilega hafi verið staðið að vörslu hestsins og girðingar hafi staðist allar kröfur.

Hagvöxturinn í heiminum:

Um þrjú prósent á Norðurlöndum

EFNAHAGSMÁL Spáð er að hagvöxtur í heiminum verði nær fimm prósent í ár og á næsta ári. Hnattvæðingin hefur einkennst af þátttöku fjölmennra þróunarríkja í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku þar sem hagvöxtur hefur verið allt að tíu prósent á ári. Þetta

kemur fram í vefriti fjármálaráðuneytisins.

Í OECD-rikkjunum er spáð að hagvöxtur verði um þrjú prósent í ár og á næsta ári en mismiklum hagvexti er spáð í einstökum löndum. Mestur verður hann líklega í Japan og Bandaríkjunum, um og yfir þrjú prósent, minnstur á evrusvæðinu, um tvö prósent, og tæplega þrjú prósent á Norðurlöndunum og í Bretlandi.

Vöxtur þjóðarframleiðslu frá ári til árs nefnist hagvöxtur og er hann mældur í hundradshlutum (prósentum). Ef þjóðarframleiðsla dregst saman er stundum talað um neikvæðan hagvöxt. Stundum er miðað við landsframleiðslu en ekki þjóðarframleiðslu.

- ghs

| HAGVÖXTUR Í HEIMINUM | | | |
|----------------------|------|------|------|
| - í prósentum | | | |
| | 2005 | 2006 | 2007 |
| Evrusvæðið | 1,4 | 2,1 | 2,2 |
| Bandaríkin | 3,5 | 3,5 | 3,0 |
| Bretland | 1,8 | 2,4 | 2,9 |
| Norðurlönd | 2,7 | 3,3 | 2,8 |
| Japan | 2,7 | 3,0 | 3,3 |

SVÍPJÓÐ

Dæmd í tíu ára fangelsi Stjúpaðir og móðir Bobbys, tíu ára drengsins sem var myrtur með hrottalegum hætti í Svíþjóð í vor, voru dæmd í tíu ára fangelsi í vikunni.



TÓMAS ZOEGA LÆKNIR Karl Axelsson lögmaður segir Tómas eiga rétt á miskabótum vegna ólögðrar kröfu gegn honum. Þá þarf spítalinn að greiða Tómasi eina og hálf milljón króna í málskostnað.

Tekist á um túlkun dóms

Lögmenn Landspítala og Tómasar Zoega læknis eru ekki á einu máli um hvort nýfallinn dómur Hæstaréttar sé Tómasi í hag eða spítalanum. Dómurinn staðfestir ekki ógildingarúrskurð Héraðsdóms.

DÓMSMÁL Fáir Tómas Zoega læknir ekki sitt fyrri starf sem yfirlæknir á geðsviði Landspítala - háskóla-sjúkrahúss nú þegar dómur Hæstaréttar liggur fyrir kallar það á höfðun skaðabótamáls upp á tugi milljóna króna. Þetta segir Karl Axelsson hrl., lögmaður Tómasar.

Forsaga málsins er sú að árið 2001 ákvað framkvæmdastjórn LSH að hefja undirbúning að breytingum á starfstílhögun yfirmanna þess þannig að þeir myndu framvegis vera í hundrad prósent starfi og ekki



KARL AXELSSON

sinna störfum utan sjúkrahússins öðrum en kennslu og annars konar störfum við háskóla. Tómas rak eigin læknaströf samhlíða yfirlæknisstarfi sínu. Hann vildi ekki hlíta þessum breytingum og var honum tilkynnt að ákveðið hefði verið að leysa hann frá starfi yfirlæknis og að framvegis myndi hann gegna starfi sérfræðilæknis á geðsviði.

Tómas höfðaði mál. Héraðsdómur felldi ákvörðunina úr gildi, en LSH áfrýjaði til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar segir að óheimilt hafi verið að breyta starfi Tómasar og ákvörðunin ólögð.

„Munurinn í formi dóma Héraðsdóms og Hæstaréttar er sá að

Tómas fær ekki starfið sjálfkrafa aftur. Spítalinn þarf að gefa grænt ljós,“ segir Karl Axelsson hrl., lögmaður Tómasar, um niðurstöðu dómsins og segir hann dóm Hæstaréttar ótvírætt þýða að Tómasi beri að fá yfirlæknisstarfið aftur. „Ef spítalinn gefur það ekki er hann í rauninni að viðhalda því ástandi sem búið er að dæma ólöglegt. Ef forsvarsmenn spítalans ætla að neita Tómasi um að taka upp þráðinn sem yfirlæknir geðsviðs þar sem frá var horfið er spítalinn að kalla yfir sig skaðabótaskyldu sem er þá nýtt mál. Þar yrði þá um tugi milljóna króna að ræða.“

Karl segir Tómas eiga rétt á miskabótum vegna ólögðrar kröfu gegn honum. Þá þarf spítalinn að greiða Tómasi eina og hálf milljón króna í málskostnað.

Anton B. Markússon hrl., lögmaður LSH, sagði að Tómasi bæri „alls ekki“ að fá yfirlæknisstarfið aftur samkvæmt dómi Hæstaréttar.

„Grundvallarmunur er á ógildingunni og ólögðmæti,“ sagði Anton. „Samkvæmt ógildingardómi Héraðsdóms hefði Tómas orðið yfirlæknir aftur um leið og hann féll. Staðan í dag er sú að hann er sérfræðilæknir áfram og það breytist ekki neitt. Það er fordæmalaust í íslenskri dómafræðum að menn séu dæmdir að nýju inn í starf. Á þessu fékk spítalinn staðfestingu í Hæstarétti.“

Magnús Pétursson, forstjóri LSH, vildi ekki ræða viðbrögð spítalans að svo stöddu.

jss@frettabladid.is



Landsmót á Vindheimamelum í Skagafirði 26. júní – 2. júlí

Fjölskylduhátíð hestamanna – takið vikuna frá

Landsmót eru einstakir viðburðir, hápunktur og uppskeruhátíð, stærsta mót í heimi þar sem íslenskir hestar koma saman. Þar getur þú séð öll bestu hross landsins í fjölbreyttri gæðingakeppni, tölti, kappreiðum og kynbótasýningum.

- Frábær aðstaða
- Bestu hestar og knapar landsins
- Helstu dagskrárliðir á aðalvelli
- 1.600 manna áhorfendastúka
- Fjölbreytt skemmtiatriði

| Miðaverð á LM 2006: | | |
|---|-----------|---------------|
| | Forsala: | Selt í hlíði: |
| Vikupassi | 9.000 kr. | 10.000 kr. |
| Helgarpassi (lau.-sun.) | 7.500 kr. | 8.000 kr. |
| Unglingar (13-16 ára) (gildir alla vikuna) | 2.500 kr. | 3.000 kr. |
| Dagsmiðar (mán.-fös.) | | 4.000 kr. |

Forsala á völdum Esso-stöðvum um land allt.

Farðu á www.landsmot.is og fáðu nánari upplýsingar um Landsmót hestamanna, einstakan viðburð og fjölskylduskemmtun.



ICELANDAIR

www.landsmot.is

Danska stjórnarandstaðan:

Gagnrýnir Bush harðlega

DANMÖRK, AP Leiðtogi dönsku stjórnarandstöðunnar, Villy Søvndal, sendi George W. Bush Bandaríkjaforseta bréf á fimmtudag þar sem hann ásakar Bush harðlega fyrir stríðið í Írak, ásamt fleiru.

Bréfið var sent daginn fyrir heimsókn Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, til Bandaríkjanna, þar sem danska blaðið Politiken segir leiðtogana tvo ætla sér að fara í hjólréiðatúr í fjöllum við bústað Bush í Camp David og snæða svo hádegismat ásamt eiginkonum sínum.

Um 530 danskir hermenn eru í Írak. - smk

Verið að setja upp aðstöðu fyrir fatlaða í hjólastólum við Þingvallavatn:

Framkvæmdin gagnrýnd

ÞJÓÐGARDUR „Við erum þarna að bæta aðstöðu fyrir fatlaða veiðimenn í hjólastólum með tilheyrandi pöllum og breiðum stígum og öll framkvæmdin er afturkræf með tilliti til náttúruverndar,“ segir Sigurður K. Oddsson, þjóðgardsvörður á Þingvöllum.

Athugasemdir hafa verið gerðar við framkvæmdirnar við norðurenda vatnsins, í landi Vatnskots, en til stendur að opna aðstöðuna um miðjan þennan mánuð. Jónína Melsteð, sem á ættir sínar að rekja til Vatnskots, telur að verið sé að fremja náttúruspjöll á landinu. Hægt sé að útbúa aðstöðu fyrir fatlað fólk í hjólastólum án



UMHVERFISRASK Jónína Melsteð gagnrýnir hversu umfangsmiklar framkvæmdir við lagningu stíga og bryggju fyrir fatlaða við Þingvallavatn hafi verið.

MYND/SÍMON H. ÍVARSSON

þess að ganga eins langt og verið hefur gert. „Þarna eru fornminjar sem virðist ekkert tillit tekið til auk þess sem svæðið er friðað. Þessi framkvæmd er vanhugsuð og lýti á umhverfinu öllu.“

Sigurður fullyrðir að fyllstu varúðar hafi verið gætt við framkvæmdina og neitar því að ógætlega hafi verið farið um. Hann bendir til að mynda á að engin steypa sé notuð, allir pallar hvíli á steinum og ekki sé hægt að tala um að rask hafi orðið á svæðinu né þeim fornminjum sem þar eru.

Þingvellir voru samþykktir á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna 2. júlí 2004. - aðe

Háskólinn á Akureyri:

Brautskráir 340 kandídata

MENNTAMÁL Í dag verða 340 kandídatar brautskráðir frá Háskólanum á Akureyri. Félagsvísinda- og lagadeild brautskráir í fyrsta skipti nemendur með BA-próf í fjölmiðlafræði, samfélags- og hagþróunarfræði, sálfræði og lögfræði. Hefur námsframboð í Háskólanum verið aukið.

Fjölmiðlafræði, samfélags- og hagþróunarfræði hafa aldrei áður verið kennd sem sérstakar greinar til BA-prófs hérlandis.

Alls útskrifast 59 nemendur úr heilbrigðisdeild, 45 úr félagsvísinda- og lagadeild, 151 úr kennaradeild og 87 úr viðskipta- og raunvísindadeild. - hs



INNFLYJTJENDAFLEY FRÁ AFRIKU Afrikubúar taka mikla áhættu með því að sigla fátæklegum kænnum að ströndum Evrópu.

NORDICPHOTOS/AP

Báti flóttamanna hvolfdi:

Sextán bjargað úr sjónum

ÍTALÍA, AP Landhelgisgæsla Ítalíu fiskaði upp þrjú lík úr hafinu austan við eyjuna Mólta í gærmorgun og bjargaði sextán Túnisbúum úr sjónum. Átta félaga þeirra er enn saknað.

Ítalskir sjómenn fundu mennina og gerðu gæslunni viðvart. Mennirnir voru 27 talsins á lítilli kænu og hvolfdi henni undan þunga þeirra.

Mildi var að sjórinn var lygn þennan morgun og þeir sem komust lífs af voru flestir vel á sig komnir eftir volkið. - kóp

Útgáfa á Austurlandi:

Sjómanna-dagsblað komið út

SJÓMANNADAGURINN Sjómanna-dagsblað Austurlands er komið út. Á meðal efnis er umfjöllun um átök Breta og Íslendinga í þriðja þorskastríðinu, sagt frá mannskæðasta harmleik siglingasögunnar og viðtal við sjómanninn og Norðfirðinginn Kristinn Pétursson. Már Karlsson segir frá sjávarháská sem áhöfnin á Sunnutindi SU lenti í og umfjöllun er um ísbirni við Austfirði.



SJÓMANNADAGS-BLAÐ Sjómanna-dagsblað Austurlands er komið út og eru efnistökin fjölbreytt að venju.

Hægt er að nálgast blaðið í verslunum Pennans Eymundssonar á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. - kk

LÖGREGLUFRÉTTIR

Akureyri Fimm gistu fangageymslur á Akureyri aðfaranótt fimmtudags eftir múgæyingu á Ráðhústorginu. Fólkíð veittist að fjórum lögreglumönnum sem bar að garði en þeir eru að mestu ómeiddir. Lítilræði fannst af fíkniefnum en fólkíð verður yfirheyrð í dag. Einn maður gisti fangageymslur eftir að hafa reynt að innheimta skuld. Hann verður einnig yfirheyrður í dag en málið tengist ekki fíkniefnum.

Ert þú að tapa réttindum

Eftirtaldir lífeyrissjóðir hafa sent sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur á árinu 2005:

- Gildi - Lífeyrissjóður
- Lífeyrissjóður Austurlands
- Lífeyrissjóður Bolungarvíkur
- Lífeyrissjóður bænda
- Lífeyrissjóður Norðurlands
- Lífeyrissjóður Rangæinga
- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
- Lífeyrissjóður Suðurlands
- Lífeyrissjóðurinn Lífiðn
- Lífeyrissjóður verkfræðinga
- Lífeyrissjóður Vestfirðinga
- Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
- Lífeyrissjóður Vesturlands
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- Samvinnulífeyrissjóðurinn
- Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Fáir þú ekki yfirlit,

en dregið hefur verið af launum þínum í einn eða fleiri af ofangreindum lífeyrissjóðum, eða ef launaseðlum ber ekki saman við yfirlitið, skalt þú hafa samband við viðkomandi lífeyrissjóð hið allra fyrsta.

Við vanskil á greiðslum iðgjalda í lífeyrissjóð er hættu á að dýrmæt réttindi tapist. Þar á meðal má nefna:



Gættu réttar þíns

Til þess að iðgjöld launamanna njóti ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota, skulu launamenn, innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og/eða birtingu auglýsingar, ganga úr skugga um skil vinnuveitenda til viðkomandi lífeyrissjóðs. Séu vanskil á iðgjöldum skal launamaður innan sömu tímamarka leggja lífeyrissjóði til afrit launaseðla fyrir það tímabil sem er í vanskilum. Komi athugasemd ekki fram frá launamanni er viðkomandi lífeyrissjóður einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd, enda hafi lífeyrissjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna.



8. - 12. júní
Kaup *hlaup*
í Smáralind

ÓFURTLIÐBOÐ!



Laugardagstilboð

Bob buxur **100 kr.**

Gildir á meðan birgðir endast!

JACK & JONES

ÓFURTLIÐBOÐ!



Sunnudagstilboð

Easy skyrta **100 kr.**

Gildir á meðan birgðir endast!

JACK & JONES

FRÁBÆR SKÓTILBOÐ



Herra og Dömu sandalar
verð áður: 5.995 kr.

3.995 kr. -

stærðir: 41-46
litir: svart
brúnt
rautt

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
- SMÁRALIND -



AEG

hlaup

AEG Helluborð og ofn, **hvít**

KAUPHLAUP: **Kr. 64.900**

AEG Helluborð og ofn, **stál**

KAUPHLAUP: **Kr. 74.900**

kaup

ORMSSON

SMÁRALIND - SÍMI 530 2900 - www.ormsson.is



**Mögnuð tilboð á
nýjum vörum**
frá fimmtudegi til mánudags



Verlanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

| | |
|--|---|
| <p>40% AFSLÁTTUR af völdum nýjum GUESS bolum</p>  <p>ISIS</p> | <p>SKÁTAFJÖR Í SMÁRALIND Kynning á sumarstarfi skáta í dag frá kl. 12-16.</p>  <p>FRÍTT í leiktæki Skátalands í Vetrargarðinum!</p> <p>SKÁTALAND</p> |
| <p>DÚNDURTILBOÐ</p>  <p>Pólóbolur 1.490 kr. Langerma- bolur 1.490 kr. Stuttermabolur 990 kr. Gallajakki 2.490 kr.</p> <p>Zink</p> | <p>WEBER GASGRILL KONUNGUR GRILLANNA!</p> <p>HEFUR ALDREI ÁÐUR VERIÐ Á AFSLÆTTI!</p> <p>AÐEINS 63.742 kr. Þú sparar 11.249 kr. Silver A</p>  <p>byggtogbúið Smáralind Kringlunni</p> |

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.652 +0,28% Fjöldi viðskipta: 237
Velta: 1.340 milljónir

MESTA HÆKKUN

Actavis 0,93%
KB banki 0,93%
Glitnir 0,56%

MESTA LÆKKUN

FL Group 1,56%
Alfesca 1,54%
Straumur 1,11%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 64,90 +0,93% ... Alfesca 3,83 -1,54% ... Atorka 5,80 +0,00% ... Bakkavör 47,80 -0,42% ... Dagsbrún 5,93 -0,50% ... FL Group 18,90 -1,56% ... Flaga 4,03 -0,74% ... Glitnir 18,10 +0,56% ... KB banki 761,00 +0,93% ... Landsbankinn 21,60 +0,47% ... Marel 69,50 -0,57% ... Mosaic Fashions 15,80 -0,63% ... Straumur-Burðarás 17,90 -1,11% ... Össur 111,50 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Fimmfaldur viðskiptahalli

Það er viðskiptahalli víðar en á Íslandi. Viðskiptahallinn í Bretlandi nam 19,6 milljörðum punda á fyrsta ársfjórðungi, sem jafngildir 2.646 milljörðum íslenskra króna. Það er talsvert meiri halli en hér á Íslandi þar sem tilkynnt var um 66,3 milljarða króna viðskiptahalla ekki alls fyrir löngu. Fróðlegt er að bera saman tölur frá löndunum tveimur. Á Íslandi búa 300 þúsund manns en í Bretlandi 60,6 milljónir manna. Samkvæmt nýstárlegri mælistiku nemur því viðskiptahallinn á Íslandi 221 þúsund krónum á hvert mannsbarn en í Bretlandi 43.663 krónum. Með slumpreikningi mætti því segja fimm sinnum meiri viðskiptahalla á Íslandi en í Bretlandi - miðað við höfðatölu að sjálf-sögu.

Flatskjáir á alla veggi
Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu hófst

í gær með opunarleik Þýskalands og Kosta Ríka. Leikurinn endaði með sigri Þjóðverja og starfsmenn Landsbankans misstu ekki af einu einasta marki. Eins og allir vita eru ákvarðanir í stórfyrirtækjum teknar út frá viðskiptalegum forsendum. Forsvarsmenn Landsbankans vita þetta betur en flestir og ákváðu því að setja flatskjáir á alla veggi í fyrirtækinu. Starfsmenn eru hæstánægðir og þurfa í mesta lagi að snúa sér niurtíu gráður til að sjá Michael Ballack og félagá skreiða um iðagrána knattspyrnavelli Þýskalands.



MARKAÐSPUNKTAR...

Avion Group og Atlantic Petroleum koma ný inn í Úrvalsvísitölu á stað Kögunar og Flögu og tekur breytingin gildi 1. júlí. Samsetning Úrvalsvísitölu er endurskoðuð tvisvar á ári.

Steinþór Pálsson hefur verið skipaður í stöðu framkvæmdastjóra framleiðsluviðs Actavis í Bandaríkjunum og mun taka sæti í framkvæmdastjórn Actavis.

Føroya Banki P/F verður aðili að hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum Kauphallarinnar frá 15. júní undir auðkenningu FOB. Bankinn er annar færeyski aðilinn til að fá heimild til viðskipta í Kauphöllinni.

Verkfall lamar Noreg

Útlit er fyrir að starfsemi í norskum fjármála- og tryggingafélögum lamist næsta mánudag um öfyrirséðan tíma með verkfalli sem nærði til um 24.000 starfsmanna fjármála- og tryggingafélaga og tryggingafélaga.

Á mánudag hafa á annað þúsund starfsmenn sparisjóða boðað verkfall og bætast þá í hóp 6.000 starfsmanna tryggingafélaga sem verði hafa í verkfalli frá 2. júní. Atvinnurekendur hafa á móti boðað allsherjar verkfall á alla starfsmenn fjármála- og tryggingafélaga komi til verkfallsins.

stéttarfélag starfsmanna fjármála- og tryggingafélaga í Noregi, er ábyrgðinni alfarið varpað á atvinnurekendur enda hafi félagið þegar lagt fram tilboð í deilunni sem hafi verið hafnað. „Þeir velja sjálfir að loka sparisjóðum, bönkum og tryggingafélögum,“ segir Jorunn Berland, formaður félagsins.

Deilan snýst um að félagið vill að samið verði um greiðslur í lífeyrissjóði í stað þess að fyrirtækin ákveði einhliða hvort og þá hve mikið sé í þá greitt, segir í tilkynningu Finansforbundet.



JORUNN BERLAND

Samdráttur í innflutningi neysluvara

Ellefu milljarða vöruskiptahalli var í maímánuði samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Flutt var inn fyrir 35 milljarða króna en út fyrir 24 milljarða.

Fram kemur í vefriti fjármálaráðuneytisins að vöxtur innflutnings sé að stærstum hluta drifinn áfram af fjárfestingar- og rekstrarvörum. Aftur á móti dragi jafnt og þétt úr vexti innflutnings neysluvara. Til að mynda virðist hafa orðið samdráttur á innflutningi bifreiða eftir mikla aukningu á síðasta ári.



BÍLAFLOTI Landsmenn virðast flytja inn minna af bifreiðum en áður.

Greiningardeild Glitnis telur þessa þróun eðlilega í ljósi veikingar á gengi krónunnar.

Star Europe gerir stórsamning

Flugfélagið Star Europe, sem er dótturfélag Avion Group, hefur gert samning um leigu á farþegavél til stærstu ferðaskrifstofu Þýskalands, TUI.

Samningurinn gildir í fimm mánuði og hefjast flugferðir nú í júní. Flugið verður frá Frankfurt og til áfangastaða TUI, svo sem Palma, Ródos og Lanzarote.

Heildarvirði samningsins er 1,1 milljarðar íslenskra króna. „Við erum mjög ánægð með að Star Europe hafi náð samningum við stærsta ferðabjónustuaðila Þýskalands, einungis mánuði eftir að félagið hóf flug undir eigin



MAGNÚS ÞORSTEINSSON Dótturfélag Avion Group hefur gert samning upp á 1,1 milljarð króna.

merkjum“, sagði Magnús Þorsteinsson starfandi stjórnarformaður og stærsti eigandi Avion Group.

Fleiri fljúga með FlyMe

Í síðasta mánuði flugu um 54 þúsund farþegar með sænska lágjaldflugfélaginu FlyMe. Það er 34 prósent fjölgun farþega frá sama tímabili í fyrra. Sætanyting var 68,7 prósent samanborið við

55,8 prósent í maí 2005.

Fredrik Skanskeli, forstjóri FlyMe, er ánægður með árangurinn og segir að vel hafi tekist til bæði á innanlandsmarkaði sem og á nýjum flugleiðum í Evrópu.

Segja sátt um starfslok

Stjórn Sjóklæðagerðarinnar, 66° Norður, segir Marinó Guðmundsson forstjóra hafa borið það upp við stjórnina að hann hefði hug á að skipta um starf. Vegna þess hafi verið gert samkomulag um starfslok hans, sem full sátt sé

um með stjórninni og forstjóranum.

Í frétt Markaðarinnar frá því á miðvikudag var haft eftir heimildum að frumkvæðið hefði verið stjórnarinnar. Þessu mótmælir stjórn Sjóklæðagerðarinnar.

Greiðslubyrði lána er einu prósentustigi lægri

Í lok síðasta árs höfðu skuldir heimila landsins aukist um 33 prósent frá júní 2004, samkvæmt tölum greiningardeildar Landsbanka Íslands. Greiðslubyrði heimilanna lækkar engu að síður. Seðlabankinn fer yfir tölurnar með birtingu í huga.

Um síðustu áramót námu skuldir heimilanna 1.082 milljörðum króna og höfðu þá aukist um 33 prósent frá því í júní 2004, samkvæmt nýjum tölum greiningardeildar Landsbankans. Meðallánstími hafði lengst um fimm ár á tímabilinu og greiðslubyrði því hækkað mun minna en skuldirnar.

„Sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna hefur greiðslubyrði lækkað úr 20,5 prósentum í 19,5 prósent. Í dag fer því lægra hlutfall af ráðstöfunartekjum til að greiða af lánunum en áður,“ segir bankinn og telur mikilsvert með tilliti til fjármálastöðugleika.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir bankann fyrstan til að taka upplýsingarnar saman með þessum hætti. Á tímabilinu sem horft er



FRAMKVÆMDIR Á VATNSENDI Þrátt fyrir að skuldir landsmanna hafi stóruaust frá því um mitt ár 2004 hefur greiðslubyrðin minnkað og hallar því ekki á bankana líkt og margar greiningardeildir erlendra banka hafa ályktað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

til orðu grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi fasteignaveðlana þannig að lánamöguleikum fjölgaði, veðhlutföll hækkuðu, lánsþök voru afnumin og lánstími var lengdur.

Edda Rós segir stórmerkilegt að greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum hafi lækkað hjá heimilum landsins um leið og skuldirnar hafi aukist þetta mikið. „Útlendingar hafa enda ályktað sem svo að við værum í vandræðum vegna þess að greiðslubyrði hefði aukist með auknum skuldum. Þetta hefur því gríðarlega þýðingu.“ segir hún og telur að tölurnar eigi að geta sýnt erlendum greiningaraðilum fram á að ekki sé aukin hætta á að

lántakendur lenti í greiðsluerfiðleikum í lok þenslunnar hér. „Við höfum lagt áherslu á að fyrirtækin séu með erlendar tekjur og njóta góðs af veikingu krónunnar og að heimilin séu þrátt fyrir allt ekki búin að auka greiðslubyrðina og þegar verðbólguþrátt ríður yfir verði hún ekki meiri í raun en hún hefur verið undanfarin ár.“

Miklu skiptir fyrir bankana að koma á framfæri upplýsingum um að greiðslubyrði almennings hafi ekki aukist og segir Edda Rós verið að skoða hvort Seðlabanki Íslands birti tölur um þróunina og þá jafnvel lengra aftur í tímann. Hún segir miklu skipta að fá Seðlabankann að kynningunni enda hafi álit hans meiri vikt en greiningardeildarinnar einnar. „En það yrði þá líka unnið betur aftur í tímann.“

olikr@frettabladid.is

HOF tekur boði Baugs

FL Group mun koma að yfirtöku á House of Fraser og jafnvel KB banki og Sir Tom Hunter. Baugur sér tækifæri í því að taka eigin merki inn í vöruhúsin.

Stjórn House of Fraser (HOF) hefur samþykkt um 48 milljarða yfirtilboð frá Baugi Group og hópi fjárfesta í vöruhúsakeðjunna, að sögn Daily Telegraph. Blaðið telur að bæði KB banki og FL Group komi að tilboði Baugs auk skoska fjárfestisins Sir Tom Hunter, sem hefur tekið þátt í mörgum verkefnum í samvinnu við Baug. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur þó ekki verið gengið frá endanlegum fjárfestahópi en nær fullvíst er að FL Group komi að yfirtökunni.

Stjórn HOF staðfesti í gær að hún ætti í viðræðum við Baug Group um yfirtöku á félaginu. Viðræður hafa farið fram um að Baugur bjóði 148 pens í hvern hlut, sem er yfir 20 pens álag miðað við lokagengi HOF á fimmtudaginn. Gengi HOF hækkaði yfir fimm prósent í Kauphöllinni í Lundúnum í gær og fór yfir 136 pens. Baugur hefur fengið aðgang að bókum HOF og er því áreiðanleikakönnun hafin.



BAUGUR HEFUR GERT 48 MILLJARDA YFIRTÖKUTILBOÐ Í HOUSE OF FRASER Baugur Group mun ásamt hópi fjárfesta taka yfir House of Fraser. Formlegt yfirtökutilboð verður að öllum líkindum lagt fram í ágúst.

Reiknað er með að formlegt tilboð liggi fyrir í ágúst en líklegt er að flestir hluthafar HOF sætti sig við þetta verð þótt sumir telji félagið jafnvel meira virði.

House of Fraser rekur verslunarhúsið vilt og breitt um Bretlands-eyjar. Baugur sér tækifæri í því að velja smásala inn í húsin en félagið sjálft á fjölmargar tiskukeðjur, til dæmis Mosaic Fashions sem rekur Karen Millen, Oasis og fleiri

merki. Baugur myndi einnig vilja endurbæta sumar verslanir sem komnar eru til ára sinna.

Baugur, sem fer með tæplega tíu prósentu eignarhlut í HOF, hefur áður komið að hugsanlegri yfirtöku á HOF en þá var það Tom Hunter sem leiddi þær viðræður. Það var árið 2002 og þá var rætt um að bjóða 85 pens fyrir hvern hlut í vöruhúsakeðjunni.

eggert@frettabladid.is



Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður nemandi þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. *Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?*
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. *Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna“ í skólanum?*
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 5. júlí 2008 en laugardaginn 22. maí 2010?*

Svarir þú þessum spurningum játandi átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!

Skráningarfrestur er til 12. júní 2006.



MENNTASKÓLINN
HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM
Á UNÐAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041

Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

skoðun

SKÓÐUN
SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Sömu flokkar og seldu einkaaðilum grunnnet
Símans ráða ákvörðun um framtíð þess:

Einkavæðing eða þjóðnýting?

Í samfélagi okkar er nokkuð breið sátt um drýgstan hluta skiptinga verksviða milli hins opinbera annars vegar og einkaaðila hins vegar. Þó er talsvert svæði í athafnalífi landsmanna þar sem hugmyndafræðilegur ágreiningur er um hvernig eignarhaldi eigi að vera háttað.

Við einkavæðingu bankanna var ekki mikið deilt um grundvallarsjónarmið, heldur um framkvæmdina, sem ekki var nægjanlega gagnsæ. Fyrir utan Vinstri græna var tiltölulega mikil sátt um það að fjármálakerfinu væri betur komið í höndum einkaaðila. Sú ráðstöfun hefur reynst happadrjúg og skapað mikil verðmæti.

Aftur þegar kom að sölu Símans voru flokkadrættir nokkuð svipaðir og við sölu bankanna. Mikill meirihluti vildi selja Símann. Nú var ekki deilt með sama hætti um sölufrelsi, sem var mun gagnsæjara og betur útfært. Deilan snerist fyrst og fremst um hvort selja ætti grunnnetið með fyrirtækinu. Núverandi stjórnarflokkur komust að þeirri niðurstöðu að grunnnetið ætti að einkavæða.

Fyrirtækið er eign skattborgara í Reykjavík og það væri auðvitað afar kostulegt, ef ekki í hrópandi mótsögn, ef meirihluti sömu flokka og einkavæddu grunnnetið tæki þátt í einhvers konar þjóðnýtingu þess á ný.

Nú er komin upp sérkennileg staða. Grunnnetið, sem í rökstuðningi ríkisstjórnarinnar var samofið annarri starfsemi Símans, er til sölu og fyrir liggja drög að samkomulagi við Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á grunnnetinu fyrir hátt í tuttugu milljarða króna eftir því sem heimildir herma. Frá sjónarhóli eigenda Símans eru þessi viðskipti afar skiljanleg. Fyrirtækið myndi losa um mikla fjárbindingu, sem gæfi því afl til að takast á við ný verkefni. Ekki er heldur ólíklegt að þessi viðskipti kunni að vera afar snjöll frá sjónarhóli fyrirtækisins Orkuveitu Reykjavíkur.

Vandinn er bara sá að Orkuveita Reykjavíkur er í almannaeigu og byggir hluta starfsemi sinnar á einokunaraðstöðu. Fyrirtækið er eign skattborgara í Reykjavík og það væri auðvitað afar kostulegt, ef ekki í hrópandi mótsögn, ef meirihluti sömu flokka og einkavæddu grunnnetið tæki þátt í einhvers konar þjóðnýtingu þess á ný.

Stjórnarmál eiga að snúast um grundvallaratriði. Deildar meiningar kunna að vera um þessi viðskipti og sitt getur hverjum sýnst um þau. Hitt er einnig ljóst að menn geta ekki gagnrýnt Orkuveituna fyrir uppbyggingu eigin nets árum saman í stjórnarandstöðu og látið það síðan verða sitt fyrsta verk að kaupa net samkeppnisaðila fyrir vel á annan tug milljarða. Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur stóðu að söluinni meðal annars á þeirri forsendu að fjármunum sem hefðu fengist fyrir Símann væri betur varið í önnur verkefni. Það er því ekki ósanngjörn krafa til þessara flokka að sama afstaða sé skýr í afstöðu til fjármuna borgarbráa og hún var til fjármuna landsmanna allra.


FRÁ DEGI TIL DAGS

Enginn er verri en hann er sagður
Menn voru mishrífir þegar útlit var fyrir að Finnur Ingólfsson væri aftur á leið í stjórnarmálin. Vestfirskir sjómenn skafa ekki af hlutunum í slíkri umræðu, eins og sannaðist á innleggi Nielsarsælsónar á vef Bæjarins bestu. Þar segir: „Nú berast þau válegu tíðindi inn á heimili landsmanna að einn ósvífasti og mest hataðasti stjórnarmálamaður lýðveldisins Finnur Ingólfsson hafi í huga ásamt valdsjúkum uppjafa formanni Framsóknarflokksins fjandsamlega yfirtöku formannsstölsins Finni til handa.“ Svo vitnar hann í ævisögu Sverris Hermannssonar en þar segir: „Það er mín skoðun að Finnur Ingólfsson sé einn gerspilltasti stjórnarmálamaður á Íslandi sem sögur fara af.“ Enginn er verri en hann er sagður og Finnur reyndist ekki svo spilltur að vilja spilla friðnum með endurkomu sinni.

Treystir Finni og öllum
Margt athyglisvert var að heyrja og sjá á blaðamannafundinum á Þingvöllum á mánudaginn þegar Halldór Ásgrímsson tilkynnti þá ákvörðun sína að draga sig í hlé úr stjórnarmálinum. Blaðamaður Fréttablaðsins spurði Halldór hvort hann treysti ekki neinum úr stjórn Framsóknarflokksins til að taka við af honum en á þessum tímamarki var útlit fyrir að Finnur Ingólfsson yrði fenginn til þess. Bak við Halldór stóðu þá landsstjórnarmenn og þingmenn flokksins en meðan á ræðu hans stóð voru þeir misjafnlega ábyggilegir að sjá. Útlit var fyrir að Hjálmar Árnason ætlaði að skella upp úr en honum var greinilega hlátur í huga þó hann tæki sér svo tak inni á milli og setti upp alvarlegan svip.

Halldór sagðist treysta öllu sínu liði. Hann hefði því ugglást getað beitt „ugla sat á kvisti“ til að velja eftirmann sinn ef það hefði verið alfarið á hans valdi. Það hefði sparað stórvandræði.

Bankastúka á Nou Camp
Íslensku bankarnir leggja mikið upp úr því að fylgjast vel með framgöngu Eids Smára Guðjohnsen á knattspyrnuvelli. Þeir eru með einkastúkur á Stamford Bridge þar sem bankamenn geta fylgst með leikjum Eids Smára og félagi í Chelsea í góðu yfirlæti. Nú er allt útlit fyrir að kappinn sé á leið til Barcelona en bankamönnum verður varla skotaskuld úr því að kaupa einkastúkur á Nou Camp þar sem þeir geta fylgst afstúkaðir með kappanum yfir tapas og cava.



Þegar upp er staðið

Ég veit að allir eru búnir að fá upp í kok af pólitík og kosningum. Ekki síst Halldór Ásgrímsson. En leyfist mér að láta nokkur loka-orð falla um niðurstöður sveitastjórnarkosninganna, bara svo það sé á hreinu, hvað mér finnst.

Allir þekkja þá viðteknu venju að hver flokkur, sama hversu illa hann fer út úr kosningum, telur sig sigurvegara. Ég las meira að segja blaðagrein eftir annan mann Framsóknar í Reykjavík sem hélt því fram að Framsóknarflokkurinn væri sigurvegari kosninganna í Reykjavík! Hvað fengu þeir? Sex prósent!!

Jú, jú, flokkarnir mega halda þessu fram, mér að meinalausu. Það er hin pólitíska list að túlka úrslit og atburði sér í hag og breyta vatni í vín, ef á þarf að halda.

En hver var meginkjarninn í þessum kosningum? Hvað var það sem boðið var upp á? Kvartað var undan litlum málefnaágreiningu og daufum kosningaslag. Sagt var að flokkarnir og framboðin væru hvert öðru lík. Og rétt er það í aðalatriðum. Það var ekki tekist á um einkavæðingu skólanna eða spítalanna. Það var ekki minnst á sölu Landsvirkjunar eða Orkuveitu Reykjavíkur, enginn hafði orð á því að illa væri farið með opinbert fé, það var aldrei tekist á um hina pólitísku hugmyndafræði, sem hefur skipt þjóðinni upp í tvo hópa, hina ríku og hina fátæku. Þvert á móti og þess í stað lögðu framboðendur og framboðslistarnir áherslu á félagslega þjónustu. Fria leikskóla, fyrirgreiðslu til handa eldri borgurum, fjölskylduvæna stefnu, sem birtist í lofordum um frian strætó, samræmdan skóladag, frían mat í skólamötuneytum, lækkun fasteignagjalda og svo framvegis. Sem sagt margs konar vilyrði um atbeina stjórnvalda, sveitarfélaganna, til að koma til móts við þarfir og kröfur

Í DAG ÚRSLIT KOSNINGA



ELLERT B. SCHRAM

Skyldi það vera að flokkar, jafnt til hægri sem vinstri, hafi komist að þeirri niðurstöðu að leiðin að hjörtum íslenskra kjósenda er fólgin í hófsemi, samábyrgð og jöfnuði?

um samfélagslega ábyrgð. Aukinn jöfnuð, heimilisaðstoð, velferð allra.

Þetta var boðskapur framboðendanna og flokkanna. Frá hægri og vinstri. Úr öllum áttum. Andstæðingar Sjálfstæðisflokksins kölluðu kosningaloforð þess flokks bleik og má það til sanns vegar færa, að áherslan var ekki lengur sú frjálslyggja sem þar hefur ríðið húsum og einkennt tal margra yngri talsmanna í þeirra röðum. Þögnin sem ríkti í því gjallarhorni var æpandi.

Gæti það verið að skýringin sé sú, að flokkurinn hefur áttað sig á að pólitískar öfgar áttu ekki upp á pallborðið í þessum kosningum? Skyldi það vera að flokkar, jafnt til hægri sem vinstri, hafi komist að þeirri niðurstöðu að leiðin að hjörtum íslenskra kjósenda er fólgin í hófsemi, samábyrgð og jöfnuði?

Enda er það útkoman og úrslitin. Vilhjálmsson P. Vilhjálmsson, Lúðvík Geirsson og Árni Sigfússon eru allir af þessu saudaðhúsi, hófsemdarmenn, miðjumenn. Alveg eins og kjósendurnir sem þeir leita til.

Hvað þýðir þetta? Svárið er einfalt, kjósendur eru inni á mið-

unni, styðja og kalla á samfélagslega ábyrgð, jöfnuð, jafnrétti, velferð, afskipti og aðhlyningu hins opinbera gagnvart börnum og barnauppleði, öldruðum og umönnun þeirra, atbeina í þágu fjölskyldna og þjónusta á þeim vettvangi. Við getum kallað þetta hvað sem er: félagshyggju, jafn- aðarstefnu eða miðjumöð. Það skiptir ekki máli því það orkar ekki tvímælis að sigurvegari þessara kosninga var sú stefna, þau stjórnarmál, sem grundvallast á frelsi, jafnrétti og bræðralagi (samábyrgð).

Það er sama hvaðan gott kemur og hvað flokkurinn heitir sem flest fær atkvæðin, ef samhljómurinn er sá, sem úrslitin bera með sér, að hér á ekki að ríka lögmál frumskógarins, hér er ekki verið hampa bullinu um frjálslyggjuna eða að hagar eins komi öðrum ekki við. Hér er ekki verið að kjósa afturhald eða íhald eða útópiur öfgamanna. Í þessum kosningum var verið að kjósa með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða og kjósenda, þá stefnu og þá straua sem skírskota til þjóðarinnar. Sem hún vill að ríki og ráði í okkar stjórnarháttum.

Við getum velt vöngum yfir því, hversvegna Samfylkingin, jafnaðarmannaflokkurinn, nýtur ekki meira góðs af þessum pólitíska vilja kjósenda, hversvegna einum eða öðrum tekst að breyta um ímynd og andlit, korteri fyrir kosningar, en ég endurtek að það er sama hvaðan gott kemur. Þegar upp er staðið er niðurstaðan sigur þeirrar jafnaðarstefnu en veltmegun er engin án velferðar, að frelsi er litils virði án lífsgæða og hlutverk ríkisvalds jafnt sem sveitarstjórna er að leggja af mörkum stóran og vaxandi hlut sinn í þágu þeirra einstaklinga, sem höllum fæti standa.

Sú hugsun varð ofan á í þessum kosningum. Svo sjáum við til um efnidirnar.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNISLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FORELDRASÍMINN 581 1799

BÖRN ERU
LÍKA
FÓLK



20
ára



Esjudagur



Fjölskylduhátíð SPRON við Esjurætur sunnudaginn 11. júní

Fjölskylduhátíð SPRON verður við Mógilsá á sunnudaginn. Fjölmarginn verður til skemmtunar fyrir alla fjölskylduna. Idol-stjörnur taka lagið, boðið verður upp á Esjugöngur við allra hæfi, skoðunarferðir um skóginn, veitingar og fleira skemmtilegt.

Útivist og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.
Hittumst hress!

Skemmtidagskrá

Kynnir hátíðarinnar er Örn Árnason

- 12.00 – 12.45** Skráning í Esjukapphlaup.
- 13.00** Fjölskylduhátíðin sett.
Ræst í Esjukapphlaupið (upp á Þverfellshorn).
- 13.10** Söngatriði úr Benedikt búálfi: Tóti tannálfur og Jósafat mannahrellir.
- 13.20** Ganga á Þverfellshorn og Öxl með Ferðafélagi Íslands.
Skógar- og fræðsluferð með Skógræktarfélagi Reykjavíkur.
- 13.30** Ingó úr Idolinu syngur og spilar.
- 14.00** Bríet Sunna úr Idolinu syngur.
- 14.20** Trúðurinn Moli skemmtir krökkunum.
- 14.40** Snorri Idol-stjarna og Vignir úr Írafári taka nokkur lög.
- 15.10** Verðlaunaafhending fyrir Esjukapphlaupið.
- 15.30** Skemmtiatriði.
- 15.40** Snorri tekur nýja Idol-lagið.
- 16.00** Fjölskylduhátíðinni slitið.

Annað skemmtilegt

Hestar, hoppkastali, blöðrur, litabækur, litir og margt fleira!



ARGUS 06-0317



LÆGGRÁ

á sláttuvélum í BYKO!

39.900



Vnr.53323509

Sláttuvél

McCULLOCH sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic Q40 mótur. Vélin er 4 hestöfl. Sláttubreidd er 51 cm, með 75 ltr. safnkassa, sjálfdrifin.

Vnr.53323004

Sláttuorf

McCULLOCH sláttuorf, 25 cc tvíengis bensínmotor sem er 0,7 hestöfl. Sláttubreidd 43 cm, vegur 3,5 kg.

FRÁBÆRT
VERÐ!

2.990

12.990



Vnr.85105749

Geislahitari 9.900

RIO CARNIVAL geislahitari, 750W, innfrarauður hiti, hitar 4 m².



Vnr.50632112

Gasgrill

ELEGANT UNION gasgrill. Stærð: 49x38 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðaborði, neistakveikju, brýstijafnara og grillsteinum. Efri grind fylgir.

9.900

FRÁBÆRT
VERÐ!



Vnr.50706892

Gashitari

Gashitari, 13 kw, hæð 240 cm, hattur 80 cm, ryófrír. Prýstijafnari og slanga fylgja ekki.

24.900



Vnr.50632109

Rafmagnshitari

Rafmagnshitari úr ryófríu stáli og áli. Má nota inni sem úti. Innfrarauður lampi. Hæð er stillanleg í 1 – 2 m. Fyrir borð eða frístandandi. Hitastilling: 2000W, 240V.

15.900

VERÐ

22.900

Vnr.53323505

Sláttuvél

McCULLOCH sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic Q40 mótör. Vélín er 3,75 hestöfl. Sláttubreidd er 50 cm.

13.990

Vnr.74891130

Sláttuvél

BOSCH sláttuvél ROTAK 320, 1000W, sláttubreidd 32 cm, stillanleg sláttuhæð frá 2-6 cm.

SYTRIM
sláttuorfi,
sláttubreidd
er aðeins
yngd.



MEIRI BREIDD - MEIRA SUMAR - MEIRA ÚRVAL




MIKIÐ ÚRVAL AF PÖTTUM OG BLÓMUM



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 10-18 sun: 11-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 555 4411
Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-15 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 480 4600



Í DAG KL. 13:00

**SERBÍA
HOLLAND**

Í DAG KL. 16:00

**MEXÍKÓ
ÍRAN**

Í DAG KL. 19:00

ANGÓLA - PORTÚGAL**H M**
FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006**SYN**
besta sætið

MAÐUR VIKUNNAR

Verður hrikalega flott gamalmenni

BUBBI MORTHENS
TÓNLISTARMAÐUR

Fimmtugsafmæli Bubba Morthens í vikunni fór ekki framhá neinum enda fagnaði söngvaskáldið með mögnuðum tónleikum í Laugardagshöll þar sem það leit yfir farinn veg.

Bubbi er maður fjölbreytileikans segja þeir sem til þekkja, sem birtist ekki síst í því að hann er dellukall dellukallanna. Þegar hann bitur eitthvað í sig kemst ekkert annað að næstu misserin. Hann hefur verið með reiðhjóladelu, boxdelu, bíladellu, fatadelu og síðast en ekki síst veiðidellu.

Hann ver tugum daga við laxveiði á hverju sumri. Þá var heimili hans undirlagt af græjum til fluguhnýtinga á sínum tíma. Hann tekur ekki aðeins ástfóstri við tómsundaiðju heldur einnig hugsjónir og málaflokka og gerist stundum ötull talsmaður þeirra.

Eitt sinn gerðist hann stækur andstæðingur fiskeldis og um þessar mundir er verndun hálendisins honum mikið hjartans mál, eins og mátti berlega heyra á afmælistónleikumum. En þótt hann tali af sannfæringu og einlægni um tiltekin mál er hann óhræddur við að skipta um skoðun. Hann tekur áhugamálin mjög inn á sig og þeir sem umgangast hann fara ekki varhluta af þeim, frekar en öðru sem er á seyði í lífi hans hverju sinni.

Bubbi er umdeildur, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Sumir brigsla honum um að haga seglum eftir vindi og finnst hann hafa selt sig, til dæmis með því að koma fram í auglýsingum og selja tryggingafélagi útgáfuréttinn á tónlist sinni. Þeir sem þekkja hann segja það ómaklega gagnrýni því Bubbi geri hlutina fyrst og síðast á eigin forsendum. Hann

gangist aldrei neinum öflum fullkomlega á hönd; hann hreinlega geti það ekki.

Orkubolti er orð sem ber mikið á góma meðal vina Bubba þegar hann berst í tal, „bullandi ofvirkur“ segja sumir. Til að fá útrás stundar hann líkamsrækt tvisvar á dag og fáir jafnaldrar hans geta státað af að vera í jafn góðu líkamlegu formi. Stundum á hann

bandi við fjölmiðla. Hann hefur baðað sig í frægðinni og gengist upp í því hlutverki að vera opinber persóna. En þótt ástin í lífi hans hafi oftast en ekki verið þungamiðjan í textasmíðum hans hefur Bubbi ávallt gætt þess að fjölskylda sín fái að eiga sitt einkalíf í friði og spyrnir fast við fótum þegar honum finnst friðhelgi þess rofin.

Sumir halda að eftir öll þessi ár í sviðsljósinu sé framkoma Bubba út á við ýkt og jafnvel uppgerð. Vinum hans og vandanömmum ber þó saman um að hann komi til dyranna eins og hann er klæddur, með tilheyrandi kostum og göllum. Bubbi er skrifblindur en það er algengur misskilningur að hann sé líka lesblindur. Skrifblindan háir honum ekki við lestur og hann er sagður mikill lestrarhestur og með puttann á púlsinum. Sé hann staddur erlendis leggur hann sig í líma við að finna hvaða bækur eru í umræðunni þar í landi og sökkvir sér í hverja bókina á eftir annarri. Ekki var um það að villast á afmælistónleikumum að Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason á upp á pallborðið hjá honum um þessar mundir.

Mönnum ber saman um að það fari Bubba vel að eldast. Hann sé þroskaðri, hafi lært að búa til meira pláss fyrir aðra í kringum

sig og gefi meira af sér. Það hefur þó ekki breyst að mest gefur hann af sér í tónlistinni og tjáir sig aldrei betur en í gegnum hana, eins og höfundarverk hans síðastliðin þrjátíu ár ber vitni um.

Því er spáð að Bubbi verði „hrikalega flott gamalmenni“ enda er hann ekki hræddur við að eldast. Það eru samferðarmenn og jafnaldrar hans heldur ekki „því þegar Bubbi verður gamall munu gamlingjarnir eiga senuna“.

**AUGLÝSINGASÍMI**
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HEKLU HÁTÍÐ

Við erum í sumarskapi og af því tilefni höldum við sannkallaða **HEKLUHÁTÍÐ** í dag. Sértilboð, skemmtilegir vinningar og girnilegar veitingar.

- Sértilboð á völdum bílum
- Allir sem reynsluaka fá frítt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn fyrir fjölskylduna
- Tuttugu heppnir reynsluökumenn fá árskort fyrir sig og fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn
- Veislumatur frá NINGS á boðstólum í allan dag
- Blöðrufólkið kemur í heimsókn

Opið kl. 11–16 í dag

Allir velkomnir

Einnig opið hús í dag hjá Vélasviði
HEKLU Klettagörðum.



Hvar eru mín mörk?

UMRÆÐAN
FORVARNIR
GEGN KYNFERÐIS-
OFBELDI



SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR
VERKEFNISSTJÓRI BLÁTT ÁFRAM

Heilbrigð tjáskipti geta dregið úr líkum á að barnið þitt verði fyrir kynferðislegri misnotkun og auknið líkurnar á að það muni segja þér frá því verði það fyrir henni.

Hvað eru „mörk“? Þessi spurning kom fram á fyrirlestri fyrir unglunga um kynferðislegt ofbeldi fyrir stuttu síðan. Ertu að tala um fótboltamörk eða handboltamörk?

Í framhaldi komu upp í hugann vangaveltur um hvernig við gætum ætlast til að börnin okkar viti hvað mörk eru, ef við, forráðamenn þeirra, erum ekki að tala við þau um þessi mörk og hvar þau liggja. Börnin okkar leita eftir upplýsingum um ýmislegt sem forráðamenn eru ekki alltaf vakandi fyrir að gefa þeim. Þau líta upp til okkar fullorðna fólksins og vilja fá að vita hvað er rétt og hvað er rangt í lífinu.

Þegar við hjá verkefninu Blátt áfram förum og spjöllum við ungmenni, gefum við þeim dæmi eins og að þegar einhver stígur yfir þín mörk í hegðun eða tali eða lætur þig gera eitthvað sem þú vilt ekki gera og lætur þér líða illa þá hefur þú eitthvað um það að segja. Við þurfum að sýna börnunum gott fordæmi og það gerum við með því að viðurkenna og virða þeirra mörk. Gefum okkur t.d. að það komi skyldmenni í heimsókn sem barnið okkar sér sjaldan eða hefur jafnvel aldrei séð áður. Eigum við þá að yta þeim fram og segja þeim að faðma og kyssa viðkomandi? Auðvitað ekki! Barnið á að fá að heilsa á þann hátt sem það sjálf kys og við eigum að kenna þeim í uppeldinu að það er í lagi og þarf ekki að þýða að um ókurteisi sé að ræða.

Eins er það með lítil börn. Við tökum þau upp og knúsum þau og kitlum. Ef barnið gargar nei, hættu! Þá eigum við að HÆTTA. Gott ráð er að setja nafn á mörk svo þau geri sér grein fyrir því hver merkingin er. Þegar þau eldast þá bendum við þeim á að setja öðru fólki mörk. Þetta eru kennarar, þjálfarar og fólk sem þau kynnast bæði innan og utan fjölskyldunnar. Gefum þeim dæmi og bendum þeim á að ef einhver fer yfir þeirra mörk þá eiga þau að segja þér sem foreldri frá því. Að þau séu meðvitund um að það sé hægt að treysta þér. Þú ávinnur þér traustið m.a. með því að ræða oft við barnið um hvað sé í lagi og hvað ekki og með því að setja því mörk.

Daglega upplifa ungmenni að mörkin þeirra eru brotin á netinu í gegnum MSN. Foreldrar þurfa að fylgjast með því að barnið sé ekki komið í aðstæður sem það ræður ekki við. Veist þú við hvern barnið þitt er að spjalla á netinu? Ef þú sær það fyrir utan húsíð á spjalli við ókunnuga manneskju, hvað myndir þú gera? Það má aldrei gleymast að þú berð ábyrgð á barninu þínu jafnt innan heimilis sem utan.

Hjá Blátt áfram finnum við að umræðunni um hvar mörkin liggja virðist vera ábótavant í uppeldi barna og unglunga. Aðilar sem misnota börn kynferðislega notfæra sér sakleysi þeirra og þekkingarleysi um eigin líkama, persónuleg mörk og kynlíf.

Talaðu opinskátt við barnið þitt og gerðu það frekar oft en sjaldnar. Heilbrigð tjáskipti geta dregið úr líkum á að barnið þitt verði fyrir kynferðislegri misnotkun og auknið líkurnar á að það muni segja þér frá því verði það fyrir henni. Talaðu við barnið um líkama þess. Segðu því að leyndarmál geti verið hættuleg. Segðu að „reglurnar“ banni fullorðnum að hegða sér kynferðislega í návist barna og komdu með dæmi. Kenndu barninu þínu að það sé á þína ábyrgð að vernda það.

Blátt áfram býður upp á námskeið og fyrirlestira fyrir foreldra og aðra ábyrga aðila sem vinna með börnum og fyrir börn. Gerðu það sem þú getur til að vernda barn í þínu nánasta umhverfi.

Íslendingar eiga lítið val þegar kemur að kosningum

Að afloknum kosningum blasir ömurleikinn við. Svo virðist sem „gáfaða ríka þjóðin“ hafi kosið að styðja flokkana sem leggja útlendingum lið við að eyðileggja landið og efnahag þess. En gerði hún það?

Óvinur lands og þjóðar, Framsóknarflokkurinn, fékk háðuglega útreið í kosningunum, en er þó völdugasta aflið í þjóðfélaginu. Það er hann vegna, mér er næst að segja, síðleysis hinna flokkanna. Valdagræði þeirra vegur þyngra en hagsmunir þjóðarinnar. Framsóknarflokknunum nýtist allt og getur komið fram af ósvífni gagnvart þjóðinni og snúði útúr málum, misst helming fylgis, en heldur þó völdum. Hann er eins og óvelkomið náttúrulegumál. Ótrúlegt hvað svo lítill flokkur getur valdið miklum skaða á náttúru landsins og í félags- og heilbrigðismálum. Hann kemst nær undantekningarlaust í oddastöðu, sama hvað þjóðin reynir til að losna við hann.

Í samningum um ríkisstjórn fórnaði formaður flokksins ráðuneyti til að verða forsætisráðherra. Þar situr hann nú í óþökk þjóðarinnar. Í stað þess að virða óskir frónverja biðla hinir flokkarnir til flokksins sem þjóðin hafnar. Sjá ekki allir hvað ræður för? Hagsmunir þjóðarinnar virðast algjört aukaatriði allra flokkanna. Stjórnmalafólki hugsar sýnilega fyrst og síðast um eigin hag. Augljós sönnun þess er eftirlaunafrumvarpið, sem allir flokkarnir samþykktu heilshugar. Með þeim lögum var óhugnanlegt misréttið fullkomnað. Yfirlýstur óvinur er betri en falskur vinur. Verkalýðurinn veit hvar hann hefur Sjálfstæðisflokkinn. Allir hinir flokkarnir þykjast vera félagshyggjusinnaðir og Samfylkingin telur sig jafnvel til jafnaðarflokks, sem er hámark hræsninnar. Alþýðuflokkurinn var sá eini sem sinnti jafnaðarmennsku en sú hugsjón hvarf úr íslenskum stjórnárum þegar þessi fyrrum flokkur fólksins varð spillingu að bráð.

Þar sem Samfylkingin hefur ráðið situr misréttið sem fastast,

UMRÆÐAN
SAMFÉLAGSMÁL



ALBERT JENSEN
TRÉSMÍÐAMEISTARI

Mannlegu þáttunum víkja allir flokkarnir fyrir minnsmerki um sjálfa sig og hækkandi launum til þeirra sem síst þurfa.

en þrátt fyrir það er hún hvorki betri né verri en hinir fólku vinirnir. Samfylkingin vill að þjóðin afsali sér sjálfstæði sínu og hún var samþykkt Kárahnjúkavirkjun og vill stækka álverið í Straumsvík. Hún grætur ekki aukna mengun og umhverfisspjöll. Aldraðir, umönnunarfolk og fatlaðir eiga ekki upp á pallborðið hjá henni. Það sést meðal annars á bílakaupum fyrir ferðaþjónustu fatlaðra, en breytt var frá góðum ferðabílum yfir í grjótharða vöruflytingabíla þar sem farþegar í hjólastólum sjá aðeins ofan í götuna.

Launamisréttið lætur hún sér í léttu rúmi liggja. Það er nú einu sinni þannig að þó orð séu til alls fyrst verður meining að fylgja. Fyrir 60 árum var ég skráður í Alþýðuflokkinn, svo í flokk Vilmandar, svo í Þjóðvaka og þaðan í Samfylkinguna þar sem ég dvel enn, sjálfum mér til undrunar. Allur þessi ferill á rætur að rekja í von minni um sannan jafnaðarflokk, með heiðarlegu og skilningsgóðu forustufólki. Vonin um að hafa meiri áhrif innanfrá en utan veldur því að ég er enn um borð. Ég vona að Samfylkingin nái áttum og hafi gott af gagnrýni, eins og allir og auðvitað að hún þoli hana, sé hún byggð á réttum grunni.

Vinstri grænir hafa áunnið sér virðingu fyrir baráttu sína fyrir umhverfinu, gegn inngöngu í ESB

og stefnu stjórnvalda í nýtingu sjávarauðlinda. En þeir gleyma, eða eitthvað veldur, að réttlát deiling þjóðartekna skiptir þá ekki máli frekar en aðra flokka. Þeir, eins og fleiri, tala um misréttið en lengra nær það ekki. Formaður þeirra gætti þess að láta ekki ná í sig, þegar eftirlaunafrumvarpið alræmda fór í gegnum þingið. Hann eins og þingheimur, sveitarstjórnarfolk og embættismenn, vill hafa það ofurgott í ellinni á kostnað þjóðarinnar. Þetta fólk vill fyrir alla muni ekki sitja við sama borð og það ætlar þjóð sinni. Þessu fólki finnst að það eigi rétt á að hafa það margfalt betra í launum og fríum en aðrir landsmenn og fullkomna það svo með því að setja lög sem neyða þjóðina til að sjá þeim fyrir margföldum launum seinni hluta ævinnar. Jafnvel á tveimur stöðum samtímis, eins og nú á sér stað og réttthafar þess samkvæmt lögnum, sjá ekki sóma sinn í að hafna.

Mannlegu þáttunum víkja allir flokkarnir fyrir minnsmerki um sjálfa sig og hækkandi launum til þeirra sem síst þurfa. Að sumu leyti gæti Frjálslyndi flokkurinn verið athyglisverð undantekning. Best væri að kosið væri um fólk, fyrir fólk. Ekki flokka fyrir flokka. Manneskjulegustu kostirnir nú, eru líklega ein frá Framsókn, fjórar frá Frjálslyndum, tvær frá Samfylkingu og þrjár frá VG.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasiðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Askiliinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdólf

Viltu leggja lið í 3-12 tíma á mánuði?

Við óskum eftir sjálfbóðaliðum!

Verkefni:

- **Konukot**, næturathvarf fyrir heimilislausar konur: Tími: 19:00-23:00
- **Sölubúðir á sjúkrahúsum:** Afgreiðsla, 2-4 tíma vaktir, á daginn, kvöldin eða um helgar

Starf Rauða krossins um heim allan byggir fyrst og fremst á starfi sjálfbóðaliða.

Þú ert velkomin / velkominn í hópinn.

Sími: 545 0400

www.redcross.is/reykjavik

Margt smátt gerir eitt stórt!

FORELDRASÍMINN 581 1799

**VÍMUVARNIR
HEFJAST
HEIMA!**

1986-2006



20
ára

ÚRVAL LJÓSAKRÓNA

Oprið laugardag kl.: 11-16



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

LÁTTU PENINGANA VAXA

VERDTRYGGÐUR

BÚSTÓLPI

3,9% raunvextir

Taflan sýnir mögulega nafnávöxtun Bústólpa m.v. mismunandi verðbólgu

| Raunvextir | Verðbólga | Nafnvextir |
|------------|-----------|--------------|
| 3,9% | 7,5% | 11,7% |
| 3,9% | 7,0% | 11,2% |
| 3,9% | 6,5% | 10,7% |
| 3,9% | 6,0% | 10,1% |

Verðbólga á síðustu 12 mánuðum var 7,6%. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun.
Hver innborgun er bundin í 48 mánuði en eftir þann tíma er hún laus
til úttektar í einn mánuð í senn á sex mánaða fresti.

Kynntu þér Bústólpa og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.



Ljúffengt um helgina

40%
afsláttur

NÓATÚNS
PURRKRYDDAÐ
LAMBALÆRI

998 kr.
kg



Úr
Kjötborði
Noatuns

LAMBAGRILLLEGGIR

798 kr.
kg



Úr
Kjötborði
Noatuns

FYLLTAR SVÍNALUNDIR **2.798** kr.
kg
MEÐ FETAOSTI ÓLÍFUM OG SÓLPURRKUÐUM TÓMÖTUM



Úr
Kjötborði
Noatuns

LAMBAINNRALÆRI, SPJÓT
Í TOSKANA MARINERINU

598 kr.
stk.



MAÍS
KÓLFAR
169 kr.
stk.



GRILLBAKKI
FYLLTAR KARTÖFLUR
375 G
599 kr.
pk.



GRILLBAKKI
KARTÖFLUSALAT M/
SVEPPUM, 400 G
499 kr.
pk.



GRILLBAKKI
MARINERAÐ
GRÆMNETI, 400 G
499 kr.
pk.



Ísblóm



EMMESS ÍSBLÓM,
JARÐARBER &
DAIM
299 kr.
pk.


Bestir í kjöti

NÓATÚN

Hvúmm

í 40 ár

Úr
Kjötborði
Nóatúns



NAUTAFÍLE Í
RAUÐVÍNSPIPAR
MARINERINU

2.998 kr.
kg

Úr
Kjötborði
Nóatúns



GRÍSAFILLE SPJÓT
MEÐ GRÆNMETI
Í ORIENTAL
MARINERINU

498 kr.
stk.

Úr
Fiskborði
Nóatúns



STÓRLÚÐUSTEIK
MEÐ HVÍTLAUK &
RÓSMARÍN

1.798 kr.
kg



Úr
Fiskborði
Nóatúns

SKÖTUSELSFÍÐRILDI
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU

1.798 kr.
kg



Úr
Fiskborði
Nóatúns

SKÖTUSELSSPJÓT
MEÐ PAPRIKA

498 kr.
stk.



Úr
Fiskborði
Nóatúns

KEILUSPJÓT
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU

398 kr.
stk.




TÓMATAR ÍSLENSKIR
PAKKAÐIR 1 KG
229 kr./kg



GRÆN VÍNBER
429 kr./kg



GRÆN PAPRIKA
229 kr./kg



MELÓNA CANTALÓPA
169 kr./kg



...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!

Þumalfingurregla!

Í Dagbók Práins Bertelssonar er sagt frá ofsatrú, halastjörnu í Öxnadal og gullmola í Hörgárdal; og rætt um fyrirhugað fjöldasjálfsmorð, úreldingartíma ráðherrabíla og ástmög þjóðarinnar.

Kæra
Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



FÖSTUDAGUR, 2. JÚNÍ



Of(sa)trú

Nú ganga þær fréttir staflaust um landið að Halldór Ásgrímsson sé að hætta sem forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins og Finnur Ingólfsson sé að hita upp á hliðarlínunni og eigi að taka við af honum.

Ég gæti best trúað að Halldór hafi uppgötvað að hann væri orðinn hundleiður á pólitík daginn eftir að hann varð forsætisráðherra. Þetta með Finn hlýtur að vera vitleysa. Hann er vissulega eldklár maður en hann hætti og flestir vita að það er of seint að hætta við að hætta þegar maður er hættur.

Ég veit bara um einn mann á landinu sem gæti látið sér detta í hug að Finnur ætti afturkvæmt í pólitík.

Sá maður er mjög heit-trúaður.

LAUGARDAGUR, 3. JÚNÍ

„Fátækt fólk“ og „Halastjarnan“ í Öxnadal

Nú er ég kominn norður í Hörgárdal. Við Krummi lögðum af stað úr bænum síðdegis og vorum orðnir svangir þegar við komum niður Öxnadalinn. Síðan ég las „Fátækt fólk“, hina stórkostlegu ævisögu Tryggva Emilssonar, verð ég alltaf svangur þegar minnst er á Öxnadalinn. Ég verð reyndar alltaf banhungraður þegar ég les um fátækt. Samt held ég að ég sé ekki tiltakanlega vondur maður.

Nú hefur nútíminn notað sína aðferð til að útrýma fátæktinni í Öxnadal. Öll kotin, Fagranes, Gloppa, Geirþrudargarðar og hvað þau nú hétu öll sömul eru komin í eyði fyrir löngu, síðast Bakkasel. Engimýri er enn þá í byggð og á Hálsi hinum megin við þjóðveginn, beint niðurlundan Hraundranga og Þverbrekkuvatni er rekið veitingahús sem mikið orð fer af og heitir Halastjarnan.

Þar snæddum við Krummi fjórreftaðan kvöldverð, sannkallaðan herramannsmat og þær daladísir Guðveig Anna og Sonja Lind Eyglóardætur og Karí Ósk Eger tóku okkur með kostum og kynjum.

Við gistum hjá Jónínu og Hauki á Bægisá. Á morgun á að ferma heimasætuna, Sigurbjörgu Ástu.

Skruppum í hesthúsið fyrir háttinn. Það vantar ekki gæðingana á Bægisá.

HVÍTASUNNUDAGUR, 4. JÚNÍ

Gullmoli í Hörgárdal

Fermingin fór fram í Möðruvallakirkju. Falleg athöfn, séra Sólveig Lára fermdi krakkana og svo kom séra Gylfi, maðurinn hennar, og tók þátt í að útdeila altarisakramentinu. Ég verð stundum dálítið angurvær þegar ég kem að Möðruvöllum, héðan er Sólveig mín, og í kirkjunni rifjast upp margar minningar, skírnir, fermingar, giftingar, jarðarfarir - og skírnir.

Það var líf og fjör í fermingarsveislunni og helst hefði hún þurft að standa í þrjá daga svo að maður hefði nógan tíma til að tala við alla fjölskylduna og vinahópinn. En við lögðum í hann um sex-leytið.

Ég stóðst samt ekki mátið og kom við í Skriðu til að ég gæti fengið að sjá graðfolann sem Þór hefur alið upp. Sá er þriggja vetra, brúnn og heitir Moli og er sannkallaður gullmoli. Þetta er einstök skepna. Aðrar eins hreyfingar hef ég ekki séð hjá nokkru hrossi, nema ef vera kynni Hrimni frá Hrafnagili.

Eftir rjómann og sykrið í veislunni var ég svo hlaðinn orku að þegar við komum til Reykjavíkur var mér skapi næst að halda áfram og keyra hringinn í kringum landið í einum rykk.

MÁNUDAGUR, 5. JÚNÍ

Þumalfingurreglan

Rólegur dagur. Gat meira að segja unnið talsvert. Þar til í kvöld. Þá varð allt vitlaust.

Var það ekki annars á hvítasunnunni sem Heilagur andi kom yfir lærisveinanna og þeir fóru að tala tungum?

Halldór Ásgrímsson var með blaðamannafund á Þingvöllum og sagðist vera ákveðinn í að hætta - en ekki alveg strax.

Halldór er búinn að vera í sjónvarpinu - inni í hverri einustu stofu á landinu - að minnsta kosti fjögur, fimm kvöld í viku í þrjátíu ár. Það er gífurlega langur tími, ekki síst af því að í okkar hröðu veröld er þumalfingurreglan sú að endingartími ráðherra er svipaður og endingartími ráðherrabíla.

Afskriftareglan er miskunnarlaus. Það sem ekki er nokkurn veginn flunkunýtt er úrelt.

Halldór varð fyrst ráðherra 1983. Margrét Thatcher sem þrúkaði í ráðherraembætti í næstum 20 ár var kölluð „Járnfrúin“, og Tony Blair er nýgræðingur miðað við Halldór, hefur bara verið ráðherra síðan 1997 og er alveg að guggna.

Það verður sjónarsviptir að Halldóri. Ég reiddist að vísu illa við hann þegar hann lenti í solli og var allt í einu

búinn að ákveða í fullkomnu leyfisleysi með Davíð Oddssyni að Íslendingar ættu að magna stríð gegn Írökum. Það var ekki gott.

En það er ekki ég sem verð dómari í því máli.

ÞRIÐJUDAGUR, 6. JÚNÍ

Pólitískt fjöldasjálfsmorð

Það verður engin gúrkutíð í ár. Framsóknar-leiðarljósið heldur áfram. Flokkurinn stendur í björtu báli og allir fjölmiðlar landsins keppast við að skvettu olíu á eldinn.

Það er þetta með afsögn Halldórs. Sjaldan hefur nokkur kapall verið jafn fjarri því að ganga upp. Ef þælingin var sú að öll forysta Framsóknarflokksins segði af sér með Halldóri kom það víst fáum á óvart að hugmyndir um fjöldasjálfsmorð fengju dræmar undirtektir.

Það er ekki skrytið að fylgi Framsóknarflokksins skuli vera farið að mæðast. Þessi varkári miðjuflokkur hefur verið rekinn sem stormsveit útfrá stækum íhaldsflokki í allmörg ár og leiðin heim á miðjuna aftur er vandrötuð.

Mörgum finnst einkavæðing ríkisfyrirtækja ekki vera beinlínis í verkahring miðjuflokks og þaðan af síður gallhörd stóriðjustefna. Mikil uppsöfnuð gremja beinist því að Framsóknar-



flokknum og óvarlegt fyrir flokksmenn að vera einir á ferli eftir að skyggja tekur.

Hvort þessi gremja er skynsamleg veit ég ekki, en hún er skiljanleg út frá mannlegri náttúru. Andstæðingur manns er bara venjulegur mótherji en sá sem slæst í lið með honum er svikari. Þess vegna eru gífurlyrðir ekki spóruð um framsóknarmenn og þeir eru úthrópaðir fyrir að vera gerspíllt og síðlaus úrhrök og glæpamafia.

En því grófari sem svívirðingarnar verða sýnist vera meiri þörf fyrir hófsam- an miðjuflokk í hinum örg- mál- um á Íslandi.

Trúlega hefði Framsóknarflokkurinn gott af því að leggjast fyrir í grænni lautu og reyna að rifja upp sögu sína og köllun, hvert var ferðinni heitið, hvert var erindið og hverra erindi var flokknum trúað fyrir að rekja?

Flokkinn vantar ekki fjármálsnilling heldur forystusauð. Ef þetta rifjast upp mun Framsóknarflokkurinn koma tvíleffur til leiks á ný og þjóðin fagna honum eins og brúðguma.

Bubbi Morthens er fimmtugur í dag. Hann er búinn að vera lengi að. Ekki getur hann samt sagt af sér. Hann er ástmögur þjóðarinnar.

Sennilega hefði verið klókara að leyfa Finni að vera í friði og bjóða Bubba formannsembættið.

MIÐVIKUDAGUR, 7. JÚNÍ

Jarðnesk paradís

Þótt allt sé upp í loft í pólitíkinni held ég stillingu minni, axla mína ábyrgð og tek yfirvegaðar ákvarðanir.

Og það sem meira er: Ég framkvæmi þær á stundinni í staðinn fyrir að leka þeim út fyrst.

Mánuðum saman hef ég verið að undirbúa mig undir það andlega að byrja aftur í líkamsrækt.

Í dag þegar ég var nýsestur við lyklorðið að hamra inn minn daglega kvóta fann ég að stundin var komin. Dreif mig í hina jarðnesku paradís í Laugardalnum og erfiðaði í járnnum í meira en klukkutíma.

Mens sana in corpore sano. Sem þýðir: Maður hefur gott af að hreyfa sig.

Saab **93**

Klassík á viðráðanlegu verði*

3.150.000 kr.

Það er klassi yfir Saab 9-3 Sport Combi bílunum, enda á Saab sér áratugalanga sögu sem einn stílhreinasti og öruggasti bíll sem völ er á. Saab 9-3 er margverðlaunuð nýjung í klassíska Saab stílnum þar sem öryggi og múkt í akstri er í fyrirrúmi. Stórkostleg hönnun, öflug vél og ríkulegur staðalbúnaður gera Saab 9-3 að byltingu í klassíska geiranum.

*Og verðið er algert einsdæmi fyrir lúxusbíl í þessum gæðaflokki!

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00


Klassi, öryggi, stíll!

Grillum saman



Beikonvafðar þýskar grillpýlsur úr kjötborði

GOTT Á GRILLIÐ



Grillpinnar úr kjötborði svín, lamb, hreindýr eða naut

GOTT Á GRILLIÐ



Kryddlegin hreindýrasteik

GOTT Á GRILLIÐ

Fóti FEL



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



Svartir tómatar

GOTT Á GRILLIÐ



Steinselju rót

GOTT Á GRILLIÐ



Zucchini

GOTT Á GRILLIÐ

Gildir til 11. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



ALDREI FLEIRI RÍKISSTJÓRNALÉIÐTOGAR Níu forsætisráðherrar, tveir utanríkisráðherrar og sendifulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins stilltu sér upp til „fjölskyldumyndatöku“ á fundarstaðnum á Hótel Nordica í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Böndin treyst milli N-Evrópuþjóða

Á nýfstaðinn leiðtoga- fund Eystrasaltsráðsins í Reykjavík mættu níu ríkisstjórnaleiðtogar og tveir utanríkisráðherrar og kváðu aldrei eins margir forsætisráðherrar hafa verið saman komnir á Íslandi fyrr.

En hvað er þetta Eystrasaltsráð og hvers vegna er Ísland aðili að því? Það kann jú að koma mörgum spánskt fyrir sjónir, stendur eyríkisins Íslands eru í vel yfir 1000 kílómetra fjarlægð frá ströndum Eystrasaltsins.

Í samantekt á vef utanríkisráðuneytisins á tilurð og starfsemi Eystrasaltsráðsins segir:

„Eftir lok kalda stríðsins vöknudu ríkin við Eystrasaltið til nýrrar vitundar um sameiginlega arfleifð á sviði stjórnmála, viðskipta, mennta og menningar. Sú vitund skerptist enn með sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens. Eystrasaltið var um aldir miðpunktur margvíslegra samskipta þessara ríkja. Mörg lutu þau á tíma Kalmarsambandsins sömu stjórn eða þróðu um aldir með sér viðskipti innan sambands Hansaborga. Á þessum sögulega grunni og í ljósi þeirrar staðreyndar að hrun kommúnismans í Evrópu fól í sér margvíslega uppstokkun á sviði stjórnmála og viðskipta í álfunni, buðu utanríkisráðherrar Danmerkur og Þýskalands starfsbræðrum sínum í ríkjum er liggja að Eystrasalti, þ.e. í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Finnlandi, Svíþjóð, Rússlandi og Póllandi, að Noregi og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðbættum, til fundar í Kaupmannahöfn 5.-6. mars 1992. Á þessum fundi var Eystrasaltsráðið stofnað. Fyrirmynd að skipu-



HALLDÓR Í FORSÆTI Að styra leiðtogafundinum var meðal síðustu embættisverka Halldórs Ásgrímssonar sem forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lagi og starfsemi ráðsins var að verulegu leyti sótt til hefðbundins samstarfs Norðurlandanna.“

Lýðræði og mannréttindi

Stofnskrá Eystrasaltsráðsins endurspeglar það meginhlutverk ráðsins að stuðla að stjórnmálalegum og efnahagslegum stöðugleika í norðausturhluta Evrópu. Í því felst að leitast er við að treysta mannréttindi og aðstoð við þróun og uppbyggingu lýðræðis og réttarríkis í þeim aðildarríkjum er áður bjuggu við kommúnisma og að efla samkennd með nýfrjálsum íbúum þessara ríkja. Markmið samstarfs á sviði efnahags- og viðskiptamála er að bæta viðskipta- umhverfi til eflingar fjálsamfélags. Með því er ætlunin að ýta undir hagvöxt og bæta efnahagsleg velferð íbúanna.

Á vettvangi ráðsins fer einnig fram margvíslegt annað samstarf, til dæmis á sviði samgangna og fjaraskipta, umhverfismála, orkumála, heilbrigðismála, réttarfars og upplýsinga- og ferðamála. Engin umfjöllun er um hefðbundin varn-

ar- og öryggismál á vettvangi Eystrasaltsráðsins.

Á Eystrasaltssvæðinu eru nú um fimmtíu milljónir íbúa - og eru þá aðeins taldir íbúar strandhéraða fjölmennustu landanna, Rússlands, Póllands og Þýskalands.

Aðild Íslands að ráðinu

Á grundvelli sögulegra tengsla og nýrra áherslna Norðurlanda um grannsvæðasamstarf lögðu íslensk stjórnvöld áherslu á aðild Íslands að Eystrasaltsráðinu á árunum 1994-1995. Ísland var eitt stofnríkja Barentsráðsins árið 1993 og hefur tekið fullan þátt í samstarfi ríkja um málefni norðurslóða. Kaflaskil urðu í því samstarfi með stofnun Norðurskautsráðsins í september 1996.

Ísland fékk aðild að Eystrasaltsráðinu á utanríkisráðherrafundi þess í maí 1995. Með aðild að Eystrasaltsráðinu vildu íslensk stjórnvöld leggja sitt af mörkum til að stuðla að stjórnmálalegum og efnahagslegum stöðugleika í Evrópu og efla samskipti við Eistland, Lettland, Litháen, Pólland og Rússland. Í því sambandi er vert að minnst sögulegra tengsla Íslands og Eystrasaltsríkjanna þriggja er hlutu sjálfstæði árið 1918, sama ár og Ísland. Einnig var áhugi á því af Íslands hálfu að fylgja eftir sóknarfærum í útflutningsviðskiptum en viðskipti Íslands við Eystrasaltsríki hafa aukist verulega síðan þau endurheimtu sjálfstæði.

Ísland hefur með ýmsum hætti tengst Eystrasaltssvæðinu í gegnum aldirnar. Ísland var til að mynda hluti af Kalmarsambandinu og



FJÖLMIDLASTÓÐ Fjölmennit lið fjölmiðlamanna fylgdi leiðtogunum hvert fótmál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verslunarsvæði Hansaborganna, en Hafnarfjörður var um langan aldur verslunarstöð Hamburgar og Lübeck. Um Eystrasaltið liggja einnig verslunar- og siglingaleiðir Íslendinga, með gömlum og nýjum mörkuðum fyrir íslenskar afurðir.

Uppbygging ráðsins

Ráðherranefnd Eystrasaltsráðsins er skipuð utanríkisráðherrum aðildarríkjanna og kemur hún saman til fundar einu sinni á ári í viðkomandi formennskuríki. Leiðtogafundir eru að jafnaði haldnir á tveggja ára fresti. Sá næsti verður væntanlega í Lettlandi árið 2008.

Stjórnarnefnd ráðsins, eða CSO („Committee of Senior Officials“), hefur það hlutverk að samræma starfsemi ráðsins, einkum starf vinnuhópa, og kemur hún að jafnaði saman einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Ennfremur er hlutverk hennar að annast samskipti Eystrasaltsráðsins og annarra svæðisbundinna stofnana og samtaka á Eystrasaltssvæðinu, sem og við aðrar alþjóðastofnanir. Eystrasaltsráðið hefur náin samskipti við Evrópusambandið, Evrópuráðið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Norðurlandaráð. Einnig er hlutverk stjórnarnefndar að fylgjast með ástandi og þróun einstakra málefna í aðildarríkjum ráðsins.

Þrjár fastir vinnuhópar starfa innan Eystrasaltsráðsins og gefa þeir stjórnarnefndinni reglulega yfirlit um starfsemi sína. Vinnuhóparnir fjalla um mannréttindi og uppbyggingu lýðræðislegra

stofnana, efnahagssamvinnu, kjarnorkueftirlit og geislavarnir. Að auki eru starfandi ýmsar undirnefndir og sérfræðingahópar er fjalla um margvísleg málefni.

Meðal annars starfs sem sinnt er innan vébanda Eystrasaltsráðsins má nefna hina norðlægu vídd, sem stofnað var til innan Evrópusambandsins í formennskutíð Finna í Evrópusambandinu árið 1999. Sú stefna miðar að eflingu svæðisbundins samstarfs, ekki síst á sviði umhverfismála, í Norðaustur-Evrópu og Eystrasaltsráðið hefur gegnt virku hlutverki við framfylgd hennar. Á leiðtogafundinum í Reykjavík lýstu leiðtogarnir yfir vilja til að styðja áfram við norðlægu víddina sem ramma utan um þetta svæðisbundna samstarf.

Aðrir málaflokkar sem Eystrasaltsráðið sinnir eru forvarnastarf gegn skipulagðri glæpastarfsemi, samstarf háskóla á Eystrasaltssvæðinu (undir heitinu „Eurofaculty“) og samstarf á sviði ferðaþjónustu.

Í lokaályktun Reykjavíkurfundarinnar á fimmtudaginn er komið inn á flest mál sem ráðið hefur látið sig varða. Hún skiptist í fjóra kafla, framtíð samstarfs Eystrasaltslanda, hagvaxtarhvetjandi aðgerðir og orkumál, og loks mál er varða „mannlega þáttinn“ og lýðræðisgildi, svo sem vernd barna og baráttu gegn mansali og annarri skipulagðri glæpastarfsemi.

Eystrasaltsráðið heldur úti eigin vef, www.cbss.org. Þar má nálgast allar nánari upplýsingar um starfsemi þess. audunn@frettabladid.is



TVÍHLIÐA FUNDIR Tveir gestanna, forsætisráðherrar Póllands og Rússlands, notuðu tækifærið til að eiga tvíhliða fundi með íslenskum starfsbróður sínum, Halldóri Ásgrímssyni. Á myndinni t.h er hann með Pólverjanum Kazimierz Marcinkiewicz og á hinni með Rússanum Mikhaíl Y. Fradkov, fyrir utan Ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA/GVA



Flügger Grasmálning hefur stjórn á boltanum

Flügger Grasmálning er sérhönnuð til merkingar á gras.
Auðvelt að sprauta og endist vel.

Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6
www.flugger.is

Dalshraun 13
Hafnargata 90
Austursíða 2
www.flugger.com

Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Egilsholt 1

Flügger litir



ANTONI GAUDÍ (1852-1926),
LÉST PENNAN DAG.

„En maðurinn skapar
ekki... hann uppgötvar.“

Spænski arkitektinn Gaudí fór
eigin leiðir í listsköpun sinni.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 10. JÚNÍ 1865

Óperan *Tristan og Ísold* frumsýnd

Pennan dag árið 1865 var nýjasta verk þýska tónskáldsins Richards Wagner frumsýnt í München. Óperan ber heitið *Tristan og Ísold* og varð hún ein frægasta þýska ópera þessa tíma.

Sagan af *Tristan og Ísold* hefur verið þekkt um langa hríð og á rætur sínar að rekja aftur í keltneskan sagnaarf. Í stuttu máli fjallar hún um hinn unga *Tristan* sem fer til Írlands til að biðja *Ísoldar* prinsessu fyrir hönd frænda síns, konungsins *Marks*. Leiðin er ströng og þarf *Tristan*



að drepa stóran dreka svo að ætlunarverk hans takist. Á leiðinni frá Írlandi lenda þau *Tristan og Ísold* svo óvart í því að drekka ástarmjóð sem ætlaður var *Ísold* og konungnum *Mark*, og eru þau upp frá því bundin heitböndum.

Efniviðurinn var notaður í ljóðum á ýmsum tungumálum á miðöldum. Á nítjándu öld varð sagan aftur vinsæl samhlíða fundi á gömlum ljóðum, en Wagner var innblásinn af ljóði miðaldaskáldsins Gottfrieds von Strassburg.

MERKISATBURÐIR

- 1789 Jarðskjálftahrina hefst á Suðurlandi. Í heila viku skalf jörðin með allt að tíu mínútna millibili.
- 1940 Þjóðverjar hernema Noreg í seinni heimsstyrjöldinni.
- 1940 Ítalía hefur þátttöku í seinni heimsstyrjöldinni með því að lýsa yfir stríði á hendur Frökkum og Bretum.
- 1967 Sex daga stríðinu lýkur í Miðausturlöndum.
- 1986 Fimm þúsund króna seðill er settur í umferð á Íslandi.
- 1993 Steinboginn yfir Ófærufoss í Eldgjá finnst brotinn.
- 1999 NATO hættir loftárásum í Kosovo.
- 2001 Konur flytja ávörp í fyrsta sinn við hátíðahöld Sjómannaþingsins í Reykjavík.



Elskulegur sonur okkar, bróðir og faðir,
Hallgrímur Páll Guðmundsson
Hegranesi 25, Garðabæ,

Lést af slysförum þriðjudaginn 6. júní. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudagsinn 16. júní kl. 13.00.

Guðmundur Hallgrímsson Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir
Elísa Björk Guðmundsdóttir
Guðmundur Gabríel Hallgrímsson



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Pétur Þorbjörnsson
skipstjóri, Skúlagötu 20, Reykjavík,

Lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 8. júní.

Ágústa Pétursdóttir Eyjólfur Pétursson
Líney Björg Pétursdóttir Pétur Örn Pétursson
afabörn og langafabörn.

Sigurður Helgason
Ingvaldur Gísladóttir
Kristinn Sigmarsson
Ólöf K. Guðbjartsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð,
hlyðug og veitta aðstoð við andlát og útför
elskulegs eiginmanns míns, sonar, fæður,
tengdafæður og afa,

Sigurðar Þorgeirssonar
Múlavegi 59, Seyðisfirði.

Guðný Björg Þorvaldsdóttir
Þorgeir Einar Þórarinnsson
Oddný Ragna Sigurðardóttir
Þorgeir Einar Sigurðsson
Sigriður Björg Sigurðardóttir
og afabörn.

Einar Þór Hauksson
Jakobína Björnsdóttir
Richard Schols

LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, lípariti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



KVENNAHLAUP ÍSÍ Í EPIÓPIU Góður hópur kvenna hljóp í Epiópiu í fyrra.

KVENNAHLAUP ÍSÍ: Í SAMSTARFI VIÐ UNIFEM

Alþjóðlegur bragur á hlaupinu

Í dag hlaupa konur í Namibíu og styrkja konur í Afganistan í Kvennahlaupi ÍSÍ. Nokkur ár er síðan Kvennahlaupið breiddist út til annarra landa og í ár er UNIFEM á Íslandi í samstarfi við ÍSÍ undir yfirskriftinni „Hvert skref skiptir máli“. Markmið samstarfsins er að hvetja



JÓNA HILDUR BJARNADÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI KVENNAHLAUPS ÍSÍ Nokkur hefð er komin fyrir því að Kvennahlaup séu einnig haldin erlendis og verður hlaupið á um tíu stöðum handan við hafið í dag og næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

islenskar konur til þess að sýna samstöðu með mannréttindum kvenna, sérstaklega í Afganistan, um leið og þær efla eigin heilsu.

„Samstarfið fer þannig fram að UNIFEM fær fimmtíu krónur af hverjum kvennahlaupsbol. Einnig stöndum við fyrir sölu á bleiku armböndunum á hlaupastað en allur ágóði af sölnunni rennur til starfsins í Afganistan,“ segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. Armböndin eru einnig seld í nokkrum verslunum, Body Shop, Iðu og á Barnum, svo eitthvað sé nefnt. „Við erum líka búin að vera með áskoranir á saumaklúbba um allt land að taka þátt í hlaupinu. Saumaklúbbar hafakannski meira verið bundnir við stofuna en nú ætlum við að hvetja konurnar til að drífa sig út saman.“

Hlaupið verður á yfir áttatíu stöðum hér á landi og taka íslenskar konur á erlendri grundu einnig þátt. „Okkur fannst að þessi mál ættu vel saman enda hefur verið hlaupið

Kvennahlaup ÍSÍ víða um heim svo alþjóðlega tengingin var þegar komin,“ segir Birna. „Nokkur ár eru síðan farið var að hlaupa Kvennahlaup ÍSÍ í útlöndum og núna síðustu þrjú til fjögur árin hafa verið í kring um tíu staðir þar sem haldið er hlaup,“ segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Kvennahlaups ÍSÍ. Í ár er meðal annars hlaupið í Namibíu, Kanada og Sviss og hefur áður verið hlaupið meðal annars í Epiópiu. „Þetta er mjög vinsælt á Norðurlöndum og þar hafa Íslendingafélögin oft staðið fyrir hlaupunum, en þau eru stundum fléttuð saman við hátíðahöld í kringum sautjándu júní og verða að minnsta kosti fjórir staðir sem halda hlaupið þá. Einnig taka starfsmenn hjá íslenskum fyrirtækjum að sér að halda hlaup,“ segir Jóna. Erendis eru oftast á milli þrjátíu og fimmtíu þátttakendur í hlaupunum og eru aðstandendur Kvennahlaupsins vitaskuld mjög ánægðir með allan þennan fjölda sem hleypur



BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI UNIFEM Á ÍSLANDI UNIFEM selur bleik armbönd í hlaupinu í dag til styrktar konum í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í öðrum löndum. „Okkur finnst mjög skemtilegt að íslenskar konur erlendis fylgjast vel með og vilja taka þátt í viðburðum sem eru hérna heima. Meginmarkmiðið er náttúrulega að hvetja konur til að hreyfa sig og þegar við tökum höndum saman getur ýmislegt gert,“ segir Jóna.

Stærsta Kvennahlaupið er haldið í Garðabænum í dag og verður lagt af stað Garðatorgi klukkan 14. Þátttakendur geta valið um að fara tvo, fimm, sjö eða níu kílómetra og má hver fara á sínum hraða.

JARÐARFARIR

- 11.00 **Gunnlaugur Jóhannsson** frá Krossi í Óslandshlíð, áður Freyjugötu 40, Sauðárkróki, verður jarðsönginn frá Sauðárkrókskirkju.
- 11.00 **Páll Jónsson**, Hóli, Hvítársíðu, verður jarðsönginn frá Reykholtskirkju.
- 13.00 **Guðbrandur K. Sörenson**, Fífumóa 1b, Njarðvík, verður jarðsönginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.
- 13.30 **Bára Steindórsdóttir** verður jarðsöngin frá Selfosskirkju.

FÆDDIST PENNAN DAG

1922, **Judy Garland**, bandarísk leikkona og söngkona.



AFMÆLI

Gerður Kristný Guðjónsdóttir er 36 ára.




LÍTUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnr nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem veur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



NÝR SANTA FE

FRUMSÝNDUR UM HELGINA



**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12 TIL 16
OG Á MORGUN FRÁ KL. 10 TIL 16**



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

40% afsláttur

1146 kr. kg
1637
Goða BBQ svínaríf

998 kr. kg
1638
Ali svínahnakki mexíkókryddaður eða mexíkókryddaðar svínakótilettur

50% afsláttur

50% afsláttur

Doritos flögur 2 tegundir
149 kr/pk

Perur
149 kr/kg

Krónu Pylsur 10 stk
199 kr/pk

Egils Mix 2 lítrar
99 kr/stk

Libbys tómatsósa
149 kr/stk

Krónu súkkulaðikex
299 kr/pk

Kínakál
149 kr/kg

Virk Samkeppni



SKEIFAN / BÍLDHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORDURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFÖSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
 virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-21 / virkir dagar 11-21 / virkir dagar 11-21 / Allir dagar 12-23 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19
 laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-20 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19
 sunnudagar 12-18 / sunnudagar 12-19 / sunnudagar 12-19 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-23 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19
 lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað



1598 kr. kg
~~1874~~
Kronfagel kjúklinga-bringur, sænskar



299 kr. kg
~~489~~
Fyrirtaks pizzur 4 tegundir

Alltaf frábær tilboð alla daga



AB mjólkur-drykkur 3 teg
79 kr/stk



Cheerios tvöfaldur
579 kr/pk



Tilbúnað í ferðalagið!
6998 kr.
Ferðatöskuset 3 stk



Góu lakkrisdúndur bitar
219 kr/pk



Charmin salemis-pappír 24 stk
1298 kr/pk



Persil uppvottaefni 5 kg
1298 kr/pk



Pril uppvottalögur 750 ml
99 kr/stk

Eftir átján mánuði í stóli borgarstjóra sest Steinunn Valdís Óskarsdóttir í minnihlutann. Hún er stoltust af ákvörðun um launahækkanir til lægst launuðu borgarstarfsmannanna en hefði viljað vinna betur að öldrunarmálum. Hún gagnrýnir að stjórnvöld hafi ekki veitt borginni fé í málaflökkinn. Steinunn Valdís er sannfærð um að hún sé betri jafnaðarmaður en áður eftir borgarstjórarstarfið. Hún ræddi við Gunnhildi Örne Gunnarsdóttur um stjórn málin.

„Það er eins og annað sem maður tekur sér fyrir hendur í lífinu. Það tekur allt enda einhverntímann,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir sem lætur af störfum sem borgarstjóri um miðjan mánuðinn. Hún hefur gegnt starfinu í átján mánuði, frá því að Þórólfur Árnason sagði af sér.

„Ég hefði kosið að vera hér áfram með mínum samflokksmönnum, en það varð ekki. Ég hef hins vegar haft mikla ánægju af starfinu. Ég hef verið borgarfulltrúi í tólf ár og hafði verið í tíu ár þegar ég tók við starfi borgarstjóra. Þá taldi ég mig þekkja kerfið út og inn en margt kom mér á óvart í framkvæmdastjórarstarfinu sjálfu.“ Steinunn segir helst hafa snert sig hve nálægðin við fólkið var mikil. Sóst sé eftir nærveru borgarstjóra við hin ýmsu tækifæri.

„Mér finnst að á þessum átján mánuðum hafi ég öðlast meiri skilning en ég hafði áður á kjörum fólks í borginni. Ég lagði áherslu á það þegar ég tók við sem borgarstjóri að einfalt yrði að nálgast mig. Ég var því með viðtöl í þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Það mæltist mjög vel fyrir, því þangað kemur fólk sem kemur ekki endilega í Ráðhúsið.“ Viðtalstímarnir í þjónustumiðstöðvum voru viðbót við vikulega tíma í Ráðhúsinu. „Þar snérist málin gjarnan um húsnæðismál, peningamál og alls kyns félagsleg vandamál. Málin urðu persónulegri heldur en þau sem rædd voru í Ráðhúsinu.“

Ígrundað að hækka launin

Eftir að hafa kynnst kjörum lægst-launara í borginni og áttað sig á slæmri stöðu þeirra var stefnan tekin á að hækka laun þeirra. Það var gert í desember. Steinunn sætti harðri gagnrýni og var sökuð um að rugga þjóðarskútunni allverulega. Hún var jafnvel sögð hafa skrifað kosningavíxilin.

„Setja verður ákvörðunina í samhengi,“ segir Steinunn og bætir við: „Um þessa ákvörðun hefur verið fjallað eins og hún hafi dottið af himnum ofan. Það var ekki þannig því hún er rökrétt framhald af því sem við í meirihlutunum vorum að gera.“ Steinunn útskýrir að borgarstjóri hafi töluvert mikið vald í stjórnkerfi borgarinnar og vinni náið með samninganefnd Reykjavíkur. „Ég settist niður með samninganefndinni í upphafi viðræðnanna og lagði þær línur að við skyldum reyna að fara í þann leiðangur að hækka þessi lægstu laun umfram aðra, þó auðvitað ekki þannig að það raskaði aðstæðum á vinnumarkaði. Þessi áform kynnti ég í viðtali í Morgunblaðinu á Kvinnunafriðaginn 24. október. Síðan er skrifað undir samningana í desember og þá var eins og fólk væri að heyra þetta í fyrsta skipti. Kannski hefur það haldið að viðtalið væri enn eitt viðtal við stjórn málamann án innstæðu, að verkin yrðu ekki látnar.“ Það er ekki stíll Steinunnar.

Umdeild ákvörðun sú besta

„Ég er mjög stolt af þessari ákvörðun og ánægðust með hana af öllum í borgarstjóratíð minni og það af ýmsum ástæðum. Margir stóðu upp og gagnrýndu ákvörðunina mjög harkalega. Ég varði hana með glöðu geði, því í tíð



BORGARSTJÓRINN STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR Nýtt upphaf í stjórn málaflí Steinunnar er á næsta leiti. Hún er á leið í minnihluta í borgarmálunum í fyrsta sinn. Steinunn óttast að áform um gjaldfrjálsan leikskóla verði tekin til baka í tíð Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar. Hér er hún með leikskólabörnunum á Laugaborg.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Steinunn Valdís stendur upp úr stóli borgarstjóra

minni sem stjórn málamáður hef ég ekki fengið eins mikil viðbrögð. Fólk ofbauð gagnrýni aðila vinnu- markaðarins og ýmissa þingmanna á ákvörðuninni, eins og það að hækka laun nokkurra þúsunda láglaunakvenna um einhverja þúsundkalla setti hér stöðugleikann á hliðina. Viðbrögðin sem ég fékk sannfærðu mig um það að ég væri að gera rétt.“

Hjá henni sjálfri hraka kjörin verulega við að láta af starfi borgarstjóra og setjast í minnihlutann. Hún gefur lítið fyrir þær athugasemdir. „Það er eins og hjá öðrum. Stundum kemur tíð þar sem menn eru með hærri laun og svo lægri laun inn á milli. Ég hlýtt að lifa það af. Ég lifði á þessum launum áður

að þetta hefur þróast þannig að flestir borgarfulltrúar hafa verið í fullu starfi.“ Spurð hvort landsmálin heilli hana, þar sem þónokkir borgarfulltrúar í minnihluta hafi átt sæti á þingi samhliða minnihlutastörfum svarar Steinunn:

„Ég ætla bara að fara fyrst í sumarfrí og sjá svo til. Maður útilokar ekkert í pólitík. Síðustu dagar í Framsóknarflokkinum sýna að maður á ekki að útiloka neitt. Ég hef mikinn áhuga á stjórn mála og hef starfað í þeim mjög lengi, þannig að ég finn mér örugglega eitthvað að gera,“ segir Steinunn og bætir við: „Stjórn málin eru sá starfsvettvangur sem ég hef kosið mér í bili. Ég veit ekkert

vegna þess að sjálfstæðismenn voru frekar á því að ræða við Framsóknarflokkinn. Málefnalega held ég að Samfylkingin eigi meira sameiginlegt í borgarmálunum með vinstri grænum og Framsókn en ég held að samstarfið hefði gengið. Það sem kannski helst hefði staðið í veginum fyrir því er að bæði Vilhjálmur og Dagur lýstu því yfir í aðdraganda kosninganna að það kæmi ekki til greina annað en þeir yrðu borgarstjórar. Hvor um sig gerði það, en það er augljóst að ekki er hægt að skipta einum borgarstjórastól milli tveggja.“

Gjaldfrjáls leikskóli úr leik

Steinunn telur að aldrei eigi að úti-

þótt núna yrði skrúfað frá krananum ríkisins megin af því að það væri kominn „réttur litur“ á þá sem ráða í Ráðhúsinu. Það er skelfilegt fyrir Reykvíkinga að hugsa til þess. Ég hef staðið hér í baráttu við ríkisvaldið í ótal málum, sem snerta hagsmunir borgarinnar, til dæmis vegna öldrunarheimila, og oft fengið það á tilfinninguna að það sé flokksliturinn sem ráði því hvort ríkisvaldið komi til móts við okkur og setji fjármuni í ákveðna málaflökka.“ Spurð hvort það snerist við kæmist Samfylkingin til valda á landsvísu svarar Steinunn: „Mér finnst það fráleitt. Það er ekki hægt að haga sér þannig gagnvart stærsta sveitarfélagi landsins. Kosningar eru lýðræðislegar. Núna liggur fyrir að búið er að mynda meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Ef Samfylkingin tekur við stjórnartaumunum hér á næsta ári get ég ekki séð fyrir mér að menn fari að refsa Reykjavíkurborg fyrir það að vera með þessa flokka hér við stjórnvölinn. Það kemur langverst niður á borgarbúum sjálfum.“

Leggst undir feld

Eftir tólf ár í meirihluta og síðustu tvö sem borgarstjóri sest Steinunn Valdís í minnihlutann: „Ég held að borgarstjórastaðan hafi gert mig að betri manneskju. Eins og ég sagði þegar ég tók við starfinu, þá er það miklu stærra en ég sem persóna. Mér finnst, og segi í einlægni, að starfið hefur þroskað mig sem stjórn málamann og aukið skilning minn á kjörum og líðan fólks í borginni. Ég held að staðan hafi líka gert mig að betri jafnaðarmanni. Ég er sannfærð um það.“ Spurð hvar hún verði eftir fjögur ár stendur ekki á svari sem hæfir hverjum stjórn málamanni vel: „Fjörum árum eldri. Vonandi reynslunni ríkari.“

„Stjórn málin eru sá starfsvettvangur sem ég hef kosið mér í bili. Ég veit ekkert hvað gerist í sumar, það getur vel verið að ég komi þannig undan sumri að ég fari að gera eitthvað sem kemur fólki á óvart. Það verður bara að koma í ljós.“

en ég varð borgarstjóri og hlýtt að gera það eftir að ég hætti. Ég hef engar áhyggjur af því.“

Í fyrsta sinn í minnihluta

Þrátt fyrir að Steinunn hafi í tólf ár sinnt borgarmálunum hefur hún aldrei setið í minnihluta áður. „Þegar ég hóf þátttöku hér í borgarstjórninni árið 1994 steig ég beint inn í meirihluta. Ég kom úr fyrsta meirihluta Röskvu í stúdentaráði og hafði verið formaður þar. Ég þekki ekki hvernig það er að vera í minnihluta, en mér er sagt að það sé öllum hollt,“ segir Steinunn og hlær: „Ég nálgast verkefnið með því að hugsa að þetta verði ný reynsla.“

Hún segist ákveðin að fylgjast vel með meirihlutunum og veita þeim stöðugt aðhald. Hún sjái fyrir sér að minnihlutasetan verði fullt starf. „Störfin innan borgarstjórnarinnar hafa verið að þróast þannig, þetta eru jú aðeins fimmtán borgarfulltrúar. En auðvitað er miklu meiri vinna að vera í meirihluta en minnihluta, því ábyrgðin og formennskan í öllum nefndum liggur hjá meirihlutunum. Þannig

hvað gerist í sumar, það getur vel verið að ég komi þannig undan sumri að ég fari að gera eitthvað sem komi fólki á óvart. Það verður bara að koma í ljós.“

Aðeins einn borgarstjóri

Steinunn sóttist eftir fyrsta sætinu hjá Samfylkingunni og segir að hún hafi talið heppilegast fyrir flokkinn ef sitjandi borgarstjóri hefði leitt listann. „Flokkurinn og þeir sem tóku þátt í prófkjörinu ákváðu að Dagur yrði í fyrsta sæti og ég í öðru. Auðvitað var ég ekki sátt við þá niðurstöðu en ég varð að vinna eftir henni. Ég held hins vegar að það að hafa starfandi borgarstjóra í fyrsta sæti hefði verið betra fyrir flokkinn.“ Það séu þó vangaveltur um hvað ef. Hvort hún hafi rétt fyrir sér með það skýrist ekki.

Steinunn segir erfitt að svara hvort það hafi verið mistök af Samfylkingarmönnum að útiloka samstarf við sjálfstæðismenn: „Ég held að hægt hafi verið að ná saman málefnalega milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Það reyndi hins vegar ekkert á það

loka samstarf við einn eða neinn í pólitík. En vissast hefðu skapast vandræði þar sem nýir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og þeir sem hafi setið eitt kjörtímabil séu mjög langt til hægri. „Þeir eru mjög hægrisinnaðir til dæmis í skólumálum og mjög til hægri í ýmsum velferðarmálum. Ég hugsa að það hefði getað orðið erfitt fyrir Samfylkinguna að ná saman með þeim hópi um ýmsar áherslur. Ég til dæmis óttast núna að áform um gjaldfrjálsan leikskóla verði tekin til baka. Mér finnst það afar slæmt, því við erum búin að innleiða fyrstu skrefin.“ Gjaldfrjáls leikskóli snúist um kjör fjölskyldna í borginni, því fjölskylda með eitt barn á leikskóla spari tutugu þúsund krónur í útgjöld: „Fólk munar um þessa peninga, ég tala nú ekki um ef börnin eru fleiri.“

Borgin grátt leikin

Steinunn gagnrýnir ríkisstjórnina. Hún hafi staðið í stöðugu ströggli um að fá fjármagn til að sinna öldruðum án árangurs.

„Það kæmi mér ekki á óvart



FRÉTTAVIÐTAL
GUNNHILDI A. GUNNARSDÓTTIR
gag@frettabladid.is



EVROPA EINS OG HÚN VAR

Króatía hefur upp á allt að bjóða. Fallega náttúru, lifandi menningu og notalegt loftslag.

FERÐIR 8

Í HUNDRAD Í FYRSTA GÍR

Reynsluakstur 550 hestafla Ford GT ofursportbílsins

BÍLAR 4



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

FERÐIR BÍLAR HEILSA

Í dag eru nákvæmlega 99 ár síðan fimm bílar lögðu upp í ríflega 13 þúsund kílómetra ökuferð frá Peking, höfuðborg Kína, til Parísar. Á 99 ára afmæli þessa fyrsta meiriháttar þolaksturs sögunnar verður 33 nýjum Mercedes Benz E-bílum ekið þessa sömu leið í haust.

Ferðafélag Íslands stendur í dag og á morgun fyrir göngu yfir Fimmvörðuháls og yfir í Langa-dal í Þórsörk. Ferðin kostar tíu þúsund krónur og innifalin er rúta, gisting og grillveisla.



Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur nú gefið út sjálfhjálparbæklinginn Hættu fyrir lifðið. Megin áhersla er lögð á að veita fólki greinargóðar ráðleggingar til að hætta að reykja.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 10. júní, 161. dagur ársins 2006.



| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|----------------|--------|----------|
| Reykjavík 3.05 | 13.27 | 23.52 |
| Akureyri 1.59 | 13.12 | 24.28 |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Njáll Gunnarsson, ristjóri tímaritsins Bílar & sport, á sýningarsvæðinu í Laugardalshöll.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tæki sem ekki hafa sést áður hérlendis

Bílar, bátar, hjól og þyrlur í Laugardalshöll.

Nú um helgina fer fram stórsýningin Bílar & sport 2006 í Laugardalshöll. Það er tímaritið Bílar & sport sem stendur fyrir sýningunni en ritstjóri þess er Njáll Gunnlaugsson.

„Á sýningunni eru mörg tæki sem ekki hafa sést áður hérlendis. Til dæmis Mustang Saleen sem hefur verið tjúnaður í 450 hestöfl, sérsmíðuð bjalla og sérsmíað mótörhjól sem stenst fyllilega samanburð við hjólin í American Chopper-þáttunum. Bara sprautunin á því kostaði 10.000 dollara,“ segir Njáll og þvertur fyrir að sýningin sé bara fyrir eitilhart dellufólk.

„Allir sem hafa gaman af farartækjum finna eitthvað við sitt hæfi á sýningunni.

Við erum að sýna flórana í tækjæign landsmanna, sem og mótorsporti. Til dæmis eru bíla- og mótörhjólaklúbbar með svæði á sýningunni. Þarna verða bílar, bátar, hjól, þyrlur og fleira.“

Undirbúningur fyrir sýninguna hefur staðið yfir í hálf tveimur árum og fjöldi manna hefur komið að ferlinu. Njáll er sjálfur forfallinn dellukarl og þá sérstaklega þegar mótörhjól eiga í hlut. Aðspurður segir hann engu að síður að perla sýningarinnar sé í hans augum sænski ofurbíllinn Koenigsegg. „Við mynduðum bílinn við Mývatn í vikunni og ég fékk að prófa hann. Það er ekki á hverjum degi sem maður fær 900 hestöfl upp í hendurnar og það var mikil upplifun.“

Sýningin er opin í dag, laugardag, frá 11 til 21 og á morgun, sunnudag, frá 11 til 19.

einareli@frettabladid.is

Íslensk vefsíða um Porsche

VEFSÍÐAN PORSCHE.IS VAR NÝLEGA OPNUÐ. Á SÍÐUNNI ER AÐ FINNA ALLAR UPPLÝSINGAR OG MYNDIR UM ÞESSA RENNILEGU SPORTBÍLA.

Bílabúð Benna, sem er umboðsaðili Porsche á Íslandi, opnaði nýverið vefsíðuna porsche.is. Á vefsíðunni gefur að líta myndir, ítarlegar upplýsingar og tölur um allar gerðir bíla frá Porsche. Þó að ekki séu mjög margir bíleigendur hérlendis sem aka um á Porsche er áhuginn á þessum goðsagnakenndu bílum mikill.



Porsche Cayman.

Bílaáhugamenn geta nú nálgast aðgengilegar upplýsingar á íslensku ásamt fjölda mynda um allt sem viðkemur Porsche. Þeir sem láta sig dreyma um Porsche-sportbil geta einnig sótt flottar skjámyndir og skjáhlivilur með myndum af bílum í ýmsum æsilegum aðstæðum.

Fróðleikspyrstir netnotendur geta svo lesið nokkuð ítarlega sögu bílsins í máli og myndum, allt frá því frumkvöðullinn Ferdinand Porsche hóf smíði fyrsta bílsins fyrir alheimssýninguna í París um aldamótin 1900. Sérstakt bílategg fyrir notaða Porsche-bíla er sömuleiðis að finna á síðunni þar sem notendur geta séð þá Porsche-bíla sem skráðir eru á sölu.

-vör



ÚT ÚR BÆNUM

TAKTU NÆSTA SKREF

LÁNSTÍMI ALLT AÐ 15 ÁR

60% LÁNS HLUFTALL

5,35% VEXTIR

SUMARHÚSALÁN

Talaðu við okkur ef þú ætlar að byggja, kaupa eða breyta sumarhúsi og þú færð hagstætt lán fyrir allt að 60% af verðmæti eða 75% af byggingarkostnaði sumarhúss. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu okkur póst á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þér líði líka vel um helgar!

DÆMI UM MÁNADARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 KR.*

| Lánstími | 5 ár | 10 ár | 15 ár |
|--------------|------------|------------|-----------|
| 5,35% vextir | 19.030 kr. | 10.780 kr. | 8.090 kr. |

*Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN



Vetnisbíll General Motors sýndur á Íslandi

Í tilefni heimsóknar alþjóðlegra blaðamanna á vegum GM og Íslenskrar NýOrku.

Í síðasta mánuði komu hingað til lands erlendir blaðamenn á vegum General Motors og Íslenskrar NýOrku. Tilgangur ferðarinnar var að kynna þeim möguleikum sem bjóðast til vetnisvinnslu á mismunandi stöðum í heiminum. Frumkvæði Íslendinga í tilraunum til vetnisnýtingar í almenningssamgöngum hefur án efa átt stærstan þátt í að beina athygli GM hingað til lands.

Auk fyrirlestra um þróun á sviði vetnisvæðingar bauðst blaðamönnum að reynslukeyra Opel Zafira sem knúinn er með vetni. Stefnt er að því að bíllinn verði kominn í fjöldaframleiðslu árið 2010.



Zafira-vetnisbíllinn við einu vetnisstöðina á Íslandi.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN



Á fullkomnum tölvuskjá má til dæmis fylgjast með starfsemi efnarafalsins.

Bifreiðin sem kom hingað til lands er ein örfárra frumgerða sem GM hefur smíðað í þróunarferlinu og fulltrúi bílaframleiðandans fór hvergi leynt með þá staðreynd að bíllinn væri ekki fullkláraður. Aðvörunarljós og aukahljóð komu því ekki á óvart. Blaðamanni brá hins vegar þegar stigið var á inngjöfina. Bíllinn er furðu lipur og togar vel, sérstaklega ef tekið er tillit til þess að hann er knúinn áfram með 100 hestafla rafmótor.

Í stað venjulegra hljóða frá sprengihreyfli heyrst ekkert nema lágvært ýl í rafmótornum og hvíss í loftpressunni sem sér efnarafalnum fyrir súrefni. Innan hans eiga sér stað efnahvörf, fyrir tilstuðlan vetnis og súrefnis, sem framleiða rafmagn sem svo aftur færir mótörinn.

Í dag er drægni bílsins um 450 kílómetra fyrir hverja fyllingu. Vetnið er geymt undir þrýstingi og hefur geymslutækni farið mikið fram á síðustu árum, sem og nýtni efnarafala, en hún er nú fjórtánföld á við



Að innan er bíllinn frekar hefðbundinn, ef frá er talin drífstýringin, fjórir rofar á milli framsetta, þar sem gírstöng væri venjulega.

það sem hún var fyrir sjö árum. Samkvæmt fulltrúa GM eru enn nokkur atriði sem þarf að breyta áður en fjöldaframleiðsla vetnisbíla verður að veruleika. Til dæmis þarf að auka enn

drægni þeirra, mótörarnir þurfa að vera stærri, sérstaklega fyrir Ameríkumarkað, og enn sem komið er getur efnarafallinn verið tregur í gang í frosti.

einareli@frettabladid.is

VERKFERI fyrir fagmenn

Beta
BETA
BROTAÁBYRÐ
VERKFERI

Bíla naust
535 9000

Akureyri • Egilsstöðum • Hafnarfirði • Höfn • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep CHRYSLER BILJÖFUR DODGE

BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar - frábær verð

SENTINEL

HVELLUR.com
... í einum grænum

Allir þekktu hús landsfrægu vara-
húta- og viðgerðarþjónusta okkar.

G. Tómasson ehf. • Súðarvogi 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

JEPPA dagar

Þegar sumarið loksins gengur í garð er um að gera að vera klár í að halda á vit ævintýrana á glæsilegum jeppa. Þess vegna efnum við nú til Jeppadaga á Bílaþingi Heklu og bjóðum mikið úrval á frábærum kjörum.

Komdu og skoðuðu úrvalið á Bílaþingi Heklu.



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Tappaðu það bara...

Ef það er eitthvað sem borgar sig ekki að gera þegar maður fer í bíltúr þá er það að búast við því að hann gangi áfallalaust fyrir sig. Svo mikið hef ég lært. Mér þótti samt sérlega biturt að gata tvö ný jeppadekk í sama túrnum fyrir ári og annað svo illa að því þurfti að henda. Eða hvernig þætti þér að kaupa tvö stór sjónvörp, henda öðru þeirra daginn eftir og rispa skjáinn á hinu með garðhrifu?

Götuð dekk eru því miður öllu algengari en garðhrifur í sjónvarpsherbergjum. Þegar jeppafólk gatar dekk uppi á fjöllum er sjaldgæft að vara-dekk í fullri stærð sé með í för, til þess eru þau of þung og fyrirferðarmikil. Næsta dekkjaverkstæði er ekki endilega hentug lausn heldur og því þarf önnur ráð, eins og til dæmis að tappa dekkið.

Viðgerðartappa er hægt að nota jafnt í stóra sem litla hjólarbáða og á sumum bensinstöðvum fást einföld tappasett sem sniðugt væri að bæta í verkfæratösku bílsins (sem mætti útvega í sama bíltúr, sé hún ekki til nú þegar). Tappasett samanstendur vanalega af töppum (og þá er skýringin á nafninu komin), nál og lími.

Viðgerðin fer þannig fram að tappi er þræddur í nálaraugað og lím borið á hann. Nálinni er síðan stungið í gatið þangað til fjórðungur tappans stendur út úr því. Þá er nálinni kipt snögg

út og tappinn situr eftir. Yfirleitt þarf fleiri en einn tappa en það fer eftir stærð gatsins. Einnig eru til sjálflímandi tappar og þá er límið óþarft.

Þegar viðgerð er lokið og límið hefur þornað er dekkið pumpað til fulls, hlustað og vatni hellt yfir. Standist viðgerðin skoðun eru tappaendarnir skornir af, nánast upp við dekk. Útstæðir endar geta nefnilega hegðað sér óæskilega þegar á ferð er komið, til dæmis ákveðið að taka ekki þátt í ferðalaginu.

Rétt er að taka fram að stórar rifur og göt sem eru á vöndum stað eða í vöndri stefnu geta lekið áfram þrátt fyrir alla heimsins tappa. Í flestum tilfellum duga þeir þó vel til, í það minnsta að næsta dekkjaverkstæði, þó svo að það sé í tveggja dagleiða fjarlægð. Vart þarf að minna fólk á að fylgjast reglulega með viðgerða dekkinu á leiðinni.

Töppun dekkja er einföld aðgerð og á allra færi. Engu að síður getur verið gott að forna nokkrum töppum í að æfa sig á ónýtu dekki áður en haldið er út í hinn stóra heim. Með reynsluna og nálna að vopni ertu klár í hvaða ferð sem er.

Mundu svo bara að heilla vinnufélagana reglulega með ferðasögum á borð við „...þá sprakk hjá okkur eitt dekk. Alveg í tætlur. En ég tappaði það bara...“



C-Buggy er enn á hugmyndastiginu og því ekki öll von úti. Kannski man einhver eftir þakinu í næstu umferð, þó ekki væri nema lítilli blæju.

Fer hvert sem er...

C-Buggy á að komast hvert sem er og henta við öll tækifæri, nema auðvitað ef það rignir.

Ef árshátíð Citroën væri haldin á Íslandi á næsta ári mundi sennilega kveða við annan tón í hönnunardeildinni. Citroën C-Buggy hugmyndabíllinn, sem frumsýndur var í Madrid fyrir skemmstu, er í það minnsta ekki beinlínis sérsniðinn fyrir Íslandsmarkað.

Sögur herma að tilgangurinn

hafi verið að smíða flottan og reffilegan bíl sem kæmist hvert sem er en endurspegladi um leið þá hönnun og þau gildi sem Citroën stendur fyrir.

Hætt er við að Íslendingum þætti lítið til koma ef bíllinn kæmi í sölu hérlendis nema honum yxi einhvers konar veðravörn á leiðinni.

Það verður ekki frá Frökkum tekið að þeir búa til fallega bíla og ef marka má meðfylgjandi auglýsingamynd hentar hann býsna vel til aksturs á tunglinu, ekki síður en sólrikkum lendum Suður-Evrópu.



Meðal þess sem gestum opins húss gefst kostur á er að reynsluaka Caterpillar-tækjum.

Opið hús hjá Vélasviði

Reynsluakstur og keppni af ýmsum toga.

Frá klukkan 10 til 17 í dag verður vélasvið Heklu með opið hús í Klettagörðum 8-10. Meðal annars verður boðið upp á ökuleikni á vörubílum, lyftarakeppni og kranakeppni. Auk þess gefst gestum kostur á að reynsluaka nýjum gerðum af Caterpillar-beltagröfum og hjólaskóflum og Scania-dráttarbil með Närke City Trailer.

Keppnin hefst klukkan 13 og stendur til 15.30. Verðlaun verða veitt fyrir besta árangur í öllum greinum og að sjálfsögðu verður gestum boðið upp á léttar veitingar.

Nánari upplýsingar á www.hekla.is/opidhus

Ekki á traktor í skólann

ÁRALÖNG HEFÐ LÖGD NIÐUR VEGNA KVARTANA.

Nemendur í Freedom Area-skólanum í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum mega ekki lengur koma á dráttarvélum í skólann.

Í kjölfar kvartana annarra vegfarenda hafa staðaryfirvöld ákveðið að framfylgja, í fyrsta sinn í manna minnum,

löggjöf sem kveður á um að dráttarvélar megi aðeins nota á bújörðum en ekki venjulegum vegum. Málið er allt hið undarlegasta, ekki síst ef tekið er tillit til þess að dráttavélaaksturinn á sér aðeins stað einu sinni ári. Það er gömul hefð við skólann að nemendur úr dreifbýli aki slíkum farartækjum til skóla síðasta dag skólaársins.



Það verður að teljast hæpið að þessi sé á leiðinni í skólann.

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr. 28.233 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bílinn handa þér

Allir sem reynsluaka Hyundai geta unnið glæsilega vinninga í Stóra HM leiknum. Nánari upplýsingar á www.storihmleikurinn.is

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Umoðsmenn um land allt

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bítasamningur 18 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegur greiðslur eru háðar vaxta- og gangisþróum.

Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla
Euró 2 mengunarstaðal, lærdú í nútímanum



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Næsta námskeið hefst 14. júní

Varahlutir Aukahlutir

BMW - Benz - Opel

Bestu fáanlegu gæð frá Þýskalandi



VERÐÖRYGGI

Besta verðið miðað
við sambærileg gæð

Ekta xenonsett í alla bíla

Bifreið.is

Hjallahrauni 4 - s: 555 0885

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Vígalegar línur sem sameina það besta úr sportbílaheiminum í dag og 40 ára goðsögnina GT40. Afturdekkinn eru á 19 tommu felgum en framdekkinn á 18 tommum.

LJÓSMYNDIR/HEIDA.IS

Upp í hundrað í fyrsta gír

Reynsluakstur 550 hestafla

Ford GT ofursportbilsins.

Það er varla að ég þori að viðurkenna það en ég fékk gæsaúð þegar hulunni var svipt af Ford GT ofursportbíl Brimborgar í flugskýli Arngríms Jóhannssonar á Akureyrarflugvelli síðastliðinn fimmtudag.

Ford GT er eins og funheitur nostalgíudraumur. Enda sækir hann nánast alla hönnun sína í GT40, bílinn sem stoppaði sex ára sigurgöngu Ferrari í Le Mans kappakstrinum 1966. Þá voru GT40 bílar í fyrstu þremur sætum og forskot þeirra var slíkt að þeir höfðu tíma til að þétta hópinn og stilla sér upp fyrir myndatöku áður en þeir rúlluðu yfir marklínuna í einum hnapp. Það var fyrsti ameríski sigurinn í Le Mans. Eftir að hafa sigrað keppnina næstu þrjú ár líka varð bíllinn að einskonar goðsögn. Goðsögn sem hefur nú öðlast nýtt líf.

Það eitt að horfa á þetta þrjátíu milljón króna tæki með eigin augum hefði dugað mér út vikuna. Að fá tækifæri til að hleypa honum á skeið á flugbrautinni á Akureyri var heldur ekkert vöðalega slæmt. Sú lífsreynsla byrjar strax á hurðunum. Þær ná nánast inn á mitt þak en opnast þó með hefðbundnum hætti. Þegar inn er komið líður manni eins og blómi í eggi, bíllinn er bókstaflega sniðinn utan um ökumanninn og þeir verða nánast eitt.

5,4 lítra V-8 mótorinn í Ford GT er handsmíðaður úr áli og skilar opinberlega 550 hestöflum. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er það mjög varlega skömmtuð tala. Hvað sem því líður urrear hann vel bakvið ökumann og farþega og togar enn betur.

Gírkassinn er sex gíra og furðulega lipur, sérstaklega ef tekið er



Mælaborðið er frekar einfalt en vel hannað. Fyrir ofan stýrið er stór snúningshraðamælir en lengst til hægri er hraðamælir í sömu stærð. Rauði hnappurinn fyrir miðri mynd er ræsihnappur mótorsins.



Christian von Koenigsegg gaf bílnum góða dóma eftir fyrstu kynni. Hér skoðar hann mótorinn ásamt Agli Jóhannssyni, framkvæmdastjóra Brimborgar.

Þillit til þess að hann er aftast í bílnum en gírstöngin er mjög stutt og leikur vel í lófa ökumanns í afslappaðri stellingu. Bíllinn er hátt gíraður, kemst í 100 km hraða í fyrsta gír, og því þarf smá gætni við að taka af stað án þess að drepa á honum. Þegar af stað er komið bíður ekkert nema frelsi og meira frelsi.

Það fylgir því mikil ábyrgð að sitja undir stýri á bíl sem er 3,6 sekúndur í hundrað og á þá fimm gíra eftir. Við kynninguna á bílnum sagði Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar, að það væri notandinn sem réði því hvort tæki og töl væru hættuleg. Því væri stefnan að nota Ford GT bílinn sem tákni um hvernig eigi að beisla kraft með ábyrgð.

Eitt af því sem oft er nefnt í



Hestúsið er fyrir aftan húsið og hýsir 550 uppgefna hesta. Stífurnar sem tengjast afturfjöðruninni eru áberandi.



Eldrauður, vígalegur, liggur vel og hefur feykínóg afl. Með öðrum orðum: Sportbíll.



Tveir öflugir frá Ford, GT bíllinn og Focus, rallybíll Jóns Bjarna Hrólfssonar og Borgars Ólafssonar. Þeir kappar hafa gert það gott í rallinu í ár og voru mættir til leiks á Akureyri til að keppa á GT bílnum við flugvél Arngríms Jóhannssonar. Við það tækifæri komu þeir bílnum á 300 km hraða.

umræðunni gegn hraðakstri á vegum og götum eru afmörkuð æfingasvæði þar sem hægt væri að keyra hraðar en almennar hraðatakmarkanir leyfa. Af sömu ástæðum var bíllinn kynntur á flugbraut en ekki á Hellisheiði.

Ég hafði í laumi gert mér vonir um að setja bílinn í 200 km hraða á brautinni og varð því hálfvonsvikið þegar ég varð að hægja á mér í fjórða gír eftir hálfra braut og hraðamælirinn sýndi tæplega 160.

Aksturinn var þó mjög ánægjulegur. Mér fannst mér bíllinn varla hreyfast, hann var svo stöðugur á brautinni og lét betur að stjórn en flestir aðrir bílar sem ég hef ekið, algjörlega áreynslulaust. En það er einmitt eitt sérkenni bílsins, að vera búinn afli og búnaði sem hæfir helmingi dýrari bíl, en vera mikið auðveldari í meðhöndlun en flestir aðrir ofurbílar. Ég fylltist svo enn meiri virðingu fyrir bílnum þegar það rann upp fyrir mér að hraðamælirinn sem hafði valdið mér vonbrigðum telur víst mílur en ekki kílómetra.

Eftir örstuttu kynni er þrennt sem stendur upp úr þegar Ford GT er annars vegar. Í fyrsta lagi er það útlitíð sem er mjög nútímalegt þó það beri sterkan svip sjöunda áratugarins. Í öðru lagi er það mótorinn sem urrear svo skemmtilega og skilar gríðarlegu aflinu beint út í afturhjólin og í þriðja lagi eru það frábærir aksturseinleikar. Bíll sem haggast varla og er eins og hugur manns á 250 km hraða á svo sannarlega skilið forskeytið „ofur“.

einareli@frettabladid.is

HVAÐ ER... EFNARAFALL?



Við fyrstu sýn er efnarafall ekki ósvipaður nýlegri bílvél. Samlíkingunni sleppir þó um leið og skyggst er undir yfirborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Efnarafall er búnaður sem sér um að framleiða rafmagn úr gastegundum. Þetta hljómar svolítið undarlega í fyrstu, ekki síst þegar hugsað er til þess að hægt er að framleiða nægilegt rafmagn með þessum hætti til að knýja öflugan rafmótor.

Hægt er að nota nokkur efni til að knýja efnarafal. Við skulum líta aðeins nánar á það kerfi sem í dag lítur út fyrir að vera líklegast til að ná í fjöldaframleiðslu; rafal sem gengur fyrir vetnisgasi og súrefni.

Rafallinn samanstendur vanalega af fleiri en einni „sellu“. Við getum ímyndað okkur selluna eins og samloku með smjöri og hangikjöti, þó hún sé auðvitað búin til úr málum og efnum sem framkalla efnahvörf hjá eldsneytinu. Inn í brauðsneið eitt er vetninu dælt undir þrýstingi. Þegar það kemst í snertingu við smjörið (sem er í raun eins konar platínudufthimna) klofnar hver vetnissameind í tvær vetnisjónir og tvær rafeindir.

Rafeindirnar eru leiddar til baka í gegnum brauðsneið eitt og fara þaðan í rafrásirnar og knýja

það sem knýja þarf. Á meðan hefur súrefni verið dælt inn í brauðsneið tvö. Þegar það kemst í snertingu við smjörið klofnar það í tvö súrefnisatóm. Þær hafa neikvæða hleðslu sem draga að sér vetnisjónirnar, alla leið úr brauðsneið eitt, í gegnum smjörið, hangikjötið, meira smjör og inn í brauðsneið tvö.

Um leið og vetnisjónirnar koma yfir í brauðsneið tvö hitta þær fyrir súrefnisatómin og rafeindirnar sem þær sögðu skilið við í brauðsneið eitt. Rafeindirnar þurftu að ferðast lengri leiðina, eftir raflögn, yfir í brauðsneið tvö og það er í raun það ferðalag sem býr til rafstrauminn. Við þessa endurfundi, að viðbættu súrefninu, verður til kunnuglegt efnasamband, H₂O eða vatn. Það er því vatnsframleiðsla úr vetni og súrefni sem býr til strauminn sem efnarafallinn gefur frá sér. Útblásturinn er svo afurðin, eða hreint vatn.

Hver sella gefur frá sér 0,7 Volt þannig að tæplega tuttugu sellu rafal þarf til að knýja bíl. Það er heilmikið af „brauði“.

söluölur }

Yfir hálf milljón seld

TOYOTA PRIUS Í SÓKN Á NIUNDA AFMÆLISÁRINU.

Toyota Motor Corporation greindi frá því í vikunni að sala á Toyota Prius er komin yfir hálf milljón eintaka á þessu ári en í lok apríl höfðu 507.700 eintök verið færð eigendum sínum um allan heim.

Toyota Prius var fyrst kynntur í Japan árið 1997 en sala í Norður-Ameríku og Evrópu hófst árið 2000. Önnur kynslóð Prius var svo kynnt til sögunnar árið 2003 og þá með hinu byltingarkennda Toyota Hybrid System II þar sem áhersla er lögð á umhverfisvernd með minni notkun jarðefnaeldsneytis og minni útblæstri í bland við góða aksturseiginleika.

Í desember 2005 hófst framleiðsla á Prius í fyrsta sinn utan Japans með framleiðslu í Kína fyrir hinn ört stækandi kínverska markað.

Toyota lítur á hybrid-tæknina sem lykiltækni í framþróun bílvéla næstu áratugi og stefnt er að því að bjóða þessar vélar í fleiri tegundum



Toyota og Lexus.

Eins dauði er annars verðhækkun

DAUÐI ZARQAWI HEFUR ÁHRIF Á OLÍUVERÐ.

Hráolíuverðið tifar í takt við fréttir af ástandinu í Mið-Austurlöndum.

Fréttin um dauða Abu Musab al-Zarqawi, leiðtoga al-Qaeda í Írak, hafði strax áhrif á heimsmarkaðsverð á hráolíu. Á Brent-markaðnum lækkaði olíutunnan um 0,81 Bandaríkjadál niður í 68,38 sem er það lægsta í þrjár vikur. www.fib.is



Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

ALTERNATORAR OG STARTARAR

í fólksbíla, jeppa, vörubíla, vinnuvélar og bátavélar. Á lager og hraðsendingar. Yfir 40 ára reynsla.



Valco UMBODIÐ

BÍLARAF Auðbrekku 20 s.564 0400

NÝ SENDING Á GAMLA GENGINU!

ATH!!!

Husqvarna



pukinn.com

GRENSÁSVEGI 14 / 108 REYKJAVÍK / 566 6820

HENTUGT

LYSING.IS // 540 1500

LÝSING

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér hentuga lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga

Toyota með yfirburðasölu

Samkvæmt nýjum tölum frá BÍlgreinasambandinu um nýskráningu bíla hefur Toyota enn yfirburðastöðu á íslenskum markaði.

Bílur heldur áfram að fjölga nokkurð ört hér á landi samkvæmt nýjum tölum frá BÍlgreinasambandinu yfir nýskráða bíla á fyrstu fimm mánuðum ársins. Alls voru skráðir 8.374 nýir bílar frá janúar til maí á þessu ári og 1.232 notaðir bílar voru skráðir í fyrsta skipti hér á landi. Með sendibifreiðum, vörubifreiðum og hópferðabílum voru alls 11.264 ný ökutæki skráð hér á landi á tímabilinu.

Samkvæmt tölum BÍlgreinasambandsins heldur Toyota enn gríðarlegum yfirburðum sínum varðandi sölu á nýjum bílum hér á landi. Alls voru Toyota bifreiðar 27,6% allra nýskráða fólksbifreiða á fyrstu fimm mánuðum ársins.

Næstir í röðinni komu Volkswagen með 7,2%, Hyundai með 6,3% og Ford með 6,2%. - sha



Toyota Aygo er einn af þeim fjölmörgu bílum frá Toyota sem selst hefur grímt hér á landi það sem af er árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Keppt um litla eyðslu

ALLT AÐ FIMMTÍUFÖLD NÝTNI MIÐAÐ VIÐ FJÖLSKYLDUBÍLA.

Í vikunni hófst árleg verkfræðikeppni um ofurnýtin farartæki í Michigan í Bandaríkjunum. Markmið keppenda er að smíða eins manns farartæki sem eyðir sem minnstu eldsneyti. Yfir 30 lið taka þátt að þessu sinni en keppnin hefur verið árlegur viðburður síðan 1980. Keppendur eru margir ennþá á unglingsárum en keppniliðin eru mynduð í bekkjardeildum skóla. Farartækin þurfa ekki að henta til fjöldaframleiðslu, því aðaltilgangur keppinnar er að finna nýjar leiðir til að auka eldneysnýtingu sem hægt væri að heimfæra upp á fullvaxna bíla.



Sigurvegarar í keppinni 2002. Bíllinn fékk viðurmeðnið „Kolefniskistan“ og eyddi 0,22 lítrum á hundraði.

Ef einhver hefur í hyggju að fara í bílskúrinn í kvöld og slá metið upp á eigin spýtur gæti verið gott að taka með auka kaffibrúsa því núverandi met er rúmlega 0,128 lítrar fyrir 100 ekna kílómetra.

NISSAN NOTE





NÝR FJÖLSKYLDUBÍLL FRÁ NISSAN

Krakkabíll með karakter!

Nissan NOTE hefur alla kosti fjölskyldubíls og meira til: Öryggi, lipurð, kraft og þægindi. Það sem gerir NOTE að nýrri tegund fjölskyldubíls er sérhannað rými fyrir börnin, öðruvísi útlit og mikill persónuleiki. NOTE er bíll fyrir alla fjölskylduna, líka krakka með karakter!

Prófaðu Note og fáðu miða í bió!
Allir sem koma og reynsluaka nýjum NOTE fá miða á IceAge eða Hoodwinked meðan birgðir endast!

| | Vél. | Hö. | Gírskipting | Verð |
|------------|------|-----|--------------|---------------|
| NOTE Visia | 1,4 | 88 | Beinskiptur | 1.740.000 kr. |
| NOTE Visia | 1,6 | 110 | Sjálfskiptur | 1.950.000 kr. |
| NOTE Tekna | 1,6 | 110 | Sjálfskiptur | 2.190.000 kr. |

50.000 kr. kaupauki!

50.000 kr. bensínkort frá  fylgir öllum nýjum Nissan bílum!

Geymsluhólf - kæliur fyrir drykki - öryggisþúðar - dótahólf - borð - rúmgott farangursrými










Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Selfossi 482 3100

Njarðvík 421 8808

Akranesi 431 1376

Höfn í Hornafirði 478 1990

Reyðarfirði 474 1453

Akureyri 461 2960



Af mörgu er að taka ofan í vélarhlífni en einföldustu atriðin eru oftast þau mikilvægustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Allt tilbúið í ferðina?

Áður en lagt er af stað í ferðalög út á land er vissara að ljúka við að yfirfara ýmis atriði.

Þegar lagt er af stað í langferðir geta ýmis atriði komið í ljós varðandi bifreiðina sem ekki voru eins augljós í venjulegum innanbæjarakstri. Gott er að yfirfara bíllinn rétt áður en lagt er í hann.

Þrennt þarf helst að hafa í huga og hafa í lagi þegar ferðast er; bremsur, olíu og hjól. Allir ættu að vita að strax og undarleg hljóð fara að heyrast þegar stigið er á bremsuna þarf að skipta um bremsuklossa. Olíuna má láta skoða á bensínstöðinni og þar má einnig tryggja að loftþrýstingur sé réttur í hjólbörðum. Á sumum bensínstöðvum er kominn mjög fullkominn tölvustýrður búnaður til þess að athuga loftþrýsting og ættu allir að geta nýtt sér hann. - sha

www.velaborg.is S: 414 8600

NÝTT Á ÍSLANDI



Sendibíll hannaður af atvinnumönnum fyrir atvinnumenn

LDV Maxus er nýr bíll frá Englandi hannaður fyrir atvinnumenn í sendiakstri.

Hliðar og afturhurðir eru með stærstu opnun sem fæst á slíka bíla.

Vélin er ný hönnun frá Ítalíu og er mjög sparsöm (9 ltr/ pr 100 km) í blönduðum akstri.

Bíllarnir eru klæddir í hliðum og í gólfi og eru vel búnir í öikumannsrými.

Eigum til á lager 4 bíla, Lágþekju, Háþekju og Extraháþekju 2,8 - 3,2 tonn bæði 95 og 120 hð.

Vélaborg ehf

Reykjavík Krókhálsi 5F [gengið inn frá Járnhálsi] 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601
Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601



HVERNIG GRILLAR MAÐUR NAUTAKJÖT?

-þú veist það ef þú lest Fréttablaðið



FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið!



Rovinj er einn fallegasti bærin við strendur Adríahafsins. Þröngar götur hlykkjast milli gamla húsa og höfnin iðar af lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Evrópa eins og hún var

Króatía hefur upp á allt að bjóða. Falleg náttúran, lifandi menning og notalegt loftslag eru meðal þess sem dregur íslenska ferðamenn til landsins.

Króatía hefur verið vinsæll áfangastaður íslenskra ferðalanga undanfarin ár. Flestir dvelja þeir í sumarvabæjunum á Istríaskaganum og þar er af nógu að taka fyrir ferðamenn. Istríaskaginn er nyrsti hluti Króatíu. Þar er fjöldinn allur af fallegum litlum bæjum sem kúra niður við ströndina eða tróna upp á hæðum inn til landsins. Klettóttar strendur, grónar vínekrur og blómlegar byggðir einkenna svæðið sem á sér langa sögu. Víða má finna minjar frá tímum Rómverjanna en menning landsins er skemmtileg blanda sem Grikkir, Rómverjar, Slavar, Ítalir og Austurríkismenn hafa sett mark sitt á. Strandbæirnir Porec og Rovinj eru vinsælustu sumarvabæirnar meðal Íslendinga en báðir bæirnir eiga sér langa sögu. Það er auðvelt að ferðast um Króatíu á eigin vegum. Bílaleigubílar



Í bænum Groznan. Hlaðnar, þröngar götur og vinalæg gömul hús einkenna bæina á Istríaskaganum. FRÉTTABLAÐIÐ/PÓRGUNNUR



Pula er stærsta borgin á Istríaskaganum og þar er að finna merkar minjar frá tímum Rómverja. Hringleikahúsið er eitt stærsta og best varðveitta hringleikahúsið í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/PÓRGUNNUR

eru ódýr kostur og vegakerfið er til fyrirmyndar. Fyrir þá sem dvelja í Porec eða Rovinj er stutt að skreppa yfir til Slóveníu og það tekur einungis um tvær og hálf klukkustund að keyra til Zagreb, höfuðborgar Króatíu. Pula er stærsti bærin á Istríaskaganum og hann ættu ferðamenn ekki að láta fram hjá sér fara. Ágætar almennings-samgöngur eru á svæðinu og auðvelt er að taka rútu milli helstu bæja. Þá er einnig gaman að ferðast um svæðið á reiðhjólum.

Undan ströndum Króatíu eru fjölmargar eyjar sem gaman er að heimsækja. Ferðaskrifstofurnar bjóða upp á skemmtilegar siglingar og eins er hægt að leigja sér báta fyrir styttri ferðir. Þeir sem vilja sigla lengra geta skellt sér í dagsferð yfir Adríahafið til Feneyja sem eru skammt undan.

Króatar dekra við bragðlaukana þegar kemur að matargerð. Ítalskra áhrifa gætir í matargerð á Istríaskaganum og á hverju götuhorni má rekast á veitingastaði sem bjóða upp á pítur og pasta. Hvers kyns sjávarfang er einnig áberandi á matseðlumum og fiskimenn leggja að höfn í Porec og Rovinj með alls

konar góðgæti úr sæ. Svæðið er einnig þekkt fyrir góð vín en á Istríaskaganum eru fjölmargir vín-ræktendur. Verðið er hagstætt og maturinn er undantekningalaust góður.

Uppbyggingin í Króatíu undanfarin ár er aðáunarverð og ferðamönnum er vel tekið. Landið er í senn framandi og nútímalegt og margir eru sammála um að þar sé að finna Evrópu eins og hún var.

thorgunnur@frettabladid.is

> Ekki missa af...

Gönguferð um gamla bæinn í Rovinj. Eins og að röлта aftur í tímann.

Euphrasíusar-basilíkunni í Porec.

Hringleikahúsinu í Pula. Eitt stærsta og best varðveitta hringleikahúsið í heiminum.

Dagsferð til Dubrovnik. Langt að fara en klárlega þess virði.

Groznan. Skemmtilegur listamannabær í dásamlegu umhverfi.

Tímarit um útivist og ferðalög



ÚTIVERA

Nýtt tölublað
100 blaðsíður

Söguslóðir og hvítar strendur

Strandbærinn Peniscola er sögulegur bær sem liggur norðarlega í Valencia-héraði á Spáni, um klukkustundar akstur er í suðurátt til samnefndrar borgar.

Bærinn skartar líkt og flestir aðrir strandbæir á Spáni nútímallegri og langri strandgötu sem teygir sig nokkra kílómetra meðfram fallegri hvítri sandströnd. Út frá ströndinni má vaða þrjátíu metra áður en sjórinn nær meðal stórum manni upp á mitti.

Yfir ströndinni gnæfir gamall kastali sem stendur á sextíu



Það elta margir sólina á Spáni.

metra hárrí hæld sem umlukinn er háum virkismúrum. Þáfar og konungar voru meðal ábúenda í kastala þessum öldum saman. Andstæðurnar á milli nýtiskulegrar strandgötunnar og kastalans eru hrífandi. Kvíkmyndin El Cid sem fjallar um spænsku 11. aldar goðsögnina Rodrigo Díaz de Vivar með stórleikaranum Charlton Heston í aðalhlutverki var kvíkmynduð í kastalanum og umhverfi hans. Þegar upp á hæðina er komið taka við þröngar húsa-götur umhverfis kastalan og fer hugurinn af stað um ævintýri fyrri alda. Innan um þröngar götur á hæðinni er aragrúi veitingastaða sem flestir bera fram



Strandbærinn Peniscola.

sjávarrétti úr Miðjarðarhafinu, margir veitingastaðirnir eru þannig staðsettir að hægt er að njóta tilkomumikils útsýnis yfir Miðjarðarhafið á meðan fólk gæðir sér á matnum.

Bærinn er þeim kosti gæddur að túristavæðingin er ekki orðin eins mikil og á mörgum öðrum stöðum á Spáni. Breskir barir eru sjaldséðir og gestir inni á þeim jafnvel sjaldséðari. Stærstur hluti gestanna er spænskt fjölskyldufólk. Íslenskar ferðaskrifstofur eru ekki farnar að bjóða upp á pakkaferðir til bæjarins en miðað við það sem hann hefur upp á að bjóða þá gæti það hæglega gerst. Nýi hluti bæjarins er skynsamlega byggður, engin tíu hæða hótél sem skyggja á síðdegissólinna hafa risið við ströndina nálægt gamla bænum. Götturnar eru hreinar og ekki hafa skyndibitakeðjur náð fótfestu heldur.

Sólardýrkendur í leit að rólegu fríi í tiltölulega óspilltum bæ ættu að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Sumir sem heimsækja spænska sólarströnd ekki í þeim tilgangi að vakna um miðja nótt þegar breski hópurinn á hótelinu kemur heim af barnum, með fullri virðingu fyrir þeirri annars ágætu þjóð. Peniscola hentar vel þeim sem vilja fá góðan nætursvefn.

valgeir@frettabladid.is



Gísli Einarsson segir sögur á Sögu lofti Landnámssetursins.

Vesturland fyrir ferðamenn

Ferðabjónustufyrirtæki vekja athygli á Vesturlandi sem vænlegum kosti fyrir ferðamenn.

Þúsundir landsmanna flyktust á Vesturland um Hvítasunnuhelgina. Ástæðan var átak sextán ferðabjónustuaðila sem tekið hafa höndum saman til að vekja athygli á Vesturlandi sem vænlegum ferðavalkosti.

Ferðalangar hlýddu á sagnamenn, söngvara og tónlistarmenn

vítt og breytt um Borgarfjörð, gengu á fjöll og nutu kræsinga á Snæfellsnesi. Enn fremur brugðu menn sér í siglingar um Breiðafjörð og brýndu busana með víkingum í Dölum.

Næsta samstarfsverkefni ferðabjónustufyrirtækjanna er að fylkja liði á Vestnorden ferðakaupstefnuna í Reykjavík í haust til að festa Vesturland enn frekar í sessi hjá þeim erlendu áðilum sem selja ferðir til Íslands.

Kortabók Íslands komin út

NY ÚTGÁFA AF KORTABÓK ÍSLANDS ER KOMIN ÚT.

Á dögnum kom út hjá Máli og menningu ný útgáfa af Kortabók Íslands. Bókin inniheldur ný kort í mælikvarðanum 1:300 000 með sama útliti og Íslandsatlas Eddu. Landið er sýnt á 60 kortum sem unnin eru með bestu nútíma tækni og sýna landið eins og það er. Að auki eru í bókinni 40 kort



af höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlissvæðum auk upplýsinga um söfn, sundlaugar, golfvelli, tjaldsvæði og annað slíkt.

Kortabókin er gormabundin og í þægilegu broti svo auðvelt er að fletta upp í henni á ferðalögum. Um er að ræða góða og aðgengilega bók sem er ómissandi í bílinn.

Nýja kortabókin er ómissandi í ferðalagið.

góð ráð }

Ertu á leið til framandi landa?

Á heimasíðu Lonely Planet: www.lonelyplanet.com, er að finna góðar upplýsingar fyrir ferðamenn. Á síðunni eru upplýsingar um flest öll lönd í heiminum, jafnvel þau allra frumstæðustu sem fáir ferðamenn heimsækja. Það besta við vefinn eru umræðubræðirnir. Þar skiptast ferðalangar á upplýsingum og reynslusögum og þar má finna upplýsingar um allt milli himins og jarðar sem oft eru raunhæfari en það sem lesa má í glansbæklingum ferðaskrifstofanna.



Um 15 prósent ferðamanna sem koma á Keflavíkurflugvöll eru á leið til annarra landa en Íslands.

Farþegum fjölga

FERÐAMÖNNUM Á LEIÐ TIL OG FRÁ ÍSLANDI FJÖLGAÐI UM 20 PRÓSENT Á MILLI ÁRA.

Farþegar um Keflavíkurflugvöll í maí voru 165 þúsund talsins og fjölgaði þeim um tæp 15 prósent milli ára. Um 15 prósent ferðalanganna áttu þó aðeins viðkomu hér á leið til annarra landa. Ef einungis er tekinn fjöldi þeirra sem voru á leið til og frá Íslandi fjölgaði farþegum um tæp 20 prósent. Fjöldi þeirra sem fóru um Keflavíkurvöll fyrstu fimm mánuði ársins var ríflega hálf milljón, eða 12 prósentum fleiri en árið 2005. Upplýsingar eru fengnar af vef Ferðamálastofu.

Stökktu til Króatíu

21. júní frá kr. 39.990

Allra síðustu sætin

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Króatíu í júní. Króatía hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum síðan við kynntum þennan frábæra áfangastað.

Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað. Griptu tækifærið og kynntu einum eftirsóttasta áfangastað ferðamanna í Evrópu.



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



fál FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Innritun fyrir haustönn 2006

Innritun fyrir haustönn 2006 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 12. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.

Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs:
félagsfræðibraut,
málabraut,
náttúrufræðibraut og
viðskipta- og hagfræðibraut.

Starfsnámsbraut;
upplýsinga- og fjölmiðlabraut
– veftæknaám, -viðbótarnám til
stúdentsprófs

Heilbrigðisskólinn:
Heilsunuddarabraut,
hjúkrunar- og móttökuritarabraut,
brúarnám á hjúkrunar- og
móttökuritarabraut,
lyfjatæknaþraut,
læknaritarabraut,
sjúkraliðabraut,
brúarnám á sjúkraliðabraut og
tanntæknaþraut.
-viðbótarnám til stúdentsprófs

Almenn námsbraut.

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Þar er einnig kynning á skólastarfinu, myndir úr félagslífi o.fl.

Skólinn býður upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Skólameistari



Söguslóðir og hvítar strendur

Strandbærinn Peniscola er sögulegur bær sem liggur norðarlega í Valencia-héraði á Spáni, um klukkustundar akstur er í suðurátt til samnefndrar borgar.

Bærinn skartar líkt og flestir aðrir strandbæir á Spáni nútímallegri og langri strandgötu sem teygir sig nokkra kílómetra meðfram fallettri hvítri sandströnd. Út frá ströndinni má vaða þrjátíu metra áður en sjórinn nær meðal stórum manni upp á mitti.

Yfir ströndinni gnæfir gamall kastali sem stendur á sextíu



Það elta margir sólina á Spáni.

metra hárrí hæld sem umlukinn er háum virkismúrum. Þáfar og konungar voru meðal ábúenda í kastala þessum öldum saman. Andstæðurnar á milli nýtiskulegrar strandgötunnar og kastalans eru hrífandi. Kvíkmyndin El Cid sem fjallar um spænsku 11. aldar goðsögnina Rodrigo Díaz de Vivar með stórleikaranum Charlton Heston í aðalhlutverki var kvíkmynduð í kastalanum og umhverfi hans. Þegar upp á hæðina er komið taka við þröngar húsagötur umhverfis kastalann og fer hugurinn af stað um ævintýri fyrri alda. Innan um þröngar götur á hæðinni er aragrúi veitingastaða sem flestir bera fram



Strandbærinn Peniscola.

sjávarrétti úr Miðjarðarhafinu, margir veitingastaðirnir eru þannig staðsettir að hægt er að njóta tilkomumikils útsýnis yfir Miðjarðarhafið á meðan fólk gæðir sér á matnum.

Bærinn er þeim kosti gæddur að túristavæðingin er ekki orðin eins mikil og á mörgum öðrum stöðum á Spáni. Breskir barir eru sjaldséðir og gestir inni á þeim jafnvel sjaldséðari. Stærstur hluti gestanna er spænskt fjölskyldufólk. Íslenskar ferðaskrifstofur eru ekki farnar að bjóða upp á pakkaferðir til bæjarins en miðað við það sem hann hefur upp á að bjóða þá gæti það hæglega gerst. Nýi hluti bæjarins er skynsamlega byggður, engin tíu hæða hótél sem skyggja á síðdegissólinu hafa risið við ströndina nálægt gamla bænum. Göturnar eru hreinar og ekki hafa skyndibitakeðjur náð fótfestu heldur.

Sólardýrkendur í leit að rólegu fríi í tiltölulega óspilltum bæ ættu að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Sumir sem heimsækja spænska sólarströnd ekki í þeim tilgangi að vakna um miðja nótt þegar breski hópurinn á hótelinu kemur heim af barnum, með fullri virðingu fyrir þeirri annars ágætu þjóð. Peniscola hentar vel þeim sem vilja fá góðan nætursvefn.

valgeir@frettabladid.is



Gísli Einarsson segir sögur á Sögu lofti Landnámssetursins.

Vesturland fyrir ferðamenn

Ferðabjónustufyrirtæki vekja athygli á Vesturlandi sem vænlegum kosti fyrir ferðamenn.

Þúsundir landsmanna flyktust á Vesturland um Hvítasunnuhelgina. Ástæðan var átak sextán ferðabjónustuaðila sem tekið hafa höndum saman til að vekja athygli á Vesturlandi sem vænlegum ferðavalkosti.

Ferðalangar hlýddu á sagnamenn, söngvara og tónlistarmenn

vítt og breytt um Borgarfjörð, gengu á fjöll og nutu kræsinga á Snæfellsnesi. Enn fremur brugðu menn sér í siglingar um Breiðafjörð og brýndu busana með víkingum í Döllum.

Næsta samstarfsverkefni ferðabjónustufyrirtækjanna er að fylkja liði á Vestnorden ferðakaupstefnuna í Reykjavík í haust til að festa Vesturland enn frekar í sessi hjá þeim erlendu áðilum sem selja ferðir til Íslands.

Kortabók Íslands komin út

NY ÚTGÁFA AF KORTABÓK ÍSLANDS ER KOMIN ÚT.

Á dögnum kom út hjá Máli og menningu ný útgáfa af Kortabók Íslands. Bókin inniheldur ný kort í mælikvarðanum 1:300 000 með sama útliti og Íslandsatlas Eddu. Landið er sýnt á 60 kortum sem unnin eru með bestu nútíma tækni og sýna landið eins og það er. Að auki eru í bókinni 40 kort



af höfuðborgarsvæðinu og öðrum þéttbýlissvæðum auk upplýsinga um söfn, sundlaugar, golfvelli, tjaldsvæði og annað slíkt.

Kortabókin er gormabundin og í þægilegu broti svo auðvelt er að fletta upp í henni á ferðalögum. Um er að ræða góða og aðgengilega bók sem er ómissandi í bílinn.

Nýja kortabókin er ómissandi í ferðalagið.

góð ráð }

Ertu á leið til framandi landa?

Á heimasíðu Lonely Planet: www.lonelyplanet.com, er að finna góðar upplýsingar fyrir ferðamenn. Á síðunni eru upplýsingar um flest öll lönd í heiminum, jafnvel þau allra frumstæðustu sem fáir ferðamenn heimsækja. Það besta við vefinn eru umræðubræðirnir. Þar skiptast ferðalangar á upplýsingum og reynslusögum og þar má finna upplýsingar um allt milli himins og jarðar sem oft eru raunhæfari en það sem lesa má í glansbæklingum ferðaskrifstofanna.



Um 15 prósent ferðamanna sem koma á Keflavíkurflugvöll eru á leið til annarra landa en Íslands.

Farþegum fjölga

FERÐAMÖNNUM Á LEIÐ TIL OG FRÁ ÍSLANDI FJÖLGAÐI UM 20 PRÓSENT Á MILLI ÁRA.

Farþegar um Keflavíkurflugvöll í maí voru 165 þúsund talsins og fjölgaði þeim um tæp 15 prósent milli ára. Um 15 prósent ferðalanganna áttu þó aðeins viðkomu hér á leið til annarra landa. Ef einungis er tekinn fjöldi þeirra sem voru á leið til og frá Íslandi fjölgaði farþegum um tæp 20 prósent. Fjöldi þeirra sem fóru um Keflavíkurvöll fyrstu fimm mánuði ársins var ríflega hálf milljón, eða 12 prósentum fleiri en árið 2005. Upplýsingar eru fengnar af vef Ferðamálastofu.

Stökkðu til Króatíu

21. júní frá kr. 39.990

Allra síðustu sætin

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Króatíu í júní. Króatía hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum síðan við kynntum þennan frábæra áfangastað.

Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað. Griptu tækifærið og kynntu einum eftirsóttasta áfangastað ferðamanna í Evrópu.



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



fál FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Innritun fyrir haustönn 2006

Innritun fyrir haustönn 2006 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 12. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.

Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs:
félagsfræðibraut,
málabraut,
náttúrufræðibraut og
viðskipta- og hagfræðibraut.

Starfsnámsbraut;
upplýsinga- og fjölmiðlabraut
– veftæknanám, -viðbótarnám til
stúdentsprófs

Heilbrigðisskólinn:
Heilsunuddarabraut,
hjúkrunar- og móttökuritarabraut,
brúarnám á hjúkrunar- og
móttökuritarabraut,
lyfjatæknaþraut,
læknaritarabraut,
sjúkraliðabraut,
brúarnám á sjúkraliðabraut og
tanntæknaþraut.
–viðbótarnám til stúdentsprófs

Almenn námsbraut.

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Þar er einnig kynning á skólastarfinu, myndir úr félagslífi o.fl.

Skólinn býður upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Skólameistari



notaðir bílar Ingvar Helgason



BF759 Nissan Almera Acenta SOL nýskr.10/05, ssk, ek.10 þús.km. Verð 1.780.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020

notaðir bílar Ingvar Helgason



SL224 Isuzu Trooper 3.0 32" nýskr.10/00 ssk ek.130.þús.km. Verð.1.670.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020

notaðir bílar Ingvar Helgason



DE241 Nissan 350Z nýskr.03/05 bs. Ek.7.þús.km. Verð.4.080.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020

notaðir bílar Ingvar Helgason



PK852 Subaru Legacy Wagon nýskr.05/05 ssk Ek.7.þús.km. Verð.2.340.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



TOYOTA RAV4. Nýskr: 05/2003, 2000cc, 5 dyra, Fimmgráa, Ljósgrár, Ekinn 77.000km. Verð: 1.860.000



SUZUKI GRAND VITARA. Nýskr: 06/2002, 2000cc, 5 dyra, Fimmgráa, Hvítur, Ekinn 77.000 þ. Verð: 1.390.000



JZ847 Citroen C2 VTS nýskr.12/04 bs. Ek.15.þús.km. Verð.1.470.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



OV022 Saab 9-3 nýskr.02/99 bs. Ek.102.þús.km. Verð.1.120.000. Tilboð.980.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



ZS617 Subaru Forester AX nýskr.06/99 bs. Ek.131.þús.km. Verð.870.000. Tilboð.680.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



YB697 Nissan Patrol Luxury 32" nýskr.07/03 ssk ek.71.þús.km. Verð.3.370.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



UG024 Suzuki Baleno stw 4x4 nýskr.05/02 bs. Ek.60.þús.km. Verð.1.060.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



MM626 Suzuki Vitara JLX-SE nýskr.07/98 bs. Ek.119.þús.km. Verð.580.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.ih.is



TM827 Alfa Romeo 156 nýskr.10/00 ssk. Ek.65.þús.km. Verð.1.490.000. Tilboð.990.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



YN696 Subaru Legacy Wagon nýskr.08/01 ssk Ek.54.þús.km. Verð.1.320.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



PL432 Mitsubishi L200 Double Cab GLS 4WD nýskr. 05/03 bs. Ek.45.þús.km. Verð.2.180.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



GN370 Volkswagen Passat Comfort line nýskr.07/04 ssk. Ek.36.þús.km. Verð.2.160.000. Tilboð.1.780.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



NZ381 Opel Combo C Van nýskr.03/03 bs. Ek.27.þús.km. Verð.1.050.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



VO780 Subaru Legacy Outback nýskr.12/00 ssk. Ek.135.þús.km. Verð.1.440.000. Tilboð.1.190.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



SX208 Nissan Terrano Luxury 32" nýskr.09/00 ssk ek. 198.þús.km. Verð.1.490.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



RT998 Nissan Terrano Sport 31" nýskr.09/04 bs. Ek.53.þús.km. Verð.2.890.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



UH227 Nissan X-Trail Sport nýskr.04/02 bs. Ek.93.þús.km. Verð.1.620.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



MR529 Nissan X-Trail Elegance nýskr.11/05 ssk ek.6.þús.km. Verð.3.120.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020




YV179 Nissan Maxima QX nýskr. 03/00, ssk, ek. 80 þús.km. Verð 980.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



UM837 Opel Corsa Comfort EA nýskr.03/05 bs/ssk Ek.7.þús.km. Verð.1.350.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



BL468 Renault Kangoo nýskr.11/04 bs. Ek.22.þús.km. Verð.1.240.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



NISSAN TERRANO II Nýskr: 06/2002, 2700cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Graenn, Ekinn 125.000 þ. Verð: 1.970.000



LAND ROVER DISCOVERY Nýskr: 05/2001, 2500cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 119.000 þ. Verð: 2.190.000



JEEP GRAND CHEROKEE. Nýskr: 07/1999, 4000cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 102.000km Verð: 950.000



BMW M5 Árgerð 2001 Ekinn. 100 þ.km. Verð kr. 4650.000. Mjög gott eintak



HYUNDAI TUCSON Nýskr: 10/2005, 2700cc, 4 dyra, Sjálfskiptur, Rauður / Svartur, Ekinn 3.000km. Verð: 2.790.000



Mitsubishi Colt, árgerð '97, silfurgrár, ekinn 100.000, geislasplari og vetrardekk fylgja með, verð 400.000 kr, upplýsingar í síma 869 9295.



VAGNASMÍDJAN HÚSVAGNAR ehf.
Eldshöfða 21 - 110 Reykjavík
Sími 587 2200 / 894 6000

Tilboð Vökkunnar.
Hobby Landhaus 2006 uppseld í Þýskalandi. Eigum eitt á lager. Verð aðeins 3.000.000 Kr. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Öll Hobby á frábæru verði, allt að 100% lán. Vagnasmíðjan-Húsvagnar ehf. S: 587 2200, 894 6000 www.vagnasmidjan.is.




Nýir 2006 Diesel Kia Sorento Ex 2,5 CRDI, 140 hestöfl. Sjálfskiptur, gler-toppúga, leðurinnrétting, tölvustýrt miðstöð með loftkælingu. Hraðastíllir, ABS, krömpakki. Verð 3.680.000. Skoðum skipti.

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
www.bilasalaislands.is



BMW M5 Árgerð 2001 Ekinn. 100 þ.km. Verð kr. 4650.000. Mjög gott eintak

Höfðahöllin
Klettháls 2, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



Cross fire árg. '06 til sölu frábær sport-bíll ek. 1500 km ath skipti. Uppl. í s. 899 0255.



Mitsubishi Colt, árgerð '97, silfurgrár, ekinn 100.000, geislasplari og vetrardekk fylgja með, verð 400.000 kr, upplýsingar í síma 869 9295.

HÚSBÍLA- OG HJÓLHÝSASÝNING

Húsbíla og hjólhýsasýning



McLousis húsbílar
www.mclousis.com



Caravelair hjólhýsi
Verð frá 1.490.000 kr.



P. Karlsson ehf

Þráðmar S: 824 3900.

www.pkarlsson.is

Sýning á plani Bíljöfurs

Smiðjuvegi 34 (gul gata) Opið laugardag kl. 12-17 og sunnudag 11 - 18

BÍLAR TIL SÖLU

Til Sölu er Mercedes Benz E 220 CDI Diesel

- Avantgarde
- Skráður 09/2004
- Ekinn 38.000 km
- Svartur
- Áhvílandi 4.770.000 kr
- Verð 5.290.000 kr



Upplýsingar í síma 897 4583

islandus.com

Spurðu Tóta

NYTT!
Leitar-Vélmenni

GM, Nissan, Audi, VW, Toyota, Mercedes-Benz, Opel, Volvo, Ford, Peugeot, Renault, Citroën, Honda, Suzuki, Yamaha, Kawasaki, Honda, Suzuki, Yamaha, Kawasaki, Honda, Suzuki, Yamaha, Kawasaki

Bílar á lægra verð!
Ábyrgð fylgir öllum bílum

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000



Toyot Corolla H/B Sol '05 5 dyra, ssk. ek. 20 þús. 1600 cc. V+S dekk. Verð 1.950 þús. áhv. 1850 þús. yfirtaka á lán. ca. 30 á mánn. Uppl. í s. 659 9979 & 866 6684.



Diesel, verð 650 þúsund
GMC Surburban árg. '91, ssk., ek. 180 þ., 6.2D, 7 manna, sk. '07. Uppl. í s. 849 4930.



Kia Grand Sportage árg. '01, 2L, 5 girá. Bill í toppstandi. Bilalán 570 þús. Tek ódýrari uppl. Uppl. í s. 695 0443.



Toyota Landcruiser 80vx, árg.'93, 38" breyttur, ekinn 254 þ., ásett verð 1.800 þús. skipti möguleg-skoða allt, uppl. s. 849 0920, Sveinn.



Nissan Terrano II árg.'01. Ek. 105 þús. Verð 1590 þús. Uppl. í s. 660 1790.



Toyota MR2 glæsilegur blæjubíll, eyðsla um 7 á hundradi, árg. '00, ný vél, svartur, er á 17" álfelgum. Hardtop fylgir, engin skipti Verð 1700 þ. eða 500 þ. út og yfirtaka á láni. S. 848 7676.



Volvo S60 2,50 turbo, ssk. árg.'06. Ek. 6000. Vel með farin. Uppl. s. 699 2905.



MB 190E, ssk. ek. 247 þús, skoðaður 07. Toppluga, álfelgur, CD. Vel með farinn bíll. S.8406048



Til sölu MGB roadster '76 árgerð. Blæju og hardtop. Þarfnast aðallega boddývinnu. Uppl. í síma 8490672



Nissan Sunny árg '93 sr, ssk, sk '07 Verð 140 þús. Uppl. í s. 820 3478



Volvo V40
Árg. '99, ek. 51 þ., þjónustubók, ssk., barmastólar, ný sumar og vetrardekk, einn eigandi. Bill í sérflökki. S. 892 7910.



Ford Fiesta 1998 95.000 kr afsl
Ford Fiesta 1998 ek. 130 þ. Ný Pirelli sumardekk. Vetrard. á felgum. Skoðaður '07. Upphitið framrúða. Ásett verð 315.000. Tilboð 220.000 kr.
Uppl S: 690 0919



Til sölu MMC- lancer, skráður 10.98. Ek. 26 þús. Gullfallegur dekurbíll. Verð 590 þús. Uppl. í s. 565 7258.



Nissan Terrano II SE
1997 árg, 2.7Tdi, ekinn 228þ.km. Álfelgur, toppluga, rafmagn í rúðum, CD o.fl. Fallegur bíll í góðu standi.
Verð 750þús. Áhv.318þ. Uppl í s. 692-8525



Til sölu VW Póló árg. 2006, ekinn 2.000 km. Ekkert út og 26.000 krónur á mánuði. Upplýsingar í síma 660 0581.



Toyota Avensis stw 1,8, ssk., skr. 06/2005, sk '08 ek. 69 þús. Nýjir brkl.,cd, gott verð. Uppl. í s. 848 4321.



Lincoln Navigator árg. '03, ek. 34 þ. mílur, lítur hvítur, 22" krómfelgur. Til sýnis hjá Höfðabílum. Uppl. í s. 896 0015.



BÍLAUPPBOD
islandus.com
1140 stk til sölu:
Porsche Cayenne
Frá Kr. 5.790.000



Lítlisháttar skemmdur
Dodge Intrepid, árg. 1998, ekinn 125.000 km, ný skoðaður, V.1.070 þ.kr. Fæst á 850 þús. stgr. Uppl í s. 868 5922.



Mini Cooper S
Nýskráður 2/2003, ek. 65 þ. km, svartur, . Áhvílandi 2.480.000. Verð 3.090.000. Uppl. í síma 897 4583.



Audi S8 Quattro 360 hö., árg. '01 ekinn 180 þ. uppl. í síma 845 4414.



VW Golf árg. '97 ek. 178 þ., sk. '07, verð 250 þ., háfa samb. við Ástu í s. 822 1312.



Ford F350 árg. '05 bíll sem er hlaðinn aukabúnaði, ath skipti á ódýrari. Uppl. 845 4414.




Til sölu Toyota Corolla 1,6 VVTi, ssk., árg. 08-2003 ekinn 58.000 km. Fallegur og þægilegur bíll í toppstandi. Verð 1.590.000. Upplýsingar í síma 895 4152.



100% yfirtaka á láni Audi A6 1800 turbo 2001 ekinn rúm 150 þús. Toyota Aygo glæný ekinn 800 km. 100% yfirtaka á láni, með sport pakka. Uppl. í s. 899 4755.



Til sölu Mazda 626 GLX 1998 ek. 80.000, 2.0L, sjálfskiptur, vel með farinn. Ásett verð 800.000 gott stgr. verð. hafid samband við Steindór 860 5184.




Til sölu Toyota Corolla '93 árg. Ek. 220 þ. Gott eintak. Tilboð óskast. Uppl. í s:8455870




Hyunda Accent árg '97. Sjálfskiptur, ekinn 76 þús. Verð 200 þús. Uppl. í s. 698 6572 & 567 0449



Auðveld kaup!
Renault Megan Scenic árg. '99, sk'07. Yfirtaka 450 þús. afborgun 15 þús./mán. S. 695 0443.




10 t man kassabíll til sölu. 224, árg '98 m/ 2 og hálfis tonna lyftu og burðargetu upp á 4,6 tonn. Ekinn 297 þús. Uppl. í s. 897 8035



Til sölu Toyota 4 runner 1992, verð 150 þ. Upplýsingar, Einar í síma 8699954



Ungur reglusamur maður, óskar eftir stúdíó íb. á svæði 105-108 í langtímaleigu greiðslugeta 50-70 þ á mán. Uppl. í s. 846 0621.

Óska eftir 2ja herb. íbúð til leigu, helst miðsvæðis í Rvk. Reglusemi og öruggar greiðslur. Uppl. í síma 697 8374.

Snyrtileg íbúð óskast.

Óskum eftir snyrtilegri 4 herb íbúð á svæði 101-104-105-107-108. Fyrirframgreiðsla ef óskað er. Reglusemi og skilvís heitið. Greiðslugeta allt að 110þús á mánuði. Uppl í s 691-1417.

Óska eftir 2ja herberja eða stóru stúdíóíbúð í Árbæ eða nágrenni frá enda ágúst. Leigutími 2 ár. Sími 8633793

Hafnarfjörður

Reglusöm kona óskar eftir að leigja herb. í Hafnarfirði í langtímaleigu. Uppl. í s. 897 0830

Einstæð móðir með 16 ára dóttir vantar 3 herb. íbúð sem allra allra fyrst. S. 845 8858 & 588 9412 og olta@visir.is.

Óska eftir að leigja 2 herb. íbúð í Garðabæ eða nágrenni, helst með húsgögnum, tímabundin leiga, öruggar greiðslur og góður leigjandi. Uppl. í s. 692 8022 & vigdish@islandia.is

Ung kona óskar eftir húsnæði á verðbilinu 50-60 þús sem fyrst á rvk svæðinu. Reyklaust og reglusöm. Uppl. í s. 824 6787

Reglusamur einstaklingur óskar eftir herbergi á leigu með aðgangi að baði. S. 865 3821.

42 ára kona óskar eftir 2ja herb íbúð á langtímaleigu miðsv. í Rvk. á um 65.000,-. Góð umgengni og skilvísar greiðslur. Sími 6962352

Óskum eftir 3 herb. íbúð á svæði 101-108 frá 1. sept. til langtímaleigu. (ekki í kjallara) Algjör reglusemi, meðmæli ef óskað. Uppl. í s. 562 0063

Ungt og mjög reglusamt par utan af landi bráðvantar snyrtilega og kósí 2 herb. íbúð e-h á stórhúsfloorsvæðinu. Reglusemi og skilvísam greiðslum heitið. Endilega hafið samband sem fyrst. Berglind í s. 692 9585.

Bráðvantar í Reykjanesbæ

stúdíó eða 2ja herbergja, greitt í gegnum banka, er reglusamur. Uppl. í s. 865 1208.

Fyrirtæki í Rvk. óskar eftir 2-3 herb. íbúð fyrir 2 reyklausa starfsmenn. Langtímaleiga. Reglusemi, öruggar greiðslur. Uppl. í s. 849 9198.

Rúmlega fertug kona óska e. 3 herb. íbúð til leigu til lengri tíma á svæði 101-108. Uppl. í s. 864 8880, Ragnheiður

4 manna fjölskylda búsett í Noregi er í leit að húsnæði sem næst miðbæ/Háskólasvæði, frá júlí/ágúst 2006 og út árið. Reglusemi. Traustar greiðslur. Netfang: bergsveinn.birgisson@nor.uib.no Sími: +47 55344683 (heima)

Reykjavík

Óskum eftir húsnæði til langtímaleigu, 2ja eða 3ja herbergja. Erum reyklaus, snyrtileg í umgengni og reglusöm. Sími 659 8641.

Húsnæði til sölu



Til sölu stálgrindarhús, óeinangrað en með innkeyrslu og gönguhúrd ásamt þakgluggum, stærð 7,9 m x 14,0 m eða 110 m², veggghæð um 5 m, afhendingarstaður eftir samkomulagi. Verð 4,5 m + vsk. Uppl. S. 660 1701 660 1704

Sumarbústaðir



Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kaminur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is



Grettir Rímarsen 898 8300



Til sölu 64 fm sumarhús. Tilbúið að utan, fokhelt að innan. S. 692 9383 & 555 3383. Til sýnis um helgina.

Sumarbústaður til leigu.Gott 47fm hús í Eyjafirði. Uppl. s. 895 1355

Sumarbústaðir til flutnings

Til sölu 2 50 fm sumarústaðir. Verð aðeins 1,2 m. Nánari uppl. í s. 899 9909.

Óskum eftir að leigja sumarústað í 3 mánuði í nágrenni Rvk. Öruggar greiðslur og góðir leigjendur. Uppl. í s. 692 8022 eða á vigdish@islandia.is

Til sölu gas ísskápur, lítillsháttar útlitgallaður, 146 L, 15 L frystihólf, ónotaður alvöru ísskápur. Kostar 200 þ. fæst á 100 þ. Uppl. í s. 892 7654.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueign.is

Parftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulistu Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Bílskúr

Bílskúr til leigu í Veghúsum Grafarvogis. Uppl í s. 849 7550 & 557 9210.

Gisting



Glæsiíbúð í Rvk gisting 4-6 öll þægindi gott verð. uppl. 6989874-8986033 sjá heimasíðu eyjasolubudir.is

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódyr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

ATVINNA

Atvinna í boði

Mothers and Others!

Help needed! Part time \$500 - \$2000 Full time \$2000 - \$8000 Full training www.123ibo.com
www.123ibo.com

Pizzabakari

Viljum bæta við okkur pizzabakara. Vanir pizzabakarar ganga fyrir. Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.krínglukrain.is

Nýtt fyrirtæki á Reykjavík

Óskum eftir að ráða vaktmann í afgreiðslu. Um auðvelt starf er að ræða. 23 ára og eldri koma aðeins til greina. Viðkomandi verður að vera heiðarlegur, stundvís og áreiðanlegur. Verður að geta unnið sjálfstætt og hafa góða þjónustulund. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Meðmæla krafist. Upplýsingar sendist fréttablaðinu á smaar@frett.is merkt "Reykjavíkurvegur" fyrir 10. Júní

Bakari Bakari.
Bakarameistarinn Suðurvörð óskar eftir alhliða góðum bakara sem er stundvís, ábyrgur og áreiðanlegur.
Uppl. gefur Óttar Sveinsson framleiðslustjóri í síma 864 7733.

Vantar þig vinnu?
Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir duglegum einstaklingum til starfa í matvælavinnslu í Mosfellsbæ. Hlutastörf og full vinna í boði.
Uppl. í s. 897 3236, Ragnar eða 566 6614, Ragnar eða Sigurður.

Hársnyrtistofan Solid.
Nauðsynlega vantar ábyrgðarfullan og áhugasaman nema sem getur hafið störf strax.
Nánari upplýsingar í síma 869 6921 Selma eða á Solid 551 0808

Hársnyrtistofan Solid.
Leigjum út aðstöðu á hárgreiðslustofunni Solid. Mjög gott tækifæri í boði. Byður upp á ýmsa möguleika. Um að gera að hafa samband þeir sem eru áhugsamir
Nánari upplýsingar í síma 869 6921 Selma eða á Solid 551 0808



Viltu koma í Pizza Hut liðið?

Hlutastarfi Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhúsi. Um er að ræða hlutastarfi. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir skrá sig á www.pizzahut.is eða hafið samband við veitingastjóra á Pizza Hut Smáralind eða Sprengisandi.

Ert þú hárgreiðsluveinn eða nemi?

Hárhönnun á Skólavörðustíg er að leita að duglegum nema og hárgreiðsluveini til að hefja störf hjá okkur. Flott stofa sem notar eingöngu AVEDA vörur.
Nánari uppl. gefur Þórhildur í síma 847 7690 eða á Hárhönnun í síma 551 3130. Einnig er hægt að skila inn umsóknum til okkar á Skólavörðustíg 8. 101 Rvk.

ATVINNA

Rafvirkjar...!!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa. Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna (Gunnar) í síma 587 8890 eða sendið email á gunnar@rafstjorn.is



Stammarhvi 1A - 110 Reykjavík - Sími: 587 8890 - www.rafstjorn.is

allt
... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Gallery fiskur

Þjónustufólk óskast í sal!

Þjónustufólk óskast í sal í vaktavinnu fim.- lau. Vinnutími 17.30-22.
Uppl. í s. 587 2882 & 869 4443, Kristófer.

Herrafataverslun

Birgis.

Óskar eftir 2 starfsmönnum. Tímabundið eða til lengri tíma. Þurfa að geta hafið störf strax.
Upplýsingar á staðnum. Herrafataverslun Birgis Fákafen 11.



Útkeyrsla-lagerstörf

Subway leitar að starfsmanni til að hafa umsjón með pöntunum og útkeyrslu á vörum. Um er að ræða 100% starf. Umsækjendur verða að hafa meirapróf og lyftararéttindi, hafa mikla þjónustulund og hafa gaman að vinna með fólki.

Nánari upplýsingar veitir Sigfús S: 696-7002. Umsóknnum er hægt að skila inn á netinu subway.is, sigfus@subway.is, eða á skrifstofu Subway á Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík.

Kjúklingastaðurinn Suðurverri

Vaktstjóra og Starfsfólk óskast í vaktavinnu Einnig vantar fólk í hlustastörf. Íslensku kunnáttu æskileg. Ekki yngri enn 18 ára.
Upplýsingar í síma 553 8890.



Sumarrafleysingar

Óskum eftir að ráða sumarfólk í afgreiðslu sem og útiþjónustu hjá Shell og Select. Um vaktavinnu er að ræða. Lágmarksaldur í afgreiðslustörfum er 18 ár.

Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000 eða á starf@skeljungur.is. Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á www.skeljungur.is

Vantar þig aukatekjur?

Þú getur aukið tekur þínar hjá Fag Kynning með því að sýna þig á staðnum. Þú færst aukatekjur og vinnuþéttir. Þú getur aukið tekur þínar hjá Fag Kynning með því að sýna þig á staðnum. Þú færst aukatekjur og vinnuþéttir.

Skemmtileg og lærdómsrík störf!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 5250900 og á www.smfr.is

Iðnaðarmenn

G.G. lagnir ehf óskum eftir þjónustufólki til viðgerða og viðhaldsvinnu, einnig verkamönnum. Uppl. í s. 660 8870 www.gglagnir.is.

Óskum eftir smíðum eða læringum, mikil fjölbreytt vinna framundan upplýsingar Arnar s. 694 6681.

Hagsæld og öryggi!

Þú getur fengið miklu hærra tekjur og losnað við skuldirnar. Kíktu á Hagnadur.com

Sigur er innan seilingar!

Viltu lífa skuldlausu lífi og hafa miklu hærra tekjur? Skoðuðu þá Sigradu.com

Fyrir þig og fyrir alla!

Að skapa sér háar tekjur og skuldlaust líf er ekkert mál! Skoðuðu FyrirAlla.com.

Óska eftir góðu fólki!

Viltu lífa góðu, skuldlausu lífi og hafa miklar tekjur? Lausnin er á GottFolk.com.

Við óskum eftir fólki í símsvörun frá klukkan 10-17 hugsanlega aukavinnu um helgar. Frekari uppl. fást í síma 575-1500

Saumakona óskast

Væn saumakona óskast til starfa við fatabreytingar. Uppl. í s. 899-4642

Kokk og aðstoðarmanneskju í eldhúsi vantar á veitingastaðinn Hafid Blaa ehf. Uppl. í síma 897 7467 & 892 0367 póstfang: hafidblaa@hafidblaa.is.

Grillhúsið Tryggvagötu

Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Þýðing á ítölsku yfir á íslensku/ensku, um er að ræða grófa þýðingu, dagsverk. Uppl. í s. 891 6625.

Húsasmíður Smíður óskast í vinnu. Upplýsingar í síma 895 5511.

Nonnabiti

Starfskraftur óskast í kvöld og helgarvinnu Reyklaus. Uppl. í s. 898 5956 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

Meiraprófsbilstjóri óskast. Framsækið fyrirtæki óskar eftir meiraprófsbilstjóra. Akstur á rvk-svæðinu. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 694 7785

Óska eftir tækjamaði á byggingarkrana og skotbómulyftara. Skemmtileg og fjölbreytt verkefni. Góð laun í boði fyrir réttan mann. S. 660 1701 & 660 1704.

Óskum eftir trésmíðum til vinnu strax til framtíðarstarfa, góð laun í boði fyrir rétta menn, fjölbreytt og skemmtileg vinna. Uppl. í síma 660-1704 eða 660-1701.

Sendibíll

Óska e. starfskrafti á sendibíll. Uppl. í s. 587 4346.

Veitingahúsið Skólalabú

Óskar eftir að ráða faglærða framreiðsumenn og aðstoðarfólk í sal. Snryttemennska og reglusemi áskilin. Uppl. í síma 562 4455.

Ertu morgunhani!

Starfskraft 30 ára eða eldri vantar í brauðgerð í Hafnarfirði við útkeyrslu O.fl. Þarf að vera vanur uppstillingum í verslanir. Uppl. hjá Matthíasi í s:867-1715.

Nuddari óskast vegna mikilla anna. Uppl. um námið og fyrri störf. Umsóknir sendast á hrund@hrund.is eða 554 4025, Guðrún.

Sumarvinnna

Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Veitingahús

Starfskraftur óskast í ca. 80% vinnu. 8 morgunvaktir og 12 dagvaktir. Ca. 140 klst í mán. Upplýsingar í síma 843 9950 & 898 2975.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna dragnótarbát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 892 5522.

Vantar smíði og verkamenn í vinnu í sumar. S. 869 9814.

Atvinna óskast

Óska eftir atvinnu, er 44 ára. Ýmislegt kemur til greina. Uppl. í s. 690 5109.

Reglumanneska í góðu starfi vantar góða 2. herb. íbúð á svæði 111 frá og með 15 águ. Langtímaleiga, skilyrtum greiðlum lofað. Uppl. í s. 848 1538 & 453 5094.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Spjallrasin 1+1

Konur: 595-5555
 Karlar: 908-5555

langflasta spjallrás á Íslandi

Símastefnumótíð...905-2200
 Rómó-stefnumót...905-5555

Hlustaðu á...

"Spennandi frásagnir"

Fleiri tugir kvenna "þægja frá" í um 400 hljóðritunum. Nýjar upptökur í hverri viku!

905-2002 kr. 99⁹⁰
 535-9955 kr. 19⁹⁰

Símaspjall 908 6666. Ég heiti Rakel og vil vera vinkona þín og langar í gott símasímaspjall við Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall 908 2222. Halló yndislegastur ég er Sandra mig langar til að vera vinkona þin kondu í símaspjall við mig. Opið allan sólahringinn, engin bið..

Kona, leitar þú nýrra kynna? Á Rauða Torginu Stefnumót er mikið af nýjum auglýsingum karlanna sem leita að vinskapi, varanlegum kynnum, eða tilbreytingu. Þú heyrir og svarar auglýsingunum í s. 555 4321. Einnig fleiri möguleikar. Þjónustan er gjaldfrjál.

Ljós hærd kona, þrítug, leitar tilbreytingar. Augl. má heyrja hjá R.T. Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8724.

27 ára falleg stelpa, m/mikinn áhuga á hestum, vill kynna karlmanni með vinskapi í huga. Augl. má heyrja hjá R.T. Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8142.

Til sölu Toyota LandCruiser VX80, árg.'94. Ek. 323 þús. 38" breyttur. Sk. '07. Verð 1400 þús. stgr. Uppl. s. 893 0101.

TILKYNNINGAR



KÓPAVOGSBÆR AUGLÝSING UM SKIPULAG Í KÓPAVOGI

Sunnubraut 48. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 48 við Sunnubraut. Í breytingunni felst að einbýlishús verður tvíbýlishús. Jafnframt eru gerðar eftirfarandi breytingar á húsinu:

- á austurhlíð er steypt upp í bílskúrshurðarop og settur nýr gluggi.
- anddyri á sömu hlíð færast út og stækkar grunnflötur neðri hæðar stækkar sem því nemur
- inngangur á vesturhlíð verður aðalinngangur íbúðar efri hæðar.

Þar sem aukaíbúð kallar á auka bílastæði, verður tveimur bílastæðum bætt við á lóð vestan húss og aðkoma að inngangi í tengslum við það.

Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000 og 1:200 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 10. maí 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 13. júní til 11. júlí 2006. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 þriðjudaginn 25. júlí 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögnum.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

ATVINNA

VÉLAVÖRÐ OG HÁSETA

Vélavörð vantar á Pál Jónsson GK-7. Þarf að geta leyst yfirvélstjóra af. Einnig vantar 2 háseta. Báturinn byrjar veiðar 8. ágúst að loknu sumarleyfi. Páll Jónsson hefur verið meðal aflahæstu báta landsins mörg undanfarin ár og hefur mikinn kvóta. Mikil veiði, góð laun.

Upplýsingar hjá skipstjóra í síma 893 3878

VÍSIR HF Grindavík

Tannlæknastofa Hafnarfjörður

Tannlæknir / aðstoðarmanneskja óskast á tannlæknastofu í Hafnarfirði. Um er að ræða framtíðarstarf, hálfan daginn, kl. 13-17. Menntun / reynsla er æskileg, en ekki skilyrði. Umsækjandi þarf að geta hafið störf í ágúst. Umsóknir skulu berast á tannlæknastofuna fyrir 19. júní.

Tannlæknastofan Reykjavíkurvegi 62, 220 Hafnarfjörður. Einar Kristleifsson, tannlæknir. Guðmundur Rúnar Ólafsson, tannlæknir.



Pípulagningarmenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða pípulagningarmenn.

Upplýsingar gefa Hannes Helgason í síma 693-7012 Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.jbb.is

Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsaðstöðu og lífflegt starfsmannafélag.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333



Basar og kaffisala

Kaffisala verður á Sjómannadaginn sunnudaginn 11. júní á Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði kl: 14:00 til 17:00. Handavinnusýning og sala á fjölbreyttri handavinnu heimilisfólks er frá kl: 13:00 til 17:00 og mánudaginn 12. júní frá kl: 10:00 til 16:00.

Allir hjartanlega velkomnir.

allt atvinna
 Alla sunnudaga

LÖGMENN – LÖGG. FS. FASTEIGNASALA - TÆKIFÆRI

Af sérstökum ástæðum er til sölu, að hluta eða öllu leyti, lítil fasteignasala með góða framtíðarmöguleika. Ágætlega tækjum búin stofa, með möguleika á allt að 5 starfsstöðvum á eftirsóttum stað í austurborginni.

Áhugasamir sendi trúnaðarupplýsingar á netfangið delta4@visir.is

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIBLUN
www.eignastyring.is



Erlendur Davíðsson,
Lögilltur fasteignasali

Bókið skoðun yfir helgina hjá Atla s. 899-1178
ÁRBAKKI, SELFOSS



Glæsilegt nýlegt 189 fm, vel skipulagt, einbýli með innbyggðum bílskúr. Herbergin eru björt og rúmgóð. Stór stofa og útgengi útá timburverönd. Eldhús með fallegri innréttingu. Fallegt baðherbergi. Gólfefni á húsinu eru parket og náttúrusteinn, hiti í gólfum, halogen lýsing. Þetta er úrvals eign og frábær kaup.

Verð 35.200.000

Síðumúli 27 • 108 Reykjavík • Sími 534 4040 • Fax 534 4044

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 50
Bláuhúsin v/ Faxafen
513 4300
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

Gullsmári 4 - 200 Kópavogur
Opíð hús á morgun Sunnud. 11. Júní kl. 12:00 til 20:00



Falleg og mjög rúmgóð 3ja herbergja 73,7 fm íbúð á jarðhæð í góðu litlu og snyrtilegu fjölbýlishúsi ásamt 6 fm geymslu sem er ekki talin með hjá FMR eða samtals 79,7 fm. Eignin skiptist í forstofu, herbergisgang, tvö stór herbergi, rúmgott baðherbergi, fallegt eldhús, geymslu og stóra stofu. **Verð 18,9 m.**



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

FASTEIGNASALA

Opið virka daga kl. 9-18

SUÐURGATA 76 - HAFNARFIRÐI
OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15-17



Falleg og vönduð 146 fm neðri sérhæð í góðu tvíbýli ásamt 26 fm bílskúr, samtals 172 fm. Sérinnangangur. Nýjar innréttingar og tæki. Parket og flísar. Góð staðsetning. Flísalagðar suðursvalir. **Verð 33,9 millj.**

Sonja tekur á móti gestum s: 565-1034

Kári Halldórsson, lögilltur fasteignasali

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 50
Bláuhúsin v/ Faxafen
513 4300
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

Sörlaskjól 17 - 107 Rvík
Opíð hús í dag Laugardag 10. Júní kl. 14. til 15.



Glæsileg mikið endurnýjuð 90 fm, 3jaherb. íbúð með sérinnangi í 2jaibúða húsi. Fallegt nýtt eldhús meðalinnréttingu, vönduð tæki frá AEG, flísar á gólf. Baðh. allt tekið í gegn með flísar á gólf, baðkar og sturtuaðst. Stór og björt stofa með parketi. Þv.hús innan íbúðar með flísar. Heimtaug, mælagrind og nýr rafmagnssk. Skolp og drein endurn. ÍBÚÐ SEM VERT ER AÐ SKOÐA. **Verð 22,5 millj.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Örnagötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4005 • KL 440273-0339
Jón Guðmundsson Rög, fasteignasali

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

GRETTISGATA 80

GÓÐ 3JA HERB. ÍBÚÐ
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 16-17



Mjög falleg, vel skipulögð og björt 71 fm íbúð á 3. hæð (efstu) auk 3,1 fm geymslu á baklóð. Svalir til suðvesturs útaf stofu. Íbúðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, stórt eldhús með hvítum innréttingum, nýlega endurnýjað flísalagð baðherbergi og tvö stór herbergi. Þvottaðstaða í baðherbergi. **Verð 17,9 millj.**

Íbúðin verður til sýnis í dag, laugardag, frá kl. 16-17
Verið velkomin.

Akkurat - fyrir þig!



ÞÓRÐARSVEIGUR 6 - 113 RVK.

Mjög falleg og björt 4ra herb. 106,8 fm endaíbúð ásamt staði í bílskúli sem er ekki í fm. tölu íbúðar. Sérinnangangur af svölum. Frábært útsýni. Birki, hlynur í innréttingum. **VERÐ 24,9 millj.**

Upplýsingar gefur Heimir í síma 861-6401

Sími 594 5000

Akkurat

AKKURAT • Skólavörðugata 27 • Lögg. fasteignasali. Hetta útskrift er gætt.

Mest
lesna tímarit
landsins!



51% 40% *
Meðalrestur á töl. 20-50 ára

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

birta

* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

nytt fasteignasala
www.nytt.is

hamraborg 10 | 200 kópavogur | sími: 414 6600 | fax: 414 6601
kolbrun s guðmundsdóttir lögg. fasteignasali | nytt@nytt.is



Skerplugata 2 - 101 Reykjavík

Notalegt 132,5 fm einbýli í litla Skerjafirði. Húsið var aðflutt árið 1990 og hefur að miklu leyti verið endurnýjað frá þeim tíma. Rúmgott anddyri, opið eldhús og stofa / borðstofa með kamínu, þaðan sem er útgengt á suðurrall og í fallegan suðurgarð. Gegneill oliuborinn hlynur á gólf. Á rishæð er gott alrými, í kjallara eru 3 svefnherbergi, fataherbergi, þvottahús og baðherbergi. Sér innangangur er í kjallara. Rólegt og sjarmerandi um umhverfi Fallegur suðurgarður í góðri rækt. **Ásett verð 48,0 millj.**

allt
hús

Alla mánudaga

SMÁUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

Yfir
150.000
gestir
daglega.

Stór-
markaður
í stofunni
heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali

Fasteignasala
snýst ekki bara
um fasteignir...
...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

Kirkjuvellir 7 - Hf. Opið hús

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ 14.00 TIL 16.00



- Tilbúnaðar sýningaríbúðir
- Glæsilegt 23 íbúða fjölbýlishús á sex hæðum.
- 2ja, 3ja & 4ra herbergja íbúðir
- 4 íbúðir á hæð.
- Lyfta í stigagangi
- Bílastæði í bílakjallara
- Glæsilegar innréttingar frá Brúnás
- Eldhústæki frá AEG
- Vandað myndasímakerfi
- Vandaður frágangur
- Byggingaraðili er Gunnar og Ólafur ehf.
- Sölumenn Hraunhamars á staðnum

RE/MAX[®]
Engin í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX



Guðrún
Söfnultrúi
821 9209
runa@remax.is



Sigurður
Guðmundsson hdl.
Lögg.fasteignasali

Funafold
Glæsileg séreign í Grafarvoginum



Verð: 45.700.000. Stærð: 1911,6 fm. Brunab.mat 26.300.000. Bygg.ár 1985
Fallegt einbýli og vel skipulagt á einni hæð í botnlanga í foldunum. Húsið sjálft er 158,2 fm og bílskúr 33,4 samtals 191,6 fm. Forstofa með flisum á gólfi og góðum skáp. Gestasalerni. Rúmgott hol eikarparketi á gólfi. Eldhús stórt með beykirinnréttingu flisar á milli skápa. Veggofn, örbylgjuofn, keramikkhelluborð, vífta og uppþvottavél, þvottahús/búr með hillum, dúkur á gólfi. Útgengi úr þvottahúsi út í garð. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Hjónaherbergi með skápum á heilum vegg parket á gólfi, útgengi á hellulagða verönd. 3 barnaherbergi með skápum og parketi á gólfi. Baðherbergi er uppgergt með fallegum flisum á gólfi. Uppgerð hvít innrétting með tveimur vöskum. Glæsilegur sturtuklefi með gufu, nuddstútum, lýsingu og útvampi. Borðstofa/ stofu í einu rými með mikilli loft hæð, eikarparket á gólfi. Útgengi á ca 40 fm hellulagða skjólgóða suður-verönd. Fallegt útsýni til Bláfljalla og yfir borgina. Garður er vel gróinn með fallegum trjám. Sérlega rölegur botnlangi og eftirsóttur staður. Barnvænt hverfi. Laust í Ágúst.

Grýtubakki - Breiðholt



Verð: 15.500.000. Stærð: 85,9 fm. Herbergi: 3-4. Brunab.mat 11.038.000. Bygg.ár 1968
3 herb. 85,9 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Hol rúmgott með innbyggðum skáp. Eldhúsinrétting, eldri víðarinnrétting, flisar á milli skápa, opið inn í stofu. Rúmgóð stofa/borðstofa með útgengi á suð-vestur svalir. 2 herbergi og er annað þeirra með skáp. Parket á öllum gólfum nema baðherbergi. Baðherbergi, baðkar flisar á veggjum, tengi er fyrir þvottavél. Hús í góðu ástandi. Garður gróinn og snyrtilegur með leiktækjum. Íbúðin er laus við kaupsamning.

Flétturimi - Grafarvogur



Verð: 16.300.000. Stærð: 81,5 fm. Herbergi: 2-3. Brunab.mat 10.900.000. Bygg.ár 1992
Skemmtileg 2-3 herb. 81,5 fm íbúð á 2 hæð ásamt 13 fm staðis í bílskylfi í góðu fjölbýli. Forstofa með góðum skáp og flisum á gólfi. Eldhús með hvítri/beyki innréttingu. Rúmgóð stofa, útgengi á suð-vestur svalir. Baðherbergi rúmgott, nýuppgergt, flisalagt í hóf og gólf. Sér þvottahús innan íbúðar. Svefnherbergi hefur verið skipt í 2 hluta, og er innri hlutinn með góðum skáp og glugga, ytri hlutinn er nýttur sem barnaherbergi/vinnuástaða. Laus í Júlí.

Hrísrimi - Grafarvogur



Verð: 18.200.000. Stærð: 89,1 fm. Herbergi: 3. Brunab.mat 12.500.000. Bygg.ár 1991
Vel skipulögð 3 herb. 89,1 fm íbúð á jarðhæð með sér garði sem snýr í suð-vestur. Rúmgott hol. Eldhús með hvítri/beyki innréttingu opið inn í stofu. Stofa rúmgóð og björt með útgengi út í garðinn. Hjónaherbergi með góðum skápum, dúkur á gólfi. Barnaherbergi með dúk á gólfi. Baðherbergi, flisalagt við baðkar og á gólfi. Flisalagt þvottahús innan íbúðar. Laus í Júlí.

Hvers virði er eignin þín - kannaðu málið - það kostar ekkert

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX BÚÍ
Stórhöfði 17 - 110 Reykjavík
www.remax.is

RE/MAX[®] BÚÍ

Draumahús  530 1800



**Alltaf föst lág
söluþóknun**

Yfir 340 eignir á www.draumahus.is

**Tvær skrifstofur: Mörkinnni 4, Reykjavík
og Strandgötu 41, Hafnarfirði**

Grandahvarf 1–8, Kópavogi

Glæsilegar sérhæðir á besta stað við bakka Elliðavatns. Frábært útsýni og einstakt umhverfi.



**Opið hús í
Grandahvarfi**
lau - sun 13:00 - 15:00

Til sölu

Við Grandahvarf eru sjö fjölbýlishús, öll á þremur hæðum, alls 42 íbúðir. Í hverju húsi eru sex íbúðir. Allar íbúðirnar eru vandaðar sérhæðir frá 124-144 fm að stærð.

- Glæsilegar fullbúnar sérhæðir
- Sérlóð fyrir íbúðir á neðstu hæð með tréþalli
- Glæsilegur frágangur lóða og sameiginlegra svæða

Myndavél með upptöku verður uppsett við innkeyrslu í götuna, vöktuð af stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar. Einnig fylgir öryggiskerfi hverri íbúð.

Útivistarreitur með útsýnisskífu, grillaðstöðu og sviði í rómverskum stíl.

Allar nánari upplýsingar, teikningar, skilalýsing og bæklingur fást hjá fasteignasölni Kletti.



KLETTUR
FASTEIGNASALA
www.klettur.is / sími: 534 5400



Byggingafélag
JB byggir á reynslunni
www.jbb.is

Samstarfsaðilar JB:



TOPP 5: BRUCE WILLIS

Bruce Willis er einn allra mesti töffarinn sem staðið hefur fyrir framan myndavél í Hollywood. Hallærislegir frasar hljóma ótrúlega töff þegar hann segir þá. Enginn leikur ógæfumann sem nær að bjarga deginum betur en Bruce Willis. Enginn hefur heldur gert það eins oft og hann.

1. Die Hard

Það var kúrekinn Roy Rogers sem fyrstur notaði setninguna „Yipee-ki-yay“ en John McClaine skeytti svo blótsyrði fyrir aftan setninguna til þess að leggja áherslu á orð sín. Foringi þýska glæpagengisins heitir hinu mjög svo þýska nafni, Hans Gruber. En í þýskri útgáfu myndarinnar var nafni mannsins breytt í Jack Gruber.

Richard Gere var á tímabili talinn líklegur til þess að hreppa hlutverk Johns McClaine.

2. Sin City

Karakterinn sem Willis leikur gengur inn á bar þar sem hann sér Brittany Murphy halda á bjórflösku með Chango-bjór. Þessi tegund er ekki til í alvörnunni en hún var einnig notuð í myndunum Desperado og From Dusk Til Dawn. Jessica Simpson sóttist eftir hlutverki Nancy Callahan sem Jessica Alba hrepti svo á endanum.

3 The Fifth Element

Í kvikmyndinni er Central Park í New York jafnstór og hann er í dag og á sama stað í borginni. Breytingin er

hins vegar sú að hann er 100 metrum hærra frá jörðinni en hann er í dag. Luc Besson samdi uppkastið að handriti myndarinnar þegar hann var ennþá í framhaldsskóla.

4. Die Harder

„Yipee-ki-yay motherfucker“ fær að hljóma líkt og í fyrstu myndinni þegar að hann hefur drepið síðasta hryðjuverkamanninn. Í fyrri Die Hard myndinni sönglar feitlaginn New York lögreglumaður lagið Let it Snow. Í lok Die Hard 2 hljómar sama lag undir. Kostnaðurinn við gerð myndarinnar var svo hár að á tímabili kostaði hver mínúta við framleiðslu myndarinnar 20th Century Fox fyrirtækið um 20.000 dollara.

5. Pulp Fiction

Eftir að Willis er búinn að drepa Maynard segir yfirlæpamaðurinn Marsellus Wallace að hann ætli að hringja í nokkra vini sína sem ætli að ganga til verks með töng og kyndli á mannum. Setning þessi er stolin úr kvikmyndinni Charley Warrick frá árinu 1973 þegar persóna að nafni Maynard segir nákvæmlega sömu orð.



VISSIR ÞÚ...

... að það var einu sinni bannað í Pennsylvaníu að fara í það oftar en einu sinni í mánuði?

... að flugur komu við sögu þegar andlitsfarðinn varð til? Þegar Egyptar byrjuðu að mála sig var það ekki bara til að líta vel út heldur aðallega til þess að verjast flugum.

... að naglalakk var fyrst notað árið 600 fyrir Krist?

... að aðalsmenn í Kína til forna létu fingurneglar sínar vaxa óáreittar til þess að sýna stöðu sína í samfélaginu?

... að Elísabet I Englandsdrottning baðaði sig reglulega? Það var einu sinni í mánuði.

... að í baðhúsi einu í Japan geta gestir fengið að baða sig upp úr mjólk og rauðvíni?

... að í grennd við Berlín geta bjór-unnendur farið í bjórbað.

... að Joachim Patinier (1475-1524), þekktur flæmskur málarí, fór aldrei nokkurn tíma í bað á ævi sinni?

... að í egypskum grafhýsum hafa fundist tannburstar sem eru taldir vera frá því 3000 fyrir Krist?

... að á miðöldum notuðu konur safann úr hinni eitruðu Belladonna jurt til þess að stækka sjáöldur sín en það þótti falllegt? Á íslensku hefur jurtin einmitt verið kölluð sjáaldursjurt.

... að fyrirtæki eitt í Filadelfíu í Bandaríkjunum framleiðir ilmvatn fyrir hunda?

... að Rómverjar til forna notuðu tannkrem sem meðal annars var búið til úr salti og hunangi?

... að sköllóttir Rómverjar máluðu stundum hár á skallann á sér?

... að Robert Armel frá Virginíuríki í Bandaríkjunum hefur unnið sér það til frægðar að klippa hár kvenna með bundið fyrir augun.

... að Lúðvík XIV Frakkakonungur fór aðeins í bað þrisvar sinnum á ævinni? Í öll skiptin var það gegn hans eigin vilja.



COSMO

Verð nú 17.500 kr.
áður 35.000 kr.

PEGASUS

Verð nú 34.300 kr.
áður 49.000 kr.

TRENTO

Verð nú 17.500 kr.
áður 35.000 kr.

LUCA

Verð nú 17.500 kr.
áður 28.500 kr.

NÝTT!
PORTOBELLO

Verð nú 17.500 kr.
áður 28.500 kr.

MÁ BJÓÐA ÞÉR SÆTI?
JÚNÍTLBOÐ Á STÖKUM HÆGINDASTÓLUM

TEKK
COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

allt
atvinna

Alla sunnudaga



Hvort mengar umhverfið meira: Að sigla fraktskipi eða fjúga flugvél yfir Atlantshafið?

Bruni eldsneytis veldur loftmengun þar sem heilsuspillandi rykagnir og gastegundir myndast ásamt gróðurhúsalofttegundum. Magn efnanna fer aðallega eftir magni eldsneytisins en einnig eftir eldsneytisgerð, í hvernig vél það er brennt, hvernig vélin er keyrð og við hvaða aðstæður.

Fraktskip mengar meira en flugvél

Fraktskip sem siglir til Evrópu eyðir mun meira eldsneyti en flugvél eða þota sem flýgur sömu leið. Þar af leiðandi er bein mengun vegna eldsneytisbrennslu fraktskipsins mun meiri. Fraktskip eyðir meiru vegna massa síns sem getur verið kringum hundraðfaldur massi flugvélarinnar. Þar að auki þarf skipið að ryðjast í gegnum vatn sem eykur núning og krefst aukinnar orku. Á móti því kemur þó að vatnið umlykur ekki allt skipið og að núningur loftins við flugvélin er hlutfallslega margfalt meiri vegna þess hve hraði hennar er mikill.

Flutningsgetan skiptir miklu máli

Samamburðurinn hér á undan er ekki ýkja góður mælikvarði á hvort mengi meira, flugvél eða fraktskip; tilgangur ferðarinnar er að flytja farm og þá skiptir meira máli hversu mikil mengun verður til við að flytja sama magn af farmi. Það breytir miklu því þó að flugvél eyði aðeins broti af því eldsneyti sem fraktskip gerir í hverri ferð þyrfti hún fljúga nokkur hundruð ferðir til að flytja jafnmikið og skipið getur gert í einni ferð. Þar af leiðandi má ætla að flugvélin valdi í raun meiri loftmengun og gróðurhúsaáhrifum miðað við sama magn af farmi.

Forsendur fyrir samamburði

Hægt er að sýna fram á þetta með dæmi. Þó verður að hafa þann fyrirvara að til eru margar mismunandi gerðir flugvéla og fraktskipa og er eyðsla og loftmengun frá þeim mismunandi.

Í dæminu notum við uppgefnar tölur frá tveimur flutningafyrirtækjum innanlands, annars vegar er dæmi um fraktskip sem ferðast frá Reykjavík til norðurhluta Evrópu, og hins vegar er flugvél sem flýgur svipaða leið með frakt. Dæmið miðast við hefðbundna þyngd farms og heildareyðslu fyrir fraktskip og flugvél. Eingöngu er gefin upp þyngd á raunverulegum farmi skipsins, en ekki þyngd flutningsgámanna sjálfra.

Dæmi um eldsneytiseyðslu

Gera má ráð fyrir að eldsneytiseyðsla fraktskipsins sé 175 tonn og farmurinn 7500 tonn sem þýðir að eldsneytiseyðsla á eitt tonn af farmi er um 23 kg. Til samamburðar er eldsneytiseyðsla flugvélarinnar 12 tonn og farmurinn 36 tonn, sem gerir 333 kg af eldsneyti á hvert tonn af farmi. Hér sést greinilega að þótt fraktskip noti samtals mun meira af eldsneyti þá eyðir flugvélin um það bil 15 sinnum meira eldsneyti en skipið til að flytja sama magn af farmi sömu leið.

Magn loftmengandi efna

Almennt eru gróðurhúsaáhrif



FRAKTSKIP Skip sem þetta notar mun meira eldsneyti en flugvél en eyðslan er miklu minni á hvert tonn af farmi.

helstu gróðurhúsalofttegunda (koldíoxíðs, metans og hláturgass N₂O) svipuð fyrir flugvél og fraktskip miðað við sama magn eldsneytis. Þetta þýðir að fyrir hvert flutt tonn af farmi eru gróðurhúsaáhrif flugvélarinnar um það bil 15 sinnum meiri en skipsins. Ef magn helstu loftmengandi efna er áætlað kemur í ljós að með hverju tonni af fluttum farmi myndar flugvélin um það bil þrisvar sinnum meira af köfnunar-efnisoxíðum, níu sinnum meira af koldíoxíðum og 15 sinnum meira af vetniskolefnum (að frátöldu metani) en þau hvetja meðal annars til myndunar ósons við yfirborð jarðar. Erfiðara er að áætla magn svifryks og er því sleppt hér.

Eldsneytisgerðin hefur áhrif

Áhugavert er að myndun brennisteinsdíoxíðs er svipuð fyrir hvert tonn af fluttum farmi í báðum tilfellum, eða eingöngu um tvisvar sinnum meiri fyrir flugvél en skip. Ástæðan er sú að svartolía skipa er minna hreinsuð en þotuelsneyti og því er brennisteinsinnihald svartolíunnar mun meira sem veldur aukinni myndun brennisteinsdíoxíða. Á næstu árum verða alþjóðareglur um brennisteinsinnihald svartolíu hertar og má þá búast við að munurinn aukist.

Samkvæmt þessu má almennt segja að fyrir hvert tonn af fluttum farmi valdi flutningar með flugvélum meiri loftmengun og gróðurhúsaáhrifum heldur en flutningar með fraktskipum.

Óbein mengun

Þegar óbein mengun sem hlotist getur af flutningi farms er talin með þá verður málið flóknara. Sem dæmi má nefna að ef um er að ræða matvöru sem halda þarf kaldri, þá sleppur eitthvað af kælimiðlum frá kæligámum skipsins þann tíma sem siglingin tekur. Í kælimiðlum eru oft mjög virkar gróðurhúsalofttegundir og í sumum eldri kæligámum eru enn notuð klórflúorkolefni sem eru einnig mjög virk ósoneyðandi efni.

Sumir myndu vilja taka tillit til hljóðmengunar, sérstaklega nálægt flugvöllum. Flugvélar hafa einnig áhrif á skýjafar og hafa því sennilega áhrif á hitastig og veðurfar en ekki er þekkt nákvæmlega hve mikil þau áhrif eru.

Albert S. Sigurðsson og Sigurður B. Finnsson, sérfræðingar hjá Umhverfisstofnun.



FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006

Opnunartími fyrir áskriftarsölu í dag

HM 2006

Krókháls 6 - opið til kl. 18:00

Og Vodafone Síðumúla - opið til kl. 16:00

Verðslanir Og Vodafone Kringlunni,
Smáralind og Akureyri

Verðslanir Skífunnar í Kringlunni,
Smáralind og Laugarvegi

Þjónustufulltrúar um land allt.

Áskriftarsala og upplýsingar um HM 2006
á www.syn.is

SYN

besta sætið

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförmu eru: Hvað liggur á bak við deilur Íraks og Írans, hvaðan kemur orðið timburmenn, af hverju slást kettir þegar þeir hittast, hvað getið þið sagt mér um arfgeng heilablóðföll, hvað er barokktónlist og fá útlendingar sjálfkrafa dvalarleyfi og atvinnuleyfi við það eitt að giftast íslenskum ríkisborgara? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.



Landsbankinn



Iceland Express

Kornungur snikkari

Þegar Gunnar Þór er inntur eftir því hvernig það kom til að hann hóf samstarf með föður sínum, Pétri Sverri Gunnarssyni, við smíðar, segir hann það nánast hafa legið beint við. „Ég þvældist alltaf í vinnuna með karli föður mínum þegar ég var gutti. Ég var líka svo mikill orkubolti að ég hlýt líka að hafa fengið töluverða útrás í þúðinu sem fylgja smíðunum.“

Pétur staðfestir að Gunnar hafi ekki verið hár í loftinu þegar hann bað fyrst um að fá að koma með í

vinnuna. „Hann notaði hvert tækifæri til að verða að liði, þó með misjöfnum árangri enda kornungur snáðinn. En þarna strax tel ég að áhuginn hafi kviknað.“

Gunnar kveðst hafa reynt við lögfræðina í eitt ár við Háskóla Íslands en ekki líkað og því afraðið að taka smíðspróf til þess að hafa einhver réttindi. „Ég ætla mér hugsanlega að læra byggingatæknifræði en í augnablikinu er svo mikið að gera hjá okkur að það verður að bíða.“

Fleiri í fjölskyldunni fást við smíðar því yngri bróðir Gunnars er einnig í faginu. Saman reka þeir byggingafyrirtæki og verkskipting er skýr. „Við hlaupum hins vegar stundum undir bagga hjá hinum ef eitthvað sérstakt

kemur upp á sem þarf að leysa,“ áréttar Pétur.

Peir eru sammála um að samstarfið gangi vel enda þótt stundum komi til árekstra, sem alltaf takist þó að leysa með lítilli fyrirhöfn. „Við gerum örugglega mestar kröfur til okkar sjálfra hvað snertir afköst og dugnað,“ bætir Gunnar við.

Að sögn feðganna eru margir vöndur í ættinni. „Þetta hlýtur að vera einn af þeim hæfileikum sem okkur er í blóð borinn,“ segir Pétur. Aðspurður hvort faðir hans sé fyrirmynd í starfi, segir Gunnar hann vera sér fyrirmynd í mörgu. „Hann er gríðarlega vandvirkur og gerir sömu kröfur til mín, sem er hið allra besta mál. Af því læri ég mest.“

FEGÐARNIR PÉTUR MÁR PÉTURSSON, PÉTUR SVERRIR GUNNARSSON OG GUNNAR ÞÓR PÉTURSSON línir við smíðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN HJÓRTUR



FEGÐININ BJÖRGVIN HALLDÓRSSON OG SVALA BJÖRGVINSDÓTTIR Hafa átt gott samstarf í tónlistinni.

Latti frekar en hvatti

Björgvin Halldórsson er einn þekktasti söngvari þjóðarinnar og þarf ekki að koma á óvart að Svala dóttir hans ákvað að feta í fótspor hans, enda á hún hæfileikana ekki langt að sækja.

„Ég ól alltaf með mér draum um að fást við tónlistina, en slysaðist reyndar út í þennan bransa,“ segir Björgvin um hvernig hann leiddist út á tónlistarbrautina. „Faðir minn heitinn, Halldór Baldvinsson, var mikill tónlistarunandi og feikna góður söngvari. Móðir mín var líka mjög músikölsk og fylgdist enn mikið með. Hún er á níræðisaldri en horfir mikið á tónlistarstöðvannar,“ segir Björgvin hlæjandi.

Rétt eins og faðirinn segist Svala hafa leiðst út á tónlistarbrautina fyrir slysi. „Þegar ég var í skóla áttu námið og ballett hug minn allan lengst framan af. Í Kvennaskólanum byrjaði ég hins vegar að fikta við tónlist en ég hafði sungið nokkur jólalög sem pabbi útsetti þegar ég var lítil. Ég byrjaði eiginlega óvart að vinna með plötusnúðum og búa til danstónlist. En það var ekki fyrr en ég útskrifaðist úr Kvennó sem ég hellti mér á fullt út í tónlist.“

Krummi, bróðir Svölu, er landsmönnum einnig vel kunnur en hann syngur með hljómsveitinni Mínus. „Ég verð nú að játa að ég latti þau frekar en hvatti út á þessa

braut en við hjónin erum vitaskuld mjög stolt af Svölu og Krumma í dag,“ segir Björgvin. „Þau eru að fást við það sem þau hafa áhuga á og gera það vel. Ég fékk að ráða því sjálfur hvað ég tók mér fyrir hendur á sínum tíma. Þau hafa fengið að ráða því líka. Ég er til ráðgjafar ef þau þurfa.“

Björgvin vann með dóttur sinni að útgáfu plötunnar Bird of freedom og segja þau bæði að samstarfið hafi gengið eins og í sögu. „Pabbi var upptökustjóri á plötunni og við framleiddum hana saman og erum bæði hæstánægð með útkomuna. Bæði erum við miklir fullkomnunar sinnar og auðvitað rifumst við stundum meðan á gerð plötunnar stóð því við erum bæði þrjósk og vitum upp á hár hvað við viljum fá út úr hlutunum. Áður en við tókum upp síðustu plötuna mína, vissum við nákvæmlega hvernig við vildum hafa hana og því gekk samstarfið alveg snurðulaust fyrir sig. Við eigum annars mjög hægt með að vinna saman en ég hef fyrst og fremst lært það af pabba að vanda alltaf til verka í tónlistinni og skila engu af mér nema það sé vel gert,“ segir Svala. „Ég lærði það jafnframt af pabba að taka sjálfa mig ekki of hátíðlega og hafa húmor fyrir því sem ég er að gera. Þetta verður að vera skemmtilegt.“

Alveg eins og mamma og pabbi

Öll þurfum við á fyrirmyndum að halda og meðan sumir horfa í átt að feitletruðum nöfnum á spjöldum sögunnar í leit sinni að fyrirmynd líta aðrir sér nær. Bryndís Bjarnadóttir fór á stúfana og gróf upp nokkra Íslendinga sem ákváðu að feta í fótspor feðra sinna og mæðra.

FEGÐARNIR SAMÚEL VILBERG JÓNSSON OG KÁRI SAMÚELSSON „Tölum um annað en pípur og lagnir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON



Ræðum fleira en pípur og lagnir

Samúel Vilberg Jónsson og Ssonur hans Kári hafa unnið saman við pípulagningar í ein sautján ár og reka nú saman fyrirtækið Pípulagnir Samúels og Kára.

„Allt frá því að Kári stálpaðist hefur hann unnið mér við hlið en það byrjaði auðvitað bara með sumarvinnu,“ segir Samúel sem hefur starfað við pípulagningar í tæpa fjóra áratugi. „Ég þrýsti aldrei á drenginn að feta í mín fótspor og leyfði honum algerlega að ráða fór sinni sjálfur. Samúel spurði son sinn á sínum tíma af hverju hverju hann vildi læra pípulagningar. „Hann svaraði um hæl að þeir vinirnir vissu ekkert

almennilega hvað þeir vildu verða þegar þeir yxu úr grasi og meðan hann væri ekki búinn að ákveða hvað hann vildi gera væri fínt að læra fagið og vera á samningi hjá mér á meðan.“

Auðheyrt er að Samúel er stoltur af syni sínum og fer mikinn. Hann talar um elju og áræðni hans, bæði í námi og starfi. „Kári fór í Tækniskólann og lauk jafnframt meistaraþrófi í pípulagningum, en það nám stundaði hann á kvöldin. Hann er sprenglærður strákurinn.“

Kári kveðst ekki alveg geta tekið undir formerkið „spreng“, þegar hann heyrir lýsingar föður síns á á menntun sinni. „Þótt ég sé

lærður er ég kannski ekki sprenglærður,“ segir hann og hlær.

Samstarfið gengur betur en þeir feðgar þorðu að vona í upphafi. „Okkur hefur aldrei orðið sundurorða enda eigum við skap saman,“ segir Samúel og undir það tekur Kári og undirstrikar að báðir hafi sérstaklega léttu lund.

Kári telur sig hafa lært ótal margt af föður sínum og enn vera að læra. „Við ræðum mikið um starfið þegar við erum saman, bæði utan og á vinnutíma. Við erum samt ekki svo ferkantaðir að við ræðum ekki neitt annað en pípur og lagnir,“ bætir Kári við og skellir upp úr.

Kennslan gengur í ættir

Mæðgurnar Elín G. Ólafsdóttir og Sigurborg Mattíasdóttir eru báðar kennarar sem og reyndar fleiri í fjölskyldunni. Elín kenndi ásamt Matthíasi eiginmanni sínum í Langholtsskóla áratugum saman og systur Sigurborgar, þær Ása og Brynja völdu sér líka sama starf.

„Hann Matthías minn var snillingur í samskiptum við fólk og átti hann ekki síður heidurinn að því en ég að dætur mínar þrjár urðu kennarar,“ segir Elín. „Kennslan er svo gefandi, enda færir hún vonina um að geta orðið til góðs og jafnvel breytt lífi einhvers til hins betra.“ Sjálf ætlaði Elín sér að verða kennari alveg frá því hún var fimm ára smátíla í Ísaksskóla. „Ég hélt að það hlýti að vera svo gaman að kenna krökkum eins og mér. Kennsla varð því ævistarf mitt og ekki síður tómstundagamán.“

Elín lítur á kennarastarfið sem köllun. „Fátt er mikilvægara en að koma manneskjum til manns, kenna þeim fallega siði og glæða með þeim námfýsi sem leiðir til raunverulegrar menntunnar,“ en að hennar mati er ekki sjálfgefið að sé sem er langskólagegninn sé vel síðaður og menntaður. „Ég hef fyrst og síðast reynt að vera dætrum mín góð fyrirmynd í starfi en sjaldan gefið þeim bein ráð. Fyrirmyndir eru veigamestu og afdrifarikustu ráð foreldra,“ segir hún.

Sigurborg segir kennsluviruginn vera mjög virkan í fjölskyld-



unni því ekki aðeins hafi báðir foreldrar hennar verið kennarar, heldur einnig afi hennar og móðurbróðir auk þeirra systra. „Þetta gengur greinilega í ættir,“ segir Sigurborg hlæjandi. „Kennslustarfið virkaði alltaf mjög lifandi á mig og skemmtilegt. Ég kynntist því ung, enda fór ég oft í skólann með foreldrum mínum og vann stundum sem aðstoðarkona mómmu.“

Sigurborg segir móður sína hafa rutt brautina fyrir skapandi kennslustarf. „Það má segja að hún hafi fyrst allra tekið upp einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Hún trúir að allir hafi eitthvað gott fram að færa og það þurfi ein-

Ó, nei, tveir kvikmyndaframleiðendur

Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi hefur náð langt í Hollywood og framleitt margar verðlauna- og stórmyndir. Ekki er óhugsandi að Þórir Snær, sonur hans, verði föðurbetrungur en hann framleiddi meðal annars stuttmyndina Síðasti bærinn, sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna í ár.

„Ég var búinn að reyna viðskiptafræðina við Háskóla Íslands og klára bókmenntafræði, en fann mig ekki alveg,“ segir Sigurjón. „Kvikmyndaframleiðsla sameinandi hins vegar þetta tvennt og fleiri listgreinar, svo sem ljósmyndun og leiklist og árið 1979 ákvað ég að þetta skyldi ég leggja fyrir mig.“

Þórir Snær ætlaði sér aldrei út í kvikmyndagerð, enda hafi langar vinnustundir föður hans lengi vel gert hann frábitinn starfinu þótt síðar hafi hann skipt um skoðun. „Hefði ég ráðið væri Þórir eflaust ekki í þessu starfi í dag, enda er það afskaplega krefjandi og því fylgir mikil samkeppni,“ segir Sigurjón. „Hins vegar skiptir auðvitað öllu að sonur minn geri það sem hann hefur ástríðu fyrir og finni sig á þeim vettvangi,“ bætir hann við. „Það er ekki síður gleðilegt að hann og félagar hans í ZikZak kvikmyndagerð, hafa náð góðum árangri. Í dag er meira að segja hægt að fá Óskarstilnefningu fyrir stuttmynd frá Íslandi.“

Þórir segir vissulega ganga vel núna en þetta sé hörkuvinna. „Ég hef lært ýmislegt af reynslu þabba í bransanum. Eitt það mikilvægasta er að það tekur þrjú til fimm ár að framleiða kvikmynd, þannig að maður þarf að vera ansi viss á því að verkefnið sé þess virði að leggja svo mikinn tíma og ástríðu í það. Það fór jafnmikill tími, og ástríða kannski líka, í að framleiða Battlefield Earth og það fór í að gera Guðföðurinn. Dæmi hver fyrir sig um útkomuna,“ segir Þórir og hlær.

Þeir feðgar unnu saman að framleiðslu myndarinnar Gargandi snilld og segja að það hafi gengið vel. „Þórir er miklu

mýkri maður en ég en hins vegar sækir hann hvatvísina til mín,“ segir Sigurjón. Þórir tekur undir orð föður síns um samstarfið. „Þetta gekk í alla staði prýðilega og við vorum mjög ánægðir með útkomuna. Verst er að þetta bitnaði aðallega á mömmu og systur minni. Eina sem við ræddum, daginn út og daginn inn var myndin. Reyndar hefur þetta verið þannig í tíu ár; við ræðum fátt annað en kvikmyndir og kvikmyndagerð. Mamma lýsti þessu best fyrir nokkrum árum þegar hún fórnaði höndum og sagði. „Ó, nei, nú þarf maður að hlusta á tvo kvikmyndaframleiðendur!“



ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON, SIGRÍÐUR ÞÓRISDÓTTIR OG ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON Hæfileikaríkir kvikmyndagerðarmen.

Ferðatöskusettt 3 töskur á hjólum með dráttarhandfangi.

Verð áður: 18.285 kr.
TILBOÐSVERÐ:
9.900 kr.
50% afsláttur



Stakar töskur með
30% afslætti.

Verð frá **3.990 kr.**

Eymundsson

Tilboðið gildir til 30. júní eða á meðan birgðir endast.

ELÍN OG SIGURBORG
Líta á kennslustarfið
sem köllun. FRÉTTABLAÐ-
ID/HÖRÐUR SVEINSSON



faldlega að beita ólíkum kennsluáferðum til draga það besta fram í öllum. Þannig vildi hún leggja áherslu á annað og meira en hefðbundið bóknám.“

Sigurborg segir foreldra sína hafa verið mikið hugsjónafólk og húmanista, enda hafi þau tekið að sér börn sem rekin höfðu verið úr skóla og kennt þeim á heimili sínu. „Það er alveg ljóst að margir hefðu aldrei komist í gegnum gagnfræðanáms nema fyrir tilstilli mömmu og þabba. Sjálfri mér kenndu þau fyrst og fremst að það er ekki endilega mikilvægara að vera góður á bókina en að vera skapandi, listrænn eða hægur.“

Hápunktar Halldórs

1974

1984

1990

1993

1997

2002



Tilfærsla ríkisendurskoðunar

Eitt af fyrstu þingmálum sem Halldór Ásgrímsson lagði fram á þingi eftir að hann tók þar sæti árið 1974 var frumvarp um að færa ríkisendurskoðun frá fjármálaráðuneytinu undir þingið. Víða var sú tilhögun að ríkisendurskoðun heyrði undir þing þjóðlanda eins og í Noregi, Danmörku og Bretlandi. Halldór vildi fara sömu leið hér á landi og lagði frumvarpið nokkrum sinnum fram áður en það náði fram að ganga árið 1987 með nýjum lögum um ríkisendurskoðun.

Hugmyndin skynsamleg

„Það var nokkuð almennt álitid að hugmynd Halldórs um að gera Ríkisendurskoðun að sjálfstæðri stofnun væri góð, það var til bóta fyrir Alþingi að koma stofnuninni á. Halldór var sem þingmaður traustur og góður maður sem starfaði að heilindum að því sem hann tók sér fyrir hendur. Þó við höfum verið ósammála á stundum, þá störfuðum við ágætlega saman.“



VILHJÁLMMUR
HJÁLMARSSON

Var strax sammála Halldóri

„Halldór lagði þetta fram á sínu fyrsta kjörtímabili sem hófst 1974. Ég var fjármálaráðgjafi á þeim tíma og var strax í upphafi mjög sammála honum um þetta. Mörgum fannst óeðlilegt að stofnun sem heyrði undir ráðuneytið færi yfir fjárlagafrumvarpið. Það tók hins vegar sinn tíma eins og oft að breyta stjórnkerfinu og frumvarpið náði ekki strax í gegn. En á endanum var frumvarpið svo samþykkt.“



MATTHÍAS Á.
MATHIESEN



Kvótakerfinu komið á

Með sífellt öflugri fiskiskipafloata og aukinni tækni gekk mikið á fiskistofnana við landið. Haustið 1983 gaf Hafrannsóknastofnun út skýrslu um að takmarka þyrfti veiðar verulega sem skapaði mikil viðbrigði frá þeim frjálsum veiðum sem höfðu tíðkast áður.

Halldór Ásgrímsson var sjávarútvegsráðgjafi á þessum tíma og stundum nefndur guðfaðir kvótakerfisins sem tók gildi árið 1984.

Samstarfið gekk vel

„Við stóðum frammi fyrir miklum erfiðleikum þegar ljóst var að takmarka þyrfti veiðarnar haustið 1983. Brugðist var við með því að setja fiskveiðistjórnunarkerfið á. Halldór sýndi því mikinn skilning að takmarka þyrfti veiðarnar og var náttúrulega sá sem bar hina pólitísku ábyrgð á því á meðan við hinir bárum ábyrgð á því gagnvart atvinnugreininni. Samstarfið gekk vel. Hvort tveggja var mjög erfið viðfangsefni en tókst farsælega og til mikils ágætis fyrir þjóðina alla.“

Erum alltaf að fara til baka

„Það má velta fyrir sér hvers vegna þetta hefur ekki skilað meiri árangri fyrir okkur Íslendinga. Í upphafi var talið að þetta yrði til þess að styrkja og byggja upp þessa helstu nýttastofna, sem hefur ekki gengið eftir. Þessi stóra ákvörðun hefur því miður ekki skilað því sem reiknað var með, við erum alltaf að fara til baka í staðinn fyrir að við áttum að geta horft bjartari augum fram á veg.“



SVERRIR
LEÓSSON



Tólf ár saman í ríkisstjórn

Þegar kjörtímabilinu lýkur á næsta ári hafa Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur setið saman í ríkisstjórn samfleytt tólf ár. Það er lengsta samfellda meirihlutasamstarf af hálfu Framsóknarflokksins frá upphafi.

Flokkurinn hefur átt aðild að 21 ríkisstjórn og leitt 13 af þeim en alls hafa 35 ríkisstjórnir setið að völdum frá árinu 1917. Framsóknarflokkurinn hefur haldið til á miðju hins pólitíska áss og starfað með flokkum á báðum vængjum.

Bjuggu til alveg nýtt land

„Þetta stjórnarsamstarf mun verða annað lengsta stjórnarsamstarf frá lýðveldisstofnun, jafn langt og viðreisnarstjórnin. Ég tel að þessi tími hafi verið mjög merkilegt tímabil í sögu landsins. Þarna fengu menn tækifæri til að umskapa Ísland að mörgu leyti, sérstaklega gagnvart efnahags- og viðskiptatíðinni. Það tókst að búa til alveg nýtt land með allt aðra og óteljandi mikla möguleika sem menn þekktu ekki hér áður.“

Sagan að endurtaka sig

„Framsóknarflokkurinn hefur tilhneigingu til að reyna að halda sér sem lengst í stjórn. Hann hefur því þurft að sveigja sig ansi oft að kröfum Sjálfstæðisflokksins og gleypa ýmislegt sem flokkurinn hefði nú ekki gert ef hann hefði sjálfur mátt ráða. Þetta hefur verið grundvöllurinn á samstarfinu sem Framsóknarflokkur er að koma illa út úr, svipað og Alþýðflokkurinn eftir viðreisnarstjórnina. Hér er sagan að endurtaka sig.“



RAGNAR
ARNALDS



Samþykkt á EES-samning

Árið 1993 var samningur um evrópskt efnahags- og vaxtaátt samþykktur sem lög á Alþingi. Þetta var eitt stærsta mál Viðeyjarstjórnarinnar sem samanstóð af Sjálfstæðisflokk og Alþýðflokk.

Viðræður hófust reyndar þegar ríkisstjórn Steingrims Hermannssonar var við völd en þegar fram í sótti snerust flokkarnir sem höfðu myndað þá ríkisstjórn gegn hugmyndinni. Þegar kosið var um málið klofnaði þingflokkur Framsóknarflokks í afstöðu sinni þegar helmingur kaus á móti frumvarpinu og helmingur sat hjá. Með því gengu Halldór Ásgrímsson og fleiri sem sátu hjá gegn vilja formanns flokksins, Steingrims Hermannssonar, sem var fátítt á þessum tíma.

Full heilindi í flokknum

„Það var mismunandi afstaða til málsins innan þingflokksins en það voru full heilindi og samstaða í flokknum og menn voru sammála um að vera ósammála. Steingrímur hafði leitt þessa umræðu en var svo ekki sammála þeim áherslum sem ný ríkisstjórn hafði í málinu, þar skapaðist viss ágreiningur.“

Halldór sýndi framsýni

„Halldór var eins í þessu máli eins og mörgum öðrum, trúr sínum skoðunum og stefnuafastur. Reynsla hans og þekking skipti sköpum fyrir okkur sem minni reynslu höfðum þá, og við hlustuðum á hann. Ég tel afstöðu hans, og þar með okkar hinna, hafa verið rétta. Sagan hefur staðfest það.“



INGIBJÖRG
PÁLMAÐÓTTIR



Einkavæðing ríkisbankanna

Árið 1997 var Landsbanka Íslands breytt í hlutafélag og Búnaðarbanki Íslands fylgdi í kjölfarið ári seinna. Þannig hófst einkavæðing ríkisbankanna sem lauk formlega 2003.

Sala ríkisbankanna er ein stærsta breytingin sem hefur átt sér stað á íslenskum fjármálamarkaði á síðustu árum og hefur haft víðtæk áhrif. Salan var að sama skapi afar umdeild. Ríkisendurskoðun kannaði sérstaklega hæfi Halldórs í þessu máli vegna meintra eignatengsla og úrskurðaði að hann hefði verið hæfur.

Afar misráðin framkvæmd

„Einkavæðing bankanna var tvímælalaut afar misráðin og flokkspólitískir ræðu óþægilega miklu. Þetta er mál sem enn á eftir að leiða endanlega til lykta. Þótt núna ári vel í heimi fjármálanna þá skulu menn ekki gefa sér neitt í þeim efnum. En hitt er alveg augljóst að öll ákvarðanatáka á sínum tíma var tekin með flokkspólitíska hagsmunum að leiðarljósi og það kann ekki góðri lukku að stýra.“

Upphafið að mikilli sókn

„Það er svo augljóst að það var rétt að selja ríkisbankana. Það var upphafið að mikilli sókn efnahagslífsins og útrásar viðskiptalífsins og hafði mikil að segja um þá velgengni sem hefur verið á því sviði síðan. Þetta var vissulega umdeild ákvörðun en ég heyri ekki engan halda því fram í dag að hún hafi verið röng. Það er í raun ótrúlegt hvað það er stutt síðan að bönkunum var stjórnað af stjórnmalámonnum.“



VALGERÐUR
SVERRISDÓTTIR



Kárahnjúka-virkjun

Árið 2002 fékk Landsvirkjun heimild til byggingar virkjunar við Kárahnjúka og hófust framkvæmdir mánuði síðar. Bygging virkjunarinnar var forsenda fyrir því að reist yrði

álver við Reyðarfjörð sem hafði verið samið um milli stjórnvalda, Landsvirkjunar og Alcoa fyrr á árinu. Stjórnir Landsvirkjunar og Alcoa samþykktu raforkusamning vegna álvers við Reyðarfjörð í byrjun árs 2003. Stuttu síðar samdi Landsvirkjun við Impregilo um tvo stærstu þætti framkvæmdarinnar, Kárahnjúkastíflu og aðrennslisgöng virkjunarinnar. Þessi framkvæmd hefur orðið tilefni fjölda mótmæla.

Harakiri Halldórs

„Kárahnjúka-virkjun er dýrkeyptasti minnisvarði sem íslenskur stjórnmalamaður hefur reist sér til þessa. Við hönnun hans naut Halldór Ásgrímsson

stjórnvalda stuðnings Sjálfstæðisflokksins og meirihluta alþingismanna. Ekkerkt mannvirki hefur klofið þjóðina í andstæðar fylkingar eins og þetta og stóriðjustefnan sem það hvílir á er nú að rýja Framsóknarflokkinn fylgi og trausti. Kárahnjúka-virkjun er á virku sprungubelti og með henni hefur Halldór framið þá kvíðistu (harakiri) sem lengi verður í minnum höfð.“

Farsæl ákvörðun

„Ég hef þá trú að ákvörðunin um Kárahnjúka-virkjun og álver á Reyðarfirði sé Austfirðingum og þjóðinni allri mjög til farsældar og heilla. Ég tók þátt í þessu verkefni og átti mikil og drjúgt samstarf við Halldór og þau samskipti voru alla tíð mjög góð. Það er ljóst að hann var kjölfesta í þessu máli og afskaplega traustur í þeirri erfiðu baráttu sem háð var til að ná fram þessum erfiðu máli.“



SMÁRI
GEIRSSON



HJÖRLEIFUR
GUTTORMSSON

Sjóvá hefur verið aðal styrktaraðili Kvennahlaupsins í 14 ár

SJÓVÁ

Taktu þátt í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ 10. júní. Nánari upplýsingar á sjova.is

Halldór Ásgrímsson lætur af störfum sem forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokks

2003



Stuðningur við Íraksstríðið

Í marsmánuði árið 2003 lýstu íslensk stjórnvöld yfir stuðningi við innrás Bandaríkjamanna í Írak, fyrr á árinu, með því að setja landið á svonefndan lista staðfastra þjóða. Endanleg ákvörðun um það var tekin af Halldóri Ásgrímssyni utanríkisráðherra og Davíð Oddssyni forsætisráðherra. Ekki var tilkynnt um þetta áður en listinn var gerður opinber af bandarískum stjórnvöldum.

Miklar deilur sköpuðust í kjölfarið, innan allra flokka, um að ákvarðanatökan hefði ekki verið borin undir fleiri aðila. Ríkisstjórn var meðvituð um ákvörðunina á sínum tíma að sögn Halldórs en hún var ekki borin undir utanríkismálanefnd Alþingis.

Innrásin í Írak svartur blettur

„Ég var óánægður með það hvernig Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson stóðu að þessu máli. Það var ekki haft eðlilegt og lögbundið samráð við utanríkismálanefnd Alþingis eða Alþingi. Efnislega tel ég þetta hafa verið ranga ákvörðun. Það hefur meira og minna verið afhjúpað að þetta var ákvörðun þeirra tveggja, og engra annarra. Uppgefna ástæður fyrir stríðinu reyndust upplagnar og því miður hefur eftirleikur innrásarinnar verið hörmulegur.“



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Lipur í samskiptum við þingið


„Ég var formaður utanríkismálanefndar Alþingis árið 2003 og þurfti því að eiga mikil samstarf við Halldór Ásgrímsson. Ég fann þá vel hversu lipur hann var í samskiptum sínum við þingið. Hann var ætíð tilbúinn til þess að koma á fund utanríkismálanefndar þegar eftir því var kallað. Það er mikil eftirsjá í Halldóri og enginn getur mælt á móti því að hann hefur lagt margt gott af mörkum fyrir íslenskt samfélag.“



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR

NÁMSKEIÐ

UNDIR BERUM HIMNI



BARNA- OG UNGLINGALEIKHÚS AUSTURBÆJAR LEITAR AÐ HÆFILEIKARÍKUM KRÖKKUM OG UNGLINGUM!

KENNAÐAR



AGGI



DÓRA



ÓLI

ALDURSHÓPAR

| | | |
|-----------|----------------|----------------|
| 9-10 ÁRA | FÆDD 1996 - 97 | 12. – 16. JÚNÍ |
| 11-12 ÁRA | FÆDD 1994 - 95 | 19. – 23. JÚNÍ |
| 13-15 ÁRA | FÆDD 1991 - 93 | 26. – 30. JÚNÍ |
| 9-10 ÁRA | FÆDD 1996 - 97 | 3. – 7. JÚLÍ |
| 11-12 ÁRA | FÆDD 1994 - 95 | 10. – 14. JÚLÍ |
| 13-15 ÁRA | FÆDD 1991 - 93 | 17. – 21. JÚLÍ |

NÁMSKEIDSGJALD: 22.800

i
Nánari
upplýsingar
í síma 551 4700

Námskeiðin eru haldin í Austurbæ og mun hver hópur sýna leikþætti undir berum himni á Laugavegi og Lækjartorgi í lok námskeiðsins.

Valið verður síðan úr hópi þátttakenda í leikhóp Barna- og unglíngaleikhúss Austurbæjar sem stendur fyrir magnaðri leiksýningu á stóra sviði Austurbæjar á Menningarnött.



SKRÁNING FER FRAM Í SÍMA 551 4700 MILLI KL. 9.00 OG 14.00 ALLA VIRKA DAGA.



Slysaðist inn á glæpabrautina

Sakamálasögur skoska rithöfundarins Ian Rankin um rannsóknarlögreglumanninn John Rebus njóta mikilla vinsælda út um allan heim og þá ekki síst á Íslandi. Þórarinn Þórarinsson ræddi við höfundinn þegar hann heimsótti landið á dögnum og spurði hann um vinsældirnar, glæpasögur og Rebus sjálfan sem fer á eftirlaun á næsta ári.

Ian Rankin var rúmlega tvítugur bókmenntrafræðinemi við háskólann í Edinborg þegar hann fékk hugmyndina að fyrstu Rebus bókinni. Þá hafði hann þegar skrifað tvær óútgefnar skáldsögur og fíktað við að skrifa smásögur, ljóð og söngtexta. „Ég sat í íbúðinni minni á kaldri vetrarnótt og starði í eldinn þegar ég fékk hugmynd að sögu þar sem tveir einstaklingar tækjust á. Annar lagði þrautir fyrir hinn, sem væri hugsanlega lögga, og sendi honum vísbendingar um glæpi. Ég vissi ekkert um lögregluna eða glæpasagnaskrif á þessum tíma og hafði ekki lesið mikið af reyfurum. Persónan tók samt fljótt á sig mynd og ég planaði bókina alla á þessu eina kvöldi,“ segir Rankin um tilurð fyrstu Rebusbókarinnar, *Knots & Crosses*.

„Ég hafði verið að stúdera Dr. Jeckyl and Mr. Hyde eftir Robert Louis Stevenson. Sú bók fjallar í raun að miklu leyti um Edinborg og er skrifuð af Edinborgara og mér fannst það bæði pirrandi og fyndið að hún skyldi eiga sér stað í London. Ég lít á hana sem Edinborgarsögu og finnst hún segja mikið um borgina og gefa innsýn í persónugerð Skota. Ég ákvað því að uppfæra söguna og flyja hana heim til Edinborgar með *Knots & Crosses*. Allt þetta löggudót var í mínum huga bara tilgangurinn sem helgaði meðalið, aðferð til að segja þessa sögu þannig að það kom mér algerlega í opna skjöldu eftir að hún kom út að sjá hana í glæpasagnadeildum bókabúða en ekki innan um skoskar bókmenn. Ég skammaðist mín fyrir þetta vegna þess að ég ætlaði að verða prófessor í ensku. Þetta var mikið sjokk að verða glæpasagnahöfundur fyrir slysi.“

Grunaður um glæp

Rankin ákvað síður en svo að binda trúss sitt við Rebus strax eftir *Knots & Crosses* og skrifaði tvær aðrar bækur, njósnasögu sem gerist í London og glæpasögu sem átti sér stað í Bandaríkjunum. „Ég komst svo að þeirri niðurstöðu að allt sem mig langaði að segja um lífið og tilveruna rúmaðist innan ramma sakamálasögunnar. Rannsóknarlögreglumáðurinn eða einkaspæjarinn eru mjög góð töl til þess að kryfja samfélagið með. Hann hefur aðgang að lægstu lögum samfélagsins, döpistunum, melludögnum og vændiskonunum en hann

getur líka átt samskipti við stjórn-málamenn, bismismenn og skoðað alls konar spillingu. Útgefandinn minn hafði sagt mér að hann sér líkaði vel við persónu Rebusar og ég ákvað því að gefa honum annan séns.“

Rankin leggur töluverða vinnu í undirbúning hverrar bókar og kynnir sér viðfangsefni sín gaumgæfilega. Þetta hefur hann gert frá upphafi og lenti til að mynda í vandræðum í samskiptum sínum við lögregluna þegar hann vann að fyrstu Rebusbókinni. „Ég hafði ekki hundsvit á störfum lögreglunnar og skrifaði háttsettum lögreglumanni í Edinborg og bað hann um hjálp. Hann sendi mig til tveggja rannsóknarlögreglumanna sem voru tilbúnir til að ræða við mig um per-

„En mesta hrós sem ég hef fengið var þegar háttsettur lögreglustjóri í Edinborg fjallaði um eina bókina mína í dagblaði og sagðist vilja óska þess að hann hefði eina löggú eins og Rebus í sínum mannafla, en aðeins eina því það væri ekki pláss fyrir tvær löggú eins Rebus.“

sónu Rebusar. Þeir vildu samt fyrst vita um hvað sagan væri og ég sagði þeim upp og ofan af fléttunni. Ég vissi auðvitað ekki að þeir voru þá að rannsaka mjög svipaðan glæp og ég var að skrifa um þar sem barni hafði verið rænt í nágrenni Edinborgar. Ég fékk því réttarstöðu grunaðs manns þar sem þeir héldu að ég hefði framið glæpin og væri kominn til þess að leika mér að þeim. Fyrsta glæpasagan mín varð því til þess að það féll á mig grunur í raunverulegu sakamáli. En mesta hrós sem ég hef fengið var þegar háttsettur lögreglustjóri í Edinborg fjallaði um eina bókina mína í dagblaði og sagðist vilja óska þess að hann hefði eina löggú eins og Rebus



IAN RANKIN Tvítugur að aldri skrifaði Rankin fyrstu bókina um John Rebus. Tuttugu árum og átján bókum síðar ætlar Rebus að setjast í helgan stein á næsta ári.

í sínum mannafla, en aðeins eina því það væri ekki pláss fyrir tvær löggú eins Rebus.“

Samfélagsrýnirinn Rebus

Rankin segist meðvitað hafa orðið pólitískari í skrifum sínum með árunum og hann beini sjónum Rebusar iðulega að eldfimnum samfélagsmálum enda sé skáldsagan í eðli sínu heppilegur vettvangur til þess.

„Mikið af fagurbókmenntum sem eru að koma út í Bretlandi um þessar mundir eru mjög sjálfmiðaðar. Þær fjalla um höfundana eða persónur sem eiga í innri baráttu. Bestu sakamálasögurnar fjalla hins vegar um átökin í samfélaginu, stóru siðferðislegu spurningar dagsins í dag. Síðasta bók, *Fleshmarket Close*, fjallar um hælisleitendur og byggir á raunverulegu morði sem var framið í Skotlandi. Ég lagðist í mikla rannsóknarvinnu fyrir hana. Ég geri það að vísu yfirleitt, sérstaklega þegar ég fjalla um viðkvæm málefni eins og innflytjendur. Margir stjórnálmamenn lesa bækurnar mínar og ég vil vera viss um að ég sé með staðreyndirnar á hreinu. Í þessu tilfelli fékk ég mikla hjálp frá góðgerðarsamtökum sem aðstoða hælisleitendur í Skotlandi, félagsráðgjafar voru mér einnig innan handar og svo vitaskuld lögreglan.

Ég nýt þess að vinna undirbúningsvinnuna vegna þess að hver bók byrjar yfirleitt á stórru spurningu sem ég spyr sjálfan mig. Spurningin sem ég glímdi við í *Fleshmarket Close* var: „Hversu kynþáttafor-

dómafullir eru Skotar orðnir?“ Við höfum nefnilega í gegnum aldirnar verið of upptekin af trúardeilum og hatrí milli mótmælenda og kápólíkka og höfum því ekki gefið öðrum menningaheimum gaur. En nú virðist það vera að koma á daginn að við glíum við mikla kynþáttafordóma í Skotlandi og við verðum að horfast í augu við það. Ég hef tekið á við aðrar erfiðar spurningar í eldri bókum. Hver bók byrjar á spurningu og til þess að svara þeim spurningum þá læt ég Rebus fá hana.“

Í helgan stein á næsta ári

Rankin segir að vinsældir Rebusar utan Bretlands hafi komið sér ánægjulega á óvart en bendir á að þetta hafi allt gerst mjög hægt. „Fyrsta Rebus bókinn seldist í 800 eintökum þegar hún kom fyrst út 1987 og ég skrifaði átta Rebusbækur áður en ég sló í gegn. Sú áttunda *Black & Blue*, sem hlaut Gullrýtinginn, seldist í í miklu stærra upplagi en fyrri bækurnar. Ég held að Danir hafi orðið fyrstir til að þýða Rebus en önnur lönd voru lengur að taka við sér. Þetta hefur gerst hægt þannig að ég hef haft nægan tíma til að venjast þessu en það er frábært að verða vinsæll rithöfundur.“

Persóna Rebusar hefur tekið miklum breytingum á þeim tæplega tuttugu árum sem Rankin hefur skrifað um hann. „Ég ákvað snemma að bækurnar ættu að vera raunsæjar. Rebus vinnur á raunverulegri lögreglustöð, gatan sem hann býr við er til og hann drekkur á alvöru bar. Raunveruleikakrafan

felur að sjálfsögðu í sér að Rebus verður að eldast í rauntíma. Vandamálið er að núna er hann í kringum 58 eða 59 ára og verður að fara á eftirlaun sextugur. Ég stend því frammi fyrir því að Rebus mun hætta á næsta ári og ég geri ráð fyrir að síðasta Rebusbókin komi út á þá, 20 árum á eftir þeirri fyrstu.“

Rebus myndi ekki líka við mig

Rebus er vandræðaseggur, á erfitt með að vinna með fólki og virðist haldinn sjálfseyðingarhvöt en Rankin er þó ekki tilbúinn til þess að viðurkenna að hann sé alkóhólisti.

„Hann er örugglega alveg á mörkum þess að vera alvöru alkóhólisti. Hann náði botninum í *Black & Blue* árið 1997 en hefur dregið úr drykkjunni síðan þá og hefur stjórnað henni. Það er áhugavert að aðdáendur hans virðast skipast í tvo jafn stóra hópa; konur sem lesa bækurnar vilja að hann breytist, borði betri mat, drekki minna og hætti að reykja. Körlum finnst hann hins vegar frábær eins og hann er. Ég held að það sé vegna þess að hann hefur alla þá lesti sem þeir hafa ekki. Ég hef ekki þessa lesti. Ég sit og drekk bjór akkúrat núna en ég reyki til dæmis ekki og ég gæti ekki drukkið jafn mikið og hann. Við erum mjög ólíkir hvor öðrum að mörgu leyti.

Þegar ég skóp Rebus var ég tvítugur námsmaður en hann fertugur fyrrverandi hermaður. Þannig að ef hann gengi inn á bar í Edinborg er ég viss um að honum myndi ekki líka við mig. Alveg örugglega ekki.“

Rebus í sjónvarpinu

Rebus hefur notið mikilla vinsælda í bresku sjónvarpi. Hinn mjög svo geðþekki skoski leikari John Hannah tók mánna fyrstur að sér að túlka ólíkindatölíð.

„Hann er mjög ólíkur gaurnum í bókunum mínum,“ segir Rankin. „Margir aðdáendur hafa sagt mér að þeim finnst hann of ungur og myndarlegur og ég held að John Hannah geti alveg tekið undir það. Framleiðslufyrirtæki hans keypti hins vegar réttinn á bókunum og þess vegna lék hann Rebus. Þeir gerðu fjórar sjónvarpsmyndir áður en hann varð of upptekinn í Hollywood og nú hefur Ken Stott tekið við rullunni. Hann er miklu líkari Rebusi, að minnsta kosti hvað líkamsburð varðar. Hann hefur leikið í tveimur myndum hingað til og þær hafa gengið mjög vel og það stendur til að gera fjórar myndir með Scott í viðbót.“

Rankin segist ekki hafa neitt með sjónvarpsmyndirnar að gera. „Ég skrifa ekki handritin, ég les þau ekki og ég horfi ekki á þættina vegna þess að ég vil ekki að raddir leikaranna komist inn í hausinn á mér og trufla þær raddir sem hljóma þar nú þegar. Mér hefur samt brugðið fyrir í smáhlutverk í einni Hannah-mynd og einni með Scott. Það góða við sjónvarpið fyrir rithöfund er að maður eignast vonandi nýja lesendur. Rebusbækurnar eru mjög vinsælar en þegar ný bók, eins og *Fleshmarket Close*, kemur út í kilju í Bretlandi sel ég kannski hálf milljón eintaka. Þegar hún er sýnd í sjónvarpi horfðu átta milljón manns á hana. Það eru þá sjö og hálf milljón sem hefur ekki lesið bókina. Aðeins lítill hluti þeirra þyrfti að fara og kaupa hana til þess að gera mig mjög glaðan.“



JOHN HANNAH Lékk John Rebus í fyrstu myndunum um rannsóknarlögreglumanninn.

**BÍLAR
& SPORT
2006**

Nýja Laugardalshöllin

5000m²

sýningarsvæði



STÓRSÝNING
9.-11. JÚNÍ
LAUGARDALSHÖLL

Bílar & Sport 2006

Föstudagurinn 9 júní
16:00 – 21:00

Laugardagurinn 10 júní
11:00 – 21:00

Sunnudagurinn 11 júní
11:00 – 19:00

Stærsta mótorsýning
aldarinnar!



www.bilarogsport.is

Kaupfélögum og þar með kaupfélagsstjórum hefur farið hraðfækki- andi undanfarin ár. Jón Alfreðsson situr hins vegar sem fastast líkt og hann hefur gert í tæp fjörutíu ár. Jón Sigurður Eyjólfsson ræddi við hann og komst að því að kaupfélagsstjórar hafa verið miklir örlagavaldar í lífi Strandamannsins, sem sótti um á síldarplaninu á Siglufirði en endaði sem kaupfélagsstjóri Kaupfélags Steingrímsfjarðar í Hólmavík.

Jón Alfreðsson er fæddur og uppalinn í Kollafirði í Strandasýslu. Hann stundaði nám við Samvinnuskólann á Bifrost en um sama leyti hófst ferill hans hjá kaupfélaginu sem nú spannar 45 ár. „Eina vinnan sem ég hef sótt um á ævinni var þegar ég sótti um vinnu á síldarplaninu á Siglufirði árið 1960 þegar ég var í sumarfrí frá skólaönnunum,“ segir Jón og lítur upp úr pappírnum sem þekja borð kaupfélagsstjórans. „Það fór þó þannig að ég fékk aldrei að sinna þessu starfi sem ég sótti um því þegar ég kom með rútunni tilbúinn í slorið þá tók Björn Stefánsson, kaupfélagsstjóri á Siglufirði, á móti mér og sagðist vanta mann í snúninga við að afgreiða báta og annað því um líkt. Hann sagði að ég fengi minna útborgað en á planinu ef mikið væri af síld en ef síldin væri léleg þá væri þetta engu verra. Sérstaklega í ljósi þess að mér væri hollt að öðlast smá reynslu í verslunarrekstri þar sem ég væri í Samvinnuskólanum. Ég samþykkti þetta umsvifalaust. Eftir allt saman reyndist það líka hyggilegt þar sem síldin brást þessa vertíð.“

Skólaveturinn þar á eftir varð svo Þorgeir Guðmundsson, kaupfélagsstjóri á Hólmavík, fyrri til að ráða Jón til sín. Eftir sjö ára samvinnu lét Þorgeir svo af starfi og Árni Jóhannsson tók við af honum en einungis til eins árs en þá var Jón ráðinn í hans stað.

Rækjan kom með nýjum kaupfélagsstjóra

„Þetta var þó svolítið erfið ákvörðun; hvort ég ætti að láta slag standa þegar eftir því var sóst að ég tæki við þessu starfi,“ segir Jón meðan hugurinn reikar til upphafsára kaupfélagsstjórans. „Þetta voru hafísár og mikil kreppa í landbúnaði og töluvert um það að kaupfélög hættu rekstri á þessum árum.“

JÓN ALFREÐSSON KAUPFÉLAGSSTJÓRI
Það eru ekki margir kaupfélagsstjórar eftir á landinu og enginn þeirra hefur verið jafn lengi í brúnni og Jón Alfreðsson í Kaupfélagi Steingrímsfjarðar. Hann lætur engan bilbug á sér finna þótt flokkurinn sé þunnskipaðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



Komið við kaunin á kaupfélagsstjóranum

Einnig hafði þorskurinn nýlega horfið úr Húnaflóa sem gerði öllum erfitt fyrir, en fljótlega eftir að ég tók við hófst rækjuveiði í Húnaflóanum. Völd kaupfélagsstjórans ná þó ekki svo langt að ég geti þakkað mér það að flóinn fylltist af rækju,“ segir hann og hlær við. „En ég hef aldrei nagað mig í handarbökin þó oft hafi staðið styr um mig eins og gengur og gerist með menn í ábyrgðarstöðum.“

Er óhætt að bæta við barni?

„Það voru milli fimmtíu og sextíu kaupfélög í landinu þegar ég byrjaði en þau eru innan við tíu núna og í raun er ekki nema eitt eftir sem virkar eftir gamla laginu og það er Kaupfélag Skagfirðinga sem er geysilega mikið veldi. En Kaupfélagið hér var með verslun á Hólmavík og Drangnesi þegar ég byrjaði og enn erum við með þær í dag, auk þess sem við erum með útibú á Norðurfirði. En þó er því ekki að neita að við höfum dregið nokkuð úr umsvifum okkar líkt og

önnur kaupfélög. Áður rákum við sláturhús, frystihús á Hólmavík og annað á Drangnesi, vorum umboðsaðilar fyrir Eimskip, Skipaútgerð ríkisins og Samvinnu-tryggingar sem þá voru og svo sáum við eins og önnur kaupfélög um allar rekstrarvörur í landbúnaði og afurðasölu.“

Kaupfélagsstjórinn hafði því marga þræði í hendi sér svo ábyrgð hans var mikil í samfélaginu og þótti mörgum sem örlög þeirra væru undir þeim komin. „Saga af Langanesinu hermir að bændur hafi borið það undir kaupfélagsstjóranum hvort óhætt væri að bæta við barni eins og staðan væri hjá þeim. Ég held þó að sögur sem þessar séu heldur ýktar að minnsta kosti var svona lagað aldrei borið undir mig,“ segir hann og brosir við.

Erfiðasta ákvörðunin

En þegar illa árar er það ekki tekið út með sældinni að vera kaupfélagsstjóri og hafa þá margir sveitungarnir horn í síðu hans.

Eins segir Jón að oft vilji menn eiga við hann erindi þegar hann lætur sjá sig á mannátötum. „Reyndar er kona mín, Svanhildur Vilhjálmstöttir nokkuð iðin við það að benda mönnum kurt-eislega á að skrifstofan sé opin frá átta til fjögur“ segir Jón kankvís. Eins stendur kaupfélagsstjórinn oft frammi fyrir erfiðum ákvörðunum en Jón er handviss um að hann hafi staðist prófið þegar hans beið erfiðasta ákvörðun ferilsins.

„Árið 2000 var Hólmadrangur í meirihluta eign kaupfélagsins en hann var með rækjuverksmiðju á Hólmavík og Drangnesi og ég stóð þá frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort við ættum að sameinast Útgerðarfélagi Akureyrar eða ekki. Ég ákvað að við skyldum sameinast og þegar ég horfi til baka sé ég að þessi erfiðasta ákvörðun sem ég hef þurft að taka var jafnframt sú besta sem ég hef tekið. Í dag er Hólmadrangur í eigu okkar og Fisk Seafood sem

síðan er að mestu í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Verksmiðjan sem er með þeim bestu á landinu er hér á Hólmavík og blússandi gangur á henni og engan bilbug á okkur að finna enda hefur samstarfið við Fisk Seafood gengið afar vel.“

Afgreiðir brennivín yfir borðið

Bæði hefur kaupfélögum og rækjuverksmiðjum fækkað ört undanfarin ár og áratugi en þetta eru þau egg sem Jón hefur í körfunni. Til að koma við kaunin á kaupfélagsstjóranum var hann spurður hvort honum þætti sem örlögin hafi vegið að honum með þessari þróun eða hann veðjaði á rangan hest? „Nei, því þó ég sé í raun íhaldssamur maður þá er ég einnig þeim hæfileikum gæddur að geta tekið erfiðar ákvarðanir og tekist á við breytingar. Ég lít aðeins þannig á að þetta sé sú þróun sem ég verð að takast á við. Og ég veit það að kaupfélögin verða eflaust aldrei það sem þau voru en þó bærist sá draumur innra með mér að einhvern tímann muni lýðurinn rísa upp og fjármagnið muni ekki vera jafn allsráðandi í öllum atvinnurekstri eins og nú er. Margir hafa sagt að enginn viti hver eigi kaupfélögin en í mínum huga er það alveg skýrt að þau eru í eigu íbúanna á þeim stað þar sem þau eru og hafa skyldur gagnvart þeim en ekki aðeins gagnvart kröfunni um skýlausan hagnað.“

Eflaust er kaupfélagsstjóri aldrei annað en kaupfélagsstjóri í augum samborgara sinna í litlu samfélagi enda fylgir sá titill jafnan nafni Jóns þegar á hann er minnst í daglegu tali. En þó er svo komið að sveitungar þurfa að venjast honum í öðrum hlutverkum því hann er farinn að afgreiða í ríkinu á Hólmavík sem þó er aðeins opið klukkustund á dag. Blaðamaður verður því að sleppa hendinni af kaupfélagsstjóranum sem þarf að fara að afgreiða í ríkinu.

Þar er afgreitt yfir borðið eins og áður tíðkaðist og fer það þessum íhaldssama Strandamanni að vonum vel. ■

dreifnám fyrir alla

nám með vinnu

Nám í margmiðlunarhönnun og upplýsingatækni.

Innritun er til 14. júní.

Frekari upplýsingar: www.bhs.is/dreifnam

ljósmyndun
teiknimyndagerð
hljóðvinnsla
kvikmyndagerð
vefsíðugerð
myndbygging
útvarp
sjónvarp
hönnun/umbrot
margmiðlun

borgarholtsskóli

HVAR SEM ER

margmiðlunarhönnun - upplýsingatækni / bókasafnstækni

sími 535 1700 fax 535 1701 netfang bhs@bhs.is

PROSTYLE hágæðahjól á frábæru verði

26" hjól City Racer



16" hjól 5-7 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.



12" hjól 3-5 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, bjalla, bretti að aftan og að framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.



16" hjól 5-7 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.



16" hjól 5-7 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, bjalla, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk.



26" hjól

Gírar: 21 gíra
Tegund gíra: Shimano
Bremsur: Handbremsur að framan og að aftan, diskabremsur.
Gaffall: Dempargaffall stillanlegur
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og að framan, bjalla, lás.



20" hjól 7-9 ára

Bremsur: Handbremsur að aftan og að framan
Dekk: Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krömbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.



Gildir til 14. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



TILBÚINN - VIÐBÚINN - NÚ Alls kepptu um 370 mótorkjólamenn á mótinu sem er hið stærsta sinnar tegundar hér á landi. Á hverri ráslínu eru um 170 hjól og til að standa með pálmann í höndunum þarf gott úthald því ekið er í sex klukkustundir.

FJÖLSKYLDAN Í SPYRNU

Mótorkross nýtur sívaxandi vinsælda hjá fólki á öllum aldri og af báðum kynjum. Hátt á fjórða hundrað mótorkjólakappa komu saman á Kirkjubæjarklaustri síðustu helgina í maí og öttu kappi á Trans-Atlantic Offroad Challenge sem haldið var fimmta árið í röð. Auk aðalkeppnisflokks var keppt í unglingsflokk og kvennaflokki en að sögn aðstandenda keppinnar er mótorkross sannkallað fjölskyldusport. *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari mætti á hjólinu sínu en gaf sér tíma til að stíga af því og taka nokkrar myndir.



UNGIR KAPPAR Keppt var í sérstökum unglingsflokk sem og í kvennaflokki en þátttökurétt í aðalkeppninni fá aðeins þeir sem náð hafa sextánda aldursári. Að sögn aðstandenda keppinnar er mótorkross sannkölluð fjölskylduþrótt enda setti fjölskyldustemning skemmtilegan brag á keppnina.



MÁ EKKI Á MILLI SJÁ Átökin eru hörð á keppnisbrautinni og ekki má gefa þumlung eftir án þess að missa forystuna.



BÚINN Náttúran tekur sér ekki hlé meðan á keppni stendur en sem betur fer kemst mótorkjólíð alla leið upp að dyrum.



SÉR EKKI ÚT ÚR AUGUM Ekki þýðir að vera hræddur við að óhreinka sig ætli maður að keppa í mótorkrossi. Drullan er út um allt.

Dark Side Of The Moon

PINK FLOYD

UPPSELT Á SVÆÐI A

MÍÐAVERÐ:

SVÆÐI A: KR. 8.900 + 540 KR miðagjald
Svæði B Kr. 7.900 + 540 kr. miðagjald

Miðasala á midi.is og í Skífuværslunum
Laugavegi, Kringlunni og Smáralind.
Eins í BT Akureyri og BT Selfossi

Roger Waters

EGILSHÖLL MÁNUDAGINN 12. JÚNÍ

HLJÓMLEIKARNIR HEFJAST STUNDVÍSLEGA KL. 20.00

Veitingasala hefst í Skautahöllinni Egilshöll kl: 16.00



Íslandsprent

Radisson
HOTELS & RESORTS

TUBORG
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS
LETTJÓGN



midi.is

20 % AFSLÁTTUR TIL
NÁMSMANNA
Á MÍÐAVERÐI

Súkkulaði og kvikmyndir

Volver, nýjasta kvikmynd spænska leikstjórans Pedro Almodóvar, vakti verðskuldaða athygli á kvikmynda-hátíðinni í Cannes á dögunum og þykir með hans bestu verkum. Þórarinn Þórarinnsson hitti Almodóvar að máli og ræddi við hann um samkynhneigð, tilfinningar og brjóstin á Penélope Cruz.

Almodóvar er jafnan bestur þegar hann fjallar um konur og það má segja að með Volver hverfi hann aftur til upprunans þar sem hann segir tilfinningaþrungna sögu tveggja systra, dóttur annarrar þeirra og móður þeirra. Karlmennt koma varla við sögu en þegar þeir gera það eru þeir bölváðar skepnur. Penélope Cruz leikur aðra systurina sem þarf að takast á við ástvinamissi og kynferðislega misnotkun og losa sig við lík.

Sterkar konur, vondir menn

„Þegar ég byrjaði að skrifa handrit myndarinnar ákvað ég að vinna með þann kvennaheim sem ég ólst upp í,“ segir Almodóvar. „Þá var ég umkringdur konum þar sem karlarnir unnu fjarri heimilinu. Þessar konur voru mjög sterkar og þurftu að berjast fyrir öllu þannig að í mínum huga eru þær tákngervingur lífsins sjálfs og þær kvenpersónur sem ég hef skrifað um síðar byggja á þeim. Hvað sumt sem gerist í Volver varðar þá bjó ég í litlu þorpi og því miður gerast oft hræðilegir hlutir í litlum samfélögum og kynferðisleg misnotkun er ekki óalgeng. Ég vil samt ekki alháfa í myndum mínum og segja að allir karlmenn séu ofbeldishneigðir eða nauðgarar. Það er alls ekki málið. En ég verð samt að halda því til haga að þessir hræðilegu hlutir gerast í þessum litlu þorpum. Þetta er hluti af lífinu en ég er samt svolítið ósanngjarn við karlana í Volver vegna þess að ég vinn með bestu minningar mínar um konurnar og svo tvær verstu æskuminningar mínar um karla. Hluti sem ég heyrði og eru sannir.“

„Hvað sjálfan mig varðar er ég tilbúinn til þess að drepa mig á tókustað ef það verður til þess að mér takist að koma skilaboðum mínum til almennings.“

Segir sögur með myndum

Almodóvar segist hafa hlustað af athygli á samræður móður sinnar við hinar konurnar á heimilinu og sögur þeirra hafi opnað sér leið inn í skáldskapinn en það voru aftur á móti bragðlaukarnir sem drógu hann að kvikmyndinni sem tjáningarformi tilfinninga sinna.

„Ég kynntist kvikmyndunum í gegnum súkkulaði. Þegar ég var krakki borðuðum við brauð með súkkulaði. Þetta voru lítil súkkulaðistykki og þeim fylgdu myndir af Hollywood-stjörnum. Ég hafði þá ekki séð eina einustu mynd með þessu fólki en ljósmyndirnar kveiktu hjá mér dagdrauma. Þetta var eins og komast inn í annan heim og ég gerði mér grein fyrir því að mig langaði til þess að verða hluti af þessum heimi. Það var svo á unglingsárunum sem ég varð



KVENNALJÓMI Pedro Almodóvar ásamt aðalleiknonum sínum Penélope Cruz og Carmen Maura úr nýjstu mynd hans Volver.

NORDICPHOTOS/AFF

staðráðinn í því að ég vildi gera kvikmyndir. Þegar ég var um tvítugt hafði ég ráð á að kaupa mér Super 8 kvikmyndatökuvél og þegar ég horfði á það sem gerðist fyrir framan augun á mér festast á filmu með því einu að þrýsta á hnapp fannst mér ég strax vera orðinn leikstjóri þó ég hefði ekki neitt vit á myndmáli þá. Hingað til hafði ég litið á mig sem sögumann og var byrjaður að skrifa smásögur en þarna komst ég að því að ég átti auðveldara með að segja sögur mínar með myndum en texta. Það liggur betur fyrir mér að segja sögur svona.“

Stjórnar Penélope á heimavelli

Almodóvar og Penélope Cruz unnu síðast saman í myndinni *Todo sobre mi madre* (Allt um móður mína) árið 1999 en leikkonan hélt fljótlega eftir að til Hollywood þar sem hún hefur leikið í nokkrum stórmyndum með æði misjöfnum árangri. Almodóvar fagnaði því ákaflega að fá hana aftur og segir allt annað að sjá til hennar í evrópskum myndum en amerískum.

„Það er eins og maður sé að horfa á allt aðra manneskju. Það var dásamlegt að fá hana aftur vegna þess að ég elska hana skilyrðislaust. Við höfðum ekki unnið saman í sjö ár en höfum haldið nánu sambandi og ég vissi að hún gæti skilað þessu hlutverki með sóma. Penélope er mjög tilfinningarík leikkona og það þarf að vinna mikið með henni. Hún þarf miklar æfingar og ég held að ameríska framleiðsluferlið henti henni síður þar sem þar er leikurum ekki gefinn nægur tími. Við æfðum hverja einustu línu daglega í þrjú mánuði. Það voru uppi efasemdir um að hún gæti leikið fulloröna móður unglingsstúlku, lífsreynda konu sem er í senn bæði hugrökk og brotthætt.“

Hlutverkið vafðist þó ekki fyrir Penélope, sem fékk leikkonuverðlaunin í Cannes ásamt stallsystur sínum úr myndinni. „Frammi-staða hennar hefur komið mörgum á óvart en ég efaðist aldrei og það hreyfði við mér að fylgjast með henni vinna.“

Brjóstin eru ekta

Almodóvar játar það fúslega að hann hafi haft unga Sophu Loren í huga þegar hann sá persónu Cruz fyrir sér. „Hún er tvímælalaust fyrirmyndin og það sést á förðuninni, hárgreiðslunni og fötum

hennar.“ Brjóst leikkonunnar eru svo gerð að umtalsefni í kostulegu samtali móður og dóttur í myndinni. Þar er persóna Penélope spurð hvort hún hafi látið stækka á sér brjóstin. Almodóvar vill ekki viðurkenna að hann hafi skrifað þessa línu inn gagnert til að stríða leikkonunni. Spurningin þjóni tilgangi í sögunni þó hún snerti Penélope vissulega með beinum hætti.

„Einhverjir blaðamenn hafa haldið því fram að Penélope hafi látið setja eitthvað í brjóstin á sér. Þetta er af og frá. Þið sjáið alveg að þau hreyfast mjög náttúrulega. Þetta var svar til þessara slúðurblaðamanna,“ segir leikstjórinn og hlær. „Ég hef gaman að því að fela hluti í textanum en þessi spurning er ekki bara brandari. Móðirin er afskaplega stolt af fallegu dóttur sinni. Hún sér að hún hefur blómstrað en áttar sig ekki alveg á því að hún hefur breyst úr stúlkunni í konu. Þegar Penélope svarar og segist alltaf hafa verið með þessi brjóst hefur móðirin óafvitandi gert stúlkuna að kynferðislegu viðfangi föðursins. Það er því vísbending um það sem koma skal í þessu. Þetta var brandari en það var samt eitthvað bitastætt á bak við hann.“

„Einhverjir blaðamenn hafa haldið því fram að Penélope hafi látið setja eitthvað í brjóstin á sér. Þetta er af og frá. Þið sjáið alveg að þau hreyfast mjög náttúrulega.“

Samkynhneigðin skiptir ekki máli
Almodóvar náði fyrst vinsældum á jaðrinum í samfélagi samkynhneigðra en er orðinn hluti af meginstraumnum, margverðlaunaður leikstjóri sem allir þekkja. Hann segist þó ekki sjá neitt athugasemdi við þessa ævintýralegu þróun.

„Mér hefur fundist þetta vera afskaplega eðlileg þróun þar sem ég hef ekki þurft að gefa neitt upp á bátinn eða gera neinar málamiðlanir. Ég hef ekkert breyst og hef ekki þurft að svíkja sjálfan mig. Ég er samt mjög heppinn vegna þess að ég byrja á því að gera neðanjarðarmyndir og hef unnið Óskarsverðlaun. Það er langur vegur þar á milli. Kannski er ég undantekningin sem sannar regl-

una vegna þess að ég held að það geti ekki margir samkynhneigðir leikstjórar spröttið upp á jaðrinum og náð miklum vinsældum síðar.“

Almodóvar vill þó alls ekki ganga svo langt að segjast vera orðinn hluti af meginstraumnum. „Í það minnsta ekki í amerískum skilningi þess orðs. Þar á þetta við myndir eins og *Mission Impossible III* sem er frumsýnd á 4.000 bíótjöldum í einu. Mírar myndir opna í mesta lagi í 200 til 300 kvikmynda-húsum í einu. Þetta eru samt meiri vinsældir en mig hefði nokkurn tíma órað fyrir. Ekki einu sinni í mínum villtustu draumum.“

Almodóvar segir að þrátt fyrir uppruna sinn í kvikmyndum hafi kynhneigð hans ekkert með vinsældirnar að gera. „Vinsældirnar ráðast af myndunum sem maður gerir. Ég hef gert mjög persónulegar og sjálfstæðar myndir um klíkkad fólk, klæðskiptinga og fólk sem lifir á jaðri samfélagsins og það er óvenjulegt að ná vinsældum með slíkum myndum. Það er til fjölmargir samkynhneigðir leikstjórar sem gera hefðbundnar og vinsælar myndir. Það er ekkert vandamál að vera samkynhneigður leikstjóri. Það er hins vegar miklu erfiðara að vera samkynhneigður leikari eða leikkona. Þá er hætt við að fólk sé dregið í ákveðna dilka og

alltaf með nokkrar sögur í gangi og þær eru þá mislangt á veg komnar. Nú er ég með þrjár í vinnslu og tvær eru nánast tilbúnar en ég veit ekki enn hvor þeirra verður næsta mynd. Því er yfirleitt þannig farið að það er alltaf ein af þessum sögum sem mér finnst mjög áriðandi að gera. Þetta ræðst meira af eðlisávisun en vali og það er þá eins og sagan velji mig en ekki öfugt. Það er ekkert vitrænt við þetta val og ég veit ekkert hvornig á því stendur. Þetta er mér ráðgáta en sumar sögur finnst mér ég bara verða að segja.“

Almodóvar segist vera ákaflega tilfinningaríkur maður og tilfinningarnar beri hann stundum ofurlíði þegar hann skrifar. „Ég er bara svona en ég reyni að hafa stjórn á mér. Þegar ég skrifa verð ég stundum djúpt snortinn af því sem ég skrifa. Ég man alltaf eftir atríði í *Romancing the Stone* þar sem Kathleen Turner er að skrifa ástarsögu og fer að hágráta. Mér líður oft svona en stundum upplifi ég sterkar tilfinningar og það er gott. Það segir mér einfallega að ég sé á réttri leið,“ segir leikstjórinn og einlægnin skín úr augnum.

„Ég hef alltaf áhyggjur af því að mér muni ekki takast að gera handritið að almennilegri bímynd þannig að gerð hverrar einustu myndar er ævintýri. Ef ég væri að gera hasarmyndir eða ævintýramyndir væri ég miklu öruggari með mig en þar sem myndin mínar byggja á tilfinningum er get ég aldrei verið viss um hvornig fólk muni taka þeim, hvort áhorfandinn muni upplifa sömu tilfinningar og ég. Mér finnst það vera kraftaverk í hvert skipti sem það gerist og ég legg mig allan fram við að koma þessum tilfinningum til skila. Ég vil að þær séu einlægur og raunverulegar. Þannig skrifa ég þær í handritið og veit að leikararnir gera allt sem þeir geta til að koma þessu til skila.“

Hvað sjálfan mig varðar er ég tilbúinn til þess að drepa mig á tókustað ef það verður til þess að mér takist að koma skilaboðum mínum til almennings. Maður getur samt aldrei verið viss um að fólk í salnum muni gráta eða finna aðrar tilfinningar sem þú vilt vekja hjá þeim og þess vegna finnst mér starf mitt vera mjög áhættusamt.“

Tekur áhættu með hverri mynd

Almodóvar segist alltaf vera að skrifa og hann hefur ekki fyrr lokið einni mynd en hann er farinn að huga að þeirri næstu. „Ég er

Fáðu endurgreitt!



Risi! 40" LCDsjónvarp

Skýrari mynd
Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 768 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við!

Mynd í mynd
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað.

Tengdu við tölvuna
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra með nýjstu leikna.

Ekki troðast strákar. Það er opið í Skeifunni til 22 á kvöldin!

Ódýrara en 4 pizzur á mánuði

Það hefur aldreiííí verið auðveldara að eignast sjónvarp!

HD ready
Stýður næstu kynslóð af Bluerauy og HD-DVD spílurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd en þekktist í dag.



7.988*

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

- Medion 40" LCD sjónvarp**
- HD Ready LCD sjónvarp
 - Upplausn 1366 x 768 • 1000:1 í Skeipu
 - Birta 500cd/m² • 8ms viðbragðstími
 - Mynd í Mynd (PIP)
 - Textavarp með 2100 síðna minni
 - Stýður PAL/SECAM/NTSC
 - 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
 - HDMI tengi með HDCP stuðning
 - 2x SCART, Composite og S-Video
 - DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
 - Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu


7.998* Tækjalán Vis - 48 mån.

19.999** Vaxtalaust 14 mån.

279.986 Staðgreitt

12.000kr. lækkun! Frábært HM-tilboð

27" LCDsjónvarp



4.419*

32" LCDsjónvarp



6.065*

MEDION

- MD41427
MEDION 27" LCD TV HD READY
- 27" LCD sjónvarp
 - HD Ready
 - Contrast 900:1
 - Brightness 550cd/m²
 - Svartími 8ms
 - Upplausn 1280 x 720
 - Tveir sjónvarpsmóttakarar
 - Mynd í mynd
 - DVI-I (með HDCP stuðningi)
 - Scart, S-video, PC Tengir
 - Component tengi
 - AV tengi á hlið

HD ready
Stýður næstu kynslóð af Bluerauy og HD-DVD spílurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd en þekktist í dag.

PS2 fylgir



FYLGIR 13.999

MEDION

- MD30632
MEDION 32" LCD TV HD READY
- 32" LCD Sjónvarp HD
 - Upplausn 1366 x 768
 - Contrast 800:1
 - Response time 8ms (grey to grey)
 - Mynd í mynd
 - Single Tuner
 - Brightness 500cd/m²
 - DVI-I in with HDCP decoding
 - 2x Scart, S-Video in, Composite
 - Component in

HD ready
Stýður næstu kynslóð af Bluerauy og HD-DVD spílurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd en þekktist í dag.

4.419* Tækjakaupalán 36 mån.

9.999** Vaxtalaust 12 mån.

119.988 Staðgreitt

Þú velur greiðsluform sem hentar þér


6.065* Tækjakaupalán 36 mån.

13.999** Vaxtalaust 12 mån.

167.988 Staðgreitt

Verðslanir **BT** um land allt

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Í DAG KL. 13:00

ÁSTRALÍA JAPAN

Í DAG KL. 16:00

BANDARÍKIN TÉKKLAND

Í DAG KL. 19:00

ÍTALÍA - GHANA

H M



2006

**SYN**
besta sætið

STUÐ MILLI STRÍÐA Er maður manns gaman?

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER MEÐ EINVERUGENIÐ.



Um hvítasunnuhelgina lagði ég kúplingu undir fót, tók mér gírstöng í hönd og brunaði af stað upp í sumarbústað.

Þegar ég beygði af malbikinu inn á malarveginn blasti við mér fjallasýn, skoppandi lækir og einstaka kind og ég andvarpaði djúpt í takt við ljúfa tóna sem streymdu úr bílgræjunum. Best var þó að ég var ein á ferð. Bara ég og Skarðsheiðin. Ég og krummi. Ég og ölið. Ég og grillið. Mér finnst nefnilega hreint yndislegt að vera ein.

Faðir minn hefur þessa tilhneigingu líka, að þurfa stundir til

að vera einn með sjálfum sér. Þegar ég var yngri gat ég ekki farið spönn frá rassi nema með tíu manna fylgdarlið í kringum mig og í þá daga átti ég erfitt með að skilja föður minn. Ég hafði agalegar áhyggjur af því að honum leiddist en einn daginn sagði pabbi brosandí við mig: „Dóttir góð, stundum þarf ég engan annan, enda er ég sá skemmtilegasti sem ég veit um.“ Eftir það hafði ég ekki frekari áhyggjur af föður mínum. Ég hef sem sagt fengið einverugenið frá föður mínum og finnst gott að vera utan þjónustu-svæðis öðru hvoru.

Hins vegar skilja ekki allir virkni einverugensins. Maður lifandi hvað síminn hringdi mikið í

einveruferðinni minni. Allir að spyrja hvort ég væri ekki einmana og hvort það væri í lagi með mig. Guði sé lof fyrir off-takka á far-símum.

Svo sat ég á veröndinni, með bakið upp við húsvegginn, fylgdist með krumma og kríum, flugum og minkum sinna sínum daglegu verkum, hlustaði á ána renna og horfði á skýin dansa á Skarðsheiðinni meðan ég sötraði einn bjór. Og þannig sat ég lengi. Og já, það var sko í góðu lagi með mig.

Sá eini sem hringdi ekki þessa helgi var pabbi. Enda skilur hann mig. Hann veit hvað ég er skemmtileg og að ég þarf engan annan. Ég er víst mitt eigið gaman.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Överli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



BORGADU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS

**500.000 KR.
VERÐLÆKKUN!**

TAKMARKAÐ MAGNI!



NISSAN BERST Á MÓTI VERÐBÓLGUNNI

Vegna góðs stuðnings frá Nissan getum við nú boðið enn betra verð á Nissan Pathfinder í takmörkuðu magni.
Gerðu samanburð! Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í dag á jeppa í sama stærðarflokki. **Tryggðu þér eintak strax!**

Nissan Pathfinder SE sjálfskiptur
Verð aðeins 4.390.000 kr.

Verð áður ~~4.890.000 kr.~~

KOMDU OG REYNSLUAKTU!

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn
um land allt

Selfossi
482 3100

Njarðvík
421 8808

Akranesi
431 1376

Höfn í Hornafirði
478 1990

Reyðarfirði
474 1453

Akureyri
461 2960

Áfram Mr. Skallagrímsson



Kl. 22

Argentínskt milonga tangóball verður haldið í Leikhúskjallaranum við Hverfisgötu. Kvöldið hefst með diskóteki kl. 22.

menning

menning@frettabladid.is

Einleikur Benedikts Erlingssonar, Mr. Skallagrímsson, hefur hlotið frábærar viðtökur og verður sýningum haldið áfram á verkinu í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Benedikt byggir leikrit sitt á sögunni af Agli Skalla-Grímssyni – eða eins og hann segir sjálfur, rekur Egilssögu á 120 mínútum. Og söguviðið er allt um kring og það nýtir Benedikt sér til fullnustu. Hann færir atburði sem gerðust fyrir meira en þúsund árum til samtímans á snilldarlegan hátt svo úr verður ógleymanleg upplifun.

Verkið verður sýnt á Sögu-loftinu í gamla Pakkhúsinu í Landnámssetrinu allar helgar í



júní og júlí.

Í tilefni af Borgfirðingahátíð um helgina býður Landnámssetur einnig til sögustunda bæði fyrir börn og fullorðna. Þar gengur Þorgerður Brák, fóstura Egils aftur og segir börnunum sögur. Í dag kl. 17 mun Hjörleifur Stefánsson, þekktur sagnamaður okkar á Hjaltslandseyjum þar sem sagnahefðin hefur lengi verið í heiðrum höfð. Upplýsingar um sagnastundirnar og Mr. Skallagrímsson má finna á www.landnam.is.

> Ekki missa af...

marabon kvikmyndahátíð frá kl. 11-18 í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði. Kvikmyndir og fræðsluþættir frá ýmsum löndum sem fjalla um **fótbolta** á einn eða annan hátt.

sjómannadeginum á sunnudaginn. Allir þeir sem vettlingi geta valdið og ekki þekja muninn á **þorski** og **ýsu** eru hvattir til þess að fagna með hetjum hafnsins og kynna sér aðalattvinnuveg þjóðarinnar.

Sumardjass á Jómfrúnni. Andrés Þór Gunnlaugsson og tríó kynna nýjan geisladisk, **Nýjan dag**, á notalegum síðdegis-ístónleikum í smurbrauðsparadis **Jómfrúarinnar** við Lækjargötu.

Léttleikandi músík

Tónlistarhópurinn Camerartica leikur á vegum 15:15 tónleikaradarinnar í Norræna húsinu í dag og flytur efnisskrá litada af þýskri léttklassík og frönskum sjarma. Tónleikasýrpan hóf göngu sína árið 2002 að tilstilli Caput-hópsins og hefur vakið verðskuldaða athygli sem vettvangur nýsköpunar í fjölbreyttu tónleikahaldi á Íslandi.

Árman Helgason klarinettuleikari segir að hópurinn hafi viljað binda lokahnúttinn á tónleikaröð vetrarins með léttu úrvali af sumarlegru músík. „Við byrjum á að leika Stef og tilbrigði fyrir klarinetu og strengi eftir Jozef Kuffner og svo kemur Serenaða fyrir flautu, fiölu og víölu eftir Ludwig van Beethoven. Það er ekta skemmtitónlist, samín í lok 18. aldar - maður getur vel ímyndað

sér að hún hafi verið leikin í garðpartíum síns tíma.“ Eftir hlé leikur hópurinn síðan Kvintett fyrir klarinetu og strengi eftir Jean Francaix. „Hann er þekktur fyrir að skrifa léttu en krefjandi músík, mjög skemmtilega áheyrnar. Það er mikill húmor í þessu verki en það er ljóðrænt og mjög fallegir hægir kaflar. Verkin hans minna stundum á götumyndir í París eða franskar bíómyndir.“

Camerartica skipa að þessu sinni Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Árman Helgason klarinettuleikari, Una Sveinbjarnardóttir og Hildigunnur Halldórsdóttir fiöluleikarar, Jónína Auður Hilmarsdóttir víöluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Tónleikarnir hefjast að vanda kl. 15.15.

- khh



TÓNLISTARHÓPURINN CAMERARTICA Garðveislutónlist Beethovens í bland við ljóðræna franska angurværð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SIGURÐUR OG KRISTJÁN GUÐMUNDSSYNI SÝNA Í SKAFTFELLI Á SEYÐISFIRÐI „Við þekkjum hvers annars list mjög vel enda höfum við lifað mjög svipuðu listalífi þó list okkar sé ólík á yfirborðinu.“

Andlegir sálufélagar í listinni

Bræðurnir Kristján og Sigurður Guðmundsson halda mikið upp á Seyðisfjörð og opna sameiginlega myndlistasýningu í menningarmiðstöðinni Skaftfelli í dag.

„Seyðisfjörður og Ísafjörður eru upphaldsstaðir okkar bræðra hér á landi, svona menningarlega séð - nema kannski fyrir utan Reykjavík. Við höfum umgengist fólkið hérna lengi og höfum alltaf verið í einhverjum tengslum við þennan stað,“ segir Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður. Skaftfell er miðstöð myndlistar á Austurlandi en í þessu fallega hús á Seyðisfirði er sýningarsalur og vinnustofa fyrir listamenn og þar hefur Dieter Roth akademían einnig aðsetur.

Myndlist þeirra bræðra hefur sterkar rætur í hugmynda- eða konseptlist sem mótaðist á 7. áratuginum er þeir hafa farið sínar eigin persónulegu leiðir og mynd-

list þeirra sprettur af misjöfnu meiddi.

Kristján útskýrir að sín verk séu nýleg en hafi þó verið sýnd áður. „Ég er með gólfverk, skulptúra úr áli og verk unnið með torfhleðslu. Svo er ég líka með einn lampa og símaljóð - það er einskonar úrdráttur úr verki sem ég gerði einu sinni. Þetta eru ekki gömul verk en svona blanda.“

Sigurður sýnir eldri verk sem eiga það sameiginlegt að vera öll af pólitískum toga. „Þetta eru teikningar, emalerað skilti og kvikmynd. Þau eiga lítið sameiginlegt myndrænt en pólitíkin tengir þau. Þau hafa verið sýnd áður en aldrei saman.“ Sigurður kveðst frekar pólitískur maður þó hann láti ekki mikið á því bera. „Ég hef alltaf fylgst með stjórnmálum, oftast þó utanríkispólitíkinni af því ég hef búið í svo mörgum löndum. Ég er með lögheimili í Kína og hef ekki kosningarétt þar en finnst það nú allt í lagi. Utanríkispólitíkin höfðar meira til mín því ég hef lítinn áhuga á íslensku lókalpólitík

- það er bara af þekkingarskorti. Þetta er eins og með fótboltann, maður verður að þekja liðin til þess að hafa áhuga á leiknum, eiga sér upphaldslið til að halda með. Ef ég byggi hér þá væri þetta kannski annað mál,“ útskýrir Sigurður.

Kristján og Sigurður hafa aðeins einu sinni sýnt saman en þeir héldu eitt sinn litla sýningu á Næsta bar í Ingólfsstræti. „Við þekkjumst vel bræðurnir og þekkjum hvers annars list mjög vel enda höfum við lifað mjög svipuðu listalífi þó list okkar sé ólík á yfirborðinu. Við höfum alltaf verið andlegir sálufélagar í listinni.“

Sýningin verður opnuð kl. 16 í dag og markar hún einnig upphaf að bæjarhátíðinni Á Seyði 2006 sem stendur fram til 26. ágúst. Í húsinu verður jafnframt sýningar-röðin „Vesturvegurinn“ þar sem ýmsir listamenn sýna í tvær til þrjár vikur fram í september. Sýningar í Skaftfelli eru opnar daglega frá 14-21.

kristrun@frettabladid.is



Heilsa og vellíðan

TAKTU FRÁ 7. - 11. SEPT.



Sjúkravörur



Samgöngur



Sýningaratriði




Fræðsluerindi og kynningar



Barnafjör



Vítamín og fæðubótarefni



Greining og meðferð

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

7 8 9 10 11 12 13

Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 15.15 Tónlistarhópurinn **Camerarctica** leikur á **15:15 tónleikum** í **Norræna húsinu**. Flutt verða verk eftir **Jozef Kuffner**, **Ludwig van Beethoven** og **Jean Francaix**.
- 16.00 Trío Andrésar Þórs Gunnlaugssonar leikur á veitingastaðnum Jómfrúnni í Lækjargötu.
- Í tilefni útgáfu annars tölublaðs neðanjarðartímaritsins **Currents** verður blásið til hátíðarhalds á Grand Rokk. Þar koma fram **Severd Crotch**, **Svartidauði** og **Devious** sem allar spila rokk í þyngri kantinum.

OPNANIR

- 13.00 Opnun listahátíðar í **Herðubreið**. **Sigurður** og **Kristján Guðmundsson** sýna í menningarmiðstöðinni **Skaftelli**. Sýningin stendur til 20. ágúst.
- 15.00 Þýski myndlistarmaðurinn **Rudolf Reiter** opnar sýningu á gjörningalist sinni **Gallerii Sævars Karls** í **Bankastræti**.

SKEMMTANIR

- 22.00 Argentínskt **milonga tangóball** í **Leikhúskjallaranum**. Kvöldið hefst með diskóteki kl. 22.
- 23.00 Hljómsveit **Geirmundar Valtýssonar** skemmtir á **Kringlukránni**.
- Hljómsveitin Brimkló** leikur á sjómannadagshátíð á **Bolungavík**.

SAMKOMUR

- 14.30 Uppákoma í **Bátasafni Gríms Karlssonar** í **Duushúsum** í **Reykjanesbæ**. Nokkrir gamlir sjóhundar taka þátt í pallborðsumræðum undir stjórn **Árna Johnsen**.

DANSLIST

- 20.00 **Panic Productions** sýnir tvö dansverk í **Hafnarfjarðarleikhúsinu**. Verkin **No, he was white** og **Rauðar líljur** eru samstarfsverkefni leikara, dansara og tónlistarmanns.

SÝNINGAR

- 11.00 Sýning á myndum **Jóns Baldurs Hlíðberg** opnuð í **Sjóminjasafni Reykjavíkur** við **Grandagarö 8**.
- 18.00 **Baldur Björnsson** sýnir í gallerí **Banananas** við **Laugaveg 80**.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 14.00 Síðasta sýningarhelgi í gallerí **Kling og bang** við **Laugaveg**. **Hannes Lárusson** og **Helgi Þórrsson** sýna.

UPPÁKOMUR

- 20.30 Söngvaka í **Minjasafnskirkjunni** á **Akureyri**. Flytjendur eru **Purður Vilhjálmssdóttir** og **Þórarinn Hjartarson**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

SONY

Upplifðu HM

í fullum Sony gæðum
- og taktu leikina upp á HDD upptökutæki

KDL-32S2000K
32" Sony LCD sjónvarp ▶

Verð
19.992 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
239.900 krónur staðgreitt

KDL-40S2000K
40" Sony LCD sjónvarp ▶

Verð
31.992 krónur
vaxtalaust* í 12 mán. eða
379.900 krónur staðgreitt


Skerpa 1300:1
Betri svartur,
fallegr mynd

Svartími 8ms
Tryggir skarpar
hreyfingar án draugs

Panill S-PVA
Litirnir haldast þó að
horft sé á tækið frá hlið



50% afsláttur
ef keypt með nýju Sony LCD sjónvörpunum



RDR-HX710
Sony upptökutæki

Verð með HM tilboði
34.975 krónur

Verð áður 69.950,-

160GB
269 kst af fótballa

FireWire
Ekkert mál að færa efni
af tökuvélfyrir á DVD

Pause live TV
Þásaðu lífandi leik
ef síminn hringir

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Míðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf, 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.




Vatnasport



Sælkerafæði og veitingar



Boltaþróttir



Fjármál og tryggingar



Fatnaður og skór



Útivist



Snyrtivörur



Grænt mataræði



Við bjóðum þér í spennandi ferðalag þar sem þú færð að kynna þér, njóta, skoða, prófa, smakka og upplifa allt það sem tengist lífi okkar, heilsu og vellíðan í víðasta skilningi.

3L EXPO er allra stærsta sýning sem haldin hefur verið á Íslandi og skipta sýnendur hundruðum. Aðeins nokkur sýningarpláss laus – gríptu tækifærið!

info@3lexpo.is | 664 7052

Alveg briliant skilnaður
Einleikur
Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Bió Café, Siglufirði
12. júní
Miðasala í síma 467-1111

Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

Landsbankinn

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
SUN. 11. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S. - Fréttablaðið

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Öperuvefnum allan sólarhringinn



ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

| FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP | | VILTU FINNA MILLJÓN | |
|------------------------|-----------------|---|-----------------|
| Má 12/6 kl. 20 | Pri 13/6 kl. 20 | Í kvöld kl. 20 UPPS. | Su 11/6 kl. 20 |
| | | Fi 15/6 kl. 20 UPPS. | Su 18/6 kl. 20 |
| FOOTLOOSE | | GRÍMAN | |
| Fim 29/6 kl. 20 Frums. | Fö 30/6 kl. 20 | Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19 | |
| Lau 1/7 kl. 20 | Fi 6/7 kl. 20 | Grimuballið 16/6 kl. 22 | Allir velkomnir |
| Fö 7/7 kl. 20 | Lau 8/7 kl. 20 | | |

Miðasala hafin

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Í kvöld lau. 10/6. **Allra síðasta sýning.** Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6 nokkur sæti laus, lau. 24/6 nokkur sæti laus. Sérstakar aukasýningar í tilefni **12 tilnefninga** til **Grimunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna**. **Tryggðu þér sæti! Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN

Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsvísla í mat og drykk fyrir sýningu um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Panic Productions
í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið
kynnir tvö ný dans/leikhúsvörk:

RAUÐAR LILJUR
Danshöfundur: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

NO, HE WAS WHITE
Höfundar og flytjendur:
Anne Tismer, Margrét Sara Guðjónsdóttir, Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Rahel Savoldelli

no, he was white var frumsýnt í Berlin í febrúar sl. og fékk frábærar viðtökur.

Frumsýning í kvöld laugardag 10. júní kl. 20

Síðasta sýning sunnudag 11. júní kl. 20

MÍÐASALA: 555 2222
www.midi.is / www.hhh.is

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Náttúran hefur síðasta orðið

Föruneysi þýska myndlistarmannsins Rudolfs Reiter lenti í ævintýri í Kröfluhrauni í vikunni sökum snjóþýngsla, en illa gekk að leggja lokahönd á náttúrulegan gjörning listamannsins.

„Til stóð að setja listaverk Reiters í tiltekna gjótu í Kröfluhrauni sem listamaðurinn hafði valið verkum sínum, en við urðum frá að hverfa vegna snjóþýngsla og leita uppi aðra minni, fjarri þeirri sem hugsuð var upphaflega fyrir gjörninginn,“ útskýrir Arthúr Björgvin Bollason. „Mikið og gott fylgdarlið var í för með okkur og voru margir vel útbúnir en það dugði ekki til, því engum nema fuglinum fljúgandi hefði verið fært svona norðarlega í hraunið í þessari færð. Það kom sér vel að ég hef starfað sem leiðsögumaður síðustu 25 sumur og þekki því svæðið vel. Ég gat sem betur fer þefað uppi litla gjótu sem verkin voru látin síga niður í en þar verða þau til bráðabirgða næstu tvo mánuðina, þar til snjó leysir, en þá verða þau flutt til síns heima.“

Arthúr vill ekki fjölýrða um aðbúnað hinna ferðalanganna en grunar að þeir hafi verið miður hrifnir af þessu óbyggðaflakki. „Þó kann vel að vera að þessu fólki hafi fundist ferðin ævintýri líkust“, segir Arthúr sposkur á svip en með í för voru til dæmis heimildarmyndagerðarmenn sem skrásetja dvöl listamannsins hér á landi.

„Sjálfur meistarinn var hins vegar orðinn úrkula vonar um að gjörningurinn myndi nokkru sinni eiga sér stað, þegar við festum jeppann í snjóskafli og draga þurfti okkur upp úr með látum. Þá var hann orðinn ansi þungur á brún en eins og títt er með listamenn er hann sveiflukenndur og ekki þurfti meira til en tilkynningu um aragrúa gjóta á svæðinu til að hann yrði ofsakátur. Þetta eru svona Salvador Dali-skapsveiflueinkenni.“ „Upphaflega nefndi ég verkin hans Reiters Eldverk, en þar sem þau munu nú



RUDOLFF REITER SKAPAR HEIMSFRAÐILEGAN GJÖRNING Í SAMVINNU VIÐ NÁTTÚRUÖFLIN
Illa gekk að finna hentuga gjótu fyrir listaverkin en það hafðist að lokum.

flakka á milli gjóta hef ég afráðið að nefna þau Flökkuverk,“ heldur Arthúr áfram og hlær.

Að sögn Arthúrs hafði listamaðurinn á orði „að þetta væri gjörningur sem hann væri að fremja í samvinnu við náttúruna og ef hún vildi haga þessum gjörningi öðruvísi þá væri það auðvitað hennar mál, enda hefði hún síðasta orðið.“

Einn stærsti liðurinn í sýningu Reiters, sem ber heitið „Tími endurkomunnar“, var fyrirhugaður gjörningur í gjótunni góðu, en verk listamannsins hafa verið

til sýnis í Ketilhúsinu á Akureyri. Þetta er síðasti þátturinn í heimsfræðilegum gjörningi listamannsins, þar sem hann lætur höfuðskepnurnar, jörð, loft, vatn og eld, leggja lokahönd á verk sín. Aður hefur hann látið jörðina á Ólympíuleikvanginum í München, vindinn á þýsku hraðbrautunum og sjóinn undir ströndum Flórída leika við listaverkin.

Í dag kl. 15 verður opnuð sýning á abstrakt olíumálverkum Reiters af náttúru Íslands í Galleríi Sævars Karls.

- brb

Einar sýnir í Kópavogi

Einar Ólason ljósmyndari opnar í dag sýningu á myndum sem hann hefur tekið af höfninni í Kópavogi. Sýning Einars verður undir himni við höfnina í Kópavogi. „Þetta eru myndir af höfninni sem ég tók fyrir Fréttablaðið,“ segir Einar, sem er einn af reyndustu blaðaljósmyndurum landsins, hefur starfað sem slíkur í um þrjá áratugi á DV, Fréttablaðinu og fjölmörgum blöðum til viðbótar.

Sýningin er hluti af svokölluðum Bryggjudögum sem Úlfar Eysteinnsson matreiðslumeistari og fleiri standa að. Að sögn Einars verður þetta mikil hátíð og mun fjöldi listamanna koma fram og sýna verk sín. Íbúar á svæðinu hafa lengi áformað að halda slíka hátíð og þótti tilvalið að hún væri um sjómannaðagshelgina. Sýning Einars verður opnuð klukkan 13 í dag og stendur opnunin til klukkan 17. Ekki er útilokað að sýningin verði áfram í gangi næstu helgar, þó ekkert hafi verið ákveðið þar um.



KRINGLU KRÁIN

Geirmundur Valtýsson með sjómannaðansleik í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill ásamt tilbodssæðli öll kvöld



BREGÐUR SÉR LÉTTILEGA Í FÓTSPOR FEDRANNA Stefán Helgi Stefánsson syngur uppáhaldslög langafa síns á hádegistónleikum í Hafnarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftirlætislögin

Stefán Helgi Stefánsson tenór-söngvari syngur á hádegistónleikum í Hafnarborg í dag og flytur söngdagskrána sem helguð er uppáhaldslögum langafa hans, óperusöngvarans Stefáns Íslandi. Tónleikarnir eru liður í bæjarhátíðinni Björtum dögum sem nú stendur sem hæst í Hafnarfirði.

Stefán Helgi útskrifaðist frá Söngskólanum í Reykjavík árið 1998 og stundaði framhaldsnám á Ítalíu. Hann hefur haldið tónleika og sungið á óperusviðum beggja vegna Atlantsála, sungið við ýmis tækifæri og kirkjulegar athafnir.

Meðleikari á tónleikunum og listrænn stjórnandi hádegistónleikaraðar Hafnarborgar er Antonía Hevesi en hún hefur verið meðleikari við Listaháskóla Íslands og æfingarpíanisti við Sumaróperuna en starfar nú sem orgel- og píanoméleikari í Hafnarfjarðarkirkju og æfingarpíanisti við Íslensku óperuna.

Á tónleikunum munu þau flytja kunnugleg lög eins og „Áfram veginn“ eftir Jón Stefánsson og Freysteinn Gunnarsson og „Í fjarlægð“ eftir Karl O. Runólfsson og Valdimar H. Hallstað.

Ókeypis er á tónleikana, sem hefjast kl. 12. - khh

DER FREISCHÜTZ
Galdraskyttan
EFTR CARL MARIA VON WEBER

SVNT Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

ALLRA SÍÐASTA SÝNING Í KVÖLD

"Tímamótaverk....varla veikir hlekkur" Víðsjá, Rás1

"Kolbeinn Ketilsson var pottþéttur í sínu hlutverki og Hrólfur Sæmundsson sýndi glæsileg tilþrif" mbl

allt

ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Ópið hús

í Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra verður sunnudaginn 11. júní kl. 14-17.

Nemendur velja um tvær meginnámsbrautir með fjölbreyttum kjörsviðum:

Málabraut
2 nýmáladeildir
2 fornáladeildir

Náttúrufræðibraut
2 eðlisfræðideildir
2 náttúrufræðideildir

Þar kynna kennarar og nemendur skólann.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Rektor

Reynslan sýnir að nám í Menntaskólanum í Reykjavík er traustur grunnur fyrir nám á háskólastigi.

Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7, 101 Reykjavík

SJÓMANNADAGSHÓF 2006

Dagskráin í kvöld:

Veislustjóri: Bjarni Ólafur

Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar - Snorri Snorrason - Idolstjarna
Cool Namora - Írskt trio sem spilar í þjóð- og sjómannaög

Húsið opnað kl. 19:00.
Guðmundur Halvórdsson, formaður sjómanna-dagsráðs setur höfð.

Matsæðill
Grúttaráðið sjuvörðull með fersku spinnu hernaðarkjöri og gressnet Lambellis með ljúffrum tómöt, fíndætt kartöflum villaspeis og þurrveislu. Sökkvaðlata með vanilla og kirsubjörusau.

Milljónamælingarnir spila fyrir dansi

BROADWAY ★

Sími 533-1100
Netfang: broadway@broadway.is
Vefvang: broadway.is



> Mælum með

...sólarpúðrinu frá Chanel sem er ómissandi fylgihlutur inn í sumar og sól.

Útlit

utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN MINN **MAGNÚS GUÐMUNDSSON „MAGGI LEGÓ“** PLÖTUSNÚÐUR

Allir regnbogans litir og jbs nærbuxur

Spáir þú mikið í tiskuna? Nei, ég kaupi mér yfirleitt notað dót eða læt vini mína búa til eitthvað eftir mínum hugmyndum.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Frístæl.

Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki: Ertu eitthvað spes?

Flottustu litirnir: Allir með tölu.

Hverju ertu veikastur fyrir? Einhverju sem hylur nekt mína.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Buxur sem ég ætla að láta Jón

Sæmund í Dead setja eitthvað fallett prent á.

Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Hvað er í tisku núna?

Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið? Fullt af fötum!

Uppáhaldsverslun? Spúútnik, Elvis og svo allar hinar folttu búðirnar.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Að meðaltali 4.680.-

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Jbs-nærbuxanna minna.

Uppáhaldsflík: Jbs-nærbuxur.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Berlínar eða London.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér: Þetta er mjög afstætt. Var að finna skyrtu heima hjá móður minni sem hefði orðið fyrir valinu fyrir fimm árum en núna er hún bara mjög flott. Vá hvað hún er flott!



MÓÐUR VIKUNNAR

> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

Er búðaráp stelpuleikur?

Faðir minn hefur alltaf haft andstyggð á búðarápi. Síðan ég var lítil man ég eftir honum breyta um karakter um leið og við stigum fæti inn í búð, alveg sama hvort það var matvöru- eða fatabúð. Hann varð eldraður í framan, fussandi og sveiandi yfir öllu. Hann hefur viðurkennt fyrir mér að þetta sé eitt það leiðinlegasta sem hann geri og hann mundi gera hvað sem er til að sleppa við það. Kringlan og Smáralind... gleymdu því að hann stígi fæti sínum þangað inn og ef það gerist þá er það í mikilli neyð. Það er bara staðreynd að karlmenn hata búðir.

Skrítið að eitthvað sem ég og já, konur almennt, elska, hata flestir karlmenn. Þetta er gott dæmi um hvað kynin eru ólík. Hvað ætli það sé sem piltarnir þola ekki við verslanir? Ætli það sé mannmörgin, flúorljósið, hávæv tónlist og speglarnir... eða grípur þá hræðsla um glötun karlmannskunnar ef þeir svo mikið sem stíga fæti inn í máturnarklefa? Ætli þeir haldi að búðaráp sé svona stelpuleikur eins og Barbie og dúkkulísur?

Spurningar sem ég mun örugglega aldrei fá almennileg svör við en eru verðug umhugsunarefni. Sem betur fer breytast tímararnir og mennirnir með. Karlmennt minnar kynslóðar eru heldur óhræddari við að fara í búðir og máta föt, meira að segja sér til ánægju og yndisauka. Tískuhugsun karlmanna er að mótast og þekki ég marga vel klædda karlmenn. Þróun í rétta átt enda skapa fötin manninn og kominn tími til að karlpeningurinn átti sig á því.

Ég ætla að minnsta kosti að halda mínum búðaleik áfram og njóta hans í botn með karlinn minn í eftirdragi.



GUCCI Svartar buxur eru málið þetta sumarið og hvítir skór setja punktinn yfir í-ið.



HERRALEGUR KLÆÐN-ADUR INN Vestir eru hentug og einnig mjög rokkaraleg. Flott við gallabuxur eða jakkafötin. Fæst í Kúltúr menn.

ÖÐRUVÍSI KRAGI Þessi skyrtu gæti verið tekin beint frá djasstímabilinu og passar vel við jakkafötin. Flott röndótt með hvítum kraga.



FRED PERRY Strigaskór í finni kantinum frá merkinu Fred Perry. Flottir og hægt er að nota þá bæði fint og hversdags. Fást í Kúltúr menn.

Herraleg tíska sumarsins

Karlpeningurinn hefur ekki verið þekktur fyrir að fylgja helstu straumum og stefnum innan tískunnar. Ekki er óalgent að sjá eiginkonurnar draga mennina á eftir sér og þína þá inn í búðir til að láta þá máta föt.

En nú eru breyttir tímar og eru strákarnir farnir að vera vel með á nótunum hvað fatnað varðar og flestir herramenn leggja mikið upp úr því að vera smart til fara. Þetta er einhvers konar afturhvarf til gamalla tíma þegar klæðskerar voru upp á sitt besta og gallabuxur bara notaðar af námuverkamönnum. Herratískan er nefnilega ekki lengur víðar gallabuxur og bolur því tískan hefur þróast í finni átt. Skyrtu og vestir eru orðið hverdagsklæðnaður karlmanna og svartar gallabuxur renna út úr

verslunum eins og heitar lummur.

Sumarið á tiskusýningapöllum einkenndist af niðurmjóum gallabuxum, tåmjóum skóm, vestum og jakkafatajökkum í alls kyns litum. Stuttar buxur og litríkir sokkar eru einnig áberandi og axlaböndin koma sterk inn. Það er sem sagt bæði rokkaraútlitið og breska „skólastrákalúkkjó“ með prjónavestum og hnepptum v-hálmálspeysum. Þetta er allt saman fáanlegt hér á landi og því ekki erfitt fyrir íslenska karlmenn að klæðast nýjustu tísku og gefa stelpunum ekkert eftir í nýjustu tiskunni.

alfrun@frettabladid.is



FRÁ TÍSKUPALLINU Skemmtilegir litir og fallegar peysur voru ríkjandi í sýningu Burberry fyrir þetta sumarið.



MEST INN Í SUMAR Pólóbolir verða allsráðandi í sumar ef marka má úrvalið í herrafataverslunum.



RÖNDÓTTUR KRAGI Sumarlegur hvítur pólóbolur með rauðum og svörtum kraga í anda River Phoenix. Þessi er frá sænska merkinu Tiger Jeans og fæst í Kúltúr menn.



MARGLITIR SOKKAR Sokkar skipta nú miklu máli og eru nokkuð sem dömur taka alltaf eftir. Þessir eru frá Paul Smith og fást í Kúltúr menn.



FALLEGIR SKÓR Hugtakið spariskór er ekkert lengur til því nú eru skór sem þessir notaðir við bæði jakkaföt og gallabuxur. Flottir bæði í brúnu og svörtu. Fást í Kúltúr menn.



TEINÓTTUR JAKKI Hvítur blazer-jakki frá versluninni All Saints. Flottur í sumar.

10. HVER VINNURI!

HITMAN BLOOD MONEY

Þú sendir SMS skeytið **BTC HBF** á númerið **1900**. Þú gætir unnið!

Aðalvinningur er PS2 tölvu + Hitman Blood Money

Aukavinningar eru:
 • Hitman Blood Money • Pepsi kippur • DVD myndir
 • PS2 Stýriþinnar • Fullt af öðrum tölvuleikjum og margt fleira

Vinningsverðab afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS kúdb. 149 kr á keyrið.

Sá svalasti í tískuheiminum

Tom Ford er einn sá þekktasti í hönnunarheiminum. Sem fyrrverandi listrænn leiðtogi innan herþúða Gucci og YSL hefur hann getið sér gott orð á sviði tískunnar. Hann er með mörg járn í eldinum og hannaði nýverið sölgleraugnalínu undir eigin nafni og gerði herrasnyrtivörur fyrir Estée Lauder. Ford er því tíður gestur á rauða dreglinum og alltaf smart í tauinu eins og við er að búast. Stíll hans einkennist af hefðbundnum jakkafötum eða góðri blöndu af jakka og gallabuxum. Hann er oftast en ekki í hvítu skyrtu og svörtum jakka og á það til að bregða sér í smóking með öllu tilheyrandi.

- áþ



VINSÆLL MEÐAL KVENÞJÓÐARINNAR
Hér er Ford á forsíðu Vanity Fair tímaritsins umkringdur leikkonunum Keiru Knightley og Scarlett Johansson.



EINN MEÐ ÖLLU
Ford er hér klæddur í klassiskan smóking á rauða dreglinum. Ekkert virðist fara þessum manni illa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



KÓNGURINN Hægt er að kalla Tom Ford konung tískuheimsins enda er hann vanur að leggja línurnar fyrir aðra hönnuði og vera þeim fyrirmynd.



„ON THE CATWALK...“ Ford stillir sér hér upp í lok sýningar sinnar fyrir YSL. Hversdagslega klæddur í dókkbláum blazer og gallabuxum.



ÚR SMÍÐJU TOM FORD Tom þykir bera af hvað varðar kvenmannshönnun og er þessi fallegi silfurliða kjóll gott dæmi um þá staðreynd.



SKAPARI ACNE JEANS Jonny Johansson er ungur sænskur strákur sem hefur náð að koma Acne Jeans-merkinu ágætlega á kortið.

Stílhreint og klæðilegt

Sænska fatamerkið Acne Jeans hefur tröllriðið íslenskum markaði með flottum herra- og dömu-fatnaði og þá sérstaklega með vel heppnuðum gallabuxnasniðum. En Acne er miklu meira en bara fatnaður. Fyrirtækinu er skipt í fjögur ólík svið en auk fatamerkisins er til framleiðslufyrirtækið Acne Film, Acne Creative sem er auglýsinga- og hönnunarumboðsskrifstofa og loks Acne Characters sem



SKEMMTILEG BLANDA AF GRÁU OG BRÚNU
Herrafatnaðurinn frá Acne Jeans er vandaður og einkar klæðilegur.

vinnur við að skapa persónur í teiknimyndir og auglýsingar.

Fyrirtækið hefur verið í miklum uppgangi síðustu ár en það hefur verið starfrækt síðan 1996. Fatamerkið hóf göngu sína tveimur árum síðar og þá voru eingöngu gerðar 100 gallabuxur sem ætlað-

ar voru viðskiptavinum og fjölskyldumeðlimum. Buxurnar slógu í gegn og var heil fatalína búin til vegna mikillar eftirspurnar. Acne er nú á topplistum yfir vinsælustu gallabuxnamerkin úti um allan heim og hefur unnið til margra hönnunarverðlauna. Skapari merkisins heitir Jonny Johansson og snýst merkið um klæðileg snið og vönduð efni. Acne Jeans fæst í verslunum Gallerí sautján og Centrum hér á landi.

- áþ

Skartgripir frá Spáni

Ný búð var opnuð í Smáralind í byrjun mánaðarins og er um að ræða skartgripa- og fylgihlutabúð. Búðin nefnist Tous og er þetta þekkt verslunarkeðja frá Spáni. Búðin selur fallega hannaða skartgripir úr 18 karata gulli, hvítgulli og silfri og fer verðlagið eftir því. Einnig fást ekta leðurtöskur, sölgleraugu og bindi í búðinni en allt er þetta frá sama merki.

Merkið var stofnað árið 1920 af úrsmiðinum Salvador Tous og nú stjórnar sonur hans og fjölskylda fyrirtækinu. Rótgróið fjölskyldufyrirtæki með glæsileika í fyrir-rúmi. Búðin á Íslandi er númer 189 í röðinni en Tous búðirnar má finna úti um allan heim.

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
WWW.EGODEKOR.IS

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00
LOKAD Á SUNNUDÖGUM



Stórt stækkanlegt borð
180(+60)x120 og 6 staflanlegir stólar -10%
Tilboðsverð: 79.920,-

GLÆSILEG GARÐHÚSGÖGN ÚR GEGNHEILU TEKKI



Staflanlegur stóll
-10%
Tilboðsverð: 6.120,-



Átthyrnt borð
120cm og 4 klappstólar
m/arm -10%
Tilboðsverð: 35.910,-



Stækkanlegt borð 120(+60)x120 og 6 stk. klappstólar m/arm
*Borð einnig fánlegt í 180(+60)x120
Allt settið án sessu -10%
Tilboðsverð: 62.100,-

IBIZA
legubekkur -10%
Tilboðsverð: 21.600,-



Aftur í meðferð

Sagan endalaus um Pete Doherty heldur áfram. Söngvarinn er nú staddur í meðferð í Portúgal og samkvæmt lögmanni hans, Sean Curran, gengur meðferðin mjög vel. Curran lét þessi orð falla þegar hann mætti í réttarsal þar sem Doherty átti að hlýða á málflutning vegna fíkniefnavandræða sinna. Doherty er væntanlegur til Bretlands í dag en hann var handtekinn í síðustu viku vegna máls sem kom upp í flugvél EasyJet en þar fundust blóðugar sprautunálar. Lögreglan í Barcelona handtók Doherty og fjóra félag hans en fann engin eitulyf.

Doherty hefur fengið tvo dóma fyrir fíkniefnaneyslu en slapp við

fangelsisvist gegn því að hann myndi hætta notkun eitulyfja. Ólátabelgurinn hefur ekki látið segjast og má því segja að meðferðin í Portúgal sé síðasta tækifæri hans ef söngvarinn vill ekki enda í grjótinu.

Doherty hefur verið vinsælt umfjöllunarefni á síðum breskra slúðurblaða, ekki síst vegna sambands hans við bresku ofurfyrirsætuna Kate Moss, en þau hafa verið sundur og saman undanfarið ár. Mikil reiði braust út í garð Doherty þegar myndir af honum að sprauta ungan aðdanda sinn birtust á netinu en það þótti aldrei sannað að fíkniefni hefðu verið í sprautunni heldur hefði Doherty þar verið að safna



PETE DOHERTY Er staddur í Portúgal þar sem hann berst nú við fíkniefnadjöfulinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

blóði fyrir listaverk sitt. Breskir fjölmiðlar fylgjast grannt með hverju fót máli söngv-

arans enda telja margir að hann gæti verið næsta stórstjarna í breskri poppsögu.



MEZZOFORTE Hljómsveitin Mezzoforte heldur tónleika á Græna hattinum 24. júní.

Mezzoforte á Akureyri

Hljómsveitin Mezzoforte spilar á Græna hattinum á Akureyri föstudaginn 24. júní. Mezzoforte hefur verið á tónleikaferðalagi um heiminn að undanförunu. Hún kom, sá og sigraði í Indónesíu, á Norðurlöndum, Þýskalandi, Búlgaríu, Rúmeníu og í Sviss. Næstu daga heldur sveitin síðan til Ungverjalands þar sem leikið verður í tveimur borgum.

Framundan er svo áframhaldandi tónleikahald víða um heim. Þeir félagar munu leika á djasshátíð á Egilsstöðum, á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn um miðjan júlí sem og á Ólafsvöku í Færeyjum í lok júlí. Því næst er ferðinni heitið til Úkraínu og síðar Japan og Kína í haust og vetur en sveitin nýtur ómældra vinsælda í Asíu.

Mezzoforte, sem í eru sem fyrr Eyþór Gunnarsson, Jóhann Ásmundsson og Gunnlaugur Briem, hefur fengið til liðs við sig þá Óskar Guðjónsson á saxófón, Sebastian Studnitzky á hljómborð og trompet, og gítarleikarann Bruno Muller og ætti sveitin því að vera í hörkustuði.

Miðasala á tónleikana á Græna hattinum hefst þriðjudaginn 13. júní á midi.is, í verslunum Skífunnar og BT á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum. Fáir miðar verða til sölu. Miðaverð er 2.000 kr.



KÁTT Í HÖLLINI Þeir Þórhallur og Lárus hjá Tólf tónum voru kampakáttir ásamt Guðmundi frá Icelandair.



SUNGIÐ FYRIR GESTI Johnny Sexual steig síðastur á svið með aðstoðarmanni sínum og var góður rómur gerður að spilamennsku hans.



TALIÐ Í Dikta gaf í botn í skyrtudeildinni hjá Indriða.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



ÁNÆGÐIR ÍSLANDSVINIR Þær Janne Kristensen og Nakalema Iversen hafa báðar búið á Íslandi og sögðust fagna því að geta keypt íslenska tónlist á dönsku verðlagi.



FRÁ ROLLING STONE David Fricke frá tímaritinu Rolling Stone hefur farið lofsamlegum orðum um íslenska tónlist og ákvað að kíkja við enda átti hann leið um Kaupmannahöfn.

Búðaboð í Kaupmannahöfn

Útrás Íslendinga heldur áfram í Danmörku og nýverið voru tvær verslanir opnaðar á besta stað í höfuðborginni. Kristján Sigurjónsson fór og kíkti á velunnara góðrar tónlistar og íslenskrar hönnunar.

Það var létt yfir aðstandendum verslunar 12 Tóna og Indriða í miðbæ Kaupmannahafnar á fimmtudag en þá héldu þeir formlega upp á opnun verslunarinnar við Fiolstræde.

Fjölmennt var á staðnum enda hefur framtak íslensku kaupmannanna af Skólavörðustíg fallið í kramið hjá Kaupmannahafnarbúum ef marka má lofsamlega umfjöllun um búðina í þarlandum fjölmiðlum. Boðið var upp á léttar veitingar og lifandi músík.

BROSILD Á OPNUNARDEGI Sigrún, framkvæmdarstjóri Indriða klæðskera, og Indriði sjálfur voru að sjálfsögðu brosmild á opunardeginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



ÁNÆGÐUR MED NÁGRANNANA Tónlistarmaðurinn Pétur Hallgrímsson býr í Kaupmannahöfn og var himinlifandi með nýju nágrannana en hér er hann ásamt Jonna frá 12 Tónum.



BEINT ÚR PRÓFI Ámundi Óskar Johansen kom strax úr prófi og leit á úrvalið í 12 Tónum.


FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

NÝTT Á DVD!

Þegar kemur að því að bjarga heiminum getur verið gott að vera litli kjúllinn.

Kominn í verslanir og leigur á DVD!

SAMMYNDIR



ÉG ÆTLA AÐ VERÐA HELGARBLAÐ DV

Sum tré hafa engan metnað. Þeim er alveg sama þótt þau endi sem umbúðapappír eða útsöluhúsgögn. Ég er ekki þannig tré. Ég ætla að skemmta fólki og koma því á óvart. Ég ætla að fjalla um það sem fólk hefur raunverulegan áhuga á. Ég ætla að verða fjölbreytt og skemmtilegt helgarblað, því ég hef metnað. Ég ætla að verða DV!

HELGARBLAÐ
DV

LIFANDI PAPPÍR!

Nýtt í bió

HEIMSFRUMSYNING

Á 6 DEGI
6. MÁNADAR ÁRIÐ 2006
MUN DAGUR HANS KOMA,
ÞORIR ÞÚ Í BIÓ



THE OMEN
616106

MÖGNUÐ ENDURGERÐ
AF HINNI KLASSÍSKU
THE OMEN!

Landsbankinn



40.000 MANN
S.V. MBL, D.Ó.J. KVÍKMYNDIR.COM, V.J.V. TOPPSJIS

THE DA VINCI CODE

LEITID SANNLEIKANS
HVERJU TRÚIR ÞÚ?
UPPLIFU VINSÆLUSTU
BOKI HEIMI!



16 BLOCKS

HÖRKUGÓÐUR
SPENNUTRYLLIR
FRÁ RICHARD DONNER
LEIKSTJÓRA LETHAL WEAPON

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000

| | | |
|------------------------|---|-------------|
| THE OMEN | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 | B.L. 16 ÁRA |
| X-MEN3 | kl. 1, 3.20, 5.40, 6, 8, 8.30, 10.20 og 10.50 | B.L. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 2, 5, 8, og 11 | B.L. 14 ÁRA |
| DA VINCI SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 11 | B.L. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ ÍSL. TALI | kl. 1 og 4 | |
| ÍSÖLD M/ ÍSL. TALI | kl. 2 | |

REGNBÖGINN Sími 551 9000

| | | |
|-------------------------|-------------------------|-------------|
| THE OMEN | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 | B.L. 16 ÁRA |
| 16 BLOCKS | kl. 3, 5.50, 8 og 10.10 | B.L. 14 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 3, 6 og 9 | B.L. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ ÍSL. TALI | kl. 3 og 6 | |
| RAUÐHETTA M/ ENSKU TALI | kl. 10.15 | |
| PRIME | kl. 8 | |

Borgarbió Sími 462 3500

| | | |
|--------------------|----------------|-------------|
| THE OMEN | kl. 8 og 10.10 | B.L. 16 ÁRA |
| 16 BLOCKS | kl. 6 og 10 | B.L. 14 ÁRA |
| X-MEN3 | kl. 8 | B.L. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 5 | B.L. 14 ÁRA |
| SKROLLA OG SKELFIR | kl. 4 | 400 KR. |
| RAUÐHETTA | kl. 3.30 | 400 KR. |

400 kr. í bió!
Gætt á allar sýningar í Regnböginum merktar með rauðu

Dolby SDDS Digital Digital Sound THX BIÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

HEIMSFRUMSYNING



Á 6 DEGI
6. MÁNADAR ÁRIÐ 2006
MUN DAGUR HANS KOMA,
ÞORIR ÞÚ Í BIÓ

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 B.L. 16 ára

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus



HÖRKUGÓÐUR SPENNUTRYLLIR
MEÐ BRUCE WILLIS FRÁ
LEIKSTJÓRA LETHAL WEAPON MYNDIARNA

Sýnd kl. 6, 8 og 10:10 B.L. 14 ára



X-MEN THE LAST STAND

SÝND KL. 2, 4, 8 OG 10:10 B.L. 12 ÁRA



INSIDE MAN

SÝND KL. 5:45 B.L. 16 ÁRA

400 KR. Í BIÓ Gætt á allar sýningar í Regnböginum merktar með rauðu

Jaml kemur í búðir á mánudag

Önnur sólóplata Guðmundar Jónssonar, gítarleikara í Sálinni hans Jóns míns, Jaml, kemur út á mánudag.

Jaml er önnur platan í þrífleik hans sem hófst með Japli sem kom út árið 2004. Jaml inniheldur tíu glæný lög og texta eftir Gumma, sem í þetta skiptið sér sjálfur um allan hljóðfærslátt, söng og upptökur, fyrir utan að í einu laganna, Ég trúí, syngur Magnús Þór Sigmundsson dúett með honum.

Þessa dagana hefur lagið Fyrirgefðu af nýja disknum fengið töluverða spílun í útvarpinu og hlotið finar viðtökur.

Gummi ætlar að fylgja plötunni eftir með útgáfutónleikum fimmtudaginn 15. júní á Sólon. Þar spila með honum Benedikt Brynjólfsson á trommur og Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa.

Því næst fer Guðmundur á tónleikaferð um landið. Tónleikarnir verða tuttugu talsins. Þeir fyrstu verða hinn 20. júní í Grindavík en þeir síðustu í Vestmannaeyjum 13. júlí. Allir tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.

„Ég gerði þetta fyrir tveimur árum síðan. Það stóð aldrei til að vera einhver trúðaður heldur var ég vélaður í að prófa þetta af



GUÐMUNDUR JÓNSSON Gítarleikari Sálarinnar er að gefa út sína aðra sólóplötu.

kunningja mínum,“ segir Guðmundur. „Ég fór á 10-15 tónleika um landið og líkaði þetta mjög vel. Það má segja að þessi plata sé svolítið undir áhrifum frá því þar

sem hún er mikið spiluð á kassagítar,“ segir hann.

Nánari upplýsingar um tónleikaferð Guðmundar má finna á gummijons.is.

Sendir eiginmanni sínum tóninn

Söngkonan unga Britney Spears hefur endanlega fengið nóg af eiginmanni sínum Kevin Federline. Á heimasíðu sinni sendir hún manningum tóninn gegnum ljóð sem hún samdi. Ljóðið heitir Minning um mig, Remembrance of Who I Am á frummálinu, og spyr hún meðal annars hvernig hann geti sofíð um nætur og að hún vilji ekki verða særð aftur. Gæti þar verið á ferðinni nýtt lag frá popp-dívunni en hún gengur nú með annað barn þeirra hjóna. Sögu-sagnir af skilnaði þeirra hafa verið tíðar á síðum slúðurblaða sem og sögur af óreglu Federlines. Þau hafa verið gift í tæp tvö ár og hafa svo sannarlega skipst á skin og skúrir í hjónabandinu.

BÚIN AÐ FÁ NÓG? Britney Spears á ekki sjó dagana sæla þessa dagana.



Bönnuð í Kína

Stjórnavöld í Kína hafa skipað kvikmyndahúsum í landinu að hætta að sýna Da Vinci-lykilinn, nokkrum vikum eftir að hún var frumsýnd.

Að sögn stjórnavalda var ákveðið að hætta sýningu myndarinnar til að rýma til fyrir nýjum kínverskum kvikmyndum sem eru að koma út.

Flestir halda því aftur á móti fram að banninu hafi verið komið á vegna söguþráðar Da Vinci-lykilsins, þar sem því er haldið fram að Jesús hafi átt afkomendur með Maríu Magðalenu. Kvikmyndin, sem skartar Tom Hanks í aðalhlutverki, hefur þegar verið bönnuð á Fídjeyjum, í Pakistan og í nokkrum borgum í Indlandi.

Myndin hefur notið mikillar hylli í Kína síðan hún var frumsýnd í síðasta mánuði og var á góðri leið með að verða aðsóknarmesta erlenda myndin sem hefur verið gefin út þar í landi.

„Við fengum mjög stuttan fyrirvara fyrir því að hætta að sýna myndina frá dreifingaradila hennar,“ sagði Wu Hehu, talsmaður United Cinema-fyrirtækisins í Shanghai. „Ég veit ekki hvers vegna en við verðum að gera það sem við erum beðnir um.“

Á meðan annarra kvikmynda sem hafa verið bannaðar í Kína að



DA VINCI-LYKILINN Kvikmyndin vinsæla, sem skartar Tom Hanks í aðalhlutverki, hefur nú verið bönnuð í Kína.

undanförnu eru Memoirs of a Geisha og Brokeback Mountain, sem fjallar um samkynhneigða kúreka.

TILBODS BIÓ



ATH. SÝND KL. 2

400 KR.

LAUGARÁS BIÓ



ATH. SÝND KL. 2

400 KR.

ISLENSKT TAL

ÓDYRT Í BIÓ KR. 400



ATH. SÝND KL. 4

400 KR.

ISLENSKT TAL



ATH. SÝND KL. 2

400 KR.

ISLENSKT TAL

TILBOD Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400 KR.



SUGABABES Hljómsveitin Sugababes er að undirbúa safnplötu með sínum bestu lögum.

Tekið yfir röddina

Breska stúlknatríóid Sugababes hefur ákveðið að taka yfir rödd fyrrum meðlims sveitarinnar, Siobhan Donaghy, fyrir væntanlega safnplötu sem er í vinnslu.

Heidi Range, sem gekk til liðs við Sugababes í stað Donaghy árið 2001, er um þessar mundir að syngja lögina þar sem Donaghy kom við sögu upp á nýtt og því mun hvergi heyrast í henni á plötunni. Amelle Berrabah, sem nýverið var ráðin í Sugababes í stað Mutya Buene, hefur staðfest fregnirnar.

FRUMSÝNING

S.O.S.
Pottþettur hasarpökki. Allir í bátana og ekki missa af Poseidon.
P.P. FRÉTTASLAÐIÐ

FRÁ LIKKAJAB
ENDYTT OG ATHE GREGG STORMY
POSEIDON
HALTU NIÐRI Í ÞÉR ANÐANUM.
MÓGNUD SPENNA
FRÁ BYRJUN TIL ENDA.

ÁLFABAKKA

| | | |
|----------------------|----------------------------|---------|
| POSEIDON | KL. 1:30-3:40-5:50-8-10:10 | B.I. 14 |
| POSEIDON VIP | KL. 1:30-3:40-5:50-8-10:10 | |
| SHE'S THE MAN | KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| X-MEN 3 | KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20 | |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 5:50-10:10 | |
| THE SHAGGY DOG | KL. 1:30-3:40-5:50 | B.I. 14 |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:30 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 4-8 | B.I. 10 |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

AMANDA BYNES

Nú er komið að henni að skora.

she's THE MAN

FRÁ J.J. ABRAMS,
HÖFUNDI ALIAS OG LOST!
TOM CRUISE
M:I-III
ADGERDIN ER HAFIN

KEFLAVÍK

| | | |
|-------------------|------------|---------|
| POSEIDON | KL. 6-8-10 | B.I. 14 |
| X-MEN 3 | KL. 3-5-45 | B.I. 12 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 10:30 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 2-4 | |
| THE INSIDE MAN | KL. 8 | |

AKUREYRI

| | | |
|-----------------|--------------|---------|
| SHE'S THE MAN | KL. 4-6-8-10 | B.I. 14 |
| POSEIDON | KL. 8-10 | |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 6 | |
| THE SHAGGY DOG | KL. 4 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

V.J.V. - TOPP5.15

FRÁ J.J. ABRAMS,
HÖFUNDI ALIAS OG LOST!
TOM CRUISE
M:I-III
ADGERDIN ER HAFIN

KRINGLUNNI

| | | |
|----------------------|----------------------------|---------|
| SHE'S THE MAN | KL. 1:50-3:45-6-8-15-10:30 | |
| POSEIDON | KL. 6-8-15-10:30 | B.I. 14 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 3:50-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10:10 | B.I. 14 |
| SHAGGY DOG | KL. 2-4 | |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 2-6 | B.I. 10 |

SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLÍÐ

KRINGLAN S: 588-0800

S.O.S.

VINSÆLASTA MYNDHEIMS Í DAG!
THE DA VINCI CODE
LEITID SANNHLEITANS

HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|----------------------|---------------|---------|
| POSEIDON | KL. 7-9-11 | B.I. 14 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 4-6-8-10 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 4-6-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:30-8-10 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Connery heiðraður

Leikarinn góðkenni Sir Sean Connery fékk hin árlegu heiðursverðlaun bandarísku kvikmyndastofnunarinnar fyrir framlag sitt til leiklistarinnar. Athöfnin fór fram í Kodak-leikhúsinu í Hollywood.

Á meðal þeirra sem mættu til að heiðra félagan sinn voru Star Wars-leikstjórinn George Lucas og leikararnir Mike Myers og Harrison Ford.



GAMLIR FÉLAGAR Sean Connery ásamt vini sínum Harrison Ford skömmu fyrir athöfnina. Þeir léku saman í kvikmyndinni Indiana Jones and the Last Crusade árið 1989.

ritanna og handritanna.“
Connery er sá 34. í röðinni sem hlýtur þessi miklu heiðursverðlaun.

Heitari flaga

[UMFJÖLLUN]

Af þeim plötum sem hafa komið út á þessu ári er þetta ein af þeim fáu sem ég hef beðið eftir með einhverri eftirvæntingu. Frumraun Hot Chip var ánægjuleg sönnun þess að það eru til ungir Bretar sem trúa því að það sé hægt að búa til góða tónlist án þess að byggja á gömlum rótgrónum gítar-Bítlagrunni. Ég leyfi mér meira að segja að efast um að þessir piltar kunni að spila á gítar yfir höfuð.



HOT CHIP
THE WARNING

Niðurstaða: Íslandsvinirnir í Hot Chip toppa sjálfa sig með fylgífisk hinnar geysilega vinsælu Coming on Strong. The Warning inniheldur frábært teknópopp með englaróddum og laglínunum til að drepa fyrir.

plötusnúðum Reykjavíkur ættu þegar að þekkja lög eins og Over and Over af þessari plötu, en það gefur virkilega góða mynd af þeirri stefnu sem sveitinni hefur valið sér. Bláu tónarnir, sem einkenndu eldri lög á borð við Playboy og Shining Escalade, eru nær alveg horfnir. Í stað þess er komin inn ný og hlýrri tilfinning, sem ætti ekki að geta skapað neitt annað en vellíðan. Búið að bæta inn smá „krútti“ með glockenspiel og furðuhljóðum, án þess að það sendi sveitina of langt á hliðarkantinn. Það er alveg á hreinu frá upphafi til enda, að hér er dansvæn „feel-good“ popplata á ferð, og ég get ekki ímyndað mér að neinn geti gert svoléiðis betur í dag en Hot Chip. Þetta er án efa heilsteyptara verk en Coming on Strong, og það fyrsta sem mann langar til að gera þegar búið er að renna henni í gegn er að renna henni í gegn aftur. Með svona tónlist í tækjunum er nokkuð víst að þetta á eftir að verða æðislegt sumar.

Birgir Örn Steinarsson

FRÉTTIR AF FÓLKI

J.K. Rowling, höfundur Harry Potter-bókanna, hefur verið valin besti núlifandi breski rithöfundurinn í kosningu tímaritsins The Book Magazine. Rowling skákaði þar með rithöfundum á borð við Salman Rushdie, Kazuo Ishiguro, Nick Hornby og



Zadie Smith, og fék þrisvar sinnum fleiri atkvæði en Terry Pratchett sem lenti í öðru sæti. Rowling vinnur nú að sjöundu og jafnframt síðustu bókinn í Harry Potter-seríunni og greinilegt er að ekki eru bara börn og unglingar hrifnir af Harry Potter.

Alanis Morissette og unusti hennar Ryan



Reynolds eru hætt saman eftir fjögurra ára samband, en þau trúlofuðu sig fyrir tveimur árum. Morissette og Reynolds hittust í afmæli Drew Barrymore árið 2002. Í júní 2005 fór Morissette fallegum orðum um kærastann og virðist allt hafa leikið í lyndi þá, þó að engin giftingarplön væru á planinu. „Hann gefur mér svo mikinn stuðning. Ég finn hvað hann elskar mig mikið,“ sagði hún.



6. UMFERÐ | LANDBANKAÐEILD KARLA

| | | | |
|------|----------|-----------|----------------------|
| fim. | 8. júní | kl. 19:15 | Valur - Fylkir |
| fim. | 8. júní | kl. 19:15 | Víkingur - Grindavík |
| fim. | 8. júní | kl. 19:15 | Keflavík - ÍA |
| lau. | 10. júní | kl. 16:00 | ÍBV - KR |
| sun. | 11. júní | kl. 19:15 | Breiðablik - FH |

5. UMFERÐ | LANDBANKAÐEILD KVENNA

| | | | |
|------|----------|-----------|---------------------|
| lau. | 10. júní | kl. 16:00 | KR - Valur |
| mán. | 12. júní | kl. 19:15 | Breiðablik - Þór/KA |
| mið. | 14. júní | kl. 19:15 | Keflavík - FH |
| mið. | 14. júní | kl. 19:15 | Fylkir - Stjarnan |

Tryggðu þér miða á betra verði á landsbankadeildin.is eða ksi.is

410 4000 | landsbanki.is



Guðmundur í 209. sæti

Íslandsmeistarinn í borðtennis, Guðmundur Stephensen, er í 209. sæti á nýjasta heimslista Alþjóða borðtennis-sambandsins. Guðmundur stendur í stað frá síðasta lista en hann hefur nú fallið um tólf sæti frá áramótum. Kínverjinn Wang Liqin er efstur á listanum og þjóðverjinn Tim Boll annar.

sport
sport@frettabladid.is

HINN 15 ÁRA GAMLI MAGNÚS ÞÓRÐARSON: YNGSTI RALLAÐSTOÐARÖKUMAÐUR LANDSINS

Pessi óbilandi bílaáhugi er smitandi

„Fyrsta orðið sem hann sagði var mamma, sem verður að teljast eðlilegt, en annað orðið var rally,“ sagði Þórður Bragason um son sinn Magnús, en saman munu þeir feðgar keppa í Íslandsmótinu í rallakstri um helgina.

Magnús er aðeins nýorðinn 15 ára gamill og verður aðstoðarökumaður hjá föður sínum þangað til hann sjálfur má taka bílpróf og taka við stýrinu. Þórður keppti sjálfur í rallinu, síðast árið 2000. Saman hafa þeir feðgar gert upp bíl af gerðinni Toyota Corolla, 1986 árgærd, og hafa unnið í honum hörðum höndum. „Ég á bílinn sjálfur og við þabbi höfum

hjálpast að við að taka hann allan í gegn. Við tókum vélna upp eftir að hafa keypt ónýta vél,“ sagði Magnús.

„Það má segja að ég hafi óbilandi bílaáhuga. Þetta er greinilega smitandi, enda fylgdist ég vel með þabba mínum þegar ég var yngri,“ sagði Magnús og kvaðst vel geta hugsað sér að vinna við bíla í framtíðinni, þrátt fyrir að hann væri lítið byrjaður að aka sjálfur, enda aðeins fimmtán ára gamill. Þeir feðgar keppa í Max-1 flokknum.

„Ég hef ekkert af viti verið að keyra, bara

aðeins að leika mér uppi í sumarbústað en ég er ekki byrjaður í neinum rallytöktum, ég stefni þó að sjálfsgöðu á það. Það væri toppurinn að ná Íslandsmeistaratitli í sínum flokki þar,“ sagði Magnús. En hvert er eiginlega hlutverk aðstoðarökumannsins?

„Hann sér um að halda utan um sérstaka tímabók en út frá því er staðan í rallinu uppfærð. Þá sér hann líka um að lesa leiðarlýsingu fyrir öikumanninn, hvernig beygjur liggja og hvað er fyrir aftan blindhæðir og slíkt,“ sagði Magnús og bætti við að hann væri búinn að æfa sig vel fyrir átökin sem fram undan eru í sumar. „Við byrjum á því að klára hvert rall en það væri ekki leiðinlegt að ná eins og einum bikar,“ sagði efnilegasti aðstoðarökumaður landsins í dag.



> Viðræður á milli Chelsea og Barcelona enn í gangi

Viðræður á milli Englandsmeystara Chelsea og Evrópu- og Spánarmeystara Barcelona um kaupverðið á Eidi Smára Guðjohnsen eru enn í fullum gangi. Eggert Skúlason, talsmaður Eids Smára, staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær en netmiðlar á Englandi greindu frá því að upp hefði komið ágreiningur á milli félaganna og Barcelona væri hætt við kaupin. Svo er þó ekki en Eggert sagði að ómögulegt væri að segja til um hvenær botn fengist í málið, það gæti skýrt hvenær sem er.



HEIÐAR DAVÍÐ Prísaði sig sælan yfir góðri klósettaðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Heiðar Davíð Bragason:

Hætti vegna veikinda í gær

GOLF Kyllingurinn Heiðar Davíð Bragason varð að hætta keppni á Telia Masters mótinu í golfi í gær vegna veikinda. Heiðar Davíð var með mikla magaverki en sagði að það hefði bjargað miklu að klósett var við nánast hvern teig.

„Það er alveg þrælfúlt að þurfa að hætta því þetta er mjög flott mót á góðum velli. Ég ligg bara uppi í rúmi á hótélherbergi og get ekki mikið gert annað en hlauðið af og til á salernið,“ sagði Heiðar Davíð við heimasíðuna Kyllingur.is í gær.

Heiðar lék hringinn á 77 höggum og bætti við að það hefði gengið mjög illa að einbeita sér. Heiðar Davíð keppir á áskorendamóti í Noregi í næstu viku ásamt Birgi Leifi Hafþórssyni. - hph

HRINGSNÚRUR



Hringsnúrnar vinsælu eru komnar aftur. Mikið úrval

PÓR HF
Ármúla 11 - Sími 568-1500

Margar gerðir af
Ijósum!

RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

Strákarnir komnir til Svíþjóðar

Handboltalandsliðið lenti í Stokkhólmi í hádeginu í gær en á morgun spilar liðið fyrri leikinn gegn Svíum í umspili um sæti á HM í Þýskalandi á næsta ári.

HANDBOLTI Strákarnir okkar hituðu upp fyrir leikinn mikilvæga í vikunni með tveim æfingaleikjum gegn bronsliðinu frá EM í Sviss, Dönem. Fyrri leikurinn vannst með einu marki en sá síðari endaði með jafntefli. Úrslitin endurspeglu styrk íslenska liðsins og því engin ástæða til annars en að vera bjartsýnn fyrir rimmuna og leikinn á sunnudag þar sem liðið verður að ná hagstæðum úrslitum.

Allir leikmenn liðsins komu óskaddaðir úr Danaleikjunum fyrir utan smá eymsli sem alltaf fylgja. Það var helst þreyta sem háði einhverjum leikmönnum á leið til Svíþjóðar í gær og sváfu margir fast í vélinni á leið utan. Strákarnir fóru beint upp á hótél í mat en rétt fyrir kvöldmat var tekin létt æfing til að hrista ferðalagið úr mannskapnum.

Liðið mun væntanlega æfa tvisvar í dag og strákarnir eiga einnig bókaðan æfingatíma á sunnudag. Alfred Gíslason landsliðsþjálfari sagðist þó við komuna til Svíþjóðar ekki gera ráð fyrir að nýta þann tíma en spilað er seinni partinn að sænskum tíma á sunnudag.



KOMIÐ TIL SVÍÞJÓÐAR Strákarnir voru allir með hressasta móti við komuna til Svíþjóðar í gær, en frábært veður var í Stokkhólmi. Hér má sjá Einar Hólmgeirsson, Ragnar Óskarsson, Birki Ivar Guðmundsson og aðstoðarþjálfarann Guðmund Guðmundsson eftir nokkuð strembið ferðalag þar sem mikil bið tafði för þeirra nokkuð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Svo skemmtilega vill til að liðið gistir á sama hóteli og þegar það náði frábærum árangri á EM árið 2002 en þá var Guðmundur Guðmundsson þjálfari liðsins. Hann er einnig með í för núna og aðstoð-



MIKILL FARANGUR Það er ekki lítil farangur sem fylgir heilu handboltalandsliði og fríðu föruneyti þess. Héru eru Ásgeir Örn Hallgrímsson og Snorri Steinn Guðjónsson að sækja töskur sínar á flugvellið í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ar Alfred landsliðsþjálfara í þessu verkefni. Guðmundur játti því við Fréttablaðið í gær að það væri nokkuð sérstök tilfinning að vera kominn aftur til Svíþjóðar til að spila í Globen. Í sama streng tóku þeir leikmenn sem spiluðu með árið 2002. Skoðanir manna á hótelinu voru þó skiptar en það er við hlið keppnishallarinnar.

Það var ekki hægt að greina annað en tilhökkun í hópnum við komuna til Stokkhólms í gær og ljóst að leikmenn bíða spennit eftir því að fá að taka á Svíunum, sem verða væntanlega ekki eins dyggilega studdir og reikna mátti með í fyrstu. Miðasala á leikinn hefur ekki gengið sérstaklega vel en hin glæsilega Globen-höll tekur sextán þúsund manns í sæti.

SVÍÞJÓÐ - ÍSLAND
HENRY BIRGI GUNNARSSON
Skrifur frá Stokkhólmi.
henry@frettabladid.is



Kristjáni Guðmundssyni, þjálfara Keflavíkur, finnst að bregðast þurfi við í dómaramálum í deildinni:

Áhersluatriðunum ekki fylgt eftir

FÓTBOLTI „Trúverðugleiki dómara-nefndar í þessum málum er bara horfinn,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, en hann er allt annað en sáttur við dómgæsluna í leik liðsins gegn Skagamönnum á fimmtudag. Dómaramál hafa verið mikið til umræðu í upphafi Íslandsmót og þjálfarar létu í sér heyrna varðandi þessi mál í tveimur af þeim þremur leikjum sem voru í Landsbankadeildinni á fimmtudaginn.

„Ég er mjög ósáttur við að það er einfaldlega ekki farið eftir þeim áhersluatriðum í dómaramálum sem kynnt voru fyrir mót. Dómarar eru hættir að dæma í anda þeirra laga og reglna sem gilda. Það var sagt skýrt frá því að það ætti að taka harðar á fram-

komu þeirra sem sitja á varamannabekki. Þjálfarar mega til dæmis ekki vera að kalla á leikmenn andstæðinga og alls ekki að hrópa að dómaramálum. Það á að taka samstundis á þannig málum en það var bara ekki gert,“ sagði Kristján, sem var rekinn upp í stúku þegar hann mótmælti vinnubrögðum dómarrátrísins í leiknum.

„Frá byrjun leiks var óskrað frá varamannabekk ÍA á hverja einustu ákvörðun dómarsins og ýmislegt látið flakka. Þetta hefur gerst í mörgum leikjum og ég er alls ekki bara að tala um Ólaf Þórðarson. Það var ekki tekið á þessu fyrr en eftir 62 mínútur og þá á mjög klúðurslegan hátt. Aðstoðardómarnir gaf Óla við-

vörðun og svo tveimur mínútum síðar gaf hann honum aðra viðvörðun. Ég lét í mér heyrna og spurði hann hvers vegna hann fengi bara aðra viðvörðun en að sjálfsgöðu fékk ég ekkert svar við því,“ sagði Kristján.

„Ef þú býrð í radhúsi og nágranni þinn er stöðugt að moka skít í garðinum sínum þá finnurðu alveg lyktina. Sennilega er hann að bera skít á túnið og á blómin svo þau vaxi og dafni. En ef þú sérð að skiturinn er farinn að kæfa blómin þá geturðu ekki beðið lengur.“

Kollegi Kristjáns, Leifur Garðarsson hjá Fylki, gagnrýndi lélegan undirbúning dómara fyrir leiki og Kristján tekur undir það. „Það er alveg staðreynd. Svo þarf allt-

af að ríkja þögn um þessi mál. Sama hvað við tjáum okkur um þetta þá heyrast aldrei neitt frá dómara-nefndinni. Það er ekkert gert. Dómarar eru ekkert kallaðir saman og farið yfir það sem afvega hefur farið í þessum málum.“

Kristján segir að við eigum vissulega góða dómara sem dæmi í efstu deild. „Hins vegar vantar samræmi og að dæmt sé eftir því sem lagt er upp. Það þarf að vernda leikmenn þeirra liða sem eru að reyna að spila fótbolta og hindra að þeir séu bara sparkaðir niður. Það vantar aðhald á dómara og þeim sé refsað eða umbunad eftir því hvernig frammistaða þeirra er,“ sagði Kristján Guðmundsson. - egm



MARKI FAGNADÓTTIR Strákarnir í Vesturbænum fagna marki Sigmundar Kristjánssonar gegn Breiðabliki í síðustu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landsbankadeild karla:

ÍBV tekur á móti KR í dag

FÓTBOLTI Það er góð stemning hjá okkur að vanda,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, um leikinn gegn ÍBV í Vestmannaeyjum í dag. KR er í sjötti sæti deildarinnar eftir þrjú sigra og tvö töt en ÍBV er í því niunda, með fjögur stig. Sjöttu umferð Landsbankadeildarinnar lýkur svo á morgun með leik FH og Breiðabliks í Kópavoginum annað kvöld.

KR vann Breiðablik, 3-2, í skemmtilegum leik í síðustu umferð. „Við hleyptum þeim inn í leikinn og það var virkilega slappst af okkur að hleypa þeim inn í leikinn með marki beint úr aukaspurnu og svo úr vítaspurnu. En svona er þetta og sem betur fer náðum við að klára leikinn,“ sagði Teitur við Fréttablaðið í gær, en hann er nokkuð sáttur við spílamennsku liðsins í sumar.

„Liðið er alltaf að spila betur og betur og það er hægur stígandi í liðinu. Ég átti von á því að það gerðist í sumar, við höfum verið að spila vel í allan vetur þrátt fyrir að hafa ekki alltaf uppskorið eftir því. Við komum inn í leikinn gegn ÍBV eins og alla aðra, við ætlum að spila okkar leik og vonandi dugur það okkur til að hirða öll stig,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, að lokum. - hph



ÆFING Wayne Rooney hefur æft með Englandi en spilar þó ekki með í dag. Hér er hann ásamt félaganum Gary Neville. NORDICPHOTOS/AFP

Enska landsliðið á sinn fyrsta leik á HM í dag:

Stefnt á sigur án Wayne Rooney

FÓTBOLTI Það landslið á HM sem á sér flesta fylgismenn hér á landi er án nokkurs vafa England. Í dag hefst keppni í B-riðli þar sem Englendingar munu kljást við Paragvæa og þurfa þeir að treysta á aðra leikmenn en Wayne Rooney en hann er ekki tilbúinn vegna meiðsla. Þó er búist við að hann geti komið eitthvað við sögu í riðlakeppinni. Í framlínunni í dag mun því Michael Owen vera í aðalhlutverki ásamt hinum sjóðheita Peter Crouch, sem vonast til að fá tækifæri til að stíga hinn magnaða vélmennadans.


Föst leikatriði verða hættulegt vopn hjá enska liðinu en turninum Crouch og varnarjaxlinum John Terry ætti ekki að leiðast að fá fyrirgjafir frá David Beckham. Þá eru miðjumennirnir Frank Lampard og Steven Gerrard í heimsklassa en sá síðarnefndi mun spila í dag þrátt fyrir að hafa verið nokkuð tæpur fyrir leikinn. „Bakið á mér hefur verið til vandræða en það er mikil tilhlökkun í mér fyrir mótið og það þarf eitthvað mikið til að ég verði ekki með í fyrsta leiknum okkar á mótinu,“ sagði Gerrard.

England og Paragvæa hafa tvisvar sinnum áður mæst og í bæði skiptin vann enska liðið öruggan

sigur. „Við höfum skoðað enska liðið ítarlega enda erum við að fara að mæta einu sigurstranglegasta liði keppinnar. Ég vonast til að mínir menn nái fram fullri einbeitingu og þá tel ég að við getum komið Englendingum í opna skjöldu,“ sagði Anibal Ruiz, þjálfari Paragvæ. Helsta stjarna liðsins er Roque Santa Cruz, sóknarmaður hjá Bayern München.

Frændur okkar Svíar eru einnig í B-riðli en þeir halda uppi merki Norðurlandanna. Þeir mæta í dag Trínidad og Tóbagó, sem er að keppa í úrslitum í fyrsta sinn. Sóknarlína Svíþjóðar er ein sú skemmtilegasta á mótinu en liðið skartar Zlatan Ibrahimovic, leikmanni Juventus, og Henrik Larsson, sem fór á kostum með Barcelona í úrslitaleik Meistaradeildarinnar fyrir skömmu.

Í kvöld hefst síðan keppni í C-riðli þegar Argentína leikur gegn Fílabeinsströndinni. Argentína hefur valinn mann í hverri stöðu og er þjóðinni spáð sigri í keppninni af mörgum, þar á meðal Eidi Smára Guðjohnsen, landsliðsfyrirlíða Íslands. Fílabeinsströndin er óskrifað blað en hefur þó Didier Drogba í sínum röðum en hann kann ýmislegt fyrir sér í íþróttinni. - egm



BARÁTTAN Í ALGLEYMINGI Gary Payton, leikmaður Miami, er hér í baráttu við Jason Terry í fyrrið. NORDICPHOTOS/AFP

Úrslitakeppnin í NBA-körfuboltanum er farin af stað:

Dallas tekur forystu

NBA Dallas Mavericks hefur tekið forystu í einvíginu við Miami Heat í úrslitakeppni NBA-körfuboltans eftir að hafa unnið 90-80 sigur á heimavelli sínum í fyrrið. Það var hinn kynngimagnaði Jason Terry sem sló öllum við og var maðurinn á bak við góðan sigur Dallas, en hann skoraði 32 stig og hitti úr þrettán af átján skotum sínum.

„Þetta var bara einn leikur og engin sería vinnst á einum leik,“ sagði Terry brattur eftir leikinn og Avery Johnson, þjálfari Dallas, var sömuleiðis með báða fætur á jörðinni. „Þetta var bara einn leikur og þó við séum vissulega ánægðir að klára hann vitum við að bæði liðin eiga mikið inni. Það á mikið eftir að gerast áður en þetta einvígi klárast.“ - hph

Miami byrjaði mun betur í leiknum og hafði yfir allt þar til á síðustu sekúndu fyrri hálfleiksins þegar Dirk Nowitzki kom Dallas yfir með skoti um leið og flautan gall. Nowitzki náði sér ekki á strik í sóknarleiknum frekar en Josh Howard, en þeir félagar hittu aðeins úr 7 af 28 skotum sínum.

Dwyane Wade er enn ekki búinn að ná sér af vírus sem hann fékk á dögnum, en hann var engu að síður stigahæstur í liði Miami með 28 stig og tvö þeirra komu eftir tilþrif leiksins þar sem hann tróð boltanum með tilþrifum yfir Erick Dampier. Shaquille O'Neal skoraði 17 stig og hitti mjög vel utan af velli - en var aftur skelfilegur á vítalínunni þar sem hann hitti úr einu af níu skotum. - hph

Vodafone live!



Hringtónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun

Þú missir aldrei af HM marki

Fáðu frítt prufumark: Sendu **HMPRUF**A á 1900.

Skráðu þig: Sendu **HM2006** á 1900.

Öll HM mörkin á 990 kr.



HM TILBOÐ

36.900 kr.

NOKIA 6280

Fullt verð 44.900 kr.



Heyrumst!

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



MESSI Sýnir oft á tíðum frábær tilþrif.
NORDICPHOTOS/AFP

Argentínska landsliðið:

Messi fjarri góðu gamni

FÓTBOLTI Argentínamaðurinn stórfnilegi Lionel Messi verður ekki með í kvöld þegar Þjóðverjum gegn Fílabeinsströndinni á HM. Messi hefur enn ekki jafnað sig fyllilega af meiðslum en hann hefur átt gott tímabil með Barcelona og hefur honum verið líkt við Diego Maradona.

Gabriel Heinze, varnarmaður Manchester United, verður að öllum líkindum í byrjunarliðinu en hann leikur oftast sem miðvörður með landsliðinu og verður við hlið Roberto Ayala. Hernan Crespo mun byrja í sókninni ásamt Javier Saviola.

- egm

Íslandsmótið í golfi:

Spilað í Eyjum um helgina

GOLF KB banka mótaröðin í golfi heldur áfram um helgina þegar leikið verður í Vestmannaeyjum. Magnús Lárusson úr GKJ sigraði í karlaflokk og Tinna Jóhannsdóttir úr GK í kvennaflokk á fyrsta stigamótinu sem fram fór á Akranesi fyrir hálfum mánuði en leiknar verða 54 holar í mótinu um helgina, 36 í dag og 18 á morgun.

86 keppendur, 72 karlar og 14 konur taka þátt í mótinu, sem nefnist Carlsberg-mótið

- hph



A-riðill:

| | |
|--|-----|
| PÝSKALAND-KOSTA RÍKA | 4-2 |
| 1-0 Philip Lahm (6.), 1-1 Paulo Wanchope (12.), 2-1 Miroslav Klose (17.), 3-1 Miroslav Klose (61.), 3-2 Paulo Wanchope (73.), 4-2 Torsten Frings (87). | |
| PÓLLAND-EKVADOR | 0-2 |
| 0-1 Carlos Tenorio (24.), 0-2 Augustin Delgado (80.). | |

Veislan hefst með látum í Þýskalandi

Þjóðverjar byrjuðu Heimsmeistaramótið frábærlega á heimavelli sínum með 4-2 sigri gegn Kosta Ríka. HM fer frábærlega af stað og má búast við stórkostlegu móti ef fram heldur sem horfir frá upphafsleiknum.

FÓTBOLTI Það er óhætt að segja að Philip Lahm hafi byrjað HM með stæl en eftir aðeins fimm mínútna leik skoraði hann stórbrotið mark, með þrumuskoti í samskeytin og inn af vítateigshorninu og gerir markið þegar tilkall sem tilþrif mótsins sem varla er farið af stað. Ótrúleg fagnaðarlæti brutust út á Allianz Arena-leikvanginum en þögn sló á skarann fimm mínútum síðar.

Paulo Wanchope jafnaði þá metin með góðu marki eftir fallett samspil en Arne Friedrich svaf illa á verðinum í rangstöðugildru heimamanna og Wanchope setti boltann af öryggi framhjá Jens



Á SKOTSKÓNUM Miroslav Klose skoraði tvö mörk og átti finan leik í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Lehmann í markinu. Miroslav Klose kom Þjóðverjum aftur yfir þegar hann ýtti boltanum yfir línuna af stuttu færi eftir sendingu Bastian Schweinsteiger og staðan var 2-1 í hálfleik, Þjóðverjum í vil.

Klose skoraði sitt annað mark þegar hann fylgdi eftir sínum eigin skalla og skoraði af stuttu færi og héldu þá flestir að björninn væri unninn enda lið Kosta Ríka ekki hátt skrifað á heimsvísu. Wanchope var aftur á móti ekki af baki dottinn og náði að minnka muninn með keimlíku marki og því fyrra þegar rangstöðutaktík Þjóðvera misförst illilega.

Þjóðverjir gerðu hvað þeir gátu til að tryggja sigurinn og Torsten Frings vildi ekki vera minni maður en Lahm og skoraði annað mark sem verður í samkeppni um það fallegasta í keppninni. Hann fékk stutta aukaspyrnu og þrumaði boltanum utanfótar glæsilega í netið af þrjátíu metra færi og þar með var sigurinn tryggður.

Þjóðverjar léku góðan fótbolta í leiknum og áttu sigurinn skilinn. Þeir fengu mörg góð færi og hefðu hæglega getað bætt við mörkum en það er varnarleikur liðsins sem veldur hvað mestum áhyggjum. Rangstöðugildra þess var í molum og það þarf að laga fyrir næsta leik Þjóðverja, gegn Pólverjum á miðvikudaginn.



ALLT VITLAUST Allt ætlaði gjörsamlega um koll að keyra þegar Lahm skoraði fyrsta mark HM með glæsilegu skoti í samskeytin og inn.

NORDICPHOTOS/AFP

„Það er alltaf mikilvægt að byrja mótið með sigri. Andrúmsloftið á leikvangnum var ótrúlegt og maður sá stemningu vel af þöllum. Stuðningsmennirnir eiga hluta í sigrinum, þeir voru tölfti maðurinn okkar á vellinum,“ sagði Lahm eftir leikinn en Jürgen Klinsmann landsliðsþjálfari var að sama skapi ánægður með úrslitin.

„Við erum mjög ánægðir með að tryggja okkur öll stigin í upphafsleiknum. Vissulega var ákveðin spenna í mannskapnum en við vildum komast í gegnum

leikinn án þess að fá gult spjald og gefa stuðningsmönnum okkar eitt-hvað til að gleðjast yfir. Við lögðum hart að okkur og spilðum mjög hratt, en þá gerast alltaf einhver mistök og hitt liðið fær tækifæri. Það býr mikil orka í liðinu og á stórvíðburði á borð við HM getur maður ekki annað en iðað í skinninu við hverja magnþrungnu stundina á fætur annarri,“ sagði kampakátur Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari Þjóðverja, í leiklok eftir að óskabyrjun heimamanna varð staðreynd.

hjalti@frettabladid.is

Tvö mörk voru skoruð í Gelsenkirchen í gær þar sem Ekvador vann glæsilegan sigur á Póllandi:

Ekvador byrjar mótið með stæl

FÓTBOLTI Ekvadorar náðu að fylgja í fótspor heimamanna og fengu þrjú stig úr hinum leiknum í A-riðlinum í gær með 2-0 sigri. Carlos Tenorio kom Ekvador yfir þegar fyrri hálfleikur var hálfnaður með góðu skallamarki. Tenorio er 27 ára sóknarmaður sem er á mála hjá liði Al Sadd í Katar. Varnarleikur Pólverja var mjög ótraustur í fyrri hálfleiknum.

Pólland spilaði fantavel í undankeppni HM og liðið skoraði urmul marka. Það var þó ekki að sjá á leik liðsins í gær þar sem sóknarlínan var ansi bitlaus nær allan leiktímann. Það var ekki fyrr



GAMAN Ekvadorar fagna fyrri marki sínu í gær.

NORDICPHOTOS/AFP


en á lokamínúttunum sem pólska liðið vaknaði til lífsins en þá átti það tvö skot sem höfnuðu í tréverkinu.

Annað mark Ekvador kom á 80. mínútu úr skyndisókn. Ivan Kaviedes átti góðan sprett og sendi á Agustín Delgado, sem átti ekki í

vandræðum með að koma knettinum í markið. Delgado er helsta stjarna Ekvadora þó hann hafi ekki náð að sanna sig hjá enska liðinu Southampton, en hann spilar nú í heimalandinu.

Luis Fernando Suarez, þjálfari Ekvador, setti kynlífsbann á allt liðið meðan á keppni stendur og ákvað hann að sýna gott fordæmi með því að taka sjálfur þátt í því banni. Sú hernaðaráætlun hans skilaði sér svo sannarlega í gær og liðið fékk þrjú stig en margir töluðu um þann leik sem úrslitaleikinn um annað sætið í riðlinum.

- egm





FÓTBOLTAÆÐI Í ÞÝSKALANDI Sannkallað fótboltaæði hefur gripið um sig í Þýskalandi enda hófst Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu þar í gær. Þúsundir stuðningsmanna eru í Þýskalandi til að fylgjast með móttinu og hér má sjá skemmtilega stóla á veitingastað einum í München. Það má með sanni segja að allt snúist um fótbolta í Þýskalandi í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

7 8 9 **10** 11 12 13

Laugardagur

LEIKIR

- 16.00 **ÍBV** og **KR** mætast í Landsbankadeild karla í knattspyrnu á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum.
- 16.00 **KR** og **Valur** mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu á KR-vellinum í Vesturbæ.

SJÓNVARP

- 11.20 **Formúla-1** á RÚV. Bein útsending frá tímatökunni.
- 12.30 **HM stúdíó** á Sýn. Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið þar sem spáð er í spilin.
- 12.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Englands** og **Paragvæ** í B-riðli.
- 15.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- 15.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Trinidad og Tóbagó** og **Svíá** í B-riðli.
- 15.50 **Landsbankadeild kvenna** á RÚV. Bein útsending frá leik **KR** og **Vals**.
- 18.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- 18.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Argentínu** og **Filabeinsstrandarinnar** í C-riðli.
- 21.00 **4-4-2** á Sýn. HM-uppgjör dagsins.

LITUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokk, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



EKKI LÁTA ÞÉR BREGÐA!
NÝR SANTA FE
FRUMSÝNDUR UM HELGINA
FRUMSÝNDUR Í DAG OG Á MORGUN
OPIÐ Í DAG FRÁ KL 12 TIL 16.



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



BLUE LAGOON
ICELAND

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Believe me dear lady, children are a better form of marital therapy than any trip to India.“

Svar: Mr. Singh úr Bitter Moon frá 1992

dagskrá



Í TÆKINU SHANNEN DOHERTY LEIKUR Í BEVERLY HILLS 90210 Á SKJÁ EINUM KL. 19.00

Stelpan sem allir elska að hata

Shannen Maria Doherty fæddist 12. apríl árið 1971 í Memphis í Tennessee-ríki í Bandaríkjunum. Fjölskylda Shannen flutti til Los Angeles þegar hún var sjö ára og vissi að hún vildi verða leikkona. Hjólin voru fljót að snúast og þegar hún var tíu ára fékk hún hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni Father Murphy. Leikarinn góðkenni Michael Landon heitinn sá Shannen í Father Murphy og lét hana fá hlutverk Jenny Wilder í þættinum Húsið á sléttunni. Í kjölfarið lék Shannen í sjónvarpsþáttum eins og Cagney & Lacey, Magnum P.I. og Highway to Heaven. Árið 1990 tók líf Shannen stóra beygju þegar hún fékk hlutverk í sjónvarpsþættinum Beverly Hills 90210. Þátturinn sló fljótt í gegn og Shannen líka sem Brenda Walsh. Eftir fjögur ár hætti Shannen í þættinum, sökum þess að hún var alltaf



sein og lenti sífellt í rifrildum við samstarfsfélaga sína og framleiðandann, Aaron Spelling. Shannen varð fljótt matur fyrir slúðurblöðin og var hún stelpan sem allir elskuðu að hata þar sem persónulegt líf hennar var eins og Jerry Springer-þáttur. Hún skiptir um karlmenn eins og nærbuxur og staldrar sjaldnast lengi við hvern. Shannen fékk hlutverk í lélegum sjónvarpsmyndum þangað til hún fékk hlutverk Prue Halliwell í Charmed árið 1998 en hætti í þættinum 2001 vegna ósættis við leikkonuna Alyssa Milano. Hún var handtekin fyrir ölvunarakstur árið 2000 og hefur oft en ekki lent í útistöðum á börum í Los Angeles, við samstarfsfélaga og ljósmyndara og er enn vænn biti fyrir slúðurblöðin.

ÞRÍJÁR BESTU MYNDIR SHANNEN:


Mallrats - 1995 Nowhere - 1997 The Rendering - 2002



▶ 21.50

Gaman

GET SHORTY



▶ 19.35

Gaman

OLIVER BEENE



▶ 19.00

Gaman


FRIENDS



▶ 20.30

Gaman

KELSEY GRAMMER SKETCH SHOW



▶ 11.00

Umræða

FRÉTTAVIKAN

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Alda og Bára (5:26) 8.06 Búi! (18:26) 8.17 Lubbi læknir (15:52) 8.30 Arthúr 8.55 Sigga ligga lá 9.08 Skoppa og Skríttla (6:10) 9.14 Matta fóstura og ímynduðu vinir hennar (1:26) 9.40 Gló magnaða 10.02 Ástfangnar stelpur 10.25 Latibær 10.50 Kastljós 11.20 Formúla 1

12.45 Hlé 15.05 Fótboltaæði (2:6) 15.35 Íþróttakvöld 15.50 Íslandsmótíð í fótbolta 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Hope og Faith (53:73) 18.25 Kokkar á ferð og flugi (7:8)

18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Fjölskylda mín (10:13) (My Family)
20.10 Uppreisnin í skólanum (New Port South) Bandarísk bíómynd frá 2001 um unglinga í skóla í Chicago sem gera uppreisn gegn skólafyrirvöldum. Meðal leikenda eru Todd Field, Will Estes, Blake Shields, Kevin Christy og Melissa George.
▶ 21.50 Kræktu í karlinn (Get Shorty) Bandarísk gamanmynd frá 1995. Glæpamaður fer til Hollywood að innheimta skuld og kemst að því að kvikmyndabransinn er ekki svo ólíkur því fagi sem hann vinnur við. Meðal leikenda eru John Travolta, Gene Hackman, Rene Russo, Danny DeVito og James Gandolfini. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

23.30 Björgun Ryans (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) 2.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 A View From the Top 8.00 Clint Eastwood: Líf og ferill 10.00 Gemsar (Stranglega bönnuð börnum) 12.00 Bridget Jones: The Edge of Reason 14.00 A View From the Top 16.00 Clint Eastwood: Líf og ferill 18.00 Gemsar (Stranglega bönnuð börnum) 20.00 Bridget Jones: The Edge of Reason (Bridget Jones 2: Mörk skynseminnar) Framhaldið af hinni geysivinsælu Dagbók Bridget Jones. Hún hittir aftur gamla yfirmanninn, Daniel Cleaver (leikinn af Hugh Grant) og fellst á að

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (William's Wish Wellingtons, Snjóbörninn, Myrkfælnu draugarnir, Kærleiksbirnirnir, Animaniacs, Engie Benjy, Barney, Leðurblökumaðurinn, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar) 10.25 Lína langsokkur á ferð og flugi

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Bold and the Beautiful 12.40 Bold and the Beautiful 13.00 Bold and the Beautiful 13.20 Bold and the Beautiful 13.45 Idol – Stjórnuleit 14.45 Idol – Stjórnuleit 15.45 Life Begins (7:8) 16.45 William and Mary (2:6) 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Íþróttir og veður
19.05 Lottó
19.10 George Lopez (22:24) (George's Extreme Makover: Holms Edition)
▶ 19.35 Oliver Beene (7:14)
20.00 Bestu Strákarnir
20.25 Það var lagið Gestasöngvarar kvöldsins eru systurnar Soffía og Guðrún Árný Karlsdættur sem syngja á móti þeim Spútnik-félögum Kristjáni Gíslasyni og Ingólfi Sigurðssyni.
21.35 White Chicks (Hvítar gellur) Kolgeggiúð grínmynd með þeim Wayans-bræðrum, Marlon og Shawn, í hlutverki tveggja lögreglumanna sem ákveða að dulbúa sig sem hvítar skutlur í þeim tilgangi að vernda erfingja hótelleiðju gegn mannrængjum.

23.25 Young Adam 1.00 Serendipity 2.30 Black Point (Stranglega bönnuð börnum) 4.15 Starstruck (Bönnuð börnum) 5.45 Fréttir Stöðvar 2 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS
▶ 19.00 Friends (15:23) (e)
19.30 Friends (16:23) (e)
20.00 Þrándur bloggar (1:5) (e) Fyrsta video-bloggstjarna landsins, Þrándur fór á kostum í bloggnum sínum. Nú getur þú séð öll blogginn hans aftur
20.30 Sirkus RVK (e)
21.00 Fabulous Life of (16:20) (Fabulous Life of: Hollywood Super Spenders) Einstakt tækifæri til að sjá hvernig líf stjarnanna er í raun.
21.50 Killer Instinct (2:13) (e) (Five Easy Pieces) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Bönnuð börnum.
22.40 Pink Floyd – Making Of the...

23.30 Jake in Progress (3:13) 23.55 Stacked (6:6) (e) 0.20 Tívoli 0.50 Boys Don't Cry (e) (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

12.45 Dr. Phil (e) 15.00 Point Pleasant (e) 15.45 One Tree Hill (e) 16.45 Courting Alex (e) 17.15 Everybody Hates Chris (e) 17.45 Everybody loves Raymond (e) 18.15 South Beach (e)

19.00 Beverly Hills
19.45 Melrose Place
▶ 20.30 Kelsey Grammer Sketch Show Bráðfyrindin sketsaþáttur þar sem Kelsey Grammer fer á kostum. Nú er hann aftur mættur til leiks í nýrri gamanseríu þar sem frábærir grínistar leika á als oddi í stuttum og sprenglæglegum grínatriðum. Samskonar þættir hafa verið feiknarsælar í Bretlandi og það eru sömu aðilar sem standa að baki þessum þáttum og þeim bresku. Meðal brandarahöfunda er Ricky Gervais, maðurinn á bak við The Office.
21.00 Run of the House
21.30 Janis

23.00 The Bachelorette III (e) 23.50 Law & Order: Criminal Intent (e) 0.40 Wanted (e) 1.30 Beverly Hills (e) 2.15 Melrose Place (e) 3.00 Tvöfaldur Jay Leno (e) 4.30 Östðvandi tónlist

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 THS American Pie: Uncovered 15.00 THS Tara Reid 16.00 THS Tori Spelling 17.00 Child Star Confidential 17.30 10 Ways 18.00 E! News Weekend 19.00 THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds 21.00 Sexiest 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 E! News Special 23.30 Wild On Tara 0.00 THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds 2.00 Wild On Tara

NFS

10.00 Fréttir 10.10 Óþekkt
▶ 11.00 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

12.00 Hádegisfréttir/Íþróttfréttir/Veðurfréttir 12.25 Skaftahlíð 13.00 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes 13.10 Óþekkt 14.00 Fréttir 14.10 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss 15.10 Skaftahlíð 16.00 Fréttir 16.10 Vikuskammturinn 17.10 Óþekkt

18.00 Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður
19.10 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss
20.10 Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir viðan völli og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Emir Rúnarsson Logi Bergmann Eiddsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
21.00 Skaftahlíð Maður vinnur. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
21.35 Vikuskammturinn Samantekt með áhugaverasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
22.30 Kvöldfréttir/Íþróttir/Veður

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin

AKSJÓN

Fréttarþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Á DAGSKRÁ Í KVÖLD

▶ KL. 20.00 ÚT AÐ HLAUÐA

Fyrsti þáttur í skemmtilegri framhaldsseríu fyrir alla fjölskylduna sem hlotið hefur verðskuldaða athygli. Fín upphitun fyrir lokapáttinn sem verður á dagskrá 19. ágúst. Frábær fjölskyldudagskrá við allra hæfi sem enginn ætti að missa af. Frekari umfjöllun á www.glitnir.is

REYKJAVÍKUR
MARAFON
GLITNIS
19. ÁGÚST



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Saving Private Ryan

Ríkissjónvarpið kl. 23.30

Óskarsstríðsmynd

Saving Private Ryan er ein af bestu stríðsmyndum seinni ára en hún var fyrst sýnd árið 1998. Myndin gerist í seinni heimsstyrjöldinni og segir frá því þegar Bandaríkjaher áttar sig á því að þrír af þeim hermönnum sem fallnir eru í valinn voru bræður og móðir þeirra kemur til með að fá þrjár andlátstilkynningar sama daginn. Herinn ákveður því að senda sersveit til að finna fjórða bróðurinn, fallhlífaveitarmanninn James Ryan, sem er lokaður inni handan víglínunnar og enginn veit hvort er lífs eða liðinn. Þegar sersveitin kemst að tilgangi ferðarinnar byrja meðlimir hennar að spyrja sjálfa sig um hvort hún sé þess virði. Myndin segir því ekki einungis frá stríði milli manna heldur frá stríði milli tilfinninga. Leikstjóri er enginn annar en Steven Spielberg og hlaut hann óskarsverðlaunin fyrir leikstjórn sína en meðal helstu leikara má nefna Tom Hanks, Vin Diesel, Giovanni Ribisi og Matt Damon.



HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

Þorsteinn J. Vilhjálmsson

England - Paragvæ kl. 13.00

1-0
Ég, eins og allur heimurinn, hef stórar áhyggjur af sóknarleik Engendinga. Gerrard skorar eitt. Ekki stórkostlegur leikur en dugur fyrir enska.

Trinidad & Tóbagó - Svíþjóð kl. 16.00

1-2
Larsson með tvö en hefði hæglega getað skorað fjögur.

Argentína - Filabeinsströndin kl. 19.00

3-3
Stórleikur. Argentínumenn eru sennilega með eitt sterkasta liðið í keppninni. Þess vegna er eitt stig vonbrigði. Drogba brennir af víti fyrir Filabeinsströndina.



▶ 12.50
HM

ENGLAND-PARAGVÆ



7.10 Sænsku nördarnir 8.00 HM 2006 (Pólland - Ekvador) 9.45 HM 2006 (Opnun: Þýskaland - Kosta Ríka) 11.30 4 4 2

12.30 HM 2006 - spjall
▶ 12.50 HM 2006 (England - Paragvæ)
15.00 HM 2006 - spjall 15.50 HM 2006 (Trinidad - Svíþjóð) 18.00 HM 2006 - spjall

18.50 HM 2006 (Argentína - Filabeinsströndin) Bein útsending frá leik Argentínu og Filabeinsstrandarinnar í C-riðli. Saga þessara þjóða á HM er ólík en Argentínumenn hafa tvívegis fagnað sigri á meðan Filabeinsströndin er að taka þátt í fyrsta sinn. Þeir hafa þó getið af sér ýmsa frambærilega knattspyrnumenn eins og Didier Drogba. Argentínumenn ætla sér þó ekkert annað en sigur í fyrsta leik enda með sterk lið eins og jafnan.

21.00 4-4-2 HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar.
22.00 HM 2006 (England - Paragvæ) Leikur Englands og Paragvæ í B-riðli endursýndur.

23.40 HM 2006 (Trinidad - Svíþjóð) 1.20 Hnefaleikar (Vítali Klitschko - Danny Williams) 2.00 Hnefaleikar: Antonio Tarver - Bernard Hopkins

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæin 7.05 Laugardagur til lukku 8.05 Músík að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.05 Veðurfregnir 10.15 Andí Andalusíu 11.00 Víkuloðin 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Töfrar Bollywoodmynda 14.40 Sjó dagar sælir 15.30 Með laugardagskaffinu 16.08 Veðurfregnir 16.10 Spegill tímans: Í landnámi Ingólfs 17.05 Til allra átta 18.00 Kvöldfréttir 18.26 Leikhúsmýslan 19.00 Kringum kvöldið 19.30 Stefnumót 20.15 Frakkneskir fiskimenn á Íslandi 21.05 Bassajöfur Norðursins: Strákurinn frá Osted 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Flakk 23.10 Danslög

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.08 Geymt en ekki gleymt 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Auglýsingar 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næturtonar

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gulli Helga 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Ragnar Már 18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ivar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Njaja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

HELGARTILBOÐ!



2.199kr.

Red Hot Chili Peppers
Stadium Arcadium



5CD
2.799kr.

100 Íslenskir sumarsmellir
Safnplata (Fullkomin í útleguna)



Nýtt
1.999kr.

Bubbi - Lögin mín
(Sjódheitur)



2CD
2.199kr.

Pottþétt 40
Sjódheita safnplata



2CD
2.199kr.

Eurovision Song Contest
Öll lögin sem tóku þátt í Athenu



1.799kr.

Shakira - Oral Fixation Vol.2
(Inniheldur lagið: Hips don't lie)



1.999kr.

Fun With Dick & Jane



1.999kr.

Chicken Little



1.999kr.

Rumor Has It

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér ;)



HRÓSIÐ

... fær Helga Steffensen fyrir að starfrækja Brúðubílinn í 26 ár.

NÚNA

Fótbolti. Núna er tíminn til að horfa á fótbolta, hvað sem antisportistarnir segja. Þeir sem ekki eru miklir áhugamenn um fótbolta ættu að geta haft gaman af því að fylgjast með hinum forföllnu og smitast af stemningunni.



Ís. Lokins er hægt að fá ís úr vél með jarðarberja- og súkkulaðiþragði. Jarðarberjaisinn frá Kjörís er dásamlegur, góð tilbreyting frá gamla góða vanilluisnum.

Vesti. Það eru allir í vestum þessa dagana, bæði karlar og konur. Þessi klassíska flik er búin að vera inni í dágóðan tíma og mun eflaust vera það í einhvern tíma.



Tónleikar með útbrunnum hjómsveitum.

Íslenskir tónlistar-áhugamenn láta ekki lengur plata sig á tónleika með hjómsveitum sem voru frægur og svalar í gamla daga.

Væmin barnanöfn.

Ungviðíð í dag skal fá gömul og góð íslensk nöfn eins og Rannveig, Embla, Salka, Vignir og Halldór.

BÚIÐ

Netasokkabuxur. Voru algerlega málið einu sinni. Nú á fólk ekki einu sinni að láta sér detta það í hug að klæðast slíkum.



| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT:

2 fjöttra 6 þys 8 sæ 9 flán 11 málmur 12 durtur 14 hindrun 16 tveir eins 17 loka 18 illærri 20 í röð 21 faðmlag.

LÓÐRÉTT:

1 áður 3 mannþyrping 4 peningamál 5 tæki 7 tala 10 hæða 13 á kind 15 stefna 16 stækkaði 19 óreiða.

LAUSN:

1 fjöttra, 2 þys, 3 sæ, 4 flán, 5 málmur, 6 durtur, 7 hindrun, 8 tveir eins, 9 loka, 10 illærri, 11 í röð, 12 faðmlag, 13 á kind, 14 stefna, 15 stækkaði, 16 óreiða, 17 áður, 18 mannþyrping, 19 peningamál, 20 tæki, 21 hæða.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Abu Musab al-Zarqawi
- 2 Þýskaland - Kosta Ríka
- 3 Reykjavík-Mag

allt
atvinna
Alla sunnudaga



RUSL EDA GERSEMI? Spýtnabrák, gærur og annað drasl hefur einkennt tókustað Bjólfskviðu að undanförunu en nú hefur verið lagað til á svæðinu, mörgum til mikillar gleði, enda skiptar skoðanir á því hvort leikmyndin sé landinu til lytis eða ekki.

JÓHANNES KRISTJÁNSSON: UNDIRBÝR VÍKINGASAFN

Vandræðagangur með leikmynd Bjólfskviðu

Fyrir tveimur árum síðan var víkingaborg byggd í Kerlingardal við Vík í Mýrdal fyrir kvikmyndina Bjólfskviðu. Síðan tókum á kvikmyndinni lauk hefur leikmyndin staðið í dalnum og hafa gestir getað skoðað mannvirkin sér til gamans. Íslenskt veðurfar hefur hins vegar farið óblíðum höndum um leikmyndina og er hún nú orðin afar tuskuleg á að líta og farin að minna meira á rusl en mannvirki. Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, segir að sveitarstjórnin hafi beðið Heilbrigðiseftirlitið að reka á eftir því að leifarnar verði fjarlægðar því fjöldi ferðamanna leggi leið sína um dalinn og leiðinlegt sé að fólk þurfi að horfa upp á ruslahrúguna.

Að sögn Friðriks Þórs Friðrikssonar, eins af framleiðendum kvikmyndarinnar, var samið við landeigandann, Jóhannes Kristjánsson á Höfðabrekku, um að hann myndi sjá

um að fjarlægja leikmyndina og því sé málið nú í hans höndum.

Undanfarna daga hefur Jóhannes unnið hörðum höndum að því að laga til á svæðinu og nú er svo komið að einungis nokkrir litlir kofar standa á staðnum en restin af leikmyndinni hefur verið tekin niður og keyrð heim að Höfðabrekku þar sem fyrirhugað er að koma henni upp.

„Þetta verk hefur dregist vegna veikinda og svo hef ég líka verið að undirbúa hlöðuna til að taka á móti þessu,“ segir Jóhannes, sem vill opna víkingasafn í hlöðunni. „Leikmyndin hefur vakið athygli í dalnum og útlendingar eru spennir að skoða þetta,“ segir Jóhannes, sem fyrir rekur ferðafjónustu á Höfðabrekku. „Við höfum verið að urða drasl að undanförunu og núna er svæðið nánast að verða hreint.“

snaefridur@frettabladid.is



TÖKUSTAÐUR BJÓLFSKVIÐU Verið er að laga til á tókustað Bjólfskviðu við Vík í Mýrdal og flytja leikmyndina að Höfðabrekku þar sem fyrirhugað er að opna víkingasafn í framtíðinni. Nokkrir kofar verða þó látnir standa og geta ferðamenn sem leið eiga um Kerlingardal í sumar skoðað þá þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SNAEFRIÐUR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Vel gæti farið svo að finnsku skrímslin í **Lordi** sæktu Íslendinga heim á komandi mánuðum. Sigurlag þeirra í Eurovision hefur notið talsverðra vinsælda hérlendis og telja má víst að landsmenn myndu fagna því ef Lordi héldi hér tónleika. Sögur herma að **Einar Bárðarson** og hans fólk hjá Concert hafi skoðað þann möguleika að fá Lordi til Íslands en ekkert hefur fengist staðfest um það. Heimsókn norsku Eurovision-sveitarinnar Wig Wam í fyrra var svo vel heppnuð að Norðmennirnir komu aftur hingað til lands og má telja að Lordi yrði ekki síður vinsæl ef hún lætur sjá sig.



Sjónvarps-þarið **Völundur Snær Völundarson** og **Póra Sigurðardóttir** hefur tekið yfir dagskrána í íslensku sjónvarpi á fimmtudagskvöldum. Fyrsti þátturinn af Sögunum okkar, nýjum þætti Þóru og Jóhannes G. Jóhannssonar, fór í loftið nú á fimmtudag í Ríkissjónvarpinu. Í þáttunum ferðast þau um

Íslands og fjalla um merka staði sem tengjast þjóðsögunum og fleiru í þeim dúr. Síðar á fimmtudagskvöldum er svo gríllþáttur **Völlu Snæs** á dagskrá Skjás eins en þar tófrar Völlu fram gömsæta rétti víða að úr veröldinni.

Kóngurinn **Bubbi Morthens** er veislu-glaður í meira lagi þessa dagana. Hann hélt magnaða tónleika í Höllinni í vikunni til að fagna fimmtugsafmæli sínu en lætur sér það ekki duga. Bubbi heldur vinum og velunnurum sínum veislu á Borginni í dag og má búast við því að þar verði bæði fjölmennt og góðmennt. Ekki stendur til að Bubbi

taki sjálfur lagið í veislunni en þeim mun líklegri er talið að vinir hans úr tónlistarbransanum stígi á stökk honum til heiðurs. Þó er ekki loku fyrir það skotið að kóngurinn taki lagið með einhverjum vina sinna, ef sá gállinn er á honum. - hdm

AÐ GEFNU TILEFNI

Vegna fréttar um starfsmannamál í Latabæ á þessari síðu í gær skal tekið fram að ráðning nýs aðstoðarleikstjóra tengdist á engan hátt kynferði leikstjórans.

Konungur heiðraður í Ráðhúsinu

Ráðhús Reykjavíkur mun í dag fá á sig yfirbragð taflenskrar hátíðar þegar Taflendingar fagna sextíu ára valdaafmæli Taflandskonungs.

Adalræðisskrifstofa Taflands á Íslandi, Búddistafélag Íslands og Taflensk-Íslenska félagið standa að hátíðinni, sem stendur frá kl. 12 til 18. „Þetta er einstakur viðburður því konungurinn er búinn að vera við völd í sextíu ár. Af núlifandi þjóðhöfðingjum hefur hann verið lengst við völd,“ segir Kjartan Borg, ræðismaður Taflands á Íslandi. „Ég veit til þess að fólk komi utan af landi til að taka þátt í hátíðarhöldunum, því þetta verður ekki endurtekið,“ segir Kjartan.

Hans hátign Bhumibol Aduly-

adej er þekktur fyrir alþýðlegan persónuleika og er því vinsæll meðal Taflendinga. „Hann nálgast fólkíð á svo sérstakan hátt. Hann fer út í sveitir og talar við fólkíð og síðan er lagt á ráðin. Maður sér hann helst fyrir sér úti í sveitunum, alþýðlega klæddan með landa-bréf í hendi og myndavél um hálsinn,“ segir Kjartan.

Pra Maha Prasit, munkur Búddistafélags Íslands, verður með kynningu á kónginum í máli og myndum. Bragðlaukarnir ættu einnig að kætast því hægt verður að bragða á taflenskum mat sem veitingastaðir borgarinnar hafa lagt til. „Hátíðin snýst um það að heiðra konunginn og heilla, en þetta er líka kynning á taflenskri



PRA MAHA PRASIT OG KJARTAN BORG Taflendingar koma hvaðanæva að af landinu til Reykjavíkur til að undirbúa hátíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

menningu og allir eru velkomnir, Íslendingar og aðrir,“ segir Kjartan.



Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14



Af því að heima er best

Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins**.

Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.



Ef þú færð þér internettengingu í gegnum Mömmu kem ég heim til þín, tengi búnaðinn og set þjónustuna upp í tölvunni þinni. Þá geturðu farið á netið áhyggjulaus.



Þegar framboðið af **sjónvarpi, síma, interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu. Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.



Mamma.is



BAKANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Framfarasókn

Þegar Halldór Ásgrímsson tilkynnti afsögn sína í beinni útsendingu á mánudaginn var ég staddur í bíó að horfa á myndina Poseidon, en hún fjallar um risastórt skemmtiferðaskip sem fær á sig flóðbylgju, fer á hvolf og nokkrir farþegar hefja hetjulega og á köflum vonlausu baráttu til þess að komast lífs af. Eftir myndina, þegar ég heyrði tíðindin af forsætisráðherra, fannst mér margt svipað með Framsókn og Poseidon. Skipið var komið á hvolf, með skrúfurnar og kjólinn upp í loft.

Það sem er ólíkt með Poseidon og Framsókn er hins vegar það að Poseidon varð fyrir því líkri flóðbylgju að skipið hreinlega gat ekki annað en farið á hvolf. Hér var sem sagt utanaðkomandi vágstur á ferð. Í tilviki Framsóknar vantaði hins vegar flóðbylgjuna en skipið fór samt á hvolf.

Ég vil sem sagt meina að þetta hafi verið heimatilbúinn vandræðagangur. Nóg hefði verið fyrir hvaða formann sem er í þessari stöðu að segja einfaldlega að hann gæfi ekki kost á sér sem formaður á næsta flokksþingi og önnur manneskja myndi þá taka við eftir lýðræðislega kosningu. Þetta hefðu allir skilið og ekkert flókið við það. Svo þegar nýr formaður hefði verið kominn hefði verið tímabært að hætta sem ráðherra og setjast í helgan stein.

Það sem mér finnst athyglisverðast við þennan flækjufót sem myndadist í vikunni í flokki stöðugleikans er sú spurning af hverju þetta var ekki gert svona. Ég held að ákveðin vantrú á lýðræðið í bland við óeðlilega stjórnssemi hafi ráðið för. Í nafni einhvers konar samstöðu örfárra forystumanna var reynt að sneiða hjá því að láta almenna flokksmenn ráða ferðinni. Gamalt stef í pólitík ómaði að nýju: Leitið og þér munuð finna Finn.

Í ljósi þess að höfuðvandi flokksins á málefnasviðinu er umræða um öfgafulla álvæðingu ásamt ásökunum um vafasamar aðferðir við einkavæðingu bankanna er auðvitað skiljanlegt að menn hafi ætlað sér að tækla vandann með því að setja Finn Ingólfsson í formannsstólinn. En burtséð frá því. Vonandi læra menn af þessu þá lexíu að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að hanna atburðarás í pólitík, sérstaklega þegar ætlunarverkið er að hundsá lýðræðislegar stofnanir. Ef eitthvað líf er í slíkum stofnunum er svoleiðis makk alltaf til þess fallið að setja skipið á hvolf.

Sjaldan hefur nokkur sagt af sér með jafn flóknum hætti og nú. En það breytir ekki því að hér hætti mikilsháttar stjórnmálamaður. Kannski var hann búinn að vera svo lengi í stjórnmálum að hann vissi ekki almennilega hvernig hann átti að hætta. Það sem gildir núna fyrir Framsókn er að rétta við skútuna og ráða ferskan og áræðinn skipstjóra. Lykilatriðið er að Poseidon breyti um stefnu, ef skipið kemst aftur á rétta kjöl, og byrji á því að ná aftur í farþegana sem eru á björgunarbátum úti um allar trissur. Eftir það verður kannski hægt að halda harmonikkuball á þilfarinu, ef fólk er ennþá í stuði.

Sumarið er hér!



BLEKESKÄR blómakassi
36x36x48 cm 1.990,-



390,-

LÓBELÍA sumarblóm



ARRAK blómapottur
Ø15xH13 cm 190,-



MYNTA blómapottur
Ø37xH30 cm 590,-
MYNTA undirskál
Ø28 cm 250,-

390,-

PETÚNÍA sumarblóm
ýmsir litir



FÄNÖ blómapottur
Ø38xH65 cm 2.990,-



BONDÖN blómapottur
Ø15xH14 cm 490,-



HULTET blómapottur
Ø34xH32 cm 790,-



SOMMAR blómakassi
56x24x18 cm 890,-



SOMMAR blómapottur
Ø18xH18 cm 290,-



SOMMAR blómapottar 3 stk.
m/undirskál Ø8,5xH7 cm 190,-



390,-

DALÍA sumarblóm



Kryddbakaður lax
með graslaukssósu, kartöflum
og grænmeti

490,-

IKEA Restaurant

